

**Mál nr. 1/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Umferðaróhapp, ekið á bensínlausu kyrrstæða bifreið, við Gullinbrú 03.11. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 04.01. 2006 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 16.01. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.01. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A varð bensínlaus. Er ökumaður hennar var að sækja bensín var B ekið á bifreiðina.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli alla sök á ökumann B fyrir að aka á A. Ökumaður A hafi sett viðvörðunarljós á og farið að sækja bensín á brúsa.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A hafi sýnt af sér verulegt gáleysi með því að skilja bifreiðina eftir á akbrautinni þar sem bifreiðin hafði orðið bensínlaus. Gullinbrú leyfir 60 km hraða og félagið telur að ökumenn eigi ekki að þurfa að eiga von á því að bensínlausar bifreiðar séu þar yfirgefnar.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum fyrir að aka á bifreiðina A, þar sem hún var kyrrstæð með viðvörðunarljós á. Virðist sem ökumaður B hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu ökumanns A þrátt fyrir að óheppilegt var að bifreið hans varð bensínlaus í akstri á fjölfarinni akbraut. Viðvörðunarljós vor kveikt og ökumaðurinn að sækja bensín þegar ekið var á bifreið hans.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. janúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 2/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Borgarbraut á Akureyri þ.17.11.2005 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.1.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.1033/2005 .
3. Lögregluskýrsla dags.17.11. 28.11. 19.12. og 30.12. 2005.
4. Bréf V h.f. dags. 22.12.2005 og 16.1.2006.

**Málsatvik.**

A var ekið norður Glerárgötu og beygt til vinstri vestur Borgarbraut B var ekið suður Hörgárbraut með fyrirhugaðan akstur áfram suður Glerárgötu. Ökumaður A segist hafa verið í röð bíla og hafi verið komið rautt fyrir akstursstefnu hans en bifreiðin þá verið inni á miðjum gatnamótunum og hafi hann ætlað að hreinsa þau og aka áfram inn á Borgarbraut en þá hafi árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið yfir gatnamótin á móti grænu ljósi. Ökumaður sem ók bifreið á undan A segist hafa komist yfir gatnamótin á gulu ljósi. Ökumaður sem ók næstur eftir A segist vera þess fullviss að B hafi verið ekið gegn rauðu ljósi en segist ekki hafa séð þegar B var ekið inn á gatnamótin. Vitni sem ók strætisvagni á undan A segir að hann hafi séð bifreið koma og hann talið sig geta ekið yfir gatnamótin áður en bifreiðin kæmi en ljóst hafi verið að önnur bifreið mundi ekki sleppa sömu leið vegna bifreiðarinnar sem kom að norðan.

**Álit.**

Af framburðum í málinu þykir nægjanlega sannað að B hafi verið ekið inn á gatnamótin í umrætt sinn gegnt rauðu ljósi. B ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík.31.1.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 3/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ B**

**Árekstur á Suðurlandsvegi við afleggjara að bænum R þann 28.12.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 5.1.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.1.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið austur Suðurlandsveg og var A ekið á undan B. Í þann mund sem A var beygt til vinstri áleiðis inn á afleggjarann að bænum R hugðist ökumaður B aka vinstra megin fram úr A. Rákust þá saman afturendi A og vinstra framhorn B. Bjart var degi og snjór og hálka á veginum, þegar árekstur varð.

Ökumaður A kvaðst hafa nálgast fyrrgreindan afleggjara, dregið úr hraða og gert sig líklegan til að aka inn á afleggjarann. Hafi hann þá séð B koma á mikilli ferð og hafi henni síðan verið nauðhemað. Hann kvaðst þá hafa aukið hraðann til að reyna að forða árekstri, en ekki náð því og hafi B rekist aftan á A. Í viðbótarkýrslu áréttaði ökumaður A að hann hafi séð til ferða B í speglum bifreiðar sinnar og um leið og ökumaður B hafi reynt að sveigja B yfir á vinstri vegarhelming hafi hún rekist á A. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa verið búinn að beygja til vinstri þegar áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á klst. og ekið fram úr bifreiðum sem hægar óku. Er hann kom að A hafi ökumaður þeirrar bifreiðar dregið úr hraða og hafi hann talið að ökumaður A hafi ætlað að hleypa sér fram úr. Hann hafi því ekið yfir á vinstri vegarhelming, en þá hafi A einnig verið ekið yfir á þann hluta vegarins skammt vestan afleggjarans að R. Hann hafi reynt að stöðva bifreið sína, en sökum mikillar hálku hafi það ekki tekist og árekstur orðið.

Lögregluþjónn sem gerði skýrslu á vettvangi kvaðst hafa skilið framburð aðila svo að A hafi verið ekið yfir á vinstri vegarhelming á sama eða svipuðum tíma og B var ekið yfir á þann vegarhelming.

**Álit.**

Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins. Ökumaður A kveður B hafa verið ekið aftan á bifreið sína og ökumaður B staðhæfir að A hafi verið beygt í veg fyrir sig. Engin verksummerki voru á vettvangi um staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Eftir atvikum öllum þykir ekki nægilega sannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 31. janúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 4/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur Gullinbrú, Stórhöfði norðan við, þann 08.12. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 06.01. 2006 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.01. 2006, ásamt frásögn ökumanns B, dags. í desember 2005.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið suður Gullinbrú og skammt norðan við aðreinar að bryggjuhverfi lenti A aftan á B. Ökumaður A telur að ökumaður B hafi skipt um akrein í veg fyrir sig og stöðvað skyndilega vegna vatnsgusu sem kom frá flutningabifreið. M telur að ökumaður B hafi brotið gegn 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hann hafi skipt um akrein í veg fyrir A og stöðvað skyndilega. Ökumaður B telur að ökumaður A hafi ekið of hratt og ekki gætt að því sem framundan var.

**Álit.**

Frumskýrsla lögreglu verður lögð til grundvallar en umfjöllun hennar hallar á ökumann B, að því er telja verður. Lögreglan getur þess m.a. að sjáanlegt tjón á bifreiðunum hafi verið lítið.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ökumaður B sönnunarbyrði um að hann hafi gætt að umferð áður en hann skipti um akrein. Virðist sem ökumaðurinn hafi skipt um akrein og þurft að stöðva bifreið sína snögglega í beinu framhaldi af akreinaskiptum. Ekki er haft eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi gætt að umferð áður en hann skipti um akrein. Haft er eftir ökumanni A, í skýrslu lögreglu, að B hafi verið ekið óhikað yfir á vinstri akrein, ökumaður A kveðst þá hafa hemlað og flautað enda hafi honum fundist sem ökumaður B hafi ”svínað á sér” og ”skömmu síðar hafi komið vatnsgusa yfir bæði ökutækin frá flutningabifreið sem var ekið eftir hægri akrein og í sömu mund hafi”A lent á B ”þar sem ökumaður B hemlaði skyndilega”.

Þegar tekið er mið af framanrituðu ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein í veg fyrir A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 5/2006

M

og

## Vátryggingafélagið V h.f. vegna sparnaðarlíftryggingar E

### Krafa um greiðslu vaxta og verðbóta af sparnaðarlíftryggingu.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.1.2006.ásamt fylgiskjölum 1-8þ
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.955.05.
3. Bréf V h.f. dags. 20.1.2006 ásamt fylgiskjölum 1-6

#### Málsatvik.

E sótti um sparnaðarlíftryggingu hjá V þ.24.11.2000 og tilnefndi A rétthafa. Tryggingin tók gildi þ.24.11.2000. Samkvæmt ákvæði í tryggingarskírteini kemur fram að ef vátryggingartaki andist á gildistíma vátryggingarinnar skuli greiddar dánarbætur til rétthafa og séu dánarbætur sú fjárhæð sem hærrí er þ.e. annars vegar verðgildi sparnaðar á þeim degi sem tilskilið dánarvottorð barst aðalskrifstofu félagsins eða hins vegar líftryggingarfjárhæð kr. 3.831.653.- og fylgi fjárhæðin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og breytist árlega þ.1.janúar. Í vátryggingaskilmálum segir í 5.gr. að dánarbætur greiðist með eingreiðslu til rétthafa við andlát hins tryggða. E andaðist þ.11.9.2003 og á árinu 2005 komst eftirlifandi eiginmaður E, M að því að E hefði tekið umrædda sparnaðarlíftryggingu. A afsalaði sér öllum rétti til bóta eftir E úr viðkomandi tryggingu og krafðist eftirlifandi eiginmaður að V greiddi sér bætur skv. tryggingunni og gerði V það þ.19.10.2005 og greiddi þá kr.3.873.992. en áður hafði lögmaður M sent V innheimtubríf vegna kröfu M um greiðslu úr tryggingu þeirri sem E tók hjá V.

M krefst þess aðallega að verðbætur leggist á umrædda tryggingu frá 24.11.2000 til 19.10.2005. Til vara krefst M þess að staðfest verði að V sé skylt að greiða M verðbætur af kr. 3.500.000.- frá janúar 2000 með dráttarvöxtum svo sem kveðið er á um í aðalkröfu. Til þrautavara að V verði gert skylt að greiða verðbætur frá 24.11.2000 til dánardægurs E og til þrautþrautavara að V greiði verðbætur frá upphafstíma líftryggingarsamnings. Í öllum tilvikum er krafist dráttarvaxta og þóknunar lögmanns. Af hálfu lögmanns M er á það bent að E hafi skuldbundið sig skv. vátryggingarsamningi til að greiða iðgjöld er fylgdu vísitölu neysluverðs á hverjum tíma miðað við 1. janúar árlega og með sama hætti hafi V verið skuldbundið til að greiða vísitölu á líftryggingarfjárhæðina er var í vörslu V fram til greiðsludags.

V bendir á að rétthafi tryggingarinnar hafi aldrei kafið greiðslu tryggingarinnar en þ.19.9.2005 hafi V borist bréf frá lögmanni M þar sem farið hafi verið fram á að líftryggingin yrði greidd honum ásamt yfirlýsingu frá rétthafa og hafi V ítrekað reynt að fá staðfestingu rétthafa á því að hann hefði afsalað sér tryggingabótum og hafi það tekist þ.12.10.2005 og hefði V greitt líftryggingafjárhæðina kr. 3.873.992.- inn á reikning lögmanns M þ.19.10. 2005 og hafi þar verið um að ræða fjárhæði með vísitölubreytingu til 1. janúar 2003, dánarárs E og vísar V í því sambandi til 5. gr. vátryggingaskilmála. Af hálfu V er á það bent að í 5.gr. vátryggingaskilmálanna verði ekki skilin með öðrum hætti en þeim að upphafleg vátryggingafjárhæð skv. vátryggingabeiðni taki vísitölubreytingu í upphafi hvers árs og bætur vegna andláts nemi síðan þeirri líftryggingafjárhæð sem í gildi er á dánardegi enda standi hvergi að bótafjárhæðin taki verðbreytingum eftir dánardag. Með sama hætti heldur V því fram að félagið verði ekki skyldað til að greiða vexti eða lögmannsþóknun í líftryggingum eða öðrum summutryggingum. Þá verði skylda til þess hvorki leidd af samningi lögum eða venju og er því kröfu M alfarið hafnað.

**Álit.**

Af 5.gr. vátryggingarskilmála verður ekki annað ráðið en að bótafjárhæð líftryggingarinnar taki vísitölubreytingum til dánardags og er þá miðað við 1. janúar það ár sem að vátryggingartaki andast. Uppgjör V er í samræmi við það og ber V ekki skylda til að greiða verðbætur umfram það sem lesið verður út úr vátryggingaskilmálunum um skyldu félagsins í því efni. Ekki er því hægt að fallast á kröfu M um að hann eigi rétt á frekari verðbótum en honum hafa þegar verið greiddar. Ekki verður séð að V beri skylda til að greiða vexti skv. Vaxtalögum nr. 38/2001 sbr. 3. og 5.gr. laganna. Þá er á það bent að stofndagur kröfu M verður auk heldur ekki fyrr en þegar tilgreindur réttthafi skv. tryggingarskírteini afsalar sér tryggingargreiðslunni með sannanlegum hætti. Eftir að afsal réttthafa lá fyrir með sannanlegum hætti greiddi V án ástæðulauss dráttar. Ekki er því hægt að fallast á kröfu M um greiðslu vaxta. Þá verður ekki séð að M eigi rétt á að fá greiddan lögmannskostnað eins og hér háttar til þar sem um summutryggingu er að ræða og engin önnur vandkvæði á að fá hana greidda en sú að fá gilt afsal tilgreinds réttthafa til greiðslu tryggingarinnar.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á greiðslu verðbóta, vaxta eða lögmannskostnaðar í máli þessu.

Reykjavík .7.2.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 6/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar S**

**Drengur klemmdi fingur í hurðarfalsi þ. 11.1.2001.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.1.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.1172/02.
3. Bréf Heilbrigðiseftirlits dags. 11.1.2001
4. Bréf V dags. 27.1.2006 ásamt fylgiskjölum 1-9

**Málsatvik.**

Drengur klemmdist í hurðarfalsi í húsi S. Í bréfi heilbrigðiseftirlits segir að fingur drengsins hafi klemmst þegar gripið hafi verið í hurðarkant til að opna dyrnar en annar drengur hafi skolið aftan á þeim fyrri og hurðin skolið aftur. S segir að umrædd hurð sé lokað þangað til líða fari að æfingu en þá sé hurðin opnuð. Í umrætt sinn hafi verið hópur drengja sem hafi verið með ærsl og hafi starfsmaður hússins beðið þá um að hætta áður en einhver slasaðist en mínútu síðar hafi slysið átt sér stað. Í lögregluskýrslu segir að ekki hafi verið vitni að slysinu en sá slasaði hafi sagt að hann hafi verið á leið inn ganginn með H og hafi hann verið á undan H að dyrunum og á leiðinni í gegn haldið hurðinni en þá hafi verið eins og H hafi runnið í bleytu á gólfinu og hrasað á hurðina með þeim afleiðingum að hún hafi skolið aftur og þrír fingur hans klemmst illa. H skýrir frá með sama hætti. M krefst bóta og heldur því fram að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar þar sem engin hurðarpumpa hefði verið hurðinni en heilbrigðiseftirlit telji að slíkur búnaður hefði minnkað líkur á slysum sem þessum. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að tjónið verði rakið til saknæms vanbúnaðar fasteignarinnar eða vanrækslu starfsmanna S eða annarra atvika sem felli skaðabótaábyrgð á S. Vinnueftirlit ríkisins hafi tekið húsið út 2 dögum fyrir slysið og þar hefðu engar athugasemdir komið fram við hurðabúnaðinn.

**Álit.**

EKKI hefur verið sýnt fram á vanrækslu eða vanbúnað S í sambandi við umrætt slys. Ekkert bendir til vanrækslu starfsmanna eða annars sem fellt gæti skaðabótaábyrgð á S. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík . 14.2.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 7/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X vegna B**

**Vátryggingafélagið Y vegna A**

**og**

**Vátryggingafélagið Z. vegna C**

**Árekstur í Ártúnsbrekku 30. september 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. janúar 2006.
2. Lögregluskýrsla dags. 2. október 2005.
3. Niðurstaða tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 844/05.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur varð í miðrein Vesturlandsvegur til vestur með jeppabifreiðinni A og bifhjólinu B sem báðum var ekið til vesturs. Vinstra afturhorn A og hægri hlið B rákust saman. Vitni sögðu bæði ökutækin hafa skipt yfir í miðrein í sömu andrá og áreksturinn átti sér stað. Á bifhjólinu var farþegi ásamt ökumanni. Við áreksturinn köstuðust ökumaður og farþegi bifhjólsins af því og út í vinstri vegkant. Eftir áreksturinn við A kastaðist B á hægri framhorn fólksbifreiðarinnar C sem einnig var ekið vestur Vesturlandveg á vinstri akrein. Fjöldmörg vitni voru að árekstrinum sem og aðdraganda hans og er framburði þeirra lýst í lögregluskýrslu. Þar kemur fram að B hafi ekið mjög geyst og gáleysislega milli akreina skömmu fyrir áreksturinn.

**Álit.**

Að virtum gögnum málsins og framburði vitna verður að telja að árekstur A og B og tjón á A og C megi fyrst og fremst rekja til gáleysislegs aksturs ökumans B.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík, 3. febrúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 8/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.1.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 5.2.2001 gekkst M, þá 65 ára gömul, undir handaraðgerð hjá L, sérfræðingi í handarskurðlækningum, vegna svonefnds “carpal tunnel syndrome” auk þess sem losað var um taug. M hafði sögu um stöðuga verki í hægri hendi og hafði ekki getað unnið úti. Hún hafði verið greind með slitgigt í höndum og þrýsting á taug (“medianus compression”). Í lýsingu M á aðgerðinni segir m.a.: “Athygli vekur a ulnaris sem liggur á ská yfir lófann mun meira radialt en venjulega. Hún liggur yfir greiningunni á n með og getur hæglega hafa átt þátt í entrapment. Hún er því frílögð proximalt, upp í gegnum Guyon’s kanal og þar einnig frílögð n ulnaris sem lítur eðlilega út. Þótt a ulnaris sé svolítið gildari en maður á að venjast er ekki að sjá neina beina patalogiu í henni.”

Fyrst eftir aðgerð var framvinda mála með eðlilegum hætti. Sár greru eðlilega og henni var vísað í sjúkrahjálfun. Við eftirlit þann 1.3.2001 segir í sjúkraskrá L að ör hafi litið eðlilega út og engin merki um sýkingu. Dofi hafi alveg verið horfinn úr I og V, en talsvert hafi enn þá verið eftir í fingrum II-IV. Muni eflaust taka tíma, enda búin að vera lengi dofin fyrir aðgerð. Við eftirlit þann 23.5. sama árs segir að M hafi enn talsverðan dofa í fingrum II-IV hægra megin. Þannig ætli bati að láta verulega á sér standa. Við skoðun hjá L þann 5.7.2001 kemur fram að M sé mjög óhress með ástandið og óánægð með árangur aðgerðarinnar. Mjög erfitt sé að henda reiður á kvörtunum hennar, helst sé að álitu L að M sé enn með dofatilfinningu í fingrum, þó aðeins bundið við fingurtoppa og að dofinn hafi minnkað verulega. Þann 25.3.2002 ræddi M í síma við L. Kvað hún ástandið lítið hafa lagast, en heldur ekki versnað. Hún finni enn fyrir dofa í fingrum og kulvísi. Hún sé sjálf sannfærð um að eitthvað hafi farið úrskæiðis í aðgerðinni.

Síðla árs 2002 og fyrri hluta ársins 2003 leitaði M til S, annars sérfræðings í handarskurðlækningum. Að beiðni S gekkst M undir taugaleiðniþróf þann 11.4.2003. Í göngudeildarnótu S, dags. 20.5.2003, segir að niðurstaða prófsins sé sú að M sé betri en hún var fyrir aðgerðina. Þá segir svo í nóttunni: “Samt sem áður um að ræða bilat. lengingu á distal latens í n. medianus. Þessi seinkun er þó meiri vinstra megin en hægra megin. Motorískt er taugaritíð eðlilegt hvað varðar hægri medianus. ...Hvað varðar klínisk einkenni þá lýsir hún þessum dofa í blá-fingurgómum medianus innveraðra fingra hægra megin. Hún lítur ekki hins vegar á dofa eða verki sem vandmál hjá sér, það er meira svo að hendir hreinlega lætur ekki að stjórn og þetta pirrar hana mikið.... Mitt álit er að vandamálið sé fjölpætt hvað varðar hendina, hún er með slitbreytingar í ýmsum liðum og m.a. í CMC 1 liðnum og þar er adductions contractura til staðar. Síðan klárlega einhver einkenni eftir carpal tunnle syndrome sem ekki hafa gengið til baka að fullu... Þess fyrir utan er hún jú með einkenni frá hálsi hægra megin...”

M kvartaði til embættis landlæknis vegna samskipta sinna við L. Í bréfi aðstoðarlandlæknis til M, dags. 1.10.2003, vegna athugunar embættisins á kvörtuninni segir að ljóst sé að árangur af aðgerðinni hafi ekki verið í samræmi við væntingar. Fjöldamargar ástæður geti verið fyrir óþægindum M. Ekkert bendi þó til að kunnáttuleysi eða handvömm við aðgerð hjá L eigi þátt í þeim einkennum sem hún hafi nú.

Þann 17.5.2005 gekkst M undir segulómsrannsókn af hægri úlnlið. Fyrir liggur niðurstaða röntgnlæknis um það sem fram kom við rannsóknina. Segir þar m.a.: “Auk þessa virðast flexor

sinarnar liggja lengra volart en venjan er. Volart við flexor sinar sjást einnig segulskinsbreytingar, væntanlega post.op. örvefsbreytingar. Þessar örvefsbreytingar umlykja svæði medianus taugarinnar án þess að hún verði aðgreind eða að frá henni sjáist örugg merki um óeðlilegt seguskin. Það eru talsverðar degenerativar breytingar í TFCC en virðist heilt." Með vísan til þessara tilvitnuðu orða telur M ljóst að hún eigi við talsverðan skaða í hægri úlnlið að stríða sem rekja megi til fyrrgreindrar aðgerðar hjá L í febrúar 2001.

Krefst M þess að viðurkenndur verði réttur hennar til bóta úr sjúklingatryggingu L, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

#### **Álit.**

Skilyrði þess að sjúklingur geti átt rétt til bóta úr sjúklingatryggingu samkvæmt lögum nr. 111/200 um sjúklingatryggingu er að hann hafi orðið fyrir tjóni eins og nánar greinir 1. gr. laganna, enda megi rekja tjónið að öllum líkindum til til einhverrra þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. til 4. tl. 2. gr. Einnig er getið annarra tjónsatvika í 3. og 4. gr. laganna, sem leitt geta til greiðsluskyldu úr sjúklingatryggingu.

Af gögnum málsins virðast kvartanir M einkum beinast að því að hún hafi dofa fremst í fingrum hægri handar, höndin láti ekki að stjórn og þetta pirri hana. Ekkert heildstætt læknisfræðilegt mat hefur farið fram á þeim einkennum M, sem hún rekur til aðgerðarinnar og hver þau séu í samanburði við þau einkenni sem hún bjó við fyrir aðgerðina. Liggja því ekki fyrir í málinu nægilega skýr gögn um það að M hafi sannanlega orðið fyrir tjóni af völdum aðgerðarinnar.

Samkvæmt 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 skal greiða bætur án tillits til þess að einhver beri skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. L er sér færðingur í handarskurðlækningum og ekkert í gögnum málsins bendir til að hann hafi ekki haft næga þekkingu og reynslu til að framkvæma þá aðgerð sem M gekkst undir. Þótt afbrigðileiki hafi komið í ljós í aðgerðinni varðandi tiltekna æð (a ulnaris) er ekkert sem bendir til að aðgæsla eða eftirfylgni af hálfu L hafi af þeim sökum ekki verið sem skyldi. Af gögnum málsins verður heldur ekki séð að nokkur líkandi séu fyrir því meðferð L hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var. Meint tjón verður því ekki rakið til bótaskyldra atvika sem lýst er í umræddum tölulið. Ekki er heldur um það að ræða að það verði rakið til atvika sem lýst er í 2. til 4. tl. 2. gr. eða 3. og 4. gr. laganna enda er ekki byggt á þessum ákvæðum af hálfu M.

Samkvæmt framangreindu hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L.

#### **Niðurstaða.**

Meint tjón M er ekki bótaskyld úr sjúklingatryggingu L.

Reykjavík, 14. febrúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 9/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á gatnamótum við Laugaveg og Vitastíg þann 29.09. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.01. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.01. sl.
3. Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18.01. sl. ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var ekið suður Vitastíg og inn á gatnamótin við Laugaveg. Biðskylda er á gatnamótunum. A var ekið vestur Laugaveg. Álitafnið er hvort ökumaður B hafi brotið gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og/eða hvort ökumaður A hafi ekið of hratt og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B meginábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A. Ökumaðurinn gætti ekki 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ósannað er að B hafi verið kyrrstæð það lengi á gatnamótunum að áhrif hafi á réttarstöðu ökumannsins.

Ökumaður A ber nokkra ábyrgð á árekstrinum. Skýrsla lögreglu af vettvangi verður lögð til grundvallar en í henni lætur lögreglan efnislega getið frásagnar ökumanns A þess efnis að hann hafi ekki ”geta sagt til um nákvæman ökuhraða en hann hafi verið talsvert yfir leyfilegum hámarkshraða, allt að 60 km/klst. Í sama mund og hann ók inn á gatnamótin sagðist hann hafa veitt bifreið mótaðila athygli þar sem henni var ekið í veg fyrir” A.

Lögreglan getur þess að sjáanlegt tjón á bifreiðunum hafi verið mikið. Áreksturinn virðist því hafa verið nokkuð harður, þrátt fyrir að bifreiðarnar hafi verið ökufærar eftir áreksturinn. Hámarkshraði á vettvangi er 30 km/klst.

Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 7. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 10/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur hringtorgi við Reykjanesbraut og Lækjargötu Hafnarfirði 01.12. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18.01. 2006 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.02. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 26.01. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið og var B í innri hring en A í þeim ytri. Áreksturinn varð þegar B beygði út úr hringtorginu við Lækjargötu við fyrstu gatnamótin.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir hvorugur ökumanna hafa sýnt næga aðgæslu. Það var óvarlegt af ökumanni B að gefa sér að hann gæti beygt út úr hringtorginu við fyrstu gatnamót þess án þess að huga að annarri umferð um hringtorgið. Ökumaður A átti að víkja fyrir umferð um innri hring. Hann gætti ekki nægjanlega að annarri umferð er hann ók um hringtorgið. Með hliðsjón af framanrituðu er sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 28. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 11/2006**

**M og  
Vátryggingafélagið V h.f. v .A  
og Vátryggingafélagið X h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Byggðavegi á bifreiðastæði Strax verlunar á Akureyri þ. 17.12.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.1.2006
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.20 .06.
3. Tjónaskýrsla dags.17 .12.2006
4. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 26.1. og 2.2.2006

**Málsatvik.**

Ökumaður A segir að hún hafi verið kyrrstæð á planinu við Strax verslunina og hafi drengur setið aftur í og verið að loka hurðinni þegar B hafi verið ekið af stað og á opna hurðina. Ökumaður B segir að svo virðist sem að hurðin hafi verið lögð utan í næstu bifreið þ.e. B og telur ökumaður að A beri alla ábyrgð á gjörðum farþega síns í umrætt sinn

**Álit.**

Ljóst er að B er ekið af stað án þess að ökumaður gæti nægjanlega vel að aðstæðum. Rétt þykir því að virtum öllum gögnum málsins að leggja alla sök á B

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík . 24.2.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 12/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.**

**Umferðaróhapp á þjóðvegi nr. 1, Suðurlandsvegi í Rangárvallasýslu, þann 2.9.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið, 24.1.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 30.1.2006.
3. Bréf X, dags. 13.2.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni A austur Suðurlandsveg við Hestheima. Fór þá maður, B, ríðandi á hesti með aðra tvo hesta til reiðar yfir veginn. Skall B á öðrum hestinum sem B var með í taumi og varð að aflífa hann. Skemmdir urðu á framenda A. Bjart var af degi, þurrt og bjart, þegar óhappið varð. Umferð er sögð hafa verið mikil.

M kvaðst hafa séð B mjög snögglega koma ríðandi yfir veginn án þess að stöðva. Engin leið hafi verið að stöðva A eða sveigja undan vegna aðvífandi umferðar úr gagnstæðri átt áður en B fór inn á veginn.

B kvaðst hafa riðið yfir veginn og stefnt á reiðveg sunnan megin við hann. Hafi hann litið til beggja átta áður en hann hélt af stað, en enga umferð séð. Þegar hann hafi verið kominn hálf leið yfir hafi hann séð B sem nálgadist hratt á mikilli ferð að honum fannst. Hann hafi reynt að hraða för sinni yfir veginn, en A hafi lent á hægri afturlöpp annars hestsins sem hann hafði í taumi. B kvað svæðið, þar sem slysið varð, vera mjög opið og ekkert sem hafi byrgt sýn.

Eitt vitni kvaðst hafa ekið Suðurlandsveg til vesturs skömmu áður en óhappið varð. Hann hafi séð mann, sem hann þekkti sem B, koma ríðandi eftir afleggjaranum frá Hestheimum og stefnt þvert yfir þjóðveginn. Þá hafi hann séð þrjár til fjórar bifreiðir koma á móti og hafi A verið fremst. Ökumaður hennar hafi ekki hægt á sér og fannst honum sem ökumaðurinn hafi ekki tekið eftir B. Jafnframt sýndist honum að B tæki ekki eftir umferðinni sem nálgadist. Vitninu fannst A hafa verið á mikilli ferð, en gat ekki sagt til um á hve mikilli ferð.

**Álit.**

Tjónið hlaut af notkun A og ber M sem ökumaður og eigandi bifreiðarinnar ábyrgð á því skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í tilviki því sem hér um ræðir má þó lækka bætur eða fella niður ef sá, sem fyrir tjóni varð af völdum bifreiðarinnar, var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

B fór ríðandi áleiðis yfir Suðurlandsveg með tvo hesta í taumi án þess að hafa gert sér grein fyrir aðvífandi umferð fyrir en í óefni var komið. Umferð er sögð hafa verið mikil eftir veginum umrætt sinn sem að jafnaði er nokkuð hröð. Um það er ekki deilt að útsýn er þarna góð. B gætti ekki nægilega að umferð áður en hann fór yfir veginn, en slíkt var mjög brýnt einkum í ljósi þess að hann hafði tvo hesta í taumi. Verður óhappið rakið til þessa aðgæsluleysis B, sem verður að meta hér sem verulegt. Telst B vera valdur að tjóninu þannig að hann hefur fyrirgert rétti til bóta með vísan til fyrrgreindrar lækkunarheimildar í 3. mgr. 88. gr. ufl. Ósannað er samkvæmt

fyrirliggjandi gögnum að M hafi ekið hraðar en heimilt var eða aðstæður leyfðu. Ekki verður heldur séð að M hafi átt þess kost að afstýra óhappinu þegar B fór yfir veginn í veg fyrir akstursleið hans. Ber B því óskerta fébótaábyrgð á tjóni því sem varð á A við óhappið.

**Niðurstaða.**

B ber óskerta ábyrgð á tjóni á A.

Reykjavík, 24. febrúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 14/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/dráttarvélari A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/snjómokstursbifreiðarinnar B**

**Árekstur Norðausturvegi Aðaldælahreppi þann 24.09. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25.01. 2006 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.02. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.02. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ökutækjunum var ekið í sömu áttina og var A í fyrstu á undan B. B var síðan ekið fram úr og stöðvað skyndilega að því er telja verður.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið fram úr A og síðan í veg fyrir A og stöðvað án tilefnis vegna umferðar.

Vátryggingafélag B telur að um "einfalda áftanákeyrslu" hafi verið að ræða sem A beri ábyrgð á. Hægfara dráttarvél eigi ekki að þurfa "mjög langa vegalengd til að hemla".

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum fyrir að stöðva bifreið sína án tilefnis vegna umferðar með þeim afleiðingum að A var ekið aftan á B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn málsins. Skýrsla lögreglu og ökuritaskífa gefa til kynna að ökumaður B hafi "snöggstöðvast úr 40 km/klst og niður í 0". Þetta styður réttarstöðu ökumanns A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 28. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 16/2006**

**A**

**og**

**Vátryggingafélagið X vegna  
greiðslukortatryggingar og ferðatryggingar fjölskyldutryggingar**

**Hvarf ferðatösku 14. október 2005**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. janúar 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Vátryggingarskilmálar.
3. Bréfa- og tölvupóstsamskipti milli málshefjanda og vátryggingafélagsins.

**Málsatvik.**

Málshefjandi (A) tók hinn 14. október 2005 rútu frá National Express milli Heathrow og Stansted flugvallanna í London. Hann var með þrjár ferðatöskur sem hann geymdi í læstu farangursrými rúttunnar. Þegar rútan kom til Stansted varð hann að bíða eftir að komast út úr rúttunni. Þegar út kom voru tvær töskur af þremur fyrir utan rúttuna en sú þriðja hvergi sjáanleg. Búið var að loka farangursrými rúttunnar og starfsmaður hvergi sjáanlegur. Forsvarsmenn National Express töldu að taskan væri sennilega enn inni í rúttunni en A var með bókað flug til Ítalíu stuttu síðar. Taskan skilaði sér ekki í tapað-fundið hjá rútufrirtækinu. A var neitað um bætur úr VISA gullkortstryggingu og fjölskyldutryggingu með þeim rökum að það væri að skilja farangur eftir á almannafæri í skilningi 43.7. vátryggingaskilmála að setja hann í farangursgeymslu bifreiðar.

**Álit.**

Skv. farangurstryggingarluta fjölskyldutryggingar A, grein 41.1. bætir tryggingin tjón sem verður á vátryggðum farangri ef hið vátryggða týnist alveg í flutningi. Vátryggingin tryggir þó ekki hluti sem vátryggður skilur eftir á almannafæri, t.d. afgreiðslum flutningsaðila, sbr. grein 43.7. Af gögnum málsins er ljóst að A átti ekki annarra kosta vól en að setja farangur sinn í farangursgeymslu rúttunnar á ferðinni milli flugvallanna. Fyrir liggur að farangursrýmið var læst meðan á ferðinni stóð. Læst farangursrými rútu getur ekki talist afgreiðsla flutningsaðila skv. greindum skilmálum. Skv. skilmálum gullkorts er vátryggt gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum m.a. þjófnaðar. Skilyrði er að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða (grein 5.1. Félagið bætir þó ekki tjón á hlutum sem vátryggður týnir eða skilur eftir á almannafæri, sbr. grein 5.2.9.). Ekkert í gögnum málsins bendir til að A hafi ekki gætt fyllsta öryggis við vörslu farangurs síns. A skildi farangurinn ekki eftir á almannafæri, sbr. umfjöllun um farangurstryggingarluta fjölskyldutryggingar.

**Niðurstaða.**

Tjón A á farangri bætist úr farangurstryggingarluta fjölskyldutryggingar A eða skv. skilmálum gullkorts A.

Reykjavík, 28. febrúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 17/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið v/B**

**Árekstur Gullinbrú við athafnasvæði Olís þann 14.12. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 31.01. 2006 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.02. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 13.02. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðarnar mættust og svo virðist sem A hafi verið ljóslaus.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B meginábyrgð á árekstri þessum fyrir að aka á bifreiðina A við akstur inná plan við bensínstöð. Samkvæmt lögregluskýrslu var bifreiðin A ljóslaus. Að virtum gögnum máls þessa ber ökumaður B 2/3 hluta ábyrgðar vegna áreksturs bifreiðanna og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Ósannað er að ökumaður B hafi verið með glæfraakstur líkt og haldið er fram í málskotinu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 28. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 18/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingarfélagið V. v innbúsliðar fjölskyldurtryggingar M**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr íbúð þ. 15.10.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 1.2.2005 ásamt bréfi dags.9.1.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 51/.06.
3. Lögregluskýrsla dags. 15. og 16.10.2005.
4. Bréf V dags. 13.2.2006.

**Málsatvik.**

Tilkynnt var til lögreglu um þjófnað úr íbúð og ákveðnum munum stolið. Engin merki sáust um innbrot og einn íbúi í íbúðinni sagðist hafa týnt sínum lykli. Engin var í íbúðinni á milli kl. 10.30 og 14.30 en þjófnaðurinn uppgötvaðist ekki fyrr en 17.30. Í lögregluskýrslu segir að af ummerkjum að dæma á vettvangi virðist sem þarna hafi verið farið inn með lykli og þjófurinn hafi vitað af þeim munum inni í íbúðinni sem hann stal. M krefst bóta úr innbúslið fjölskyldurtryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar í því sambandi til 6.tl.3.gr 1. kafla vátryggingaskilmála þar sem fram kemur það skilyrði fyrir bótagreiðslum að greinileg og ótvíræð merki um innbrot séu fyrir hendi.

**Álit.**

Í lögregluskýrslum kemur fram að ekki sáust þess merki í íbúðinni að brotist hefði verið inn. Samkvæmt 6.tl. 3.gr. 1.kafla vátryggingaskilmála þeirra sem um ræðir í máli þessu segir m.a. að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Ekki er um nein slík merki að ræða og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr innbúslið fjölskyldurtryggingar sinnar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr innbúslið fjölskyldurtryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 28.2.2006..

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 19/2006**

**M og M2  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B**

**Áræktur á Kringlumýrarbraut norðan við gatnamót Listabrautar þann 7.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 2.2.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.2.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið suður Kringlumýrarbraut að gatnamótum Listabrautar á vinstri akrein fyrir umferð áfram yfir gatnamótin. A var ekið á undan B. Við gatnamótin stöðvaði ökumaður A bifreið sína með þeim afleiðingum að B var ekið aftan á A. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum og sérstök beygjuljós stjórna umferð af Kringlumýrarbraut úr norðri til vinstri austur Listabraut.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið af stað andspænis grænu ljósi við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Hamrahlíðar og ætlað áfram suður Kringlumýrarbraut yfir gatnamót Listabrautar. Hraði A hafi ekki verið mikill. Sól hafi verið á móti sem hafi farið í augun á honum. Rétt áður en hann kom að gatnamótum Listabrautar sýndist honum umferðarljósinn skipta yfir á rautt ljós. Hann hafi því hellað skyndilega. Síðan hafi hann áttað sig á því að rauða ljósið hafi verið fyrir umferð fyrir vinstri beygju austur Listabraut. Hann hafi svo ekki vitað fyrr en B var ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað áfram yfir gatnamótin þar sem grænt ljós hafi logað í akstursstefnu hans. Hann hafi átt skammt ófarið að gatnamótunum, þegar hann hafi séð að ökumaður A hafi hellað skyndilega við gatnamótin þrátt fyrir að grænt ljós hafi logað í akstursstefnu þeirra. Hann hafi hellað og reynt að sveigja bifreið sinni til hægri, en það hafi ekki dugað og áræktur orðið.

**Álit.**

Ökumanni B bar að gæta þess að aka nægilega langt frá A þannig að ekki væri hætta á árekstri þótt A yrði stöðvuð, sbr. 2. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og ber því ökumaður B megin sök á árekstrinum. Af framburði ökumanns A verður ekki annað ráðið en að hann hafi blindast af sól. Af þeim sökum leit hann rangt á umferðarljósinn og stöðvaði bifreið sína skyndilega þrátt fyrir að grænt ljós hafi logað andspænis akstursstefnu hans og án þess að huga áður að umferð fyrir aftan sig. Hann sýndi því ekki þá varúð sem af honum mátti krefjast við þær aðstæður sem þarna voru, en ökumaður B þurfti ekki að eiga von á að ökumaður A myndi stöðva svo skyndilega eins og raun varð á. Á ökumaður A nokkra sök á árekstrinum. Eftir atvikum þykir rétt að ökumaður B beri 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 28. febrúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 20/2006**

**M**

**Vátryggingarfélagið V h.f. v. Bifreiðarinnar A og B**

**Umferðaróhapp á mótum Hjaltabakka og Arnarbakka þ.23.12.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ.6.2.2006
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.86.06.
3. Lögregluskýrsla dags.29.12.2005 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 23.2.2006.

**Málsatvik.**

A var ekið austur Hjaltabakka og á umferðarmerki við suðvesturhorn gatnamótanna. Ökumaður A segist hafa ekið austur Hjaltabakka áleiðis að Arnarbakka og verið að koma að gatnamótunum þegar B sem hafi verið ekið eftir Arnarbakka hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir A og hafi B runnið í beygjunni áleiðis yfir á öfugan vegarhelming og segist ökumaður A þá hafa sveigt til hægri til að koma í veg fyrir árekstur við B en þá lent á umferðarmerkinu. Ökumaður B segir að hann hafi ekið suður Arnarbakka og ætlað inn á Hjaltabakka og þegar hann hafi verið byrjaður að beygja hafi hann veitt A athygli og fundist A innarlega á götunni og hafi hann þá hemlað og hafi B runnið til í hálkunni og yfir á öfugan vegarhelming og áður en B hafi stöðvast hafi A verið lent á umferðarmerkinu.

**Álit.**

Ástæða þess að umferðaróhapp þess sem hér ræðir um átti sér stað var að B ók inn á Hjaltabakka í veg fyrir A þar sem B rann inn á öfugan vegarhelming. Ökumönnum ber saman um atvik hvað þetta varðar. Þegar tekið er mið af öllum gögnum málsins og aðstæðum öllum er eðlilegt að leggja alla sök á ökumann B sem gætir ekki nægjanlega að aðstæðum áður en hann ekur inn á Hjaltabakka og rennur yfir á öfugan vegarhelming í veg fyrir A. B ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík. 3.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 21/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið V v/A  
og  
Vátryggingafélagið X v/B**

**Árekstur Rauðalæk þann 11.10. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 07.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006.
3. Bréf vátryggingafélag A til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið norður inn Rauðalæk og var A á undan B. A, sem er sendibifreið, virðist hafa tekið beygju inn á Rauðalæk nokkuð vítt og hugðist aka beint inn í bifreiðastæði við Rauðalæk 2, en B var þá ekið inn í hlið A.

Haft er eftir ökumanni A, í skýrslu lögreglu, að hann hafi séð B koma á eftir sé, hann hafi gefið stefnuljós en B verið ekið áfram og árekstur orðið.

Haft er eftir ökumanni B, í skýrslu lögreglu, að A hafi verið ekið þvert í veg fyrir sig án þess að gefa stefnuljós af suður akrein Rauðalæks og yfir norður akreinina áleiðis að húsi nr. 2 og árekstur orðið.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A, sem beygt var til hægri. Miðað við gögn málsins hugaði ökumaður B ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór. Ekki voru skilyrði til að aka hægra megin fram úr A.

Ekki er til efni til að skerða réttarstöðu A miðað við gögnin og aðstæður.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 22/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B**

**Árekstur á akbraut meðfram Suðurlandsbraut 4a í Reykjavík þann 28.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 9.2.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.2.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir akleið um húsasund frá bifreiðastæði bak við húsið að Suðurlandsbraut 4a og út á akbraut (húsagötu) er liggur meðfram húsinu að framanverðu. Þá var bifreiðinni B ekið til austurs eftir akbrautinni. Rákust saman framendi A og hægra framhorn B. Myrkur var og blautt færi, en lýsing er sögð hafa verið góð. Lítið tjón var sjáanlegt á bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað áfram norður akleiðina, en ekki séð til ferða B fyrr en of seint.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað áfram til austurs, en ekki séð til ferða A fyrr en of seint.

**Álit.**

A var ekið frá bifreiðastæði á baklóð hússins Suðurlandsbrautar 4a um húsasund milli hússins og næsta húss fyrir austan og út á akbrautina meðfram framhlið hússins, en sú akbraut er notuð til almennrar umferðar meðram húsum við Suðurlandsbraut. Samkvæmt þessu og með vísan til dóms Hæstaréttar 1995 bls. 662 verður að líta svo á að ökumanni A hafi borið að víkja fyrir umferð á akbrautinni, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á því varð misbrestur og ber ökumaður A því sök á árekstrinum. Ekki verður séð samkvæmt gögnum málsins að ökumaður B hafi hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Verður öll sök lögð á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 3. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 24/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Yv/B**

**Árekstur Álandi, við bifreiðastæði, í Fossvogi þann 04.01. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.02. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

B var ekið norður akleið frá bifreiðastæðum við spítalann í Fossvogi áleiðs í vinsri beygju vestur Áland og A var ekið norður akleið á sama bifreiðastæði og beygt áleiðis austur Áland. Akleiðarnar eru sitt hvorum megin við bifreiðar sem lagt var í stæði. Ljósmyndir af vettvangi upplýsa um stöðu bifreiðanna.

Ökumaður A lætur þess m.a. getið að hann hafi séð B, stöðvað og gefið hljóðmerki en það hafi ekki nægt og B hafi lent á A. Ökumaður B kvaðst ekki hafa vitað fyrr en árekstur varð.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum, líta beri til þess að ökumaður B hafi ekið alveg vinstra megin út af bifreiðastæðinu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. ljósmyndum af vettvangi ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum. Ökumaðurinn staðsetti bifreið sína of mikið til vinstri er hann ók út af bifreiðastæðinu og inn á Áland og þá á A sem virðist hafa verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð. Athygli vekur að ökumaður B sá ekki til ferða A fyrr en við áreksturinn. Það styður sjónarmið ökumanns A.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 3. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.



**Mál nr. 25/2006**

**X**

**og**

**C vegna A**

**og**

**D vegna B**

**Aftanákeyrsla á Smárahvammsvegi 22. desember 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. febrúar 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur C dags. 22. febrúar 2006.
3. Bréf D dags. 22. febrúar 2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók inn á Smárahvammsveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram norður. Hann ætlaði síðan að beygja til vinstri á gatnamótunum við Fífuhvammsveg og vildi því færa sig yfir á vinstri akrein. Hann leit í hliðarspegil eftir umferð á vinstri akrein og sá enga bíla, gaf því stefnuljós til vinstri og ók yfir á vinstri akrein. Hann sá að B, sem ók á eftir honum, fylgdi honum eftir af hægri akrein yfir á þá vinstri. Ökumaður B byrjaði að flauta á A. A þurfti síðan að stöðva á ljósum á gatnamótum. B gat ekki stöðvað og ók með hægri framhorni á vinstra afturhorn A. A var ekki alveg stopp þegar B lenti aftan á honum. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A inn á hægri akrein á Smárahvammsvegi en síðan yfir á vinstri akrein því hann hafi ætlað framúr A og bifreiðinni fyrir framan hann. Ökumaður A hafi síðan allt í einu beygt yfir á vinstri akrein. Hann hafi þá flautað og bremsað en ökumaður A einnig bremsað. Hann hafi ekki náð að stöðva og reynt að beygja til vinstri fram hjá A en náði því ekki og lenti með hægri framhorn á vinstra afturhorn A.

**Álit.**

Að virtum gögnum málsins er ljóst að B var fyrir aftan A. Svo virðist sem báðir ökumenn hafi um svipað leyti ætlað sér að færa sig yfir á vinstri akrein. Ökumaður B gætti þess ekki að hafa nægilegt bil milli sín og A með þeim afleiðingum að hann ók aftan á A þegar A þurfti að stöðva vegna umferðarljósa. Öll sök á B.

**Niðurstaða.**

Öll sök á B.

Reykjavík, 15. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 27/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v A og**  
**Vátryggingafélagið Y h.f. v B**

**Árekstur bifreiða á Sauðárkróksbraut þ.31.10.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.13.2.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.917/05.
3. Lögregluskýrsla dags. 31.10.2005 og ljósmyndir.
4. Bréf V h.f. dags. 15.11.2005 og 20.2.2006.
5. Bréf Y h.f. dags. 22.2.2006.

**Málsatvik.**

A var ekið norður Sauðárkróksbraut og ók hún á B sem var kyrrstæð á veginum en ökumaður B hafði verið að reyna að snúa bifreiðinni við. Ökumaður A segist ekki hafa séð B fyrir en of seint vegna þess hve skyggni var lélegt og vegna þess að B var þversum á veginum og því sáust ekki aðalljós bifreiðarinnar. Ökumaður B sagðist hafa verið á leið til Sauðárkróks en ákveðið að snúa við vegna hálfu og veðurs en bifreiðin hafi festst á veginum þegar hann var að reyna að snúa henni og séð þegar A hafi komið en ekkert getað gert.

**Álit.**

Fram kemur í lögregluskýrslu að báðar bifreiðarnar voru með sumardekk og tóku ökumenn því áhættu af því að leggja af stað við þær aðstæður sem voru en verður var frekar slæmt í umrætt sinn. Ökumaður B ákvað að snúa við á veginum án þess að kanna hvort honum væri það unnt miðað við aðstæður og búnað bifreiðarinnar. Ökumaður B ber því sök á árekstrinum. Ökumaður A ekur of hratt miðað við aðstæður og búnað bifreiðarinnar og ber hann einnig sök á árekstrinum. Eðlilegt þykir að hvor ökumaður beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík .14.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 26/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vélaverkstæðis (atvinnureksturs)**

**Vinnuslys þann 19.09. 2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M var við vinnu sína við að renna járnstykki þegar flækjuspónn myndaðist og skaust undir gleraugu hans þannig að alvarleg meiðsl hlutust af á vinstra auga.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Óþarft er að geta röksemdafærslu lögmanns hans í umfjöllun þessari.

Vátryggingafélagið telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar hegðunar starfsmanna vátryggingartaka, vanbúnaðar á vinnustað eða vélarinnar, ófullnægjandi verkstjórnar eða vinnuáðstæðna. M sé vélvirki að mennt og hafi verið einn reyndasti starfsmaður fyrirtækisins. Félagið vísar til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits því talið var að ekki yrðu varanlegar afleiðingar af slysinu. Félagið getur og skoðunar faglegs starfsmanns síns sem það sendi til að skoða aðstæður í janúar síðastliðinn.

Álitaefni máls þessa er hvort skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Virðist hér hafa verið um óhapp að ræða sem vátryggingartaki ber ekki skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað, saknæmrar háttsemi starfsmanna, ófullnægjandi starfssaðstöðu eða verkstjórnar.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 28/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingarfélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á gatnamótum Glerárgötu, Hörgárbrautar og Borgarbrautar á Akureyri.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.2.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.2.2006.
3. Bréf Y, dags. 27.2.2006.

**Málsatvik.**

Þann 19.12.2005 var bifreiðinni A ekið norður Glerárgötu og beygt til vinstri áleiðis vestur Borgarbraut. Bar þá að bifreiðina B eftir Hörgárbraut úr norðri og var henni ekið inn á gatnamótin. Rákust þá saman framendi A og vinstra framhorn B. Samkvæmt fyrirbyggjandi vettvangsupprætti lögreglu mældust hemlaför eftir B um 8-8,5 m. Umferð um gatnamótin er stjórnad með umferðarljósum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið inn á gatnamótin á móti grænu ljósi og stöðvað þar vegna umferðar á móti, þ.e. til suðurs eftir Hörgárbraut. Er gult ljós kviknaði hafi einni bifreið verið ekið suður yfir gatnamótin, en önnur bifreið hafi verið stöðvuð við gatnamótin. Taldi hann þá óhætt að aka áfram til að rýma gatnamótin. Hann hafi ekki orðið var við ferðir B fyrir en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 50 km hraða á klst. og grænt ljós hafi logað andspænis sér. Hann hafi ekki orðið var við A fyrr en árekstur varð.

Vitni, sem var farþegi í A, kvað ökumann A hafa ekið inn á gatnamótin gegnt grænu ljósi og stöðvað þar vegna umferðar á móti. Er gult ljós hafi kviknað hafi bifreið á leið til suðurs verið stöðvuð á miðakrein á móti þeim. Ökumaður A hafi þá ekið áfram til að hreinsa gatnamótin, en skyndilega hafi B verið ekið á A. Vitnið kvaðst ekki hafa séð B fyrir en árkekstur varð.

**Álit.**

Ökumanni A bar að víkja fyrir B sem kom á móti honum, sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þótt ökumaður A og vitni í bifreiðinni beri að A hafi verið ekið af stað eftir að gult ljós kviknaði á móti umferð á Glerárgötu og Hörgárbraut er ósannað að ökumanni B hafi verið óheimilt að aka áfram yfir gatnamótin, en ökumaður skal ekki nema staðar andspænis gulu ljósi ef hann er kominn það langt fram að stöðvun muni hafa hættu í för með sér, sbr. 5. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Ósannað er að rautt ljós hafi logað á móti honum. Ekki eru efni til að leggja sök á ökumann B og verður öll sök felld á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 3. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 29/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V. h.f. v. A og**  
**Vátryggingafélagið Y h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Lækjargötu í Hafnarfirði þ. 4.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 14.2.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.133/06
3. Tjónaskýrsla ódags.
4. Bréf Vátryggingafélagsins Y h.f. dags. 22.2.2006.
5. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 27.2.og 6.3. ásamt yfirlýsingu vitna.

**Málsatvik.**

Ekki var gerð sameiginleg tjónstilkynning. Ökumaður A segist hafa verið komin út úr hringtorginu hjá kirkjunni á Lækjargötu í Hafnarfirði þegar ekið hafi verið á A og segir ökumaður A að ökumaður B hafi talað um að þau mundu sleppa því að gera tjónaskýrslu og þess vegna hafi það ekki verið gert þar sem hún hafi verið á mikilli hraðferð. Ökumaður B segir að ökumaður A hafi ekki mátt vera að því að gera skýrslu og þau hafi ekki verið sammála um tildrög árekstursins en um áreksturinn sjálfan tjáir ökumaður B sig ekki í sinni skýrslu að öðru leyti. Í yfirlýsingu Önnu Helgu Benediktsdóttur og Kristmundar Ólafssonar kemur fram að B hafi ekið af bílastæði við Verslunarmiðstöðina Fjörðinn og út á Lækjargötu og inn í hið A.

**Álit.**

Litlum gögnum er til að dreifa varðandi áreksturinn og tildrög hans. Miðað við aðstæður og framlögð gögn er lagt til grundvallar það sem ofangreind vitni Anna Helga Benediktsdóttir og Kristmundur Ólafsson segja í yfirlýsingu sinni og er því öll sök lögð á ökumann B.

**Niðurstaða.**

(B) ber alla sök.

Reykjavík. 14.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 30/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/innbúskaskóliðar fjölskyldutryggingar**

**Tannspöng (gómur) brotnaði þann 11.10. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 16.02. 2006.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Málsatvik voru þau að gómur sem barn vátryggingartaka notar lá á borði en varð undir bók sem lenti ofan á honum. Gómurinn mun vera ónothæfur. Málið snýst um hvort gómur teljist til "almenns innbús" í skilningi skilmála.

Félagið hafnar ábyrgð með vísan til þess að tanngómur sé ekki hluti af almennu innbúi eða persónulegum munum sem fylgja almennu heimilishaldi í skilningi 1. gr. III. kafla skilmála. Félagið telur að hlutur sem skemmist þurfi að vera svo almennur að hann sé til á flestum heimilum eins og t.d. gleraugu og gsm-sími. Sé hlutur hins vegar svo sjaldgjæfur að hann geti ekki talist til almenns innbús, þá hefur félagið túlkað ákvæðið svo að hins sérstaki hlutur bætist ekki.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann telur það "einkennilega afgreiðslu að telja gleraugu til persónulegra muna en ekki tannspangir".

**Álit.**

Vátryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi sbr. ákvæði skilmála. Nefndin telur að tannspöng (gómur) teljist ekki til innbús eða persónulegra muna í skilningi skilmála sem fylgja almennu heimilishaldi. Notkun á tannspöngum er ekki það útbreidd að þær geti talist fylgja almennu heimilishaldi í skilningi skilmála, tannspangir eru fyrst og fremst bundnar við ákveðnar persónur sem vátryggja þyrfti sérstaklega.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 15. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 31/2006X**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið C vegna kaskótryggingar A**

**Tjón vegna grjóthruns af vörubílsfalli 7. mars 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. febrúar 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf C dags. 6. mars 2006.

**Málsatvik.**

Deilt er um gildissvið kaskótryggingar A. Ökumaður A ók á Austurlandsvegi á leið til Egilsstaða á eftir vörubifreið þar sem pallurinn var opinn í endann. Pallurinn var ekki mikið lestaður en þó voru á pallinum steinar og mól. Grjót af pallinum kastaðist til og frá á pallinum, út af honum, á veginn og yfir A. A skemmdist nokkuð, framrúða skemmdist, kastarar framan á, lakk rispaðist og bifreiðin dældaðist. Ökumaður A náði númeri vörubifreiðarinnar fyrir framan sig. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að reynt hafi verið að hafa samband við ökumann vörubílsins. Tryggingafélag A, sem er kaskótryggð, hafnar bótaskyldu vegna tjóns á bifreiðinni með vísan til skilmála 1.1. og 1.3 varðandi kaskótryggingu ökutækja.

**Álit.**

Að virtum gögnum málsins er ljóst að yfir A hrundi grjót af bíl fyrir framan. Líklegt er að tjón A ætti að bætast úr ábyrgðartryggingu þeirrar bifreiðar en á það hefur ekki verið látið reyna. Skilmálar kaskótryggingar A þykja ekki koma í veg fyrir að tjón á bifreiðinni bætist úr kaskótryggingunni enda kemur þar fram að tryggingin bæti tjón sem stafar af grjóthruni. Engar takmarkanir eru varðandi uppruna þess grjóthruns í skilmálunum.

**Niðurstaða.**

Tjón A bætist úr kaskótryggingu A.

Reykjavík, 15. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 32/2006**

**M v/bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjálsrar ábyrgðartryggingar bæjarfélags**

**Skemmdir á bifreið þegar henni var ekið um hjáleið þann 30.08. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 17.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ökumaður A varð fyrir tjóni á bifreið sinni (A) þegar hann ók ofaní holu á hjáleið. Skemmdust tvær felgur á bifreiðinni.

Vátryggingafélagið hafnar ábyrgð bæjarins. Það vísar til þess að verktaki hafi verið við vinnu á þeim stað sem tjónið varð og að allar framkvæmdir hafi verið á hans ábyrgð. Í skilmálum vátryggingarinnar (grein 701) komi fram að það séu einungis vátryggingartaki og launþegar í þjónustu hans sem eru vátryggðir. Verktakar falli utan gildissviðs vátryggingarinnar. Félagið lætur þess getið að jafnvel þótt að bærinn (vátryggingartaki) hefði haft með höndum framkvæmdir á svæðinu þá hafi ekki verið sýnt fram á að tjónið megi rekja til vanrækslu á eftirliti með götum bæjarins eða það að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi mátt vita um umrædda holu og þar með hættu á tjónum á ökutækjum af hennar völdum.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann lætur þess og getið í málskotinu að telji nefndin að bærinn eigi ekki að bæta tjónið, þá krefst hann þess að bærinn finni það út hverjir beri ábyrgð á prufuholunum í malbikinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að bærinn beri ábyrgð á því tjóni sem varð. Fyrirliggjandi gögn eru takmörkuð en miðað við þau virðist sem sjálfstæður verktaki hafi unnið við þær framkvæmdir sem hér um ræðir. Tjónsatburður máls þessa fellur því ekki undir þá ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Möguleg ábyrgð verktakans fellur utan við umfjöllun málskots þessa.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð bæjarins.

Reykjavík 14. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 33/2006**

**X**

**og**

**C vegna MO-104 og PL-529**

**Árekstur í hringtorgi 30. janúar 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. febrúar 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf C dags. 23. febrúar 2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók eftir Dalvegi og ætlaði beint áfram. Hann fór inn í hringtorgið þegar ökumaður B kemur inn í hringtorgið og ekur í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að árekstur verður. Ökumaður A fullyrðir að B hafi ekið í veg fyrir hann. Ökumaður B segist hafa séð A koma inn í hringtorgið og hann hafi ekið aftan á sig.

**Álit.**

Að virtum gögnum málsins er ljóst að B ók í veg fyrir A sem kominn var inn í hringtorgið á undan B. Öll sök á B.

**Niðurstaða.**

Öll sök á B.

Reykjavík, 15. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 34/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur Sundaborg þann 01.12. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Áreksturinn varð við hús nr. 13, A var ekið vestur Sundaborg en B austur sömu götu. A hugðist aka inn að húsinu. Lögreglan hefur efnislega eftir ökumanni A að hann hafi ætlað að beygja, hann hafi veitt B athygli þar sem hún nálgadist á "talsvert miklum hraða". Hann hafi stöðvað eftir að hafa verið byrjaður að beygja og bifreið hans verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Lögreglan hefur eftir ökumanni B að hann hafi ætlað áfram götuna. Ökumaðurinn kveðst "hafa veitt bifreið mótaðila athygli þar sem hún nálgadist úr austri og hafi henni fundist bifreiðin vera kyrrstæð eða ökumaður hennar að stöðva. Sagðist hún hafa verið að fylgjast með gangandi vegfaranda hægra megin akbrautarinnar. Skyndilega hafi komið mikið högg á framanverða vinstri hlið bifreiðarinnar".

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, einkum skýrslu lögreglu af vettvangi, virðist mega rekja árekstur þennan til ógætilegs aksturs ökumanns B. Ökumaðurinn virðist ekki hafa hugað að því sem framundan var. Virðist hann hafa ekið á A þar sem bifreiðin var kyrrstæð. Ekki er til efni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 14. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 35/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V h.f.**

**Ágreiningur um greiðslu líftryggingar við lát tryggingartaka þ. 22.6.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.21.2.2006.ásamt fylgiskjölum nr. 1-15
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.75/06
3. Bréf V dags. 2.3.2006 ásamt fylgiskjölum 1-6

**Málsatvik.**

S eiginmaður M tók líftryggingu þ.22.9.1995 hjá ofangreindu tryggingafélagi og gaf ákveðnar upplýsingar um heilsu sína og önnur atvik sem eftir var leitað á þeim tíma. S andaðist þ. 22. júní 2005 og krefst M bóta úr líftryggingu hans hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir að S hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku tryggingarinnar. Af hálfu M er haldið fram að hún eigi rétt til tryggingarbóta og heldur því m.a. fram að ekkert liggi fyrir um að V hefði ekki tekið á sig trygginguna hefðu ákveðnar upplýsingar legið fyrir um heilsufar S. V hafnar bótaskyldu og bendir á að S hafi í umsókn sinni um líftryggingu svarað því neitandi að hann reykti eða hefði reykt s.l. 12. mánuði. Einnig hafi hann svarað neitandi spurningu um hvort hann tæki lyf að staðaldri og hvort hann hafi orðið fyrir hjarta-eða æðasjúkdómi eða haft of háan blóðþrýsting. Af hálfu V er á það bent að S hafi fengið kransæðastíflu fyrir töku tryggingarinnar, hann hafi verið á lyfjum og hafi verið stórreykingamaður og vísar V til gagna í því sambandi.

**Álit.**

Lögð hafa verið fram gögn í málinu sem sýna að S á nokkra sjúkrasögu allt frá árinu 1979. Skv. Yfirlýsingu heilsugæslulæknis frá 7.9.1995 kemur fram m.a. að S hafi fengið hjartainfarct þ.29.8.1995 og S reyki um einn og hálfan pakka af sígarettum á dag en hafi hætt við kransæðastífluna. Ljóst er að upplýsingar sem að S gaf við töku tryggingar um mánuði frá því tilviki sem var tilefni ofangreinds læknisbréfs eru ekki réttar og þegar af þeirri ástæðu er ekki um bótaskyldu V að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr líftryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á líftryggingabótum úr hendi V.

Reykjavík. 14.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 37/2006**

**X**

**og**

**C vegna ábyrgðartryggingar**

**Gildissvið ábyrgðartryggingar.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. febrúar 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf C dags. 7. mars 2006.

**Málsatvik.**

X er með frjálsa ábyrgðartryggingu til að tryggja starfsemi sína og tæki, einkum lyftara og fyrir tjóni á vörum, mönnum og búnaði sem þeir flytja til vöruafgreiðslu sinnar. Í mars eða apríl 2005 var verið að flytja krana sem X hafði flutt til landsins. Kraninn var geymdur ósamsettur. Notaður var lyftari til verksins sem X telur falla undir frjálsu ábyrgðartrygginguna. Fleti með hluta af krananum var lyft upp en rann þá til þannig að tjón varð á á kranahlutunum. Tryggingafélag X neitaði bótaskyldu með þeim rökum að tilvikið félli utan gildissviðs vátryggingarinnar.

**Álit.**

Að virtum gögnum málsins er ljóst að hið umdeilda tilvik er undanþegið áhættu í frjálsri ábyrgðartryggingu X. Tilvikið er því ekki bótaskyld.

**Niðurstaða.**

Tjón X bætist ekki úr frjálsri ábyrgðartryggingu hjá C.

Reykjavík, 15. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2006  
M og  
Vátryggingafélagið V h.f. v Aog B

Umferðaróhapp á Vesturlandsvegi á móts við Laxfoss þ. 19.1.2006.

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.2.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 123/06
3. Lögregluskýrsla dags. 19.1.2006 og ljósmyndir
4. Bréf V dags. 6.3.2006.
5. Ódagsett óundirritað bréf ökumanns B

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu segir að aðstæður hafi verið þannig á vettvangi að snóþekja hafi verið yfir veginum og hálka og nokkur snjór í köntum vegarins. Þá segir að af förum að dæma hafi A verið ekið norður Vesturlandsveg og síðan út af hægra megin en A er flutningabíll með festivagn. Þar sem að A byrjar að fara út af veginum skv. förum hafði bifreiðinni verið ekið um nokkuð blinda hægri beygju á Vesturlandsveginum. Ökumaður A segir að hann hafi ætlað að aka út í hægri kant til að komast hjá því að lenda á B sem kom á móti en þar sem að B hafi verið það innarlega á veginum þá hafi hann farið of langt út í kantinn hægra megin og lent utan vegar. Ökumaður A segist hafa ekið á um 60-70 km. hraða þegar óhappið varð. Ökumaður B segist skyndilega hafa séð A koma á móti sér og hafi hann ekki haft mikinn tíma til að bregðast við en farið út í hægri kant og vikið eins og hægt var miðað við aðstæður en telur að A hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Í lögregluskýrslu segir að þegar hægri kantur vegarins var skoðaður miðað við akstursstefnu B hafi komið í ljós að engri bifreið hafi verið ekið út í kant vegarins nýlega áður en óhappið átti sér stað og ystu för á veginum í snjónum voru rúmlega meter frá kanti vegarins þ.e. rúmlega meter frá þeim stað á kanti vegarins sem óhætt og nauðsynlegt geti talist að víkja við mætingu á stórrí bifreið.

**Álit.**

Fram kemur í lögregluskýrslu að B hafi ekki vikið nægjanlega í umrætt sinn og hafi A orðið að víkja snögglega til hægri til að koma í veg fyrir árekstur bifreiðanna með þeim afleiðingum að A lenti út af veginum hægra megin. Samkvæmt lögregluskýrslu bendir allt til þess að ökumaður B hafi ekki haldið bifreið sinni nægjanlega til hægri í umrætt sinn og ekki vikið með eðlilegum hætti þegar A kom á móti B og með því aksturslagi valdið því tjóni sem um ræðir í máli þessu. Ökumaður B ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík, 14.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 38/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Erlent vátryggingafélag sem ekki er nefnt í gögnum málsins v/B**

**Árekstur á Vestfjarðavegi (göngum) Breiðdalslegg þann 23.10.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 22.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri í Vestfjarðagöngum. Álitafnið er hvort ökumenn hafi gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var miðað við akstur í umræddum göngum.

Vátryggingafélag A lætur þess getið að það taki ekki afstöðu til málsins gagnvart nefndinni.

Ekki kemur fram í gögnum málsins hvaða erlenda vátryggingafélag vátryggir bifreiðina B.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist hvorugur ökumanna hafa gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var við akstur í umræddum göngum. Áreksturinn má rekja til ógætilegs aksturs beggja ökumanna. Með hliðsjón af framanrituðu og úrskurði nefndarinnar í máli 141/1997 er ekki tilefni til að leggja meiri sök á annan ökumanninn fremur en hinn.

Athygli vekur að í gögnum málsins er ekki upplýst um vátryggjanda bifreiðarinnar B. Ekki er tilefni til frávísunar málsins þrátt fyrir að ekki sé upplýst um hinn erlenda vátryggjanda og ekki er ástæða fyrir nefndina að reyna að afla upplýsinga um hann. Mál það sem hér er til umræðu tekur fyrst og fremst á réttarstöðu aðila út frá ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 14. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 39/2006**

**A**

**og**

**C vegna ábyrgðartryggingar X**

**Vinnuslys 19. nóvember 1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttékið 22. febrúar 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf C dags. 1. mars. 2006.

**Málsatvik.**

A varð fyrir vinnuslysi 19. nóvember 1999. Slysið bar þannig að að A steig út fyrir vinnupall sem hann starfaði á og féll niður um 3,2 m niður á lestahlera um borð í skipi. Tryggingafélag vinnuveitanda telur slysið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda en metur eigin sök A 50% þar sem honum hafi sjálfum verið falið að undir búa framkvæmd verksins, hann stjórnaði því sjálfur og var talinn ekki hafa gætt fullnægjandi öryggisreglna um uppsetningu vinnupalla. Þá var talið að A hefði hafið vinnu þrátt fyrir litla sem enga lýsingu. Þessi háttsemi fæli í sér verulegt gáleysi sem hefði þær afleiðingar að A þyrfti að bera tjón sitt að hálfu sjálfur.

**Álit.**

Að virtum gögnum málsins þykir ljóst að A stóð ekki með þeim hætti sem krefjast má af starfsmanni að undirbúningi verksins. Ekki þykir þó ástæða til að leggja á A meira en 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Tjón A bætist úr ábyrgðartryggingu X en eigin sök telst 1/3.

Reykjavík, 15. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 40/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar H**

**Vinnuslys þegar grafa klemmdi hönd á manni sem var að vinna í skurði þ. 16.10.2002.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.2.2006 ásamt bréfi lögmanns M og skjölum nr. 1-11
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.1025/2005
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.

**Málsatvik.**

M segist hafa verið að vinna ofan í skurði sem starfsmaður H og hafi grafa verið notuð og hafi gröfumaðurinn vitað af M ofan í skurðinum og hafi slysið orðið með þeim hætti að gröfumaðurinn fór að hreyfa skóflu gröfunnar með þeim afleiðingum að vinstri hönd M klemmdist. Stjórnandi vinnuvélarinnar segist skyndilega hafa heyrt öskur og litið á M og séð að hann hélt um hendina. Vitni sem var að aðstoða M segir að M hafi lagt höndina á rör til að styðja sig en þá hafi skófla vinnuvélarinnar klemmt hendi hans.

**Álit.**

Ekkert bendir til þess að M hafi í umrætt sinn hagað sér ógætilega miðað við aðstæður. Stjórnanda gröfunnar var ljóst að menn voru að vinna ofan í skurði innan armlengdar gröfunnar og bar honum því að fara að með sérstakri gát sem hann gerði ekki í umrætt sinn og ber H vinnuveitendaábyrgð á starfsmanni sínum hvað það varðar. Þá var framkvæmd verksins ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ekki verður séð að forsendur séu til að láta M bera hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík, 14.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 41/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X vegna A  
og  
Vátryggingafélagið Y vegna B**

**Árekstur Kaplaskjólsvégi þann 30.01. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 13.03. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var A ekið vestur akleið út af bifreiðastæði við Kaplaskjólsvæg 27-31, B var ekið vestur Hagamel inn á Kaplaskjólsvæg til suðurs og beygt til vinstri í átt að húsagötu til suðurs frá Kaplaskjólsvégi 27.

Haft er m.a. eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að hann ”hafi ekki vitað fyrir en ökutæki hans hafi lent á vinstri hlið B”.

M og vátryggingafélag A telja að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum, bifreiðin hafi verið staðsett of innanlega þ.e. ökumaðurinn hafi tekið of þrönga vinstri beygju.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð árekstrinum þar sem bifreiðinni er ekið af bifreiðastæði á vinstri hlið B.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið um nákvæma staðsetningu bifreiðanna. Ökumanni A bar að veita umferð um Kaplaskjólsvæg forgang sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Framburður ökumanns A í skýrslu lögreglu gefur til kynna að hann hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. apríl 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 42/2006**

**M**

**Vátryggingafélagið V h.f. v. A og  
Vátryggingafélagið U h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Grensásvegi í Reykjavík þ. 12.2.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.3.2006. ásamt ljósmyndum
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 190/06
3. Lögregluskýrsla dags. 12.2.2006.
4. Bréf V h.f. dags. 8.3.2005
5. Bréf U h.f. dags. 17.3.2006

**Málsatvik.**

A var ekið vestur Sogaveg og beyt til norðurs inn á Grensásveg áleiðis að beygjuakrein en ökumaður A ætlaði að aka Miklubraut til vesturs. B var ekið til austurs út frá bifreiðaplani við Grensásveg 22-26 og beygt til norðurs inn á ofangreinda beygjuakrein Grensásvegar. Samkvæmt lögregluskýrslu er bannað að aka til austurs inn á akreinar Grensásvegar til norðurs. Ökumaður A segist hafa stöðvað bifreið sína við gatnamót Grensásvegar og Sogavegar til að líta eftir umferð og ekið síðan í beygju til norðurs áleiðis að beygjuakrein á Sogavegi með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Miklubraut. Ökumaður B segist hafa ekið til austurs frá ofangreindu bifreiðaplani með fyrirhugaða akstursstefnu norður Grensásveg og verið að beygja til norðurs þegar hann hafi séð A ekið inn á Grensásveg og þá flautað og hemað en A hafi verið ekið utan í B. Ökumaður B segist ekki hafa veitt eftirtekt merkingum um beygjubann til austurs frá ofangreindu bifreiðaplani.

**Álit.**

Ökumaður B ók í umrætt sinn gegn skýrum merkingum um hvernig mátti aka á umræddum stað. Ökumaður B mátti ekki aka inn á Grensásveg með þeim hætti sem hann gerði sbr. skýr umferðarmerki þar um og ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík. 28.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 44/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Strandgötu á Akureyri þ. 24.12.2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.3.2006.ásamt yfirlitsmynd af vettvangi og teikningu
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.35/06.
3. Tjónaskýrsla dags. 24.12.2005.
4. Yfirlýsing (H) ódags.
5. Yfirlýsing (I) dags. 29.12.2005.
6. Yfirlýsing (A) ódags.
7. Yfirlýsing (S) ódags.

**Málsatvik.**

A og B óku eftir Strandgötunni á Akureyri á gatnamótum við Geislagötu varð árekstur með bifreiðunum þegar A ók inn í vinstri hliðB. Ökumaður A segist hafa verið að keyra að umferðarljósum og hafi B verið að koma hægra megin við A og hafi hann þá ekið inn í bílstjórahurð B en B hafi ekki gefið stefnuljós í umrætt sinn. Ökumaður B segist hafa verið að koma af Strandgötunni og verið að bíða eftir bíl sem hafi komið á móti en síðan verið að fara að beygja þegar A hafi komið og ekið á B og ekið eins og hann væri að fara fram úr og hafi ökumaður A gefið í til að reyna að komast fram úr B. Farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B og sama kemur fram í yfirlýsingu (H). Í yfirlýsingu (S) segir að A hafi verið að aka að ljósum og það sé ekki rétt að ökumaður A hafi verið að taka fram úr B í umrætt sinn.

**Álit.**

Að teknu tilliti til framburða ökumanna, afstöðuteikningar á tjónstilkynningu, yfirlýsinga sem liggja frammi í málinu og annarra gagna sem lögð hafa verið fram, verður ekki annað séð en að A hafi í umrætt sinn ekið óvarlega. Gögn málsins benda til að B hafi í umrætt sinn verið á undan A að gatnamótunum og þeim framburði ökumanns B að hún hafi þurft að bíða eftir bíl sem á móti kom áður en hún gat beygt hefur ekki verið hnekkð.Öll sök er því lögð á A.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík . 28.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 45/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X vegna B og A**

**Árekstur Snorrabraut þann 10.02. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 06.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Tvö bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.03. 2006, ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðunum var ekið í sömu átt. Ágreiningur er milli aðila um aðdraganda þ.á m. nákvæma staðsetningu bifreiðanna.

M telur að ökumaður A hafi sveigt bifreið sinni inn á frárein og aftur til baka inn í hlið B. Hann telur ákomuna á bifreiðunum styðja réttarstöðu sína.

Vátryggingafélagið lætur þess getið gagnvart úrskurðarnefnd að það taki ekki efnislega afstöðu til málsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið um nákvæma staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn eða nákvæman aðdraganda árekstursins. Ekki er unnt að láta halla á annan ökumann umfram hinn. Með hliðsjón af framanrituðu verður sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 4. apríl 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 46/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V h.f. vegna líkamstjóns ökumanns bifreiðarinnar A**

**Maður féll af bílpalli þegar hann var að losa úr pokum í síló þ. 21.6.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.3.2006 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 152/06
3. Bréf V dags. 16.3.2006 ásamt gögnum sem lögð voru fyrir tjónanefnd.

**Málsatvik.**

M var að vinna á palli MAN vörubifreiðar sem er með dreifingarbúnaði og datt af pallinum og hefur fallið um 2 metra samkvæmt því sem segir í lögregluskýrslu. Í lögregluskýrslu er haft eftir vitni að M hafi verið að vinna uppi á pallinum við að losa stóra saltsekki í síló þegar hann datt niður og vissi vitnið ekki af hverju M datt. Í skýrslu Vinnueftirlitsins er sagt frá með sama hætti í aðalatriðum og þar segir enfremur að ekki virðist vera um brot á lögum eða reglum að ræða í þessu tilviki. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns A og byggir lögmaður M á því að slys M sé bótaskyldt skv. 92.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88.gr. umfl Slysið hafi hlotist af sérstökum búnaði bifreiðarinnar og eiginleikum hennar sem ökutækis í notkun og því um bótaskyld tjón að ræða skv 92 gr umfl. V hafnar bótaskyldu og segir slys M verði á engan hátt rakið til aksturs bifreiðarinnar, sérstaks búnaðar hennar og stjórnþæki kranans víðsfjarri þeim stað þar sem að M stóð og losaði úr pokum með handafli. Þá vísar V í ýmsa dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að slys M verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A í umrætt sinn eða sérstaks vélræns búnaðar hennar. M á því ekki kröfu til bóta úr slysatryggingu ökumanns.

**Niðurstaða.**

Slys M er ekki bótaskyldt úr slysatryggingu ökumanns sbr. 92.gr. sbr. 88 gr. Umferðarlaga nr. 50/1987

Reykjavík 11.4.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 47/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V hf. v. A og B**

**Árekstur bifhjóla á Snorrabraut í Reykjavík þ. 13.8.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.3.2006 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 676/05
3. Lögregluskýrsla dags. 14.8.2005.
4. Bréf lögmanns M dags. 6.3.2006.

**Málsatvik.**

Bifhjólin A og B óku Snorrabraut til norðurs og varð árekstur milli þeirra rétt við gatnamót Bergþórugötu. Í lögregluskýrslu segir að A hafi ekið á afturhluta B og ljóst af hemlaförum að ökutækin höfðu runnið talsverða vegalengd. Ökumaður A segist ekki vita hvernig þetta óhapp hafi átt sér stað og sama segir farþegi á A. Í lögregluskýrslu síðar segir farþeginn á A að B hafi beygt í veg fyrir A og ökumaður A reynt að beygja frá en það ekki tekist. Ökumaður B segist hafa verið aðeins hægra megin á vinstri akreininni og ekki vitað fyrir en en mikið högg kom á B og hann þá fallið og runnið áfram. Í óagsettri yfirlýsingu sem lögð er fram í málinu segjast tveir einstaklingar hafa séð þegar svart mótörhjól tók skyndilega U beygju í veg fyrir gult mótörhjól

**Álit.**

Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki nægjanlega upplýst með hvaða hætti áreksturinn varð á milli A og B. Á vettvangi gat hvorki ökumaður A né farþegi gefið viðhlítandi skýringu á því með hvaða hætti áreksturinn varð. Miðað við þá aðkomu sem lýst er á slysstað í lögregluskýrslu má ætla að bifhjólin hafi ekið yfir leyfilegum hámarkshraða þar sem áreksturinn varð þó að ökumenn neiti því. Af öllum gögnum og atvikum öllum virtum þykir ekki rétt að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 11.4.2006. .

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 48/2006**

**C**

**og**

**X vegna A**

**og**

**Y vegna B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Holtaveg 23. október 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10. mars 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 27. mars 2006.
3. Tölvupóstur Y dags. 16. mars 2006.

**Málsatvik.**

Málavextir eru þeir að ökumaður A ók austur Holtaveg og ætlaði að beygja til vinstri að bifreiðastæðunum við IKEA. Í lögregluskýrslu skýrir hann svo frá að hann hafi ekið mjög rólega og gefið stefnumerki til vinstri. Þegar hann var byrjaður að beygja kom bifreiðin B vinstra megin við A og árekstur varð. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A. Hann taldi að A yrði ekið beint áfram og fór því framúr vinstra megin en þá hafi orðið árekstur. Hann sá ekki stefnumerki á A.

**Álit.**

Ökumaður A sýndi ekki nægilega aðgæslu varðandi umferð fyrir aftan hann þegar hann beygði til vinstri að bifreiðastæðunum. Ökumaður B sýndi ekki nægilega aðgæslu varðandi umferð fyrir framan sig þegar hann fór framúr A. Báðir þykja því eiga sök á árekstrinum, ökumaður B þó meiri.

**Niðurstaða.**

A ber 1/3 sakar og B ber 2/3 sakar.

Reykjavík, 11. apríl 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 49/2006**

**C**

**og**

**X vegna A**

**og**

**Y vegna B**

**Árekstur á Norðurbrún 14. febrúar 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10. mars 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 17. mars 2006.
3. Tölvupóstur Y dags. 22. mars 2006.

**Málsatvik.**

Málavextir eru þeir að ökumaður A var bakkað úr bifreiðastæði við Norðurbrún. Í sama mund kom ökumaður B af Austurbrún og beygði inn í Norðurbrún með þeim afleiðingum að árekstur varð með bifreiðunum.

**Álit.**

Ökumaður A sýndi ekki nægilega aðgæslu þegar hann bakkaði úr bifreiðastæði við Norðurbrún í veg fyrir B sem ók eftir sömu götu. Engin gögn liggja fyrir um það að ökumaður B hafi ekið of hratt eða með öðrum hætti ekið gáleysislega. Öll sök á A.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík, 11. apríl 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 50/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X vegna A og B**

**Árekstur gatnamótum Háagerðis og Sogavegar 25.02. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.03. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið Háagerði í áttina að Sogavegi þar sem ökumaðurinn beygði til hægri, B var ekið Sogaveg og beygt áleiðis inn að Háagerði. Biðskylda er á gatnamótunum gagnvart umferð um Sogaveg.

M telur að ökumaður B hafi tekið of þrönga vinstri beygju og að rekja megi áreksturinn til þessa. Vátryggingafélagið vísar til þess að B hafi tekið þrönga vinstri beygju, A hafi verið kominn fram yfir biðskyldu á Háagerði áleiðs inn á akbraut Sogavegar þegar árekstur varð. Félagið telur að A eigi að bera 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar sbr. gögn málsins og 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að ökumaður B tók of þrönga vinstri breygju. Virðist sem ökumaður A hafi verið kominn með bifreið sína fram fyrir biðskylduna. Þrenging er á gatnamótunum við Háagerði sem hefur það í för með sér að sá sem beygir til vinstri líkt og ökumaður B gerði verður að gæta aukinnar aðgæslu gagnvart umferð sem á móti kemur.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A þrátt fyrir að hann hafi átt biðskyldu gagnvart umferð um Sogaveg. Árekstur þennan má fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns B. Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. apríl 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 51/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X vegna A og B**

**Árekstur við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugavegar 13.02. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.03. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið norður Kringlumýrarbraut og var A á undan. Áreksturinn varð norðan gatnamótanna. B var ekið aftan á A þegar A hægði á ferð sinni.

M telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A.

Ökumaður B telur að ökumaður A hafi svínað fyrir B og hellað, hann beri því ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B skuli bera 2/3 hluta sakar þar sem hann gætir þess ekki að hafa nægjanlegt bil í næstu bifreið. Það telur að ökumaður A skuli bera 1/3 hluta sakar þar sem hann hægir ferðina án tilefnis vegna umferðar þegar hann var kominn norður yfir gatnamótin. Þetta kveðst hann hafa gert vegna þess að hann hafi séð ”í baksýnispegli bifreiðar sinnar bifreiðina B koma á mikilli ferð”.

**Álit.**

Þegar ekið er um þau gatnamót sem hér um ræðir þurfa ökumenn að gæta aukinnar aðgæslu.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B 2/3 hluta sakar fyrir að aka á A sem á undan fór. Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar þar sem hann hægir ferðina snögglega þegar hann var kominn norður yfir gatnamótin. Ökumaðurinn hefur ekki gefið eðlilega skýringu á aksturslagi sínu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 11. apríl 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 52/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr húseigendatryggingu vegna slemmda á parketi .**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 13.3.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.4.2006.

**Málsatvik.**

Þann 21.1.2006 brotnaði stór rúða í stofu í íbúð M. Tveggja ára gamalt parket var á stofugólfinu og í 16 fm stóru svefnherbergi. Glerbrot þeyttust um öll gólf að sögn M. Í bréfi Vátryggingafélagsins X segir að á tveimur til þremur stöðum megi sjá að aðeins hafi hoggist upp úr parketinu fyrir neðan glugga og er þessum skemmdum nánar lýst sem tveimur ca. 1-2 cm rispum og einu skarði í parketið sem er u.þ.b. 2 mm á dýpt og 1 cm á lengd.

M hefur farið fram á að skipt verði um parket bæði í stofunni og svefnherberginu. Enginn þröskuldur sé milli stofunnar og svefnherbergisins og hún er ósátt við að þurfa að una því að tveir litir verði á gólfinu þar sem ekki verði sami litur á nýja parketinu í stofunni og á parketinu sem eftir verður í svefnherberginu. X hefur fallist á að skipta um parket í stofunni en hafnað að taka þátt í kostnaði við að skipta um parket í svefnherberginu. Hægt sé að fá nákvæmlega sömu parkettegund og litamismunur yrði í einhverja mánuði vegna upphitunar frá sól og súrefni.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að engar skemmdir urðu á parketinu í svefnherberginu. Þótt einhver litamunur kunni að verða á parketinu í stofunni annars vegar og svefnherberginu hins vegar leiðir það ekki til þess að M eigi kröfu til þess að kostnaður við skipti á parketi í svefnherberginu verði bættur úr húseigendatryggingu hennar hjá X. M á því ekki rétt á frekari bótum úr tryggingunni en félagið hefur þegar boðið henni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum en X hefur boðið henni vegna skemmda á parketi í stofu í íbúð hennar.

Reykjavík, 11. apríl 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 53/2006

### M

## og Vátryggingafélagið V h.f. v. Ábyrgðarliðar fasteignatryggingar D og eigandi bifreiðarinnar A

**Tjón á bifreiða þegar snjóhengja datt af þaki húss á bifreiðina þ. 19.1.2006.**

### Gögn.

1. Málskot móttakið þ.16.3.2006 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 117/06
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf V dags. 28.3.2006. ásamt fylgiskjölum 1-4

### Málsatvik.

M eigandi bifreiðarinnar A lagði henni í merkt bílastæði við hús sem stendur við Laugaveg í Reykjavík, hláka var umræddan dag og fell snjóhengja af þaki hússins á A og olli tjóni á henni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu húseigenda og bendir á að A hafi verið lagt í merkt bifreiðastæði og svipaður atburður hafi gerst fyrir um 10 árum og húseiganda hafi því átt að vera ljós hættan. Eigandi D segir að það sé um 15 ár síðan að snjóhengja hafi fallið niður af þaki hússins og eigandi A vinni í næsta nágrenni og leggi A alla virka daga þarna. V telur að eigendur hússins hafi ekki getað áttað sig á hættunni þarna um morguninn frekar en M og hættan hafi ekki verið meiri en almennt gerist í umhleypingarsömu veðri. V heldur því fram að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi eiganda hússins þar sem engin hafi gert sér grein fyrir hættunni.

### Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti í umrætt sinn að tryggingartaki D hafi bakað sér ábyrgð með því að gera ekki sérstakar ráðstafanir. Ekkert liggur fyrir í málinu sem réttlætir að sök verði lögð á tryggingartaka vegna tjóns M. Tjón M er því ekki bótaskyld úr ábyrgðarliðar fasteignatryggingar D hjá V.

### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar D hjá V.

Reykjavík .11.4.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 54/2006**

**M v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verktakans B**

**Skemmdir á bifreið sem ekið var á malbikshrógu við Miklubraut 18-20 þann 20.07. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.04. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðinni var ekið aftur á bak og á malbikshrógu.

B var aðalverktaki á svæðinu vegna framkvæmda við nýju Hringbrautina. Hrógan var ómerkt. Fram kemur í skýrslu lögreglu að "það hafði bara farist fyrir að fjarlægja malbikið". Það yrði fjarlægt eins fljótt og hægt væri.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A hefði átt að ganga úr skugga um að "ekkert sé fyrir aftan ökutækið áður en því er ekið aftur á bak" sbr. til viðmiðunar 17. gr. umferðarlaga.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi, óvarlegt hafi verið að hafa hrúguna ómerkta. Hann vekur og athygli á því að framkvæmdum var lokið. Hrógan var samlit umhverfinu og engar merkingar til varúðar, M vekur og athygli á því að hrúgan sást ekki úr bifreiðinni er henni var ekið aftur á bak.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var óvarlegt að hafa umrædda malbikshrógu ómerkta. Framkvæmdum mun hafa verið lokið. Haft er eftir talsmanni B í skýrslu lögreglu að það hafi bara farist fyrir að fjarlægja malbikið. Fyrirliggjandi ljósmynd upplýsir um stærð þeirrar hrúgu sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af framanrituðu og atvikum máls þessa ber B skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð á A í umrætt sinn. Það var óforsvaranlegt að skila umrædda hrúgu eftir ómerkta.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu A miðað við gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

B ber ábyrgð á því tjóni sem varð á A í umrætt sinn.

Reykjavík 9. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 55/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur við innakstur að Laugardalshöll þann 07.03. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 22.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið um bílastæði (plan/innakstur) við Laugardalshöll og hafði ökumaður A bifreiðina B sér á hægri hönd.

Óþarft er að geta umfjöllunar M en hann telur m.a. að B hafi ekið ”nokkuð greitt”. Hann telur að báðir ökumenn beri ábyrgð á árekstrinum og að ”gatnamótin séu fáránlega hönnuð”. Eðlilegt sé að ”loka bílastæði við skrifstofur ÍSÍ í annan endan svo ekki sé hægt að aka þar í gegn” líkt og B gerði.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A hefði átt að víkja fyrir B. Fullyrðingar ökumanns A í málskotinu um að B hafi verið ekið of hratt séu ósannaðar.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. ákomu á bifreiðunum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Honum bar að víkja fyrir umferð frá hægri sbr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ósannað er að ökumaður B hafi ekið óvarlega.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 56/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Hjallahrauni í Hafnarfirði þ. 28.10.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.3.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 892/05
3. Lögregluskýrsla dags. 29.10.2005
4. Vátryggingafélagsins dags. 10.4.2006.
5. Tölvupóstur og uppdráttur.

**Málsatvik.**

Árekstur varð milli A og B á Hjallahrauni í Hafnarfirði. Ökumaður A segist hafa ekið Hjallahraun til vesturs og ætlað að aka inn á bifreiðastæði við Hjallahraun og hafi hann gefið stefnuljós til vinstri áður en hann beygði en hann hefði ekki tekið eftir B sem hafði verið ekið á eftir A ók fram með vinstri hlið A. Ökumaður B segist hafa verið að aka á eftir tveimur bifreiðum vestur Hjallahraun og hafi bifreiðinni sem ekið var á undan A verið ekið inná Trönuhraun til norðurs og hafi hann ætlað að aka fram úr A en þá hafi A skyndilega verið sveigt til vinstri og rekist í hægri hlið B. Ökumaður B segir að ökumaður A hafi ekki gefið stefnuljós.

**Álit.**

Ökumaður A beygði í umrætt sinn í veg fyrir B þegar hann tók vinstri beygju þegar B var í framúrakstri. Framúrakstur er heimill þar sem árekstur varð og ekkert liggur fyrir um að B hafi ekið ógætilega þannig að sök verði felld á hann. A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök

Reykjavík .9.5.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 58/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Hlíðasmára í Kópavogi þann 21.2.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 24.3.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 29.3.2006, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 7.4.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið eftir Hlíðasmára. Bar þá að bifreiðina B frá hægri miðað við akstursstefnu A og rákust saman hægra afturhorn A og vinstra framhorn B. Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 15-20 km hraða á klst. og verið að skima eftir lausu stæði. Hann hafi verið kominn langleiðina yfir gatnamótin þegar B hafi komið á töluvert mikilli ferð að honum fannst. Af þeim sökum hafi hann ekki séð til B er hann kom að gatnamótunum.

Í málgögnum er ekkert haft eftir ökumanni B um áreksturinn eða tildrög hans.

**Álit.**

Aðila greinir, að því er virðist, ekki á um það að áreksturinn hafi orðið á gatnamótum, þar almennur umferðarréttur gildir, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Er það lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Ökumaður A hafði hina bifreiðina sér á hægri hönd og bar því að víkja fyrir henni. Verður sök því lögð á ökumann A nema takist að sanna að áreksturinn verði rakinn að hluta eða öllu leyti til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á, svo sem að hann hafi ekið hraðar en heimilt var eða aðstæður leyfðu. Ekki telst sannað samkvæmt gögnum málsins að áreksturinn verði rakinn til sakar ökumanns B og verður því ekki hjá því komist að leggja alla sök á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 9. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 59/2006**

**M**

**Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar verktakans G**

**Maður missteig sig og ristarbrotnaði á hægra fæti þ. 17.10.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.3.2006. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf vátryggingafélagsins dags. 7.4.2006.
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla

**Málsatvik.**

Skv. Lögregluskýrslu var búið að grafa upp götu vegna endurbóta og hafði göngubraut verið lögð meðfram öllum húsum sem eru vinstra megin í götunni þar sem ógerlegt var annars að komast að húsunum en aðeins var göngubraut upp að nokkrum húsum sem voru hægra megin við götuna. M sagði lögreglu að hann hefði verið að koma heim til sín deginum áður og verið að labba upp eins meters háa moldarbrekku þegar hann missteig sig í moldinni með þeim afleiðingum að hann ristarbrotnaði á hægra fæti. M segir að þegar atvikið gerðist hafi engin göngubraut verið við hans hús og hafi hann haft samband við verktaka og þá hefði verið komið með planka og þeir settir upp að húsinu. Lögmaður M krefst bóta vegna slyssins og segir að frágangur við hús M hafi verið óviðunandi og megi rekja slysið til saknæmrar hegðunar verktakans sem hafi ekki gætt eðlilegrar varkárni við frágang vinnusvæðisins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi valið það sjálfur að labba upp á moldarbarðið og tekið við það áhættu sem hann verði að bera sjálfur.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að verktaki sá sem annaðist um framkvæmdir í götu þeirri sem um ræðir sýnt af sér atferli sem leiði til skaðabótaábyrgðar af hans hálfu. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 9.5.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 60/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins S.**

**Ágreiningur um tjón á húseign af völdum vatns er rann inn á lóð og inn um kjallaraglugga.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.3.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.4.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 10.2.2004 mun hafa gert úrhellisrigninu og asahláku í S. Vatnslón myndaðist á opnu svæði ofan við trjábeð sunnan við raðhús í eigu M við götuna G. Kveður M að vatn hafi flætt viðstöðulaust í miklu magni niður með trjábeðinu inn á lóðina og inn um glugga í kjallara á húsi M með þeim afleiðingum að parket á gólfi í kjallaranum eyðilagðist. Fyrir um 4-5 árum síðan hafi starfsmenn S fært gangstíg sem þarna liggur og um leið breytt landslagi þannig að það hallaði að lóðinni kringum hús M og þar af leiðandi hafi verið greið leið fyrir yfirborðsvatn til að renna inn á lóðina svo og fyrir vatn úr fyrrgreindu lóni. Fyrir breytingarnar hafi vatnið, sem þarna myndaðist, hins vegar runnið til austurs frá húsinu og út á grasflöt sem þar er.

Telur M að mistök hafi átt sér stað af hálfu starfsmanna S við hönnun landslagsins og með því hafi verið brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 66. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, en þar segir að lóðarhafa sé skylt að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að yfirborðsvatn af lóð hans valdi ekki óþægindum á nágrannalóð eða gangstétt sé hús í götulínu. Þá hefur M aflað álitsgerðar T, tæknifræðings, en í niðurstöðu álitsgerðarinnar segir að breytingar á landslaginu hafi verið til tjóns fyrir M og eftir breytingarnar hafi yfirborðsvatn flætt inn á lóðina í margfalt meira mæli en fyrir breytingarnar á svæðinu.

X, tryggingafélag S, hefur hafnað bótaskyldu og mótmælt álitsgerð tæknifræðingsins. Bendir félagið á að kjallari í húsi M sé ósamþykktur og glugginn, sem vatnið lak inn um, sé fyrir neðan jörð.

**Álit.**

Í gögnum málsins eru litlar sem engar upplýsingar um aðstæður á svæðinu þegar tjónið varð, svo sem veður og snjóalög. 66. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 á við um lóðir sem hús eru reist á. Verður henni ekki beitt með beinum hætti um það tilvik sem hér er til umfjöllunar, en ætla má að svipaðar skyldur hvíli á sveitarfélögum varðandi hönnun og frágang svæða er þeim tilheyra. Engu að síður þykir ekki nægilega sannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að vatnsrennslið inn á lóð M verði rakið til þess að mistök hafi átt sér stað af hálfu starfsmanna S við breytingu á svæðinu fyrir utan lóðarmörk M þannig að bótaábyrgð verði felld á S.

**Niðurstaða.**

Tjón M telst ekki vera bótaskyld.

Reykjavík, 9. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 61/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Grensásveg þann 12.03. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 29.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.04. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var báðum ekið aftur á bak úr bifreiðastæðum á móti hvor annari. Samkvæmt sameiginlegri tjonstilkynningu var A kyrrstæð.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Á framhlið tjonstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita segist ökumaður B hafa verið að bakka en ökumaður A segist hafa verið kyrrstæður.

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. sameiginlegri tjonstilkynningu og frásögnum aðila, ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Hann gætti ekki nægjanlegrar varðúðar er hann ók aftur á bak sbr. 17. gr. umferðarlaga.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu ökumanns A miðað við gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 62/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og v/B**

**Ágreiningur um tjónvald vegna skemmda á bifreið þann 21.12. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 03.04. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.04. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa lagt bifreiðinni A við Þórsgötu 27. Þegar hann kom að bifreiðinni aftur tók hann eftir skemmdum á bifreiðinni. Lögreglan getur frásagna aðila þ.á m. vitnis, sem þekkir til M og býr í umræddu húsi.

M telur að B hafi valdið skemmdum á A og ekið á brott.

Eigandi B býr við Þórsgötu en hann kannast ekki við að hafa valdið tjóni á A, hann hafi verið að heiman á umræddum tíma.

Vátryggingafélagið telur ósannað að B hafi verið ekið á A. Það upplýsir að eigendur bifreiðanna hafi farið með þær á verkstæði þar sem 3 aðilar skoðuðu bifreiðarnar. "Einn skoðunarmanna taldi að bifreiðin B hefði ekki getað verið ekið á A, hinir tveir töldu hins vegar að svo gæti verið, en gátu þó ekki fullrytt um það". Ákoma mun vera á báðum afturhornum B og segir í bréfi vátryggingafélagsins til nefndarinnar að eigandi hennar "viti ekki hvernig eru tilkomnar".

Lögreglan getur þess í skýrslu sinni að "nýleg ákoma var á vinstra afturhöggvarahorni bifreiðarinnar. Hæð í ákomuna var hin sama og í ákomu á vinstra frambretti bifreiðarinnar A".

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

**Álit.**

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki unnt að fullyrða að ákomur á bifreiðunum passi saman. Lögreglan telur að ákomur passi en vátryggingafélagið getur mismunandi afstöðu aðila sem skoðuðu bifreiðarnar. Athygli vekur að ákoma mun vera á báðum afturhornum B og segir í bréfi vátryggingafélagsins til nefndarinnar að eigandi hennar viti ekki "hvernig eru tilkomnar".

Með hliðsjón af framanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að B hafi verið ekið á A. Ekki er unnt að láta halla á B þrátt fyrir að komnar séu fram verulegar líkur á því að B hafi verið ekið á A.

**Niðurstaða.**

Ósannað er að B hafi valdið skemmdum á A.

Reykjavík 9. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 63/2006**

**A**

**og**

**X vegna kaskótryggingar C**

**Umferðarslys á Kringlumýrarbraut 22. desember 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. apríl 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf X dags. 19. apríl 2006.

**Málsatvik.**

A lánaði B bifreið sína til reynsluaksturs en B hugðist kaupa bifreiðina af A. B ók bifreiðinni norður Kringlumýrarbraut að og inn á gatnamót Háaleitisbrautar gegnt rauðu ljósi og lenti á tveimur bifreiðum sem þar voru að aka gegnt grænu ljósi. B sagðist hafa nálgast gatnamótin, litið augnablik á útvarp bifreiðarinnar og þegar hann leit aftur fram götuna sá hann bifreiðar vera stopp við gatnamótin fyrir framan hann og rautt ljós loga gegnt akstursstefnu þeirra. Hann hafi hemlað en bifreiðin ekki látið að stjórn. B sagðist hafa brugðið á það ráð að stýra bifreiðinni milli bifreiðanna sem voru stopp og bifreiðin hafi runnið inn á gatnamótin og endað með að lenda á áðurnefndum bifreiðum. Vitni sögðust hafa séð bifreið B aka á ofsahraða norður Kringlumýrarbrautina og inn á gatnamótin með framangreindum afleiðingum. Vátryggingafélag A neitar greiðslu bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar með vísan til liðar 11.3 í skilmálum. B hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

**Álit.**

Skv. skilmálum kaskótryggingar er ekki bætt tjón sem valdið er af ásetningi eða gáleysi ökumanns. Að virtum gögnum málsins og framburði vitna þykir ljóst að B ók bifreiðinni á miklum hraða inn á fjölfarin gatnamót gegn rauðu ljósi. Þykir sú háttsemi B vera stórkostlegt gáleysi. Tjónið bætist því ekki vegna undanþáguákvæða í skilmálum kaskótryggingar bifreiðarinnar.

**Niðurstaða.**

Tjón C bætist ekki úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Reykjavík, 9. maí 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 64/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V v A og B**

**Árekstur bifreiða kemur ekki fram hvenær.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 3.4.2006 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 259/06
3. Bréf V dags. 18.4.2006.

**Málsatvik.**

A og B var ekið eftir Álftabakka í Mjóddinni í Reykjavík og var B á undan A og hugðist ökumaður B beygja inn á plan Ólís bensínstöðvar sem þar er og segist ökumaður B hafa gefið stefnuljós í umrætt sinn þegar B beygði til vinstri var A að aka vinstra megin fram úr B

**Álit.**

Þar sem áreksturinn varð eru yfirborðsmerkingar í götunni með þeim hætti að um hálfbrotna línu er að ræða þegar um slíkar merkingar er að ræða er óheimilt að aka fram úr nema með sérstakri varúð sbr reglugerð nr. 289/1995 23.gr b lið en þar segir: "Hálfbrotin lína (L21) (línan þrisvar sinnum lengri en bilið) sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður A tók áhættu af því að aka fram úr miðað við þær aðstæður sem um var að ræða og merkingar þær sem lýst er að voru á götunni og ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 9.5.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 65/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v A og**  
**Vátryggingafélagið U h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða í Hjallabrekku þ. 2.3.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 3.4.2006 ásamt fylgiskjölum
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 266/06
3. Tjónaskýrsla dags. 2.3.2006.
4. Bréf V dags. 18.4.2006.

**Málsatvik.**

A og B voru á bílastæði við Hjallabrekku í Kópavogi og skv merkingum á framhlið tjónstilkynningar er merkt við tl. 1 þ.e. var lagt/kyrrstæður fyrir B en við tl 4 ók út frá bílastæði fyrir A. Ökumaður A segir að A og B hafi verið að bakka og lent saman á miðri götunni. Ökumaður B segir að B hafi verið komin út úr stæðinu og út á plan og hafi verið að taka af stað þegar A hefði bakkað á B.

**Álit.**

Ekki er hægt að líta framhá því sem kemur fram á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar aðila en þar skrifa báðir ökumenn undir að B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Öll sök verður því lögð á ökumann A í samræmi við framhlið tjónstilkynningar.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík .8.5.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 66/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Einarsnesi þann 03.01. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 04.04. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.04. 2006, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.04. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var báðum ekið aftur á bak á móti hvor annarri.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaðurinn hafi ekki áttað sig á því að A var ekið aftur á bak þegar B hóf að aka aftur á bak. Taldi hann að A væri bara lagt með "þessum hætti út í götunni". Ökumaður A hefur haldið því fram að hann hafi verið kyrrstæður þegar áreksturinn varð og kveðst hafa flautað til þess að láta B vita af sér en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

Vátryggingfélag B telur að skipta skuli sök til helminga. Bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak og hvorugur ökumanna hafi sýnt nægilega aðgæslu.

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

**Álit.**

Bifreiðunum var báðum ekið aftur á bak. Ekki er unnt að láta halla á annan ökumanninn fremur en hinn miðað við fyrirliggjandi gögn. Ósannað er að A hafi verið kyrrstæð það lengi að áhrif hafi á réttarstöðu. Með vísan til framanritaðs er sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 16. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 67/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A**

**Ekið á kyrrstæða bifreið á breiðastæði við Ármúla þann 13.10.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.4.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 26.4.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A hafði verið lagt og var mannlaus í bifreiðastæði við Ármúla 5 í Reykjavík. Vitnið, V, tilkynnti þá eiganda A að bifreiðinni B hafi verið ekið aftur á bak og á hægri framhurð A. Við skoðun lögreglu sást beygla í miðri hægri framhurð A í 63 cm hæð og þar mátti sjá einhvern dökkan lit.

Fyrrgreint vitni kvað B hafa fyrst verið ekið aftur á bak, síðan áfram, en ekki komist. Þá hafi henni verði ekið aftur á bak öðru sinni sem varð til þess að hún rakst á A. Ökumaður B hafi farið út úr bifreiðinni og gengið aftur fyrir bifreið sína, en síðan farið aftur inn í bifreiðina og ekið á brott. Hafi ökumaðurinn sýnilega gert sér grein fyrir að hann hafi ekið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa lagt bifreið sinni í bifreiðastæði við Ármúla 5. Hann hafi ekið bifreiðinni aftur á bak út úr bifreiðastæðinu, en ekki orðið þess var að hann hafi ekið á bifreið (A) sem hafi átt að vera í bifreiðastæði fyrir aftan B. Ökumaðurinn kvað útilokað að hann hafi bakkað á A, þar sem hann hafi ekki fundið fyrir því. Hann kvaðst hafa litið aftur fyrir sig þegar hann bakkaði út úr stæðinu umrætt sinn og ekki orðið var við að bifreið hafi verið lagt fyrir aftan hann.

B er af gerðinni Jeep Cherokee. Samkvæmt skoðun lögreglu var afturstuðari hennar allur í smárispum sem ekki var hægt að greina hvort væru nýjar eða gamlar.

**Álit.**

Lýsing vitnisins V á því hvernig atvikið bar að höndum er afdráttarlaus. Þrátt fyrir mótmæli ökumanns B þykir mega leggja framburð vitnisins til grundvallar um það að B hafi verið ekið á A í umrætt sinn. Ber ökumaður og eigandi B því ábyrgð á tjóni því sem hlaust á A.

**Niðurstaða.**

Eigandi og ökumaður B ber ábyrgð á tjóni á A.

Reykjavík, 9. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 68/2006

### M og Vátryggingafélagið X v/almennrar slysatryggingar

#### Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 04.11. 2005 og heimild til uppsagnar á vátryggingum.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 06.04. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 07.04. 2006, ásamt fylgiskjölum þ.e. matsgerðum, dags. 03.09. 2001 og 03.07. 2002.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Er M sótti um slysatryggingu, dags. 02.11. 2005, svaraði hann spurningum um heilsufar sitt. Þann 04.05. 2005 lenti M í slysi er hann rann til og datt aftur fyrir sig. Vísað er til tjónstilkynningar, dags. 10.01. 2006, vegna þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna vanrækrar upplýsingaskyldu. Félagið vísar til þess að M hafi lent í umferðarslysi 1999 sem hafði í för með sér tiltekna varanlega örorku. M hafi ekki upplýst um slysið er hann sótti um umrædda slysatryggingu 2005. Félagið telur að hann hafi ”af yfirlögðu ráði sleppt því að geta um atvik þessi þegar hann sótti um slysatryggingu enda telur það einfalda ”gleymsku” hreinlega ekki koma til greina þegar litið er til atvika máls”. Af þessum sökum telur félagið 1. mgr. 83. gr. vsl. eiga við. Til vara vísar félagið til 2. mgr. 83. gr. nefndra laga. Félagið telur ljóst að það hefði ekki samþykkt vátryggingu þessa hefði það haft ”réttar upplýsingar við vátryggingartöku”. ”Nýleg 20% örorka vegna stoðkerfis hefði leitt til höfnunar félagsins, hvað þá þegar við er bætt að M er blindur á öðru auga”. Á vátryggingabeiðni komu fram upplýsingar um að M hefði aðeins sjón á öðru auga, slíkt hefði almennt leitt til 20% örorku. ”Þrátt fyrir það ákvað félagið að veita vátrygginguna. Á hinn bóginn hefði félagið ekki veitt þessa vátryggingu hefði það vitað við vátryggingartöku, að auki hefði M verið metin 20% örykri vegna stoðkerfismeidsla”. Það telur að M hafi sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína í því skyni að fá almenna slysatryggingu með háum slysabótum. Með hliðsjón af gögnum máls þessa nýti félagið sér uppsagnarrétt sinn á öllum frjálsum vátryggingum M skv. heimild í 1. mgr. 84. gr. vsl.

Óþarft er að geta röksemdafærslu M sem fram kemur í málskotinu. Hann telur að félagið geti ekki borið fyrir sig 83. gr. og 84. gr. nefndra laga, ekki hafi verið um vanrækta upplýsingaskyldu að ræða.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M upplýsingaskyldu sína á þann veg þegar umrædd vátrygging var tekin að vátryggingafélagið hefur heimild til að hafna greiðsluskyldu sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um vágtryggingarsamninga nr. 30/2004. Vátryggingafélagið hefur og heimild til að segja upp frjálsum vátryggingum M hjá félaginu með vísan til 1. mgr. 84. gr. nefndra laga.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga. Váttryggingafélaginu var heimilt að segja upp frjálsum váttryggingum M vegna vanrækrar upplýsingaskyldu sbr. 1. mgr. 84. gr. nefndra laga.

Reykjavík 9. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 70/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar ökutækis.**

**Ágreiningur um bótauppgjör vegna tjóns á bifreið þ. 30.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2006
2. Bréf V dags. 7.3.2006

**Málsatvik.**

Bifreið M varð fyrir tjóni og er ekki ágreiningur um að V beri að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækis vegna tjónsins. Ágreiningur í málinu varðar bótauppgjör. M gerir kröfu til að fá greiddar kr. 224.559 en vátryggingafélagið vill greiða kr. 172.738 sem er tjónsupphæðin að frádregnum virðisaukaskatti og launatengdum gjöldum. Ágreiningur aðila varðar það hvort M eigi rétt á að fá greidda bótaupphæðina með virðisaukaskatti og launatengdum gjöldum eða ekki. Af hálfu V er boðist til að greiða M samkomulagsbætur skv mati verkstæðis að frádregnum virðisaukaskatti og launatengdum gjöldum en leggi M fram reikning frá löggildum viðgerðaraðila greiðist virðisaukaskattur einnig.

**Álit.**

M á rétt á því að vera jafnsettur eftir tjón sitt og fá greidda þá fjárhæð sem hann sannanlega þarf að greiða en ekki umfram það. Fallast verður á það með V að meðan ekki er framvísað reikningi frá virðisaukaskattsskyldum aðila vegna viðgerðar á bifreið M á M ekki rétt á að fá greidda fjárhæð vegna virðisaukaskatts og launatengdra gjalda sem ekki hafa verið greidd. Fallast verður á að boð V sé réttmætt miðað við aðstæður og M eigi ekki rétt á frekari greiðslum en V hefur boðið.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari greiðslum frá V en V hefur boðið. M á ekki rétt á að fá greidd kostnað vegna launatengdra gjalda og virðisaukaskatts meðan M framvísar ekki reikningi sem sýnir fram á greiðslu slíkra gjalda.

Reykjavík 9.5.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 69/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v A og**  
**Vátryggingafélagið U v. B**

**Árestur bifreiða á Sæbraut í Reykjavík þ. 5.2.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.7.4.2006
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 186/06
3. Lögregluskýrsla dags. 5.2.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 18.4.2006
5. Bréf U dags. 26.4.2006.

**Málsatvik.**

Árestur varð með A og B á Sæbraut og skv framburði ökumanna átti málið sér nokkurn aðdraganda en þeir höfðu skipst á um að aka fram úr bifreið hvors annars fyrir óhappið og lýsa ökumenn því síðar nánar með hvaða hætti þeir hafi ekið í umrætt sinn og skipt um akreinar en ekki er ástæða til að lýsa frásögn þeirra frekar.

**Álit.**

Að öllum gögnum málsins virtum verður ekki lögð sök á annan ökumann umfram hinn og er sök því skipt þannig að hvor ökumaður beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 9.5.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 71/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar C**

**Áræktur á Nýbýlavegi við gatnamót Auðbrekku í Kópavogi þann 19.3.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.4.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 18.4.2006, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 26.4.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A, B og C var ekið austur Nýbýlaveg. Var A ekið fremst, B í miðið og C aftast. Rétt austan við Nýbýlaveg rakst B aftan á A og síðan rakst C aftan á B, en við það rakst B aftur aftan á A.

Ökumaður A kvaðst skyndilega hafa áttað sig á að bifreið fyrir framan hann væri nánast kyrrstæð. Hafi hann þá hemað til að forðast áræktur, en þegar A hafi verið við það að stöðvast hafi B verið ekið aftan á A. Kvaðst ökumaðurinn hafa fundið að tvö högg koma á A með örstuttu millibili.

Ökumaður B kvað A hafa stöðvað skyndilega fyrir framan sig og hafi hann nauðhemað, en það hafi verið of seint og B hafi rekist aftan á A. Í kjölfarið hafi C verið ekið aftan á B og við það högg hafi B lent aftur á A.

Ökumaður C kvaðst hafa séð er B var skyndilega nauðhemað og hafi hann þá sjálfur nauðhemað. Hafi honum fundist hann ætla að sleppa við áræktur, en þá hafi honum fundist sem B kæmi með rykk á móti sér með þeim afleiðingum að áræktur hafi orðið.

**Álit.**

Óhappið verður rakið til þess að ökumenn B og C gættu þess ekki að hafa nægilegt bil milli bifreiða sinna og þeirra sem á undan þeim fóru. Þá er upplýst samkvæmt gögnum málsins að B rakst tvívegis aftan á A. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A og B, en mikið tjón framan á C. Í ljósi þessa verður að telja að tjón sem varð aftan á A og framan á B verði rakið bæði til þess er B var ekið aftan á A og einnig er C var ekið aftan á B sem við það kastaðist aftur á A. Hins vegar verður ekki ráðið hvort tjón hafi orðið meira við fyrri árækturinn eða þann síðari. Þá ber ökumaður C einn á ábyrgð á því tjóni er hlaust aftan á B og framan á C.

**Niðurstaða.**

Ökumenn B og C bera jafna ábyrgð á tjóni aftan á A. Ökumaður C ber að hálfu ábyrgð á tjóni framan á B, en ökumaður B ber sjálfur tjón sitt að hálfu framan á bifreiðinni. Ökumaður C ber alla ábyrgð á tjóni aftan á B og ber sjálfur allt tjón á sinni bifreið.

Reykjavík, 9. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 72/2006

M v/A

### Vátryggingafélagið X v/B

#### Ágreiningur um bótafjárhæð vegna tjóns á bifreiðinni A sem varð við umferðaróhapp þann 04.07. 2005.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 07.04. 2006, ásamt fylgiskjölum þ.á m. bréfi vátryggingafélagsins, dags. 24.01. 2005, og röksemdafærslu M.
2. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.04. 2006, ásamt fylgiskjölum þ.á m. bréfi félagsins til nefndarinnar, dags. þann sama dag.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ágreiningur aðila er um réttarstöðu vegna tjóns sem varð á A m.ö.o. ágreiningur er um uppgjör bóta.

Vátryggingafélagið telur að þar sem að tjónið á A hafi verið tiltölulega lítið hafi félagið hafnað því að kaupa bifreiðina en samþykkt að greiða viðgerðarkostnað (kr. 150.694), og bætur fyrir afnotamissi (kr. 7.200). Félagið hafi hafnað frekari bótagreiðslum. Það telur að M hafi ekki orðið fyrir meira fjártjóni umfram það sem þegar hafi verið bætt.

Vátryggingafélagið samþykkir að úrskurðarnefndin fjalli um ágreining aðila um bótafjárhæð.

Fyrirliggjandi gögn geta röksemdafærslu M þ.e. fulltrúa hans sem ópart er að geta. Hann getur þess m.a. að hann hafi ekki notið aðstoðar löglærðs aðila við málskotið. Hann gerir þá kröfu til vátryggingafélagsins og úrskurðarnefndar að þau leiðbeini honum í málinu ef "honum yfirsést eða misferst í einhverju eða vanreifar sín megin rök og málsástæður og/eða annað sem skipt gæti máli fyrir hagsmuni hans". Fram kemur m.a. að verði vátryggingafélagið eða "nefndin ekki við þessari kröfu um leiðbeiningar er lýst ábyrgð" á vátryggingafélagið og nefndina "leiði það til tjóns fyrir kæranda". M telur efnislega að hann hafi átt að fá nýja bifreið í stað þeirrar sem skemmdist en hún var einungis 6 vikna gömul þegar umferðaróhappið varð. Hann hafi keypt bifreiðina 18. maí 2005 í "þeim tilgangi að eignast nýja bifreið sem ekki væri tjónabifreið..." M telur að talsmaður vátryggingafélagsins hafi fallist á að kaupa handa honum nýja bifreið sömu gerðar sbr. nánar umfjöllun í málskotinu.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir meira tjóni en sem nemur þeirri bótafjárhæð sem vátryggingafélagið hefur boðið.

M hefur ekki sýnt fram á að gert hafi verið samkomulag við félagið um að fá nýja bifreið í stað þeirrar sem varð fyrir tjóni. Hann hefur og ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á auknum bótum vegna afnotamissis eða annað fjártjón sem hann fjallar um í málskotinu. Ekki er unnt að fallast á röksemdafærslu þá sem fram kemur í málskotinu.

Samvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 skulu vátryggingafélög sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar.

Ekki verður annað ráðið en að vátryggingafélagið hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni um réttarstöðu tjónþola samkvæmt takmörkuðum gögnum máls þessa.

Nefndin mun ekki fjalla um réttarstöðu M á annan veg en þann sem að framan. Sönnunarbyrði um umfangs tjóns máls þessa hvílir á M.

**Niðurstaða.**

M hefur ekki sýnt fram á frekari greiðsluskyldu váttryggingafélagsins.

Reykjavík 16. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Sigmar Ármannsson lögfr.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 74/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v. A**  
**og Vátryggingafélagið Y h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Ófeigstanga á Höfn í Hornafirði þ. 17.3.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.4.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 321/06
3. Tjónaskýrsla dags. 17.3.2006 ásamt uppdráttum og ljósmyndum
4. Bréf V dags. 6.4., 21.4.2006 ásamt uppdráttum
5. Bréf Y dags. 27.4. ásamt uppdráttum og ljósmyndum.

**Málsatvik.**

A var ekið eftir því sem nefnt er Faxeyri sem liggur að Óseyri sem er bryggjugata á Höfn í Hornafirði og áfram í veg fyrir B sem ók eftir Óseyri og er því haldið fram af A að árekstur hafi orðið þar sem þessar tvær götur mætast. Ágreiningur í málinu snýst um hvort Faxeyri teljist vegur í skilningi umferðarlaga eða falli undir ákvæði 2.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af hálfu V er því haldið fram að ökumaður B hafi ekki virt hægri rétt á gatnamótum og beri því sök á árekstrinum en af hálfu Y er því haldið fram að A beri alla sök sbr. 2.mgr. 25.gr. umferðarlaga þar sem ekki sé hægt miðað við aðstæður að líta á Faxeyri sem veg í skilningi umferðarlaga.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort Faxeyri teljist vegur í skilningi umferðarlaga eða falli undir ákvæði 2.mgr. 25. gr. umferðarlaga. Af myndum og öðrum gögnum sem sýna hvernig vettvangur leit út þegar árekstur varð með bifreiðunum er ekki hægt að líta á Faxeyri sem veg í skilningi umferðarlaga. Samþykkt skipulag og/eða fyrirhugað skipulag og vegaframkvæmdir á Höfn breyta þar engu um þar sem að meta verður sök og sakarskiptingu út frá þeim forsendum sem voru fyrir hendi þegar árekstur varð. Þar sem það er niðurstaða Úrskurðarnefndar að ekki sé hægt að líta á Faxeyri sem veg í skilningi umferðarlaga ber A alla sök þar sem henni er ekið í veg fyrir B af lóð eða götuslóða sbr. 2.mgr. 25. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök

Reykjavík 23.5.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2006

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar.

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á veitingastað þann 2.7.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.4.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 21.4.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var staddur á snyrtingu veitingastaðar og hugðist þurrka sér um hendurnar með hitablásara sem ekki virkaði. Reyndi hann þá að slá í blásarann til að fá hann í gang, “en lenti illa með hægri hendi” með þeim afleiðingum að hann hlaut talsverð meiðsl á hendinni.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysátryggingu hjá X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu þar sem ekki hafi verið um slys að ræða eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum sem um slysátrygginguna gilda.

**Álit.**

Í 3. gr. fyrirbyggjandi skilmála frítímaslysátryggingar er hugtakið slys skilgreint með svofelldum orðum: “Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.” Í tilviki M hlaut hann meiðsl á hendi (útlím) við það að hann sló hendinni í hitablásara. Ekki er unnt að líta öðruvísi á en svo að sá atburður, sem olli meiðslunum, hafi gerst fyrir vilja M. Hann hefur því ekki orðið fyrir meiðslunum af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum. Á hann því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 9. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 75/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**

**Árekstur á Bogatanga í Mosfellsbæ skammt austan Langatanga þann 5.11.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.4.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.5.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið austur Bogatanga og bifreiðinni B í gagnstæða átt. Er bifreiðirnar mættust varð árekstur með þeim. Gatan er um 7,3 m á breidd. Eftir áreksturinn staðnæmdest A skáhallt á syðri helmingi götunnar þannig að vinstra afturhorn hennar var á nyrðri götuhelmingi. B valt á vinstri hlið og staðnæmdest þannig að sunnanverðu við götuna. Brak og olía úr bifreiðunum er sýnt á vettvangsupppdrætti fyrir framan A á um 3 m löngu svæði við syðri götubrún sem hefst um 47 m frá gatnamótum Langatanga og Bogatanga. Myrkur var, rigning og blautt færi, þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið eftir Bogatanga á beinum kafla og verið að koma að þar sem sveigja er á götunni. Hann kvaðst ekki vera viss hversu hratt hann ók, en áætlað að hraðinn hafi verið 50-70 km á klst. Hafi B þá komið á móti honum og verið sveigt yfir á öfugan vegarhelming í veg fyrir hann. Ökumaðurinn kvaðst vera þess fullviss að hann hafi ekið á réttum vegarhelmingi.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á u.þ.b. 50 km hraða á klst. og verið nýkominn út úr vinstri beygju, þegar A hafi ekið á móti honum á hans akrein þannig að hann hafi ekki haft tækifæri til að forða bifreiðinni út af veginum eða yfir á vinstri akrein. Hafi áreksturinn orðið á hans akrein.

Tveir farþegar voru í A. Annar þeirra kvaðst hafa fengið lost við áreksturinn og muni ekki eftir málsatvikum. Hinn farþeginn kvaðst hafa setið í aftursæti A og verið að baxa eitthvað. Hann hafi svo litið upp og þá séð ljós frá B beint fyrir framan A og í því hafi árekstur orðið. Hann muni að A hafi verið ekið hratt, en minnst þess ekki að henni hafi verið ekið á öfugum vegarhelmingi.

Einn farþegi var í B. Hann kvað ökumann B hafa ekið á um 50-55 km hraða á klst. vestur Bogatanga. Skyndilega hafi A komið á móti þeim á röngum vegarhelmingi á miklum hraða eða yfir 60 km hraða á klst. Ökumanni B hafi brugðið mjög mikið og beygt frá til vinstri til að reyna að koma í veg fyrir árekstur. Í sama mund hefði ökumaður A beygt yfir á réttan vegarhelming frá honum séð og árekstur orðið.

Þann 20.12.2005 var tekin lögregluskýrsla af vitninu V. Hann kvaðst hafa gengið frá Bugðutanga og verið kominn að Bogatanga og ætlað yfir þá götu við gatnamót Langatanga. Hann hafi fyrst litið til vinstri og séð B koma á eðlilegum umferðarhraða og á réttum vegarhelmingi. Er hann hafi ætlað að ganga af stað yfir götuna hafi hann heyrt mikinn hávaða sér á hægri hönd. Hafi hann þá séð til ferða A á mikilli ferð austur Bogatanga, þar sem hún hafi síkksakkað eftir göngustíg

meðfram Bogatanga að norðanverðu. Kvaðst vitnið hafa hörfað aftur á bak til að forðast A. Hafi A verið ekið rétt fyrir framan stöðvunarskyldumerki við gatnamótin að norðvestanverðu og þar yfir gatnamótin. Austan gatnamótanna hafi ökumaðurinn ekið inn á gangstétt og vinstra megin eða bak við ljósastaur við gatnamótin að noraustanverðu. Síðan hafi A verið beygt inn á Bogatanga og beint í veg fyrir B. Kvað vitnið A hafa rásað til og hafi aksturslag ökumannsins verið líkt því að hann hafi ekki ráðið við hraða bifreiðarinnar.

Opinbert mál var höfðað á hendur ökumanni A fyrir að hafa ekið A eftir gangstétt og gangstíg norðan við Bogatanga og út á götuna í veg fyrir B. Auk ökumanns A gáfu skýrslur fyrir dómi ökumaður B og þeir sem voru farþegar í bifreiðunum. Í dóminum segir að vitnið V hafi ekki viljað koma fyrir dóm í málinu og ekki hafi náðst til hans öðruvísi en í farsíma. Þá hafi ekki verið unnt að birta fyrir honum vitnakvaðningar sem gefnar hafi verið út á hendur honum. Hann staðfesti því ekki fyrir dómi framburð sinn hjá lögreglu. Ökumaður A var sýknaður í málinu. Byggðist sú niðurstaða einkum á því að ákæruatriði í málinu voru reist á framburði vitnisins V, en með með vísan til ákvæða laga um meðferð opinberra mála þóttu skilyrði ekki vera fyrir hendi til að byggja á skýrslu þeirri sem hann gaf hjá lögreglu.

### **Álit.**

Verksummerki á vettvangi gefa ekki með skýrum hætti til kynna hvar bifreiðunum hafði verið ekið um það leyti er þær mættust. Ökumenn telja að þeir hafi ekið á réttum vegarhelmingi þegar áreksturinn varð. Tveir farþegar, sem voru í A, gátu ekki borið um tildrög árekstursins eða staðsetningu bifreiðanna á götunni áður en árekstur varð. Farþegi í B hefur borið að B hafi verið ekið á réttum vegarhelmingi þegar A hafi komið á mótum þeim á röngum vegarhelmingi í aðdraganda þess að áreksturinn varð. Þá hefur eitt vitni, V, borið fyrir lögreglu að ökumaður A hafi ekið á miklum hraða eftir gangstíg norðan götunnar og síðan út á götuna í veg fyrir B sem hafi komið úr austri á réttum vegarhelmingi og á eðlilegum umfeðarhraða. Þótt vitnið hafi ekki staðfest framburð sinn fyrir dómi í refsímáli á hendur ökumanni A, er ekki unnt að líta fram hjá framburði þessum við mat á skiptingu sakar vegna árekstursins. Með vísan til framburðar farþega í B og framburðar vitnisins V þykir mega slá því föstu að ökumaður A hafi ekið austur Bogatanga á röngum vegarhelmingi um það leyti er bifreiðirnar mættust og með því valdið árekstrinum. Jafnframt þykir mega slá því föstu að ökumaður B hafi á sama tíma ekið á réttum vegarhelmingi. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi verið ekið of hratt eða óvarlega á annan hátt þannig að sök verði lögð á ökumann hennar.

### **Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 23. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 76/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur gatnamótum Suðurhrauns og Garðahrauns þann 30.03. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.04. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 28.04. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið norður Suðurhraun með fyrirhugaða stefnu vestur Garðahraun í Hafnarfirði. Á sama tíma var B ekið austur Garðahraun. Á gatnamótunum er almennur umferðarréttur samkvæmt skýrslu lögreglu. Árekstur varð þegar A hugðist beygja til vinstri á gatnamótunum.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekki virt biðskyldu. Ökumaðurinn viðurkenni í skýrslu lögreglu að hafa blindast af sól og þess vegna ekki séð til ferða A. Félagið telur að A hafi ekki tekið óeðlilega þrönga beygju á gatnamótunum.

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Honum bar að veita umferð um Suðurhraun forgang. Virðist ökumaðurinn ekki hafa gætt nægjanlegrar aðgæslu. Lögreglan hefur efnislega eftir ökumanninum að "sólin hafi verið mjög lágt á lofti og komið í veg fyrir að hann" hafi séð til ferða A í tæka tíð.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu A miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 23. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 77/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Hafnargötu við hús nr. 28, Reykjanesbæ, þann 12.01. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 26.04. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.05. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.05. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið suður Hafnargötu, ökumaðurinn kveðst hafa stöðvað við Tjarnargötu til þess að athuga hvort skilyrði væru til að taka U-beygju. Í framhaldi þessa var B ekið á A. Ökumaður B taldi að A hefði ætlað að beygja til hægri inn Tjarnargötu á gatnamótunum.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum, ökumaðurinn hafi ekki hugað nægjanlega að umferð fyrir framan og að ósannað sé að ökumaður A hafi fyrst beygt til hægri og síðan til vinstri.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að taka U-beygju í veg fyrir B.

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Ökumaðurinn gætti ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór og ók á A þar sem bifreiðin var kyrrstæð. Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu A miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 30. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið • Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • Sími: 525 2700 • Fax: 525 2727

---

**Mál nr. 78/2006**  
**X**  
**og**  
**C vegna ábyrgðartryggingar Y**

**Tjón vegna ágangs búsmala á vinnutæki, árið 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. apríl 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf C dags. 18. maí 2006.
3. Nefndin óskaði viðbótargagna við afgreiðslu málsins, þ.e. útboðs- og verklýsingu, dags. mars 2005.

**Málsatvik.**

Y er með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá C. X tók að sér að vinna verk fyrir Y sem fólst í greftri skurða og lá skurðstæðið m.a. yfir land tveggja landeigenda. Skepnur landeigendanna unnu tjón á tækjum X og gerir X kröfu um að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu Y. Rök X eru þau að fyrirtækið hafi átt að hafa 15 metra breitt vinnusvæði eins og fram komi í útboðsgögnum Y og ekkert hafi komið fram í gögnunum um að verktaki myndi þurfa að verjast ágangi skepna. Tryggingafélagið C hafnar bótaskyldu með þeim rökum að X hafi verið kunnugt um þá hættu sem tækjum og búnaði var búin vegna ágangs búsmala á vinnusvæðinu og hafi því borið samkvæmt almennum reglum að verja tæki sín skemmdum.

**Álit.**

Að virtum gögnum málsins er ljóst að bótaskylda hefur ekki stofnast hjá Y og er tjónið því undanþegið áhættu í frjálsri ábyrgðartryggingu Y. Tilvikið er ekki bótaskyld.

**Niðurstaða.**

Tjón X bætist ekki úr frjálsri ábyrgðartryggingu hjá C.

Reykjavík, 6. júní 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Íris Ösp Ingjaldsdóttir hdl.

**Mál nr. 79/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafeáagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Bústaðavegi í Reykjavík þann 24.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.4.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.5.2006.
3. Bréf Y, dags. 15.5.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið austur Bústaðaveg og var A ekið á undan B. Við veitingastaðinn Sprengisand var A beygt til vinstri í áleiðis að bensíndælum Atlantsolíu. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og framendi B. Ein akrein er í hvora átt og hálfbrotin miðlína skilur á milli þeirra að því er séð verður á ljósmyndum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 30-40 km hraða á klst. og ætlað að beygja til vinstri við Sprengisand, en rétt áður en komið var að beygjunni hafi hindrun verið á vegi hans. Hafi hann þá beygt frá henni til hægri og gefið stefnumerki í þá átt. Þegar fram hjá hindruninni hafi verið komið hafi hann gleymt að taka stefnumerkið af og það hafi haldið áfram að blikka til hægri, þegar hann beygði til vinstri.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 40-45 km hraða og talið að ökumaður A hafi ætlað að beygja til hægri, þar sem stefnumerki í þá átt hafi logað á bifreiðinni. Hafi það logað þar til A hafi verið beygt til vinstri.

Í málskoti er því haldið fram að þremur bifreiðum hafi verið ekið austur Bústaðaveg og fremstu bifreiðinni, sem var ekið á undan A, hafi verið beygt til hægri inn á malborið innskot. A hafi verið ekið áfram að Sprengisandi og ökumaður hennar hafi gefið stefnumerki til vinstri. Ökumaður B hafi tekið fram úr og gefið í á móti umferð og lent þá á A. Þá er því haldið fram í málskotinu að lögregluskýrsla sé röng og “ófullnægjandi útskýringar af árekstri.”

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki annað fært en leggja skýrslu lögreglu til grundvallar við úrlausn þess. Ljóst er að ökumaður A gaf stefnumerki til hægri nokkru áður en hann beygði svo til vinstri. Verður ekki annað séð en áreksturinn verði rakinn til þessarar villandi stefnumerkjagjafar. Ber ökumaður A því sök á árekstrinum. Þótt miðlína götunnar hafi verið hálfbrotinn verður það ekki virt ökumanni B til sakar, eins og hér stóð á, að hafa ekið fram úr A. Ekki verður heldur séð að tilefni sé til af öðrum ástæðum að fella sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 30. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 80/2006**

**M og**

**Vátryggingafélagið V h.f. v frjálsrar ábyrgðartryggingar S og bifreiðin A**

**Ágreiningur vegna umferðaróhapps þ.10.1.2006 við Sorpu í Álfsnesi þ.10.1.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 3.5.2006
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 240/06
3. Tjónaskýrsla dags. 10.1.2006
4. Bréf V dags. 6.3. , 27.4. og 15.5.2006

**Málsatvik.**

Ökumaður A var að flytja mold upp í Álfsnes og ók eftir vegi sem segir í tjónstilkynningu að hafi verið lagfærður daginn áður og hafi bíllinn dottið niður að framan í gegn um ofaníburðinn og hafi grjót farið í vatnskassa og hann eyðilagst. M telur að starfsmenn S hafi gert þennan veg og telur fyrirtækið bótaskyldt vegna tjónsins. Í bréfi frá V kemur fram að starfsmenn S hafi fylgst með þeim vegaslóða sem um ræðir en ekki gert sér grein fyrir að hann væri orðinn varasamur en þetta hefði verið þriðja ferðin sem umrædd vörubifreið þ.e. A hefði verið að fara þennan dag um þennan vegaslóða. V telur að starfsmenn Sorpu hafi ekki sýnt af sér sagnæma háttsemi eða tjónið megi rekja til vanrækslu á eftirliti og hafnar því bótaskyldu

**Álit.**

Gögn málsins eru takmörkuð og ekkert liggur fyrir sem sýnir fram á að starfsmenn S hafi bakað S skaðabótaskyldu í umrætt sinn. Ekki hefur því verið sýnt fram á að tjón S megi rekja til atvika sem bótaskyld eru úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V. Tjón M bætist því ekki úr nefndri vátryggingu.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki úr frálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 30.5.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 81/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Þúsöld, gegnt Guðríðarstíg 6-8, þann 12.01. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 03.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.05. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.05. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið suður Þúsöld og snúið síðan við áleiðis til baka til norðurs og B var ekið norður Þúsöld.

Það voru hægra framhorn A og framendi B sem rákust saman en þá var A þversum á götunni.

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir að beygja í veg fyrir akstursstefnu B með því aka yfir óbrotna akreinalínu. Bifreiðin mun hafa verið kyrrstæð og ljóslaus skömmu fyrir áreksturinn. Það var óvarlegt af ökumanninum að ætla að snúa við á þessum stað.

Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að því sem framundan var, hann ber því nokkra ábyrgð á árekstrinum.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 30. maí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 82/2006**

**H**

**og**

**X vegna ábyrgðartryggingar Y**

**Líkamstjón á skemmtistað 12. október 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. maí 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstsbréf X dags. 15. maí 2006.

**Málsatvik.**

Málavextir eru þeir að H var á skemmtistað í Reykjavík. Gestur á staðnum sparkaði í gegnum glerhandrið með þeim afleiðingum að glerbrot skaut í H og skarst hún af þeim sökum. H taldi orsök slyssins vera vanbúnað á fasteigninni sem skemmtistaðurinn bærir bótaábyrgð á. Tryggingafélag skemmtistaðarins hafnaði bótaábyrgð.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að tjón H megi rekja til saknæmrar háttsemi sem veitingastaðurinn beri ábyrgð á. Tjón bætist ekki.

**Niðurstaða.**

Ábyrgðartrygging Y bætir ekki tjón H.

Reykjavík, 30. maí 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 84/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda vörulyftara**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 1.9.2003.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.5.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf x, dags. 18.5.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M starfaði hjá fyrirtækinu J, sem starfaði sem verktaki hjá fyrirtækinu S, og sá m.a. um útskipun á refafóðri fyrir S. Við útskipunina var notaður lyftari sem S tók á leigu hjá fyrirtækinu L, en starfsmaður J stjórnaði lyftaranum.

Umrætt sinn vann M við útskipun á refafóðri fyrir S. Var fóðrið í sérstökum pönnum á bretti og var 12 pönnum raðað ofan á hvor aðra og voru tvær slíkar raðir eða alls 24 pönnur á hverju bretti. M var ökumaður vöruflutningabifreiðar sem fóðrið var sett og var jafnframt verkstjóri yfir verkinu. Brettin voru sótt með fyrrgreindum lyftara inn í frystiklefa hjá S og þeim ekið að flutningabifreiðinni sem stóð fyrir utan húsið. Var lyftaranum bakkað út úr frystiklefanum og húsinu, en þar var honum verið beygt svo unnt væri að aka áfram og setja brettin inn í flutningabifreiðina.

M kvaðst hafa staðið utan við húsið þegar lyftaranum var beygt. Hafi þá tvær pönnur runnið af brettinu og lent á sköflungi vinstri fótars hans og hlaut hann meiðsl á fætinum. Krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu L sem eiganda lyftarans.

**Álit.**

Lyftari sá, sem notaður var til að flytja brettin, telst ekki til skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, sbr. 63. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Hin stranga ábyrgðarregla 88. gr. umferðarlaga gildir því ekki um notkun lyftarans. Þá er ekkert fram komið í gögnum málsins sem bendir til að slysið verði rakið til bilunar í lyftaranum eða vanbúnaðar hans að öðru leyti. L sem eigandi lyftarans getur því ekki borið ábyrgð á líkamstjóni M. Bótaábyrgð L eða ábyrgðartryggjanda hans verður heldur ekki reist á því að lyftarans hafi verið getið í ábyrgðartryggingarskírteini L. Samkvæmt þessu á M ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu L.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu L.

Reykjavík, 6. júní 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

# ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Vátryggingaefirlitið · Suðurlandsbraut 6 · 108 Reykjavík · Sími: 568 5188 · Fax: 568 5253

---

Mál nr. 83/2006

(M) og (V) v/(A) og . (U) v/(B)

Árekstur vélsleða á Kaldbak við Grenivík þ. 1.4. 2006

## Gögn

1. Málskot móttakið þ. 4.5.2006
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. /06
3. Tjónaskýrsla dags. 1.4. 2006
4. Bréf V dags. 11.5. og 29.5. 2006
5. Bréf U dags. 18.4. og 30.5. 2006
6. Yfirlýsing C dags. 25.4. 2006

## Málsatvik

Ökumaður vélsleða A segist hafa ekið upp brekku og misst vélsleðann til hliðar í aksturslínu ökutækis B með þeim afleiðingum að hann hefði keyrt inn í hliðina á sér. Ökumaður A segist ekki hafa vitað af B fyrr en rétt áður en árekstur varð. Ökumaður B segist hafa verið að fara upp hól og hafi A verið hálfri sleðalengd á undan B og hafi A skyndilega beygt í veg fyrir B. Á teikningu á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita kemur fram ör fyrir A sem sýnir hann beygja í veg fyrir B. Í yfirlýsingu C kemur fram að það hafi verið um 10 metra eða nægjanlegt bil á milli vélsleðanna.

## Álit

Samkvæmt framburði ökumanna og teikningu á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar kemur fram að A beygði í veg fyrir B þar sem B var í akstursstefnu beint áfram. Öll sök verður því lögð á ökumann A en ekki verður séð að B hafi unnið til sakar í þessu tilviki.

## Niðurstaða

A( ber alla sök)

Reykjavík 8.6. 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 85/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v A**  
**og Vátryggingafélagið U h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Bústaðavegi í Reykjavík þ. 31.3.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.5.5.2006.ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 343/06
3. Lögregluskýrsla dags. 31.3.2006
4. Bréf V dags. 18.5.2006.
5. Bréf U 23.5.2006.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A sem ekið var vestur Bústaðaveg og beygt áleiðis í U beygju við umferðareyjuenda sem aðskilur akbrautir við gróðrarstöðina Grænuhlíð við Bústaðaveg og B sem ekið var vestur Bústaðaveg á eftir A. Ökumaður A segist hafa litið í baksýnispegil og séð B fyrir aftan sig en taldi sig hafa nægjanlegt rými til að taka U beygju og hafi hann ekið að hægri brún akbrautarinnar og beygt áleiðis í U beygju en síðan hafi högg komið á vinstra afturhorn A. Ökumaður A segist hafa gefið stefnumerki til vinstri. Ökumaður B segist hafa séð A sem hafi verið ekið til hægri og segist hún hafa talið að hann ætlaði að stöðva á biðstöð strætisvagna en síðan hafi A skyndilega beygt þvert í veg fyrir B og árekstur orðið. Ökumaður B tók ekki eftir stefnuljósum á A.

**Álit.**

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum hann ekur frá hægri vegarbrún áleiðis í U beygju yfir óbrotna línu ekki verður séð að ökumaður B hafi unnið til sakar miðað við aðstæður.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík .6.6.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 86/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V h.f.**

**Krafa um að loftpúðakerfi bifreiðar verði bætt tjón þ. 12.11.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.5.5.2006 ásamt bréfi dags. 16.2.2006.
2. Bréf V dags. 17.5.2006 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Vottorð dags. 16.2.2006.

**Málsatvik.**

M lenti í árekstri þ.12.11.2005 og segir að loftpúðakerfi bifreiðar sinnar hafi A hafi kviknað við áreksturinn en búnaðurinn hafi verið í fullkomnu lagi þegar bifreiðin hafi verið skoðuð vorið áður og nefnir M aðila sem geti vitnað um þetta og lagt er fram vottorð tveggja einstaklinga þar sem annar segir að ljós fyrir loftpúðakerfið hafi ekki logað fyrir umrætt tjónstilvik og hinn sem segir að M hafi talað um að ljósið hafi kviknað. V hafnar bótaskyldu og segir að óhappið hafi orðið með þeim hætti að bifreið bakkaði á A en áreksturinn hafi ekki verið harður og skemmdir á A hafi eingöngu verið rispur ofan á stuðara og telur V útilokað að loftpúðakerfið hafi eyðilagst við þessa ákomu sem félagið kallar nudd og segir V að ákomur beri með sér að ekkert högg hafi komið á bílana sem lentu í árekstrinum. V telur því að ekki sé orsakasamband milli árekstursins og bilunar í loftpúðakerfi A.

**Álit.**

Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem sýna að umrætt loftpúðakerfi á A sé bilað og hvað valdi biluninni. Þegar gögn málsins eru virt liggur því ekki fyrir lögfyll sönnun um að tjón hafi orðið á loftpúðakerfi bifreiðar M í umrætt sinn. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki sýnt fram á að bilun á loftpúðakerfi bifreiðar M geti verið bótaskyld af V.

**Niðurstaða.**

M á ekki kröfur á hendur V vegna meintrar bilunar á loftpúðakerfi A.

Reykjavík . 6.6.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 87/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur Norðurlandsvegi, Víðihlíð, þann 14.08. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 05.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.05. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið út af bifreiðastæði við Víðigerði inn á Norðurlandsveg og í norður og beygt með ætlaða stefnu inn á bifreiðstæði en B var ekið á eftir norður Norðurlandsveg. Álitamálið er m.a. hvort A hafi beygt í veg fyrir B en B hóf framúrakstur að hans sögn til að koma í veg fyrir árekstur. A var með hjólhýsi í eftirdragi og ekki með aukaspegla.

Vátryggingafélagið telur að skipta skuli sök til helminga.

**Álit.**

Ökumanni A bar að gæta aukinnar aðgæslu er hann hugðist beygja til vinstri af akbrautinni skömmu eftir að hann ók inn á Norðurlandsveg, sbr. 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 15. sbr. 1. mgr. 16. gr. umferðarlaga. Ökumaður B telur sig hafa reynt að koma í veg fyrir árekstur með því að aka yfir á vinstri vegarhelming. Vitni að árekstrinum bera að B hafi verið nokkuð frá A þegar A var ekið inn á Norðurlandsveg og vitni telur að B hafi verið ekið hratt. Á vettvangi er óbrotin lína. Að þessu virtu og með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum bera báðir ökumenn ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan akstur. Sök er skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 6. júní 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 88/2006**

**X**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á gatnamótum Geirsgötu og Pósthússtrætis 25. mars 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. maí 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélags A dags. 18. maí 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B dags. 22. maí 2006.

**Málsatvik.**

Málavextir eru þeir að ökumaður A ók vinstri beygju frá Austurbakka áleiðis austur Geirsgötu. Ökumaður B ók í hægri beygju frá Pósthússtræti áleiðis austur Geirsgötu. A var ekið inn á gatnamótin á grænu ljósi en hreinsar svo gatnamótin þegar ljós höfðu skipst yfir í rautt. Í lögregluskýrslu kemur fram að hann vissi ekki fyrr en högg kom á hægri framhorn A. B ók af stað austur Geirsgötu gegnt grænu ljósi og vissi ekki fyrr en högg kom á vinstra framhorn B.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi ekki gætt tilhlýðilegrar varúðar þegar hann hreinsaði gatnamótin eftir að rautt ljós var komið á hans akstursstefnu.

**Niðurstaða.A**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 6. júní 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 89/2006**

**E**

**og**

**X vegna A**

**og**

**Z vegna B**

**Árekstur á Engjasei 17. apríl 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. maí 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 24. maí 2006.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðinni A var ekið norður Engjasei og beygt til vinstri vestur Seljabraut. Ökumaður stöðvaði bifreiðina á götunni til að skila dagblöðum í blaðagám sem þarna er staðsettur hægra megin götunnar. Ökumaður sá bifreiðina B fyrir aftan sig og hún hafi kveikt á gulblikkandi aðvörunarljósum þegar hún stöðvaði. Ökumaður B ók vestur Seljabraut með fyrirhugaða akstursleið sömu leið. Ökumaður segist í lögregluskýrslu hafa séð A of seint. Hann hafi því sveigt til vinstri en lenti samt með hægra ramhorn ökutæksiins á vinstra afturhorni A.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að B ók aftan á A og gætti ekki nægilegrar aðgæslu varðandi umferð fyrir framan sig. B ber alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík, 9. júní 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 90/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Ágreiningur um réttarstöðu vegna vinnuslyss, þann 16.04. 1996.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.05 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína þegar hún var á gangi við grænmetistorg í verslun á leið á snyrtinguna og rann til á vínberi og hrasaði og olnbogabrotnaði. Á þessum tíma var M starfsmaður í bakaríi verslunarinnar.

M lætur þess getið að honum hafi ekki verið gerð grein fyrir þeirri hættu fyrirfram að "fara nálægt ávaxta borði....." sbr. umfjöllun málskotsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð þar sem ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna verslunarinnar, vanrækslu á hreinsun eða vanbúnaðar húsnæðis. Ekki liggi fyrir upplýsingar um að starfsmönnum vátryggingartaka hafi verið kunnugt um vínberið fyrir slysið. Félagið vísar til þess að M var starfsmaður verslunarinnar og að hann hafi mátt vita að hlutir geta fallið af grænmetistorgi við umgengni viðskiptavina um það. Ekki verði heldur séð að sérstök hætta fylgi því að fara nálægt grænmetistorginu umfram aðra staði sem almenningur gengur um hvort sem er úti eða inni.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ósannað er að skilyrði bótaábyrgðar séu fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 6. júní 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 91/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B v/kerru sem bifreiðin var með**

**Umferðaróhapp í aflíðandi beygju á Borgarfjarðarbraut þann 18.11. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 15.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.05. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 24.05. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið á móti hvort annarri í aflíðandi beygju.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem kerran sem hann var með í eftirdragi hafi farið yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir A. Félagið telur að í frumskýrslu lögreglu komi fram að ekki hafi verið ágreiningur milli ökumanna um áreksturinn. Þess ber að geta að ökumaður B gerði athugasemdir við frumskýrslu lögreglu.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga á grundvelli ónógra upplýsinga um aðdraganda. A hafi rekist í horn kerrunnar sem bendir til þess að kerran hafi ekki farið yfir á rangan vegarhelming.

**Álit.**

Áreksturinn varð við mætingu bifreiðanna. Bifreiðin A og kerra sem B dró rákust saman. Tildrög árekstursins eru ekki nægjanlega upplýst til að unnt sé að láta halla á tiltekinn ökumann umfram hinn. Sök verður því skipt til helminga.

Ekki er unnt að skýra frumskýrslu lögreglu á þann veg að ekki hafi verið ágreiningur milli ökumanna um tildrög árekstursins þ.á m. staðsetningu bifreiðanna.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 13. júní 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 92/2006**

**M**

**Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Vesturlandsvegi þ. 24.4.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2006. ásamt bréfi dags. 11.5.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 386/06
3. Lögregluskýrsla dags. 24.4.2006. ásamt teikningu af vettvangi.
4. Yfirlýsing frá ökumanni A dags. 23.4.2006.
5. Bréf V dags. 24.6.2006? á væntanlega að vera 24.5.2006.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A sem ekið var norður Vesturlandsveg vinstra megin fram með B við afleggjara að Leirum og B sem ekið hafði verið til norðurs Vesturlandsveg og stöðvað gegnt nefndum afleggjara og síðan ekið af stað með vinstri beygju. Ökumaður A segist hafa séð B þar sem bifreiðin var kyrrstæð á akrein Vesturlandsvegur til norðurs gegnt afleggaranum, engin ljós hafi verið tendruð á B hvorki afturljós né stefnuljós og hafi akrein Vesturlandsvegur til suðurs verið auð og hafi hann því ætlað að aka vinstra megin framhjá B en þegar hann hafi verið að aka vinstra megin fram með B hafi B verið ekið af stað til vinstri í veg fyrir A. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til vinstri vestur afleggjara að Leirum og hafi stefnuljós verið tendruð og B stöðvað gegnt afleggaranum vegna umferðar á móti og hafi B drepit á sér þegar átt hafi að aka því til vinstri en ökutækinu hafi verið ekið af stað mjög skömmu síðar með beygju til vinstri og segir ökumaður B að hann hafi ekki veitt A athygli fyrir en í þann mund að árekstur varð.

**Álit.**

Ökutæki B var ekið af stað úr kyrrstöðu til vinstri í veg fyrir A. Miðað við aðstæður eins og þær koma fram í framlögðum gögnum málsins verður ekki séð að ökumaður A hafi hagað akstri sínum með þeim hætti að sök verði á hann felld. Um er að ræða fjölfarinn veg þar sem eðlilegt er að ökumenn aki fram hjá kyrrstæðum bifreiðum eins og ljóst er að ökumaður A ætlaði að gera í umrætt sinn. Ökumaður B ók af stað úr kyrrstöðu eftir að hafa sett bifreiðina í gang og til vinstri án þess að gæta að umferð. B ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 13.6.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 93/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar A**

**Ágreiningur um réttarstöðu vegna tjóns sem varð á A þegar steinn hrökk upp undir bifreiðina í akstri, þann 25.01. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 16.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið þjóðveg nr. 1 milli Reykjavíkur og Borgarnes þegar vél bifreiðarinnar bræddi úr sér. M rekur það til þess að steinn hafi kastast upp undir bifreiðina og í vatnskassa hennar skömmu áður. Engin viðvörðunarljós kviknuðu í mælaborði og því telur hann að atvikið hafi ekki uppgötvaðst fyrr en vélin stöðvaðist. Hann telur líklega skýringu að steinn hafi rifið gat á vatnskassann.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr kaskótryggingu með vísan til greinar 12.2 í skilmálum, þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki skemmdir er verða þegar grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður lagt til grundallar að steinn (grjót) hafi hrokkið undir bifreiðina í akstri og valdið skemmdum á vatnskassa hennar. Hér er um undanskilda áhættu að ræða sbr. grein 12.2.g. þar sem segir að vátryggingin bætir ekki skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 6. júní 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

# ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Vátryggingaefirlitið · Suðurlandsbraut 6 · 108 Reykjavík · Sími: 568 5188 · Fax: 568 5253

---

Mál nr. 94/2006

(M) og (V) v/ (A) og v/(B) og (U) v/ (C)

Árekstur bifreiða á Hringbraut í Reykjavík í Reykjavík þ. 6.10.2005

## Gögn

1. Málskot móttakið þ. 16.5. 2006 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. /2005
3. Lögregluskýrsla dag. 6.10.2005
4. Bréf dags. 24.5. 2006
5. Bréf U dags. 18.5. 2005, 10.5. og 18.5. 2006

## Málsatvik

A var ekið austur Hringbraut og beygt suður Bústaðaveg en við gatnamót afreinar frá Hringbraut var A ekið aftan á B. Ökumaður B. segist hafa ekið Bústaðaveg á hægri akrein og ekið framhjá strætisvagni C sem virtist bílaður við vestari akbrautarkant og hafi verið að stöðva við gatnamót afreinar frá Hringbraut á mótu rauðu ljósi en hemlar hefðu virkað skrýtilega og miklir skruðningar í ABS hemlakerfinu og síðan hafi A ekið aftan á B. Ökumaður A segist hafa ekið á eftir B og ætlað að stöðva fyrir aftan B en A hafi runnið óeðilega mikið áfram og aftan á B. Lögregla skoðaði vettvang og kemur fram að C hafi verið ekið á steinkant og skemmst þannig að hráolía hafði lekið úr bílnum og var um alla akbraut. Í lögregluskýrslu segir að greinilegt hafi verið að olía hafi farið um akbrautina og náð að þeim stað sem árekstur varð líklega eftir hjólbarða ökutækja og ljóst að A og B hafi ekið yfir þann stað þar sem olían lak sem mest úr C og hún farið á hjólbarða og haft áhrif á hemlun.

## Álit

Í umrætt sinn var A ekið aftan á B svo sem lýst er í málsatvikalýsingu. Ökumaður A gætir ekki nægjanlega að aðstæðum og ber því illa sök á árekstrinum. Fram kemur í lögregluskýrslu að olía hafði lekið úr C og hafði það áhrif á akstursskilyrði og leiða má af því líkur að árekstur milla A og B hefði ekki orðið nema vegna þessara óvæntu slæmu akstursskilyrða. Ekkert í gögnum malsins sýnir þó með óbyggjandi hætti fram á sök ökumanns C í málinu og verður því ekki hjá því komist eins og mál þetta liggur fyrir samkvæmt framlögðum gögnum að leggja alla sök á A

## Niðurstaða

A ber alla sök

Reykjavík 8.6.2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 95/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu bifreiðar vegna umferðaróhapps.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 16.5.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 26.5.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var eigandi bifreiðarinnar A sem mun hafa eyðilagst í umferðaróhappi á Vesturlandsvegi í Borgarfirði þann 20.9.2005. Bifreiðin var húftryggð hjá Vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr húftryggingunni.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um sjálfan tjónsburðinn, hvorki lögregluskýrslur né tjónstilkynning. Af bréfaskriftum milli M og X má ráða að sambýlismaður dóttur M hafi þann 20.9.2005 ekið A undir áhrifum lyfja “eða með öðrum hætti sem jafnað verður til stórkostlegs gáleysis”. Mun A hafa verið ekið þvert yfir heimreið að bæ og síðan verið ekið út af veginum vinstra megin við akstursstefnu og oltið þar. Þá munu vitni hafa borið að ökumaðurinn hafi ekki misst stjórn á A heldur ekið beint út af.

Að beiðni sýslumannsins í Borgarnesi var um tveimur klukkustundum eftir óhappið tekið blóð og þvag úr ökumanni A til rannsóknar. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 1.12.2005, fannst ekkert alkóhól í blóði hans, en í því mældist amfetamín 645 ng/ml, metamfetamín 30 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 4,4 ng/ml. Í þvagi fannst amfetamín, metamfetamín og tetrahýdrókannabínólsýra. Þegar sýnin voru tekin úr ökumanninum var magn umræddra efna í þeim mæli að hann var undir miklum örvandi áhrifum amfetamíns og metamfetamíns þannig að hann gat ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti. Einnig hefur hann verið undir slævandi áhrifum tetrahýdrókannabínóls og gat af þeim sökum heldur ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir var ökumaður A undir miklum áhrifum æsandi og deyfandi lyfja og gat ekki stjórnað bifreiðinni af öryggi, sbr. 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og hefur valdið óhappinu með stórkostlegu gáleysi. Samkvæmt c) og e) liðum 3. gr. í skilmálum, sem giltu um húftrygginguna er slysið varð, bætist ekki tjón, ef skemmdir hljótast m.a. af stórkostlegu gáleysi ökumanns og þegar hann vegna undanfarandi neyslu æsandi eða deyfandi lyfja telst ekki geta stjórnað ökutækinu eða vera óhæfur til þess, sbr. ákvæði umferðarlaga. Ekki er um það að ræða að ökumaðurinn hafi tekið A ófrjálstri hendi. Með vísan til fyrrgreindra ákvæða í skilmálum bætist tjónið ekki úr húftryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón á A bætist ekki úr húftryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 13. júní 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 96/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunarmiðstöðvar**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss við útidyr verslunarmiðstövar.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 18.5.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 29.5.2006.

**Málsatvik.**

Þann 16.12.2004 var M á leið í verslunarmiðstöðina V. Gekk hún inn um dyr að norðvestanverðu á 1. hæð. Er slysið varð, voru í dyrunum rafmagnsknúnar vængjahurðir með tímarofa og opnuðust dyrnar með því að ýta á sérstakan hnapp. Við rannsókn lögreglu í september 2005 kom í ljós að sams konar hurð á 2. hæð verslunarmiðstöðvarinnar hélst opin í 15 sekúndur og var svo í 7 sekúndur að lokast. Í febrúar eða mars 2005 hafði hurðabúnaðinum verið breytt, þar sem slysið varð. Engin rannsókn fór fram á hurðabúnaðinum í kjölfar slyssins.

Í lögregluskýrslu af M, sem tekin var þann 6.10.2005, kvaðst hún í umrætt sinn hafa komið að dyrunum opnum og ætlað að ganga inn, en þá hafi þær lokast, hún klemmst á milli tveggja hurða og fallið svo í gólfið. Hún hafi ekki tilkynnt um atvikið, þar sem hún hafi verið í áfalli. Í símaskýrslu nokkru síðar kvað M að hún hafi ekki festst á milli hurða. Hurðirnar hafi opnast út og rétt áður en hún kom að þeim hafi þær farið til baka og önnur þeirra rekist harkalega í hægri handlegg og við höggið hafi hún fallið aftur fyrir sig á stéttina utan við dyrnar. Kvað M að sér hafi fundist hurðin lokast nokkuð hratt. Er M tilkynnti um atvikið til V hafi starfsstúlka hjá V tjáð henni að "...þau hafi í raun verið að bíða eftir þessu."

Í lögregluskýrslu af fyrirsvarsmanni V kom fram að engin sérstök úttekt hafi verið gerð á hurðunum eftir óhappið. Þær hafi verið settar upp á sínum tíma eftir leiðbeiningum framleiðanda og þá hafi þær verið teknar út af Vinnueftirlitinu án athugasemda. Hafi dyrnar verið ætlaðar fyrir fólk í hjólastólum og aðra fatlaða. Breytingar sem gerðar voru á hurðunum á útmánuðum 2005 hafi falist í því að rafmagnsrofar hafi verið fjarlægðir og fólk beint að miðjuhurð með skynjara sem nemur hreyfingu þess.

**Álit.**

Ekkert liggur fyrir um það að ætla megi að umræddur hurðabúnaður hafi verið bilaður eða vanbúinn að öðru leyti. Ummæli sem eiga að vera höfð eftir starfsmanni V duga í engu sem sönnun þar að lútandi. Þá er ósannað að dyraumbúnaðurinn hafi verið óforsvaranlegur eða ekki fullnægt þeim kröfum sem gera má til slíks búnaðar hvað öryggi varðar. Bótaábyrgð verður því ekki felld á V vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V.

Reykjavík, 20. júní 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 97/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/slysáttryggingar ökumanns og eiganda  
og sjúkra- og slysáttryggingar**

**Ágreiningur um réttarstöðu vegna umferðarslyss þann 1. júlí 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.06. 2006, ásamt niðurstöðum alkóhólrannsóknna á ökumanni og farþega/eiganda bifreiðarinnar GU-953 (A).

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að skemmta sér aðfaranótt 1. júlí 2005. Hann mun hafa hitt kunningja sinn J. Um nóttina settust þeir inn í bifreið M og var J undir stýri. Haft er eftir J í skýrslu lögreglu að M hafi verið talsvert ölvaður þegar akstur bifreiðarinnar hófst. J kveðst í skýrslu lögreglu hafa logið að M um að hann hefði ekki smakkað áfengi um kvöldið. Þeir félagar óku að Grundartanga síðan á Akranes og svo var stefnan tekin á Borgarnes, en bifreiðinni var ekið út af á leiðinni. Miðað við fyrirliggjandi gögn missti J stórn á bifreiðinni.

Vitni varð að umferðaróhappi þessu, en frásögn þess er óþarft að rekja.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr nefndum vátryggingum. Félagið vísar til þess að M og J hittust fyrst um kl. 01.00 en þá var M að koma úr miðbæ Reykjavíkur, þar sem hann hafði drukkið áfengi. Félagið vísar til niðurstöður fyrirliggjandi alkóhólsmælinga. Félagið telur ljóst að þegar þeir félagar hittust fyrst hafi J verið talsvert ölvaður. Félagið telur ótrúverðugt að M hafi ekki haft grun um að J hafi verið ölvaður. Félagið telur M hafa sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hann fékk J stjórn bifreiðarinnar og tók sér far með honum. Það hafnar bótaskyldu úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda með vísan til 5. gr. skilmála. Því til stuðnings "vísar félagið til fjölda dómafordæma Hæstaréttar Íslands um þetta efni". Um brottfall bótaréttar úr sjúkra- og slysáttryggingu M vísar félagið einnig til ölvunar hans. M mældist með 1,41 prómill í blóði. Félagið leggur til grundvallar að M hafi í ölæði tekið sér far með ölvuðum ökumanni og þar með fyrirgert bótarétti sínum úr sjúkra- og slysáttryggingu.

Óþarft er að rekja röksemdafærslu M sem fram kemur í gögnum málsins, en M hafnar röksemdafærslu félagsins. Hann kveðst ekki hafa vitað að J var ölvaður við akstur bifreiðarinnar.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M fyrirgert rétti sínum til bóta úr nefndum vátryggingum með því að fela J stjórn bifreiðar sinnar og taka sér far með honum. Nefndin telur að honum hafi ekki getað dulist það að félagi hans J var ölvaður við akstur bifreiðarinnar. Skýring J um að hann hafi logið að M er ótrúverðug í ljósi þess að þeir félagar voru saman þessa nótt. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður talið fullvíst að M hafi mátt vita um ölvun J og þá staðreynd að hann var ófær um að aka bifreiðinni.

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi sem veldur brottfalli bótaréttar hans úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og sjúkra- og slysatryggingu.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. júní 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 98/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V h.f. v frjálsrar ábyrgðartryggingar H**

**Kona slasaðist í afgreiðsluhúsi söluaðila byggingarefnis þ. 10.11.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.5.2006 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V h.f. dags. 9.6.2006 ásamt fylgiskjali 1.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu er haft eftri M að slysið hafi viljað þannig til að hún hafi verið að færa sig undan vörubíl sem hafi verið ekið inn í timburskemmuna þegar hún rak fótinn í spýtur sem voru í bunka á gólfinu en hún hafi verið að versla lista og verið að fylgja starfsmanni eftir til að fara í listasöluna. M segir að spýturnar sem hún hrasaði um hafi verið á gönguleið hennar. Starfsmaður H sem var á vettvangi í umrætt sinn segir að M hafi verið að ganga út úr timbursölu þegar vörubifreið hafi verið ekið inn og hafi M þurft að víkja til að verða ekki fyrir bifreiðinni og þegar hún hafi verið kominn yfir hvíta línu á gólfinu hafi hún rekið sig á spýtur og fallið í gólfið. Starfsmaður H segir að viðskiptavinir eigi ekki að fara inn fyrir umrædda hvíta línu. Lögmaður M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V. og bendir á að skyldur fasteignareiganda séu mjög ríkar um búnað og umferðarleiðir þannig að komið sé í veg fyrir hættu en ekki hafi verið um það að ræða að H hafi fylgt slíkum reglum nægjanlega þá er bent á ýmsar aðrar ástæður sem lögmaðurinn telur fella bótaskyldu á H í þessu tilviki og vísað til dóms Hæstaréttar í málinu 385/2003. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi borið að sýna sérstaka aðgátt í umrætt sinn og ósannað sé að tjón M megi rekja til saknæms vanbúnaðar fasteignar eða annarra atvika.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á það í málinu að H hafi sýnt af sér vanrækslu við frágang og búnað húsnæðis þess þar sem slysið varð að það felli skaðabótaábyrgð á H vegna þess slyss sem hér um ræðir. Sly M er því ekki bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 27.6.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 99/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**

**Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Nóatúns og Hátúns í Reykjavík þann 13.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.5.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.5.2006.
3. Tölvupóstur frá ökumanni A, dags. 19.6.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið suður Nóatún og inn á hringtorg á gatnamótum Nóatúns og Hátúns. Í sama mund var bifreiðinni B ekið austur Hátún og inn á hringtorgið. Rákust þá saman framanverð hægri hlið A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi, hálka og snjóþekja á akbraut. Báðar bifreiðir voru á vetrarhjólborðum. Á vettvangi sáust um 3 m löng hemlaför eftir A. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A, en mikið á B. Biðskylda er á gatnamótunum, bæði á Nóatúni og Hátúni.

Ökumaður A kvaðst hafa dregið verulega úr hraða, er hann nálgast hringtorgið. Hann hafi séð B koma að gatnamótunum, en þá hafi hann sjálfur verið kominn inn í hringtorgið. Hann hafi svo ekki vitað fyrir en B hafi verið ekið inn í hringtorgið og á hægri hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á litlum hraða að hringtorginu og litið til allra átta og enga umferð séð nema úr norðri. Töluvert hafi verið í ökutækið úr þeirri átt, þ.e. A. Hann hafi því ekið inn í hringtorgið og ekki vitað fyrir en A hafi verið kominn fyrir framan hann og árekstur orðið.

**Álit.**

Á umræddum gatnamótum er komið fyrir litlu hringtorgi sem vart getur þó gegnt því hlutverki sem hringtorgum er ætlað, þar sem ekki verður með góðu móti ekið kringum það. Á báðum ökumönnum hvíldi biðskylda gagnvart annarri umferð á gatnamótunum. Engin vettvangsteikning liggur fyrir. Af gögnum málsins verður ekkert fullyrt um nákvæma staðsetningu ökutækjanna, þegar árekstur varð, né hvernig ökumenn höguðu akstri sínum um hringtorgið (gatnamótin). Hvor ökumanna taldi sig hafa ekið fyrir inn á gatnamótin. Báðir sáu þó til ferða hins áður eða um leið og þeir óku um hringtorgið, en samt vissu þeir ekki af hinum fyrir en árekstur varð. Eins og mál þetta er í pottinn búið er ósannað hvor ökumanna hafi brotið forgangsrétt gagnvart hinum. Þá sýndu ökumenn alls ekki þá varúð og tillitssemi sem af þeim mátti krefjast miðað við hvernig umferðarrétti er háttáð og aðstæður eru að öðru leyti á umræddum gatnamótum. Samkvæmt þessu og með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður ekki hjá því komist að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 27. júní 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 122/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Tangarhöfða í Reykjavík á móts við hús nr. 15 þann 3.4.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.6.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 5.7.2006.
3. Bréf X, dags. 21.7.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið vestur Tangarhöfða og bifreiðinni B var ekið í gagnstæða átt. Rákust þá saman vinstri framhorn bifreiðanna. Bifreiðum hafði verið verið lagt sitt hvoru megin á götunni sem skyggnu á umferð um götuna og orsakaði að ekki var hægt að mætast á götunni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 45 km hraða á klst. og séð B koma á móti, en henni hafi hafi verið bakkað og síðan aftur áfram. Hann hafi stigið á hemla, en ekki náð að afstýra árekstri.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið út frá bifreiðastæði verkstæðis og séð til ferða A. Hann hafi ætlað að bakka til að koma í veg fyrir árekstur, en ekki tekist það í tæka tíð. Í bréfi, dags. 1.6.2006, kvaðst ökumaðurinn hafa ekið eftir Tangarhöfða að tveimur kyrrstæðum bifreiðum, þar sem önnur hafi verið uppi á gangstétt og hin við hliðina. Hann hafi beygt út í götuna, en séð A koma á ofsahraða. Hann hafi numið staðar þar sem hann taldi ekki unnt að mæta A vegna þrengsla. Hann hafi reynt að forða sér, en til þess hafi ekki unnist tími.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki annað unnt en leggja til grundvallar frásögn ökumanns B í lögregluskýrslu um að hann hafi ekið út á götuna frá bifreiðastæði og að þrengingu þeirri sem var á götunni, þegar A bar að úr gagnstæðri átt. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en ökumaður B hafi komið því betur við að vika úr vegi hinnar bifreiðarinnar. Að þessu virtu telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Snjócoma var og blautt færi. Þykir ökumaður A hafa ekið nokkuð hraðar en aðstæður leyfðu. Þá má ráða af ljósmyndum að hann hafi ekki haldið bifreið sinni eins langt til hægri og mögulegt var. Hann hefur því ekki sýnt þá varúð sem af honum mátti krefjast við þær aðstæður sem þarna voru. Á hann því einnig nokkra sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 121/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v A**  
**Vátryggingafélagið Y h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Veghúsum í Reykjavík þ. 3.4.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.6.2006 ásamt greinargerð
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 366/06
3. Lögregluskýrsla dags. 9.4.2006. og yfirlitsmynd
4. Bréf V. dags. 10.5. og 4. 6.2006.
5. Bréf Y dags. 12.4.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður B segist hafa verið að aka inn Veghús og ekið hring á hringtorginu og þegar hún hafi verið komin hringinn og ætlað út hafi hún hafnað á A sem hún hafi ekki séð koma því að annarri bifreið var illa lagt og skerti útsýni. Ökumaður B segist hafa ýtt á bensínjölfina í stað bremsu þegar hún sá A koma að. Ökumaður A segist hafa verið að aka inn Veghús þegar B hafi skyndilega birst og lent á A

**Álit.**

Af öllum gögnum virtum í málinu verður öll sök lögð á ökumann B m.a. með vísan til framburðar ökumanns B sem eftir henni er hafður í lögregluskýrslu. Nefndin skoðaði vettvang.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 1.8.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 101/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur Suðurlandsbraut þann 05.05. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.06. 2006, ásamt vettvangsteikningu og "útskýringum" lögreglu.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið af Grensásvegi inn á Suðurlandsbraut og þar að hluta inn á vinstri akrein. B var ekið austur Suðurlandsbraut eftir vinstri akrein með fyrirhugaða akstursleið áfram sömu leið.

Óþarft er að rekja röksemdafærslu M sem fram kemur í gögnum málsins, en hann hafnar því að hafa ekið í veg fyrir B.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á hægri hlið B.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Honum bar að veita umferð um Suðurlandsbraut forgang. Þessa gætti hann ekki miðað við gögn málsins. Telja verður að hann hafi verið að skipta um akrein og farið í veg fyrir B. Ökumaður A hefur ekki sýnt fram á að tilefni sé til að leggja ábyrgð á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. júní 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 110/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. vegna sjúkra- og slysstryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkra- og slysstryggingu vegna sárs sem málskotsaðili hlaut 26.9.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 8.6.2006. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 15.6.2006 ásamt áverkavottorði dags. 25.1.2005.

**Málsatvik.**

M gerir kröfu um bætur úr sjúkra- og slysstryggingu sinni hjá V vegna sárs sem hann hlaut þ.26.9.2004 eftir því sem næst verður komist en málavaxtalýsing málsaðila er ónákvæm. M var handtekin af lögreglu kl. 14.56 þ. 25.9.2004 og settur í fangageymslu en látinn laus þ. 26.09 s.á. kl. 07.50. Samkvæmt áverkavottorði segir M að nokkrir menn hafi ráðist á sig um kvöldið og veitt honum líkamsáverka en niðurstaða læknis að um legusár sé að ræða á hægri olnboga. Í læknisvottorði frá 4.1.2006 segir að ekki sé hægt að fullyrða neitt um tildrög áverkanna sem leiddu til taugaskaðans. Þegar M var handtekinn var áfengismagn í blóði hans 2.24 prómill. M krefst bóta úr sjúkra- og slysstryggingu hjá V. og telur einsýnt að þann tíma sem M var vistaður hjá lögreglu hafi hann ekki sofið djúpum áfengissvefni auk þess sem hann hafi farið tvívegis á salerni er helst á málatilbúnaði lögmanns M að skilja að M geti af þar tilgreindum ástæðum ekki hafa hlotið legusár þann tíma sem hann var í vörslu lögreglu. V hafnar bótaskyldu og vísar til áverkavottorðs og þeirra sjónarmiða sem þar koma fram og telur V að sár M séu legusár og stafi af ölvunarástandi hans.

**Álit.**

Að virtum öllum fyrirbyggjandi gögnum og málatilbúnaði rennir ekkert stoðum undir það að M eigi rétt á bótum úr sjúkra og slysstryggingu hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkra og slysstryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúkra og slysstryggingu hjá V.

Reykjavík 4.7.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Sigmar Ármannsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 133/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar

Slys þegar reiðhjól og gangandi vegfarandi rákust saman á gangstétt  
í Pverholti Mosfellsbæ þann 08.09. 2005

### Gögn.

1. Málskot móttakið 10.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.07. 2006.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Tildrög slyssins voru þau að 11 ára sonur vátryggingartaka (S) hjólaði á reiðhjóli sínu eftir gangstétt og lenti í samstuði við gangandi vegfaranda (tjónþolann M), þegar hann gekk fyrir blindhorn út á gangstéttina.

Vátryggingafélagið telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi S. Aðilum ber ekki saman um hraða reiðhjólsins. M telur að S hafi hjólað á mikilli ferð en tilgreinir þó að hann hafi aðeins séð hann í snjónhendingu. S kveðst hins vegar "ekki hafa hjólað neitt voðalega hratt". Um blindhorn var að ræða og hvorugur aðila virðist hafa átt þess kost að sjá til ferða hins fyrr en slysið varð. Báðum aðilum hafi verið heimil för um gangstéttina. Félagið telur ósannað að S hafi hjólað of hratt m.v. aðstæður. Hann hafi ekki getað vikið fyrir M. Hann hafi ekki hjólað með þeim hætti að það hafi valdið "gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum" sbr. 4. mgr. 39. gr. umferðarlaga. Félagið telur að M beri að sýna fram á að skilyrði skaðabótaréttar um saknæma háttsemi tjónvalds sé fyrir hendi, en við sakarmatið verði ekki gerðar sömu kröfur til aðgæslu af hálfu 11 ára barns og fullorðinna. Telur félagið ekkert hafa fram komið um að S hafi hjólað óvarlega m.v. aðstæður og við megi búast af honum í ljósi aldurs. Félagið telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða og jafnframt aðgæsluleysi M sjálfs. Honum hafi í ljósi aðstæðna borið að sýna aðgæslu gagnvart annarri umferð um gangstéttina enda megi gagnandi vegfarendur jafnan gera ráð fyrir umferð m.a. reiðhjóla og hlaupara á gagnstéttum, ekki sist í íbúðarbyggð. Beri því að hafna greiðsluskyldu.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann vísar til 4. mgr. 39. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur: "Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum". Hann telur að gangandi vegfarandi njóti "að fullu forgangs á gangstétt gagnvart reiðhjólum samkvæmt umferðarlögum sbr. nánar umfjöllun fyrirliggjandi gagna, sem óþarft er að geta í þessari umfjöllun.

### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Hér var um óhappatilvik að ræða sem S ber ekki skaðabótaábyrgð á. Óhappið mun hafa orðið í framhaldi af því að M gekk fram fyrir blindhorn. Honum bar að gæta aðgæslu í umrætt sinn. Ekki er unnt að draga þá ályktun út frá gögnum málsins að S hafi hjólað of hratt miðað við aðstæður.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á stofnun bótaábyrgðar í máli þessu.

Reykjavík 15. ágúst 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 134/200  
Vátryggingafélagið V v. A  
og Vátryggingafélagið U v. B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Háaleitisbrautar og Safamýrar í Reykjavík þ. 24.12.2004.

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.7.2006 ásamt fskj. 1-4
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 2/05
3. Lögregluskýrsla dags. 24.12.2004 ásamt vettvangsupprætti og ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 17.7.2006.
5. Bréf U dags. 21.7.2006.

**Málsatvik.**

A var ekið norður Háaleitisbraut og beygt til vinstri áleiðis vestur Safamýri en B var ekið suður Háaleitisbraut. Umferð um gatnamótin er stjórnað með ljósum og ekki eru sérstök beygjuljós. Hemluför eftir B mældust 17.4 metrar og tekið er fram í lögregluskýrslu að yfirborð vegarins hafi verið þakið blautri saltslepju. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til vinstri vestur Safamýri og talið sér það óhætt vegna umferðar suður Háaleitisbraut en í beygjunni hafi komið mikið högg á A og hafi hann aldrei séð til ferða B fyrr en við áreksturinn. Ökumaður B segist hafa ætlað að aka áfram suður Háaleitisbraut og ekið á um 50-60 km.hraða en séð rautt ljós loga og dregið úr hraða en haldið síðan áfram þegar grænt ljós kviknaði og veitt A athygli í þann mund þegar A var beygt í veg fyrir B. Vitni sem ók suður Háaleitisbraut segir að A hafi verið beygt í veg fyrir sig og líka B en hraði B hafi verið 50-60 km. Vitni sem ók á eftir A og ætlaði líka að beygja vestur Safamýri sagðist hafa séð B og hafi henni verið ekið á 50-60 km. hraða. Vitni sem ók suður Háaleitisbraut segir að B hafi verið ekið framhjá sér á talsverðum hraða.

**Álit.**

Grænt ljós logaði fyrir umferð þegar áreksturinn varð og beygði A í veg fyrir B en A bar að veita B forgang í umrætt sinn. Miðað við aðstæður og með hliðsjón af framburðum vitna m.a. vitnis sem ók á eftir A verður öll sök lögð á A. Ekki er sýnt fram á að B hafi ekið of hratt eða ógætilega miðað við aðstæður.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík . 15.8.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 120/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur hringtorgi Fífuhvammsvegi Kópavogi þann 10.05. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 04.07. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa, afstöðu aðila og frásagnir sjónarvotta. Bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið á mótum Dalsmára og Fífuhvamms. A var ekið austur Fífuhvammsveg en B var ekið norður Dalsmára.

Vátryggingafélag B telur að ekki sé hægt að segja með vissu að A hafi verið kominn á innri hring í torginu, félagið telur líklegt að ökuhraði A hafi verið of mikill því B valt við áreksturinn.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. frásögn ökumanns sem staddur var við hringtorgið, ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A sem ók um hringtorgið.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. ágúst 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 123/2006

M og

Vátryggingarfélagið V h.f. vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar verslunarinnar K

Maður datt í hálfu í tröppum fyrir utan verslun þ. 18.12.2006.

### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.6.2006.
2. Lögregluskýrsla dags. 23.12.2005
3. Bréf lögmanns M dags. 23.júní 2006 ásamt fylgiskjölum 1-7
4. Bréf V. dags. 7.7.2006 ásamt fylgiskjölum 1-4

### Málsatvik.

M skýrir svo frá í lögregluskýrslu að þegar hann hafi verið að fara út úr versluninni K þegar hann var búinn að versla hafi hann fallið í mikilli hálfu sem hafi verið í tröppum við útgang verslunarinnar og hafi hann fallið frá efsta þrepi og niður fjórar hálar tröppur. Starfsmaður K bar að hún hefði aðstoðað M við að standa á fætur eftir fallið en einhver ísing hefði verið í tröppunum og þær ósaltaðar. Lögmaður M segir að aðbúnaður við útgang verslunarinnar hafi ekki verið forsvaranlegur og beri K því alla ábyrgð á tjóni M lögmaðurinn vísar að öðru leyti í dóma Hæstaréttar í málunum 230/2005, 251/2005 og bls. 1002 frá 1996. V hafnar bótaábyrgð og bendir á að snjór hafi verið hreinsaður af starfsmönnum og borið hálfuvarnir á stétt og tröppur þegar þörf hafi krafið en ekki liggja fyrir til hvaða ráðstafana hafi verið gripið þann dag sem slysið varð en umhleyplingar hafi verið í veðri. Þá er á það bent að snjóbræðslukerfi sé í stétt framan við aðalinngang K. Þá bendir V á að ósannað sé að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða á fasteigninni eða ófullnægjandi hálfuvarnir og verði slysið eingöngu rakið til óhappatilviljunar. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar í málunum 251/1998,387/2005 og 41/2003

### Álit.

Af veðurskýrslu daginn sem slysið varð liggur fyrir að umhleyplingar voru og búast mátti við hálfu. Starfsmaður K ber í lögregluskýrslu að einhver ísing hafi verið í tröppunum. Þá ber umræddur starfsmaður einnig að tröppurnar hafi verið ósaltaðar. Af hálfu V er því haldið fram að snjór hafi verið hreinsaður og hálfuvarnir bornar á stétt og tröppur af starfsmönnum K þegar tilefni þótti til. Í umrætt sinn var fullt tilefni miðað við veðurlag og veðurspá en engar ráðstafanir voru gerðar í umrætt sinn til að eyða hálfu við útgang verslunar og tröppur. Ríka skyldu verður að leggja á verslunareigendur að gæta vel að hálfuörnum við verslanir sínar en það var ekki gert í umrætt sinn og miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja m.a. að starfsmenn K vissu af hættunni en engar ráðstafanir voru gerðar í urmætt sinn ber K bótaábyrgð á tjóni M og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V

### Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 1.8.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 125/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Umferðaróhapp við bensínstöð á Selfossi þann 19.05. 2006,  
ekið á opna hurð bifreiðar**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 21.07. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.07. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. B var með kerru í eftirdragi sem rakst utan í opna hurð A. Álitaefnið er hvor aðili beri ábyrgð á óhappi þessu.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á óhappi þessu fyrir aka af stað þannig að kerran rakst á opna hurð A.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á óhappi þessu fyrir að opna hurð A í veg fyrir B.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á óhappi þessu fyrir að aka á opna hurð A. Ökumanni B bar að sýna sérstaka varúð sbr. 2. mgr. 17. gr. umfl.

Athygli vekur hve ökumenn greinir á um málsatvik en rétt þykir að leggja aukna ábyrgð á ökumann B sem tók af stað með stóra kerru í eftirdragi. Gegn neitun ökumanns A er ósannað að hurð bifreiðar hans hafi verið opnuð í veg fyrir B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn málsins þrátt fyrir ákvæði umferðarlaga um að sá sem opnar hurð skuli tryggja að það skapi ekki hættu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á óhappi þessu.

Reykjavík 1. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 124/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X**

**Ágreiningur um greiðslu úr málskostnaðartryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.6.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.7.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Málskotsaðilar, M, voru eigendur íbúðar á neðri hæð í fjöleignarhúsi við tiltekna götu í Kópavogi. Þau seldu íbúðina sumarið 2003. Síðar sama ár seldu eigendur efri hæðar einnig íbúð sína. Nýir eigendur að íbúðunum töldu hljóðbærni milli íbúðanna of mikla og ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 177/1992. Í mars 2004 voru dómkvaddir tveir matsmenn til að meta hina meintu galla og hvert hefði átt að vera söluverð íbúðanna, er þær voru seldar, að teknu tilliti til hinna meintu galla. Kaupendur íbúðarinnar á efri hæðinni höfðuðu dómsmál á hendur seljendum sínum til greiðslu skaðabóta eða afsláttar vegna tjóns sem þau töldu sig hafa orðið fyrir. Dómur í málinu var kveðinn upp í héraði í desember 2005 og voru seljendur sýknaðir af kröfum kaupenda. Kaupendur íbúðarinnar á neðri hæðinni höfðuðu hins vegar ekki dómsmál á hendur M.

M krefjast þess að lögmannskostnaður þeirra við að verjast kröfum kaupenda verði greiddur úr málskostnaðartryggingu þeirra hjá Vátryggingafélaginu X, en vátrygging þessi er hluti fjölskyldutryggingar sem M hafa hjá félaginu. X hefur hafnað greiðsluskyldu.

**Álit.**

Í inngangskafli í skilmálum fyrir umrædda málskostnaðartryggingu segir að hlutverk tryggingarinnar sé að greiða málskostnað í einkamálum. Í 1. gr. skilmálanna kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snerti vátryggðan sem einstakling og geti komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Þá segir í 4. gr. að félagið greiði “vegna hvers tjóns, þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt, nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað.....”

Að öðrum skilyrðum fullnægðum kemur því aðeins til greiðslu félagsins úr vátryggingunni skv. 4. gr. skilmálanna að málið hafi verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Ljóst er samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að ágreiningur M við kaupendur íbúðarinnar hefur ekki verið til lykta leiddur með dómi eða réttarsátt. Við svo búið fæst lögmannskostnaður þeirra ekki greiddur úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

Lögmannskostnaður M fæst ekki greiddur úr málskostnaðartryggingu þeirra hjá X.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 100/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. A og**  
**Vátryggingafélagið U v. B**

**Árestur bifreiða á bifreiðaplani Hreyfils í Fellsmúla í Reykjavík þ. 8.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.5.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 427/06
3. Lögregluskýrsla dags. 8.5.2006.
4. Bréf U dags. 2.6.2006.
5. Uppdráttur

**Málsatvik.**

Árestur varð með A og B á bifreiðaplani Hreyfils við Fellsmúla í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið til suðurs inn á bifreiðaplanið frá Fellsmúla og beygt áleiðis til vinstri og stöðvað og segist hafa ætlað að bakka A í bifreiðastæði sem hafi verið að losna og búinn að setja í bakkgír en ekki byrjaður að bakka þegar B hafi komið á miklum hraða og ekið á hægra afturhorn A. Ökumaður B segist hafa ekið til suðurs inn á bifreiðaplanið frá Fellsmúla og veitt A athygli og talið að ökumaður mundi bíða með að bakka en þegar hann hafi verið að aka aftan við A þá hafi A verið bakkað og við það ekið utan í B. Vitni að óhappinu kvaðst hafa verið staðsettur í húsnæði Hreyfils í umrætt sinn segir að B hafi verið ekið inn á bifreiðaplanið á töluverðum hraða þrátt fyrir þrengsli á bifreiðaplaninu og hafi A bakkað af stað á sama tíma.

**Álit.**

Ökumenn greinir á um tildrög árestursins en einu vitni er til að dreifa sem segir að í umrætt sinn hafi B ekið óvarlega inn á bifreiðaplanið en A verið byrjaður að bakka. Úrskurðarnefndin telur eðlilegt miðað við fyrirliggjandi gögn að taka fullt tillit til framburðar vitnisins og samkvæmt því þykir hvorugur ökumaður hafa gætt nægjanlegrar varúðar við akstur miðað við aðstæður í umrætt sinn og verður því sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 27.6.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 102/2006

M  
og  
Vátryggingafélagið X vegna bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið Y vegna bifreiðanna B og C  
og  
Vátryggingafélagið Z vegna bifreiðarinnar D

### Árekstur ökutækja við Draugahlíðarbrekku á Suðurlandsvegi, skammt austan Litlu kaffistofunnar, þann 20. 03. 2006.

#### Gögn.

1. Málskot mótttekið 29.05. 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélagsins X, dags. 12.06. 2006.
3. Bréf vátryggingafélagsins Y, dags. 30.05. 2006.
4. Bréf vátryggingafélagsins Z, dags. 08.06. 2006.

#### Málsatvik.

Vörubifreiðinni A ásamt eftirvagni, sem verið hafði á leið austur Suðurlandsveg, hafði verið lagt á hægri akrein vegna bilunar og bifreiðin yfirgefin. Á þessum kafla vegarins háttar svo til, að akreinar fyrir umferð austur Suðurlandsveg eru tvær, en ein akrein er vestur Suðurlandsveg. Vegrið aðskilur austur og vestur akreinnar. Í lögregluskýrslu kemur fram, að vörubifreiðin og eftirvagninn hafi verið illsjáanleg, er komið hafi verið upp svonefnda Draugahlíðarbrekku sökum halla á brekkunni og myrkurs. Mikil hálka var ennfremur á vettvangi, snjóþekja og skafrenningur. Engar ráðstafanir höfðu verið gerðar í því skyni að vara vegfarendur við ökutækjunum, þar sem þeim hafði verið lagt á akreininni, en ökumaður A kveðst þó hafa þurrkað af afturljósum.

Bifreiðinni B var ekið austur Suðurlandsveg á hægri akrein. Kveðst ökumaður hennar hafa ekið á um 80 km/klst. Hafi hann þá skyndilega orðið var við vörubifreiðina A ásamt eftirvagni hennar á hægri akrein fyrir framan sig. Hann hafi þá beygt bifreið sinni yfir á vinstri akrein, en sökum hálku hefði bifreiðin snúist, hann misst stjórn á henni og hún hafnað utan vegar.

Bifreiðin C var á austurleið eftir Suðurlandsvegi. Er ökumaður hennar hafi orðið var við bifreiðina B, þar sem hún var utan vegar, hafi hann stöðvað C í vegkantinum til þess að kanna ástand ökumanns B. Þá hafi vörubifreiðinni D, sem hafi dregið eftirvagn, verið ekið aftan á C, þar sem hún var kyrrstæð.

Ökumaður D kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsveg á um 50 km/klst., þar sem bæði bifreiðin og eftirvagninn hefðu verið fulllestuð. Þá hefðu ökumenn tveggja bifreiða, er ekið hefðu á undan D á sömu akrein, skyndilega dregið úr hraða og beygt yfir á vinstri akrein. Hefði hann þá orðið var við A ásamt eftirvagni, þar sem ökutækin voru kyrrstæð á hægri akreininni. Hefði bifreiðin, sem ekið hefði verið á undan D, verið stöðvuð við hliðina á A. Hefði ökumaður D hemlað og reynt að stýra D á milli bifreiða, til þess að forðast árekstur, en þá hafi D hafnað á bifreiðinni C, þar sem hún hafi verið kyrrstæð í vegkantinum fyrir framan A.

Af hálfu váttryggingafélaganna Y og Z er því haldið fram, að háttsemi ökumanns A hafi átt þátt í aðdraganda áreksturs milli bifreiðanna C og D, og að auki beri hann ábyrgð á tjóni því, sem varð, er B lenti utan vegar. Váttryggingafélagið X, ábyrgðartryggjandi A, hafnar því, að nokkur sök verði lögð á ökumann A vegna tjóns á bifreiðunum C og D, og einungis ¼ hluti sakar verði lagður á ökumann A vegna tjóns eiganda B í umrætt sinn.

### Álit.

Í 30. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er fjallað um skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum. Þar segir m.a. efnislega, að hafi ökutæki stöðvast vegna umferðaróhapps, vélarbilunar eða annarra orsaka á stað, þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því, skuli flytja ökutækið á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er. Hafi ökutækið stöðvast á þannig stað eða svo, að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina, skal ökumaður gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við, þar til ökutækið hefur verið flutt á brott. Af gögnum málsins verður ráðið, að bifreiðinni A hafði verið lagt á akreininni í a.m.k. um tvo tíma, þ.e. frá kl. 19:30 til ríflega 21:30, er tjón varð. Jafnframt gerði ökumaður A engar ráðstafanir til að vara vegfarendur við þeirri augljósu hættu, sem stafaði af A. Mátti honum þó vera fullljóst, að slíkar ráðstafanir væru sérstaklega brýnar, þar sem ökutækið ásamt eftirvagni var bæði langt og breitt og staðsett á akrein fjölfarinnar þjóðbrautar, skyggni takmarkað vegna myrkurs og skafrennings og akstursaðstæður almennt slæmar. Með vísan til framangreinds verður að líta svo á, að ökumaður A beri alla ábyrgð á því tjóni, er hlaut af því, er bifreiðin B lenti utan vegar ásamt helmingi þess tjóns, sem varð er bifreiðin D rakst á C kyrrstæða. Af gögnum málsins og atvikum verður og ráðið, að ökumaður D hafi ekki hagað akstri sínum eftir aðstæðum, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Þykir því rétt að leggja helming sakar á hann vegna tjóns á C.

### Niðurstaða

Ökumaður bifreiðarinnar A ber ábyrgð á því tjóni, sem rakið verður til þess, að bifreiðin B lenti utan vegar. Að auki ber hann helming sakar vegna tjóns á bifreiðinni C. Ökumaður bifreiðarinnar D ber helming sakar á tjóni á bifreiðinni C.

Reykjavík, 27. júní 2006

---

Rúnar Guðmundsson

---

Sigmar Ármannsson

---

Jón Magnússon

## Mál nr. 103/2006

M

og

## Vátryggingafélagið V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar S ehf

### Slys þegar maður féll af vegg húss í smíðum þ. 13.9.2005.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ.2.6.2006.
2. Lögregluskýrsla dags. 14.9.2005 ásamt ljósmyndum.
3. Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins dags. 15.9.2005 ásamt ljósmyndum
4. Tilkynning um slys dags. 14.3.2006 og læknisvottorð.
5. Bréf lögmanns M dags. 17.11. og 14.12.2005 og 1.2. og 6.2.2006.
6. Bréf V dags. 2.2.2006 og 12.6.2006.

#### Málsatvik.

M var að vinna við endaraðhús nýbygginar á tveimur hæðum og féll M af innanverðum útvegg á 2. hæð hússins og lenti á dokaborðum og varð fyrir slysi en fallið var um 2 metrar. M stjórnaði steypudælu í umrætt sinn og stóð á flekamótum sem var notað sem vinnupallur/göngusliskja og hafði góða yfirsýn um vinnusvæðið að því er segir í lögregluskýrslu. M hafði lokið við að dæla enda steypuvinna búin og var á leið niður af flekamótunum þegar slysið varð og segist M hafa stigið á stífu og hafi honum skrikað fótur en til að verjast falli hafi hann gripið í mótið sem hann hafi staðið á en það hafi verið laust og gefið eftir um leið og hann greip í það og hafi hann þá misst jafnvægið og fallið niður. M segist ekki hafa gert sér grein fyrir að mótið sem hann greip í væri laust. Vitni að slysinu lýsir því með sama hætti og M og segir að þegar M hafi tekið í flekamótið með annarri hendinni þá hafi það farið af stað og M misst jafnvægið. Fyrirtækið S sér um steypa upp húsið sem hér ræðir um. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemfur fram að meginorsök slyssins er talin vera sú að ekki voru notaðir viðurkenndir vinnupallar við verkið heldur ófullnægjandi búnaður án öruggra festinga, handriða og hnélista. Meðvirkandi orsök segir í skýrslu Vinnueftirlitsins að hafi verið að flekamót var reist upp á endann og notað sem stigi. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V en V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi verið í þjónustu annars aðila B og starfsmaður þess fyrirtækis en það fyrirtæki sé sjálfstæður þjónustuaðili. V heldur fram að ekki verði gerð krafa á bótum vegna slyss M þar sem að M hafi sjálfur þurft að gæta eigin öryggis enda hafi M verið vanur vinnu sem þessari. Bent er á af hálfu V að S hafi ekki húsbónda-eða verkstjórald yfri M og geti því ekki borið ábyrgð á því hvernig M vann verk sitt. Þá segir V að M hafi borið að segja S frá hafi M ekki talið sig geta unnið verk sitt á öruggan hátt og fara fram á uppsetningu eða smíði öruggra vinnupalla. Loks bendir V á að ekki sé hægt að gera þær kröfur til samsetningar steypumóta eða steypumóta í heild sinni séu örugg ferð manna enda steypumót ekki ætluð sem vinnupallar og hafi hegðun M falið í sér umtalsverða hættu á tjóni. V segir að M hafi sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn og girði það fyrir bótaskyldu S vegna umrædds slyss.

**Álit.**

Fram kemur í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins að meginorsök slyssins sé að ekki hafi verið notaðir viðurkenndir vinnupallar. Sá sem hefur með undirbúning steypuvinnu að gera í nýbyggingu eins og hér háttar til S ber skylda til að ganga svo frá að aðbúnaður sé með fullnægjandi hætti. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að aðbúnaður á vinnustað hafi ekki verið fullnægjandi og ber S ábyrgð á því. S ber því ábyrgð á því að aðstæður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi. Fam hjá því verður ekki litið að M var vanur steypuvinnu og hafði með dælingu steypu að gera á verkstað. M bar að gæta sérstakrar varúðar sem hann þykir ekki hafa gert að öllu leyti og ber hann því einnig ábyrgð á slysinu. Þrátt fyrir að M þyki bera ákveðna sök vegna eigin sakar þá verður á ber S þó meginorsök í málinu vegna þess að hafa ekki fullnægjandi aðstæður svo sem að framan er lýst. Rétt þykir að tjón M verði bætt að 2/3 úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V en M beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

V bæti M tjón sitt að 2/3 úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V en M beri 1/3 tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 4.7.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 106/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B**

**Ágreiningur um hvort að bifreið varð fyrir steinkasti frá annarri bifreið þ. 22.8.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.6.2006. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 25.1. og 19.6.2006.

**Málsatvik.**

M sem ók A segir að þegar hann hafi ekið A um Sæbraut á móts við Skjól þá hefðu steinar þeysts undan vinstra afturhjóli B sem hafi einnig ekið austur Sæbraut á undan A og lent á vinstra frambretti A með þeim afleiðingum að tvær rispur komu á brettið og einnig lítilsháttar dæld. Spauler sem er undir framhöggvara vinstra megin var einnig með ákomu vinstra megin en í lögregluskýrslu segir að hún gæti verið gömul. Farþegi í A segir að grjótlug hafi komið yfir A og lent hægra megin neðarlega að framan og hafi stór steinn lent neðarlega á stuðara og brotið hann. Í skýrslu lögreglu segir að

**Álit.**

Ekki liggur fyrir sönnun um að meint grjótlug hafi komið frá B. Þá ber líka að skoða að M og vitni ber ekki fyllilega saman um með hvaða hætti þeir atburðir gerðust sem leitt hafa átt til bótaskyldu í máli þessu. Ekki er því um bótaskyldu að ræða.

**Niðurstaða.**

Tjón A er ekki bótaskyldt úr vátryggingu B hjá V.

Reykjavík 4.7.2006 .

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 104/2006**

**Þorsteinn Guðnason**  
og  
**Vátryggingafélag Íslands hf. v/VB-558 (A)**  
og  
**Sjóvá Almennar tryggingar hf. v/SO-827 (B)**

**Árekstur á bifreiðastæði við Fjarðarkaup Hafnarfirði þann 11.05. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 02.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 12.06. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.06. 2006, ásamt greinargerð frá ökumanni B.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðarnar voru á bifreiðastæði við Fjarðarkaup. A var ekið suður eftir akstursleið stæðisins þegar B var ekið inn í vinstri hlið A. Hafði B verið ekið úr stæði vinstra megin við akstursleið A. B skemmdist á hægri framhorni.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum, ökumaðurinn hafi ekki gætt varúðar frá hægri auk þess sem honum hafi borið að sýna varúð þegar hann tók af stað úr kyrrstöðu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera 1/3 hluta sakar þar sem hann var ekki að fylgjast með því sem framundan var og að ökumaður B eigi að bera 2/3 hluta sakar þar sem hann ekur úr stöðureit í veg fyrir A sem kom frá hægri eftir bílastæðinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A. Honum bar að veita A forgang. Þessa gætti hann ekki miðað við gögn málsins.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A þrátt fyrir að hann hafi litið til hliðar um stund til að fylgjast með gangandi vegfaranda.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. júlí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 105/2006**

**M  
og  
váttryggingafélagið X vegna bifreiðarinnar A  
og  
váttryggingafélagið Y vegna bifreiðanna B og C**

**Árekstur ökutækja á Reykjanesbraut við afrein að Vesturlandsvegi þann 06.01. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 02.06. 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf váttryggingafélagsins X, dags. 12.06. 2006.
3. Bréf váttryggingafélagsins Y, dags. 19.06. 2006.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með þremur bifreiðum, A, B og C, er öllum var ekið norður Reykjanesbraut á hægri akrein. Bifreiðinni C var ekið aftan á B, sem kastaðist á bifreiðina A, sem var kyrrstæð. Er áreksturinn varð, var myrkur og blautt og hvasst í veðri.

Ökumaður A kveðst hafa ekið norður Reykjanesbraut á hægri akrein. Hafi hann þurft að stöðva á akreininni vegna bifreiðar, sem kunningi hans hefði ekið á undan A. Hafi kunninginn orðið að staðnæmast vegna þess að dekk bifreiðar hans hafði sprungið. Hafi ökumaður A kveikt á aðvörunarljósum bifreiðar sinnar, farið síðan út úr bifreiðinni í því skyni að aðstoða kunningja sinn, en þá hafi bifreiðinni B verið ekið á A.

Ökumaður B kveðst hafa ekið á hægri akrein norður Reykjanesbraut, er hann skyndilega hafi veitt bifreiðinni A athygli, þar sem hún var kyrrstæð á akreininni fyrir framan hann og hafi aðvörunarljós hennar verið kveikt. Kveðst ökumaður B þá hafa snarhægt á bifreið sinni, og reynt að gera það með þeim hætti, að ökumaður bifreiðarinnar C, sem ekið hefði verið á eftir B, gæti brugðist við í tíma. Skyndilega hafi svo C verið ekið aftan á B, þannig að B kastaðist aftan á A.

Ökumaður C kveðst hafa ekið á hægri akrein norður Reykjanesbraut á eftir bifreiðinni B. Skyndilega hefði hann veitt því athygli, að ökumaður B snarhægði á bifreið sinni. Ökumaður C hefði þá snögghemlað. Það hefði þó ekki dugað til, þar sem C hefði runnið áfram í vatnsflaumi á akbrautinni og hafnað á B, sem síðan hafi kastast á A.

Váttryggingafélagið X telur að leggja beri sök á ökumann C í máli þessu, en váttryggingafélagið Y að sökin liggi hjá ökumanni A, sem hafi skapað hættu fyrir aðra umferð með því að stöðva bifreið sína á ofangreindan hátt.

**Álit.**

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga skal ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því, að ekki sé hætt á árekstri, þótt ökutækið sem ekið er á undan því, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Af gögnum málsins verður ráðið, að þessa gætti ökumaður C ekki, er hann ók bifreið sinni aftan á B, sem kastaðist svo áfram á A kyrrstæða. Ekki er ástæða til að fella sök á ökumann A vegna stöðvunar ökutækis síns á þann hátt og við þær aðstæður, sem hér að framan hefur verið greint. Þá verður ökumaður B ekki talinn bera nokkra ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður C telst því einn eiga sök á tjóninu.

**Niðurstaða**

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar C.

Reykjavík, 4. júlí 2006

---

Rúnar Guðmundsson

---

Sigmar Ármannsson

---

Jón Magnússon

**Mál nr. 107/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**

**Áræktur á Munkaþverárstræti á Akureyri þann 31.3.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.6.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.6.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak út á Munkaþverárstræti frá nánar tilgreindu húsi. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið aftur á bak suður götuna. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og hægri hlið B. Á Munkaþverárstræti er einstefna til norðurs. Bjart var af degi og blautt færi þegar árækturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa litið til vinstri suður götuna, en enga umferð séð úr suðri og því bakkað út á götuna. Hann hafi ekki séð til ferða B fyrir en áræktur varð.

Ökumaður B kvað götuna hafa verið lokaða við Krabbastíg vegna vinnuvéla, sem þar hafi verið við snjómokstur, og hann ekki komist fram hjá þeim. Hann hafi því bakkað suður götuna. Hann hafi ekki orðið var við A fyrir en áræksur varð.

**Álit.**

Ökumaður B ók bifreið sinni aftur á bak gegn einstefnu. Vegna einstefnunnar þurfti ökumaður A ekki að eiga von á ferðum ökutækja úr þeirra átt sem B kom. Því bar ökumanni B að gæta sérstakrar varúðar, einkum gagnvart umferð frá bifreiðastæðum eða lóðum við aðliggjandi hús. Þrátt fyrir það vissi ökumaður B ekki af ferðum A fyrir en áræktur varð. Verður ekki fram hjá því litið að akstur ökumanns B hefur verið frumorsök áræktursins og ber því ökumaður B megin sök á árækstrinum. Ökumanni A, sem ók út á götuna frá bifreiðastæði, bar að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann vissi heldur ekki af ferðum B fyrir en áræktur varð. Hann hefur því ekki gætt að öllu leyti þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast. Ber hann því einnig nokkra sök. Ber að skipta sök í máli þessi eins og nánar greinir í niðurstöðu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 4. júlí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 126/2006**

**M**

**og Vátryggingafélagið V h.f. v.A  
og Vátryggingafélagið Y h.f. v B**

**Árekstur bifreiða á Langarima í Reykjavík þ. 9.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 29.6.2006. ásamt rökstuðningi
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 516/06
3. Lögregluskýrsla dags. 15.5. og 30.5.2006.
4. Bréf V dags. 6.7. og 7.7.2006
5. Bréf Y h.f. dags. 18.7.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið suður Langarima og stöðvað við bifreiðastæði leikskóla en ekki getað beygt inn að leikskólanum vegna umferðar á móti og gefið stefnumerki með góðum fyrirvara en í þann mund sem hún beygði hafi B verið ekið framhjá henni vinstra megin og lent á vinstra framhorni A og hafi ökumaður síðan ekið áfram. Ökumaður B segist hafa ekið suður Langarima og hafi A verið stopp vegna vöruflutningabifreiðar en ekki verið ekið áfram þegar sú bifreið hafi ekki tálmað umferð lengur og þar sem engin stefnumerki hafi verið og A hafi ekki haldið áfram hafi hún ákveðið að aka fram úr A en þá hafi A verið beygt skyndilega til vinstri og lent á afturhurð B. Óbrotin lína skyldi að akreinar þar sem árekstur varð.

**Álit.**

B ber alla sök þar sem bifreiðinni er í umrætt sinn ekið framúr þar sem framúrakstur var óheimill þar sem óbrotin lína skyldi að akreinar.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 1.8.2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 108/2006**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X vegna bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y vegna bifreiðarinnar B**

**Árekstur ökutækja á bifreiðastæði við Smáralind í Kópavogi þann 08.04.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 07.06. 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélagsins X, dags. 24.06. 2006.
3. Bréf vátryggingafélagsins Y, dags. 19.06. 2006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi.

Fátæklegra gagna gætir í máli þessu. Ljóst er þó, að báðum bifreiðunum var ekið eftir stæðinu, og skárust leiðir bifreiðanna á þann veg, að ökumaður A hafði bifreiðina B sér á hægri hönd.

Ökumaður B telur að sök á árekstrinum liggi hjá ökumanni A. Hafi ökumaður A sagt á vettvangi, að hann hafi blindast af sól, er áreksturinn varð, en láti þeirra ummæla hins vegar að engu getið í tjónstilkynningu. Í bréfum beggja hlutaðeigandi vátryggingafélaga, þ.e. félaganna X og Y, kemur fram sú afstaða, að ábyrgð á árekstrinum hvíli á ökumanni A, sem hafi átt að veita umferð frá hægri forgang.

**Álit.**

Í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir, að þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skuli sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita hinum forgang. Af gögnum málsins verður ráðið, að þessa gætti ökumaður A ekki, og verður því að líta svo á, að hann beri ábyrgð á árekstrinum milli bifreiðanna A og B. Ekki eru efni til að fella sök á ökumann B í máli þessu miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík, 4. júlí 2006

---

Rúnar Guðmundsson

---

Sigmar Ármannsson

---

Jón Magnússon

**Mál nr. 109/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verslunarmiðstöðvar**

**Líkamsmeiðsl við fall við bifreiðastæði við verslanir þann 09.03. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 08.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M varð fyrir slysi þegar hún var að ganga upp á eyju við hlið bifreiðastæðis í bifreiðageymslu. Hún rakst í járntitt sem stóð um 10 cm upp úr jörðinni og féll niður og slasaðist. M telur bótaábyrgð fyrir hendi sem rekja megi til vanrækslu aðila. "Greinilegt er að starfsmenn vátryggingartaka hafi ekki staðið nægilega vel að því að fjarlægja skilti á bílastæðinu."

Vátryggingafélagið vísar til þess að um hafi verið að ræða festingu fyrir umferðarskilti sem líklega hafði verið ekið niður. Eftir slysið var skiltið og festingin fjarlægð. Höfðu starfsmenn vátryggingartaka ekki vitneskju fyrir slysið um að skiltið hefði verið ekið niður og gátu því ekki brugðist við fyrr. Félagið hafnar bótaábyrgð, það telur ósannað að tjónið verði rakið til saknæms vanbúnaðar fasteignar eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 161/2005.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn vátryggingartaka hafi vitað um umrætt járnstykki fyrir óhapp þetta. Ekki hefur verið upplýst að kvartað hafi verið undan aðstæðum. Virðist sem starfsmenn vátryggingartaka hafi ekki vitað um járnstykkið sem M féll um. Með vísan til framanritaðs er bótaábyrgð ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 4. júlí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 111/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur Eiríksgötu 19.05. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 09.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.06. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 24.06. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. A var ekið á opna hurð B. Álitafnið er hvor aðili beri ábyrgð á óhappi þessu. A var ekið utan í B sem lagt var í stæði. Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á óhappi þessu þar sem hann ekur á hurð B sem stóð opin samkvæmt ökumanni B og vitni sem staðfestir framburð ökumannsins. Ökumaður A viðurkennir í skýrslu lögreglu að hafa ekki veitt athygli að hurð B hafi staðið opin. Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á óhappi þessu fyrir að opna hurð B í veg fyrir A.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á opna hurð A. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstri þessum.

Reykjavík 4. júlí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 112/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v. A og**  
**Vátryggingafélagið U h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Kringlumýrarbraut í Reykjavík þ. 8.5.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 9.6.2006. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 460/06
3. Lögregluskýrslur dags. 8.5. og 10.5. og ljósmyndir
4. Bréf U dags. 24.6.2006 ásamt tölvupóstum
5. Bréf V dags. 31.5.2006

**Málsatvik.**

A og B voru kyrrstæð á beygjuakrein Kringlumýrarbrautar inn á Sæbraut til austurs. Ökutæki fyrir framan A bakkaði og bakkaði ökumaður A þá og lenti á B. Ökumaður A segir að hann hafi bakkað þegar ökutæki fyrir framan hann fór að bakka og hafi hann þá lent á B sem var fyrir aftan hann. Ökumaður B segist hafa verið kyrrstæður þegar óhappið varð og hafi A bakkað á B. Ökumaður A gaf lögregluskýrslu síðar þar sem lögreglumaður segir að helst hafi þá verið á ökumanni A að skilja að ekið hafi verið aftan á hann. Lögregluskýrsla var tekin af C sem sagðist hafa verið vitni að árekstrinum en aðkoma hans að málinu, tengsl hans við ökumann A og framburður hans er með þeim hætti að ekki er hægt að leggja skýrslu hans eða skýringar til grundvallar.

**Álit.**

Telja verður sannað að virtum öllum gögnum málsins að í umrætt sinn hafi A bakkað á B sem var kyrrstæð. A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 4.7.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 135/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Hjónagarða, Eggertsgötu, þann 23.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 26.07. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.07. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið vestur bifreiðastæði við Hjónagarða en B var ekið vestur Eggertsgötu og beygt suður inn á bifreiðastæðið þar sem bifreiðarnar rákust saman. Ökumaður A hafði B sér á hægri hönd.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hafi staðsett bifreið sína á röngum vegarhelmingi innkeyrslunnar inn á bifreiðastæðið. Það sé ljóst af fyrirliggjandi ljósmyndum. M telur að B hafi verið á of miklum ökuhraða miðað við aðstæður. Ökumanni B hafi borið að sýna aukna aðgæslu þegar hann beygði inná bifreiðastæðið sbr. 36. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélag B telur ljóst að ökumaður A hafi borið að víkja fyrir umferð frá hægri. Félagið telur ósannað um ökuhraða og gildi því almennur umfeðarréttur.

M telur að ökumaður B hafi ekið of hratt og tekið þrönga vinstri beygju.

**Álit.**

Nefndin athugaði vettvang.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Hann gætti þess ekki að veita umferð frá hægri forgang.

Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi tekið of þrönga beygju eða ekið of hratt. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B þrátt fyrir að ökumaðurinn hafi staðsett bifreið sína nokkuð innanlega á veginum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 22. ágúst 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 113/2006**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X vegna bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y vegna bifreiðarinnar B**

**Árekstur bifreiða á mótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar þann 29.04. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.06. 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélagsins X, dags. 24.06. 2006.
3. Bréf vátryggingafélagsins Y, dags. 26.06. 2006 ásamt fylgigögnum.
4. Bréf lögmans ökumanns B, dags. 26.06. 2006.

**Málsatvik.**

Ökutæki B var ekið austur Háaleitisbraut og beygt til norðurs inn á mót Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar. Ökutæki A var ekið vestur Háaleitisbraut eftir vinstri akrein inn á sömu gatnamót, þar sem því var hemlað og beygt til hægri frá B, og hafnaði A síðan á umferðarljósavita vestan gatnamótanna.

Ökumaður A kveðst hafa ekið vestur Háaleitisbraut eftir vinstri akrein að gatnamótum þeirrar götu og Kringlumýrarbrautar með fyrirhugaða akstursstefnu áfram vestur Háaleitisbraut. Hafi grænt umferðarljós logað á akstursstefnu hans, er hann hafi komið að gatnamótunum. Þegar hann hafi ekið inn á gatnamótin kvaðst hann hafa séð að bifreiðinni B, sem ekið hefði verið austur Háaleitisbraut, hafi verið beygt til norðurs inn á gatnamótin og í veg fyrir A. Hafi hann þá hemlað og beygt frá B til hægri, en við það hafi A lent á umferðarljósavita vestan gatnamótanna. Hafi ökumaður B ekið áfram af vettvangi eftir óhappið. Ökumaður A kveðst ekki geta sagt til um ökuhraða sinn í umrætt sinn.

Ökumaður B kveðst hafa ekið austur Háaleitisbraut með fyrirhugaða akstursstefnu norður Kringlumýrarbraut. Hafi hann stöðvað við gatnamótin vegna stöðu umferðarljósa, og síðan ekið rólega inn á gatnamótin gegn grænu umferðarljósi. Bifreið hafi á sama tíma verið ekið vestur Háaleitisbraut og verið beygt til suðurs á gatnamótunum. Er ökumaður A hafi verið að aka inn á gatnamótin hafi hann skyndilega séð hvar A var ekið þar til vesturs á miklum hraða. Hafi hann stöðvað B en ökumaður A hefði hemlað og beygt til hægri frá B, þannig að ekki hafi orðið árekstur með bifreiðunum. Ökumaður B hafi svo ekið af stað norður Kringlumýrarbraut, og ekki tekið eftir því að A hefði lent í umferðaróhappi.

Vitni að atburðinum gaf sig fram á vettvangi við lögreglu. Vitnið kveðst hafa ekið austur Háaleitisbraut að gatnamótum Kringlumýrarbrautar nokkuð á eftir B með fyrirhugaða akstursstefnu norður Kringlumýrarbraut. Hafi ökutæki B verið beygt til norðurs á gatnamótunum. Hafi vitnið svo séð hvar bifreiðinni A, sem ekið hafi verið til vesturs inn á gatnamótin, hafi hafnað á umferðarljósavita vestan gatnamótanna. Kvaðst vitnið telja, að B hafi verið ekið í veg fyrir A fyrir óhappið. Bifreiðinni B hafi svo verið ekið áfram til norðurs eftir atvikið, og kvaðst vitnið hafa ekið á eftir bifreiðinni B til að skrá niður skráningarnúmer hennar.

Skemmdir urðu á umferðarljósavita við óhappið og ástand bifreiðarinnar A þannig að flytja varð hana af vettvangi með dráttarbifreið.

Ökumaður A heldur því fram, að ökumaður B beri alla sök á tjónsatburðinum, og af hálfu váttryggingafélagsins X, ábyrgðartryggjanda A, er tekið undir það sjónarmið. Af hálfu ökumanns B er svo litið á, að ökumaður A beri alla ábyrgð á tjóninu, en váttryggingafélagið Y, sem ábyrgðartryggir B, hefur látið í ljós þá skoðun, að ökumaður A beri megin sök á tjónsatburðinum. Ekki er ástæða til að rekja frekar rök fyrir þessum sjónarmiðum aðila.

### Álit.

Ökumanni B bar að veita ökumanni A forgang, er hann ók B inn á gatnamótin áleiðis norður Kringlumýrarbraut, og þvert á akbraut A, sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Bar ökumanni B að gefa til kynna, að hann mundi veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Mátti hann því aðeins aka áfram, að það hefði verið unnt án hættu eða óþæginda fyrir ökumann A miðað við, hvar A hefði verið stadd á vegi, hver fjarlægð A hefði verið og hraði, sbr. 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Af gögnum máls verður ráðið, að þessa gætti ökumaður B ekki sem skyldi. Almennt ber að miða ökuhraða við aðstæður með tilliti til öryggis annarra. Sérstök skylda hvílir á ökumönnum að stilla ökuhraða í hóf við vegamót, sbr. c-lið 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Ökumaður B hefur ætíð borið, m.a. skv. lögregluskýrslu, að A hafi verið ekið á miklum hraða í umrætt sinn. Í sömu lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A, að hann geti ekki sagt til um ökuhraða sinn. Ekkert er haft eftir vitninu um ökuhraða A. Gatnamót Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar eru tiltölulega víð og rúmgóð, enda akreinar allmargar í báðar akstursáttir beggja gatnanna. Í skýrslu lögreglu kemur og fram, að umferð hafi verið lítil um það leyti, er tjónsatvikið varð. Ekki tókst þó ökumanni A við þessar aðstæður að komast hjá því að rekast á umferðarljósavitann og valda á honum skemmdum, auk þess sem skemmdir á A urðu svo miklar, að flytja varð A af vettvangi. Í ljósi alls framangreinds verður að líta svo á, að ökumaður A hafi ekki gætt nauðsynlegrar varúðar við akstur sinn. Af gögnum málsins og atvikum að öðru leyti þykir rétt að skipta sök ökumanna A og B að jöfnu.

### Niðurstaða

Ökumaður A ber helming sakar og ökumaður B ber helming sakar.

Reykjavík, 4. júlí 2006

---

Rúnar Guðmundsson

---

Sigmar Ármannsson

---

Jón Magnússon

**Mál nr. 114/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur á bifreiðastæði við Samkaup þann 22.03. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.06. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.06. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðarnar voru staddar á bifreiðastæði við Samkaup. A var að leggja í stæði en B ætlaði að bakka úr næsta stæði við hliðina þegar árekstur varð.

Vátryggingafélag B vísar til tjónstilkynningar þar sem fram kemur sá skilningur ökumanna að B hafi verið kyrrstæð. Félagið telur að leggja skuli alla ábyrgð á ökumann A.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á óhappi þessu, ökumaðurinn hafi ekki gætt 17. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Athygli vekur að á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna kemur fram að ökutæki B hafi verið kyrrstætt við áreksturinn. Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstri þessum.

Reykjavík 4. júlí 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Sigmar Ármannsson lögfr.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr.130 /2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingarfélagið V h.f. vegna sjúkdómatryggingar**

**Ágreiningur um bætur úr sjúkdómatryggingu tjónsdagur þ. 23.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.4.7.2006 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 433/06
3. Bréf V dags. 18.7.2006 ásamt fylgiskjölum 1-12

**Málsatvik.**

M fór fram á bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna kransæðaaðgerðar sem framkvæmd var þ.23.1.2006. Í svari V við bótakröfunni er þess getið að þar sem að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku tryggingarinnar ákveði V að skerða beri bótarétt M úr sjúkdómatryggingu hans um 2/3 hluta. M unir ekki þeirri niðurstöðu og krefst þess að fá fullar bætur úr sjúkdómatryggingu.

**Álit.**

Í umsókn um sjúkdómatryggingu þ.2.4.2003 svaraði M neitandi þeirri spurningu hvort hann hefði reykt eða reykt. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi reykt frá 20 ára aldri og upplýsingar sem M gaf við töku tryggingarinnar voru því ekki réttar. Með hliðsjón af aðstæðum og öllum gögnum málsins þykir M ekki eiga rétt á frekari bótum en V hefur boðið þ.e. að bætur til M verði skertar um 2/3 hluta.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum en boðið hefur verið af V þ.e. félagið fellur niður bætur um 2/3 hluta.

Reykjavík 1.8.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 115/2006

M

og

Vátryggingarfélagið V h.f. vegna slysatryggingar ökumanns

### Ágreiningur um hvort krafa vegna umferðarslyss hafi verið fyrnt slysdagur þ. 13.7.1999.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.6.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 882/05
3. Bréf lögmans M dags. 12.6. 2006 ásamt fylgiskjölum 1-14
4. Bréf V dags. 28. júní 2006.

#### Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni í tveimur umferðarslysum þ.20. júní og 13. júlí 1999 en hún var ökumaður í báðum tilvikum. Í málinu er krafist viðurkenningar á bótakröfu M á hendur V vegna þess tjóns sem hún varð fyrir. Af hálfu lögmans M er málsatvikum lýst með þeim hætti að M hafi haustið 1999 hafið nám við Listaháskólann í Reykjavík og hafi framvinda námsins verið með eðlilegum hætti en hafi haft óþægindi annað slagið þegar hún þurfti að standa lengi við málun en þessi óþægindi hafi ekki verið þess eðlis að kæmi niður á námi hennar eða lífi að öðru leyti. Eftir útskrift úr skólanum vorið 2002 fór M að vinna lagerstörf og var þá nokkuð frá vinnu vegna þess líkamlega eridis sem starfinu fylgdi. M ól barn í maí 2003 og fékk grindargliðnun en eftir fæðingarorlof hóf hún störf að nýju en þurfti að hætta vegna álags og hóf skömmu síðar starf á leikskóla. M leitaði til lögmans í maí 2005 vegna afleiðingar ofangreindra slysa og var aflað matsgerðar sem lá fyrir í ágúst 2005. Í læknisvottorði Guðjóns Baldurssonar dags. 16.4.2005 segir að eftir síðara slysið þ. 13.7.1999 hafi M leitað til slysa- og bráðadeildar og var hún greind með hálstögnun og fékk almennar útskýringar læknis og bækling um hálsþnykk og lyfseðil á bólgueyðandi lyf og M bent á að hún megi reikna með að verða óvinnufær næstu dag en henni uppálagt að halda sínu striki í einkalífi og starfi. Í matsgerð lækna Atla Þórs Ólasonar og Guðmundar Björnssonar segir að engin varanleg mein hafi verið eftir fyrra slysið en hafi hlotið varanlega miska sem metin er 8% og varanlega örorku sem metin er 8% og tekið fram að M hafi ekki getað sinnt erfiðari störfum á lager

Lögmaður M heldur því fram að ekkert liggi fyrir hvenær hafi verið tímabært að meta varanlegar afleiðingar slyssins. Lögmaður M tekur fram að afleiðingar slyssins hafi verið lengi að koma fram og ekki orðið ljósar fyrir en hún kom á almennan vinnumarkað 2002 þegar hún fór að vinna við lagerstörf og hafi M að mati lögmansins ekki haft raunverulega vitneskju um kröfu sína vegna slyssanna fyrir en örorkumat lá fyrir í málinu. Þá vísar lögmaðurinn í dóm Hæstaréttar nr. 276/2003.

Af hálfu V er því haldið fram að bótakröfur vegna slysa M séu fyrndar og hafi þær fyrnst áramótin 2004/2005 með vísan til 99 gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af hálfu V er tekið fram að M hafi leitað til slyshadeildar strax eftir bæði slysin en ekki leitað til læknis að nýju fyrir en á árinu 2004 og í mars 2005 hafi V borist umboð lögmans M og skaðabótakrafa hafi borist þ.12.9.2005. V vísar síðan í úrskurð Tjónanefndar vátryggingafélaganna og dóm Hæstaréttar nr. 392/2004.

**Álit.**

Ágreiningur í máli þessu varðar hvort krafa M sé fyrnd eða ekki. Krafa M er byggð á 13. kafla umferðarlaga en samkvæmt 99. gr umferðarlaga nr. 50/1987 fyrnast allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla laganna á fjórum árum frá lok þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess kost að leita fullnustu hennar. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi ekki haft raunverulega vitneskju um kröfur sínar fyrir en örorkumat lá fyrir og afleiðingar slysanna hafi ekki orðið ljósar fyrir en M kom á vinnumarkað árið 2002. Af hálfu V er því haldið fram að kröfur M vegna slysanna hafi fyrnst um áramótin 2004/2005.

Af gögnum málsins verður ekki séð að M hafi haft vitneskju um hugsanlega kröfu sína fyrir en töluvert eftir að tjónsatburður átti sér stað. Samkvæmt læknisvottorði Guðjóns Baldurssonar sem vísað er til hér að framan vegna slyssins þ.13.7.1999 fékk M einungis almennar leiðbeiningar og miðað við þær ábendingar og leiðbeiningar læknis verður ekki séð að M hafi á þeim tíma mátt gera sér grein fyrir eða haft vitneskju um kröfu sína. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að M hafi ekki haft veruleg óþægindi vegna síðara slyssins fyrir en á árinu 2002 og hafi fyrst þá getað áttað sig á eða fengið vitneskju um kröfu sína. Þegar til þessa er litið er krafa M ekki fyrnd þegar hugsanleg krafa er kynnt V eða skaðabótakrafa er gerð á hendur V með bréfi lögmanns M þ. 12.9.2005.

**Niðurstaða.**

M á rétt á skaðabótum úr hendi V krafa hennar er ekki fyrnd.

Reykjavík 1.8.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 116/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Grundargötu í Grundarfjarðarbæ við Kverná þann 18.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 20.6.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.6.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir götuslóða og beygði áleiðis til vinstri vestur Grundargötu. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið austur Grundargötu fram úr annarri bifreið og rákust þá saman framendi A og hægra framhorn B. Á slóða þeim sem A var ekið eftir hvílir biðskylda gagnvart umferð á Grundargötu. Hámarks hraði á Grundargötu er í lögregluskýrslu sagður vera 50 km á klst. Olíumöl er á götunni og á henni, þar sem áreksturinn varð, er brotin milína. Hemlaför eftir B mældust 27 m. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum.

Ökumaður A kvaðst hafa gefið stefnuljós til vinstri rétt áður en hann kom að gatnamótunum. Hann hafi séð tvær bifreiðir nálgast úr vestri og á fremri bifreiðinni hafi logað stefnummerki til merkis um að ökumaður hennar ætlaði að beygja til suðurs. Hann hafi þá ekið áfram inn á Grundargötu. Þá hafi hann allt í einu séð að aftari bifreiðinni, B, hafi verið ekið yfir á vinstri helming götunnar til að fara fram úr fremri bifreiðinni og hraði hennar jafnframt verið aukinn. Hann hafi þegar stöðvað, en framendi A hafi þá verið rétt kominn yfir miðlínu götunnar.

Ökumaður B kvaðst hafa séð að stefnuljós til hægri hafi logað á bifreiðinni fyrir framan hann. Þegar dregið hafi verið úr hraða þeirrar bifreiðar hafi hann aukið hraðann svo framúraksturinn gengi sem hraðast fyrir sig. Allt í einu hafi hann svo séð A þvert á götunni fyrir framan sig.

**Álit.**

Umferð á Grundargötu hafði forgang gagnvart umferð frá þeim vegi sem A var ekið eftir, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumanni B var því heimilt að aka fram úr bifreiðinni sem á undan fór, enda verður ekki annað séð en skilyrði til framúraksturs hafi að öðru leyti verið fyrir hendi, sbr. d. lið 1. mgr. 22. gr. ufl. Ökumaður A hafði biðskyldu gagnvart umferð á Grundargötu og náði hún einnig til B jafnvel þótt henni hafi verið ekið fram úr annarri bifreið. Þessa skyldu virti ökumaðurinn ekki og á hann því meginsök á árekstrinum. Þegar litið er til hemlafara eftir B og hversu harður áreksturinn varð þykir ljóst að ökumaður B hefur ekið hraðar en heimilt var og aðstæður leyfðu. Á hann einnig nokkra sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 2/3 hluta sakar á ökumann A og 1/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 117/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Miklubraut í Reykjavík þ. 9.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.20.6.2006. ásamt bréfi dags. 29.5.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 454/2006
3. Lögregluskýrsla dags. 9.5.2006 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf ökumanns A dags. 22.5.2006.

**Málsatvik.**

A og B var ekið austur Miklubraut og varð árekstur með bifreiðunum vestan brúarinnar yfir Sæbraut/Reykjanesbraut. Ökumaður A segist hafa ekið á vinstri akrein en vegna þess að umferð fyrir framan sig hægði þá hafi hann beygt til hægri áleiðis yfir á miðakrein en í sömu mund hafi B sem var fyrir framan hann á vinstri akrein einnig beygt yfir á miðakreinina þvert í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segist ekki geta gert sér grein fyrir hvað hafi gerst eða á hvaða akrein hún hafi ekið en hún muni að akrein fyrir framan hana hafi hægt á sér og hafi hún þá ætlað að skipta um akrein en í sömu mund fengið þungt högg aftan á hægri afturhorn B. Ökumaður B getur ekki sagt um ekki hvort hún gaf stefnuljós eða ekki.

**Álit.**

Ekki verður annað séð en B skipti um akrein í umrætt sinn í veg fyrir A og ber B því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök

Reykjavík 1..8.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 137/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B og C  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A  
og  
Vátryggingafélagið V v/D**

**Árekstur Reykjanesbraut, Arnarnesvegur sunnan við, þann 21.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.07. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B og C til nefndarinnar, dags. 31.07. 2006.
4. Bréf vátryggingafélags D til nefndarinnar, dags. 19.07. 2006, ásamt framburði vitnis.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðunum var ekið í sömu átt og var A fremst. Bifreiðunum var ekið aftan á hvora aðra þegar A stöðvaði við rautt umferðarljós.

Lögreglan getur frásagnar sjónarvotts. Efnislega kemur fram að bifreiðarnar sem komu á eftir A hefðu allar lent aftan á hvor annarri. Umræddur sjónarvottur gaf viðbótarfrásögn, sem óþarft er að rekja, en nokkuð ber í milli þeirrar frásagnar og frásagnar í skýrslu lögreglu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ. á m. frumskýrslu lögreglu, virðist enginn ökumanna sem óku á eftir A hafa náð að stöðva sína bifreið í tæka tíð, þeir virðast allir hafa ekið aftan á bifreiðina fyrir framan. Þeir bera ábyrgð á afturtjóni þeirra bifreiða sem þeir óku á og eigin framtjóni.

Ekki er unnt að leggja viðbótarfrásögn sjónarvotts til grundvallar í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Með hliðsjón af framanrituðu ber B ábyrgð á afturtjóni A og eigin framtjóni, C ber ábyrgð á afturtjóni B og eigin framtjóni, D ber ábyrgð á afturtjóni C og eigin framtjóni.

Reykjavík 22. ágúst 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 118/2006**

**M v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins B**

**Skemmdir á bifreið í staði í mars 2006, ágreiningur um tjónvald.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.07. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var lagt í bifreiðastæði. Skemmdir urðu á hlið bifreiðarinnar. M telur að rekja megi skemmdirnar til gröfu í eigu B sem hafði verið við vinnu á þessu svæði.

Í skýrslu lögreglu er m.a. getið skemmda á bifreiðinni og frásagnar móður M sem sá til ferða gröfu í umrætt sinn. Lögreglan ók um hverfið og sá til ferða gröfu. Hafði hún tal af öikumanni hennar. Ökumaðurinn kannaðist við að hafa verið í Skólábæ skömmu áður en hann kannaðist ekki við að hafa rekist utan í A. Lögreglan fór á vettvang með öikumanninum. Fram kemur að ”fór voru eftir gröfuna í snjónum upp á gangstéttinni en voru förin það langt frá bifreiðinni að ólíklegt megi teljast að þessi grafa hafi farið utan í bifreiðina.....Hæðin á dældinni á bifreiðinni er í þeirri hæð að ekkert á þessari gröfu gat rekist utan í bifreiðina þar sem farið hafði verið utan í hægri hliðarspegil og hann lagst aftur að bifreiðinni. Engin för voru í snjónum þá leiðina.”

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann er ósáttur við þá rannsókn sem fram fór. Hann telur að vinnuvél á vegum B hjóti af bera ábyrgð á þeim skemmdum sem urðu ”sama hver grafan var”.

Vátryggingafélagið vísar til skýrslu lögreglu, virðist sem nánast útilokað sé að hin tiltekna vinnuvél hafi ekið utan í bifreiðina. Félagið telur tjónið því ekki bótaskyld.

**Álit.**

Úrskurðarnefndin tekur afstöðu út frá þeim gögnum sem fyrir hana eru lögð.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að ökumaður vinnuvélar, sem getið er í skýrslu lögreglu, hafi valdið skemmdum á A. Ekki er unnt að leggja bótaábyrgð á B fyrir það eitt að líklegt sé að vinnuvél hafi valdið skemmdum á A.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 128/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á hringtorgi á gatnamótum Fjarðarhrauns og Flatahrauns í Hafnarfirði.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.6.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 21.7.2006.

**Málsatvik.**

Þann 19.5.2006 var vörubifreiðunum A og B ekið austur Flatahraun og um hringtorg á gatnamótum Flatahrauns og Fjarðarhrauns. A, sem dró festivagn, var ekið eftir vinstri akrein Flatahrauns og innri hring hringtorgsins. B var ekið eftir hægri akrein Flatahrauns og ytri hring hringtorgsins. Ökumaður A beygði til hægri áleiðis suður Fjarðarhraun við fyrstu gatnamót í hringtorginu. Í sömu andrá var B ekið yfir akreinalínu við gatnamótin í því skyni að aka áfram í ytri hring torgsins og svo áfram austur Flatahraun. Rákust þá saman vinstra framhorn B og hægri hlið festivagnsins sem A dró.

Ökumaður A kvaðst hafa fylgst vel með umferð í kringum sig í útsýnisspeglum bifreiðarinnar. Hann hafi ekki orðið var við ferðir B fyrir en áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa stöðvað við hringtorgið samsíða A sem hafi verið á vinstri akrein. Bifreiðunum hafi svo verið ekið samtímis inn á hringtorgið. Þá hafi A verið beygt strax til hægri í veg fyrir B.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, færa ökutæki sitt í tæka tíð á þá akrein sem lengst er til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri. Þá ber skv. 3. mgr. sömu gr. að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Með því að ökumaður A hugðist beygja til hægri út úr hringtorginu stax við fyrstu gatnamót bar honum samkvæmt framangreindu, og eins og aðstæðum er háttað á umræddu hringtorgi, að velja hægri akrein Flatahrauns og ytri hring hringtorgsins. Undan þessari skyldu varð ekki vikist þrátt fyrir stærð bifreiðarinnar að meðtöldum festivagninum. Með því að á þessu varð alvarlegur misbrestur ber ökumaður A meginsök á árekstrinum. Þótt ökumaður B hafi í reynd ekki þurft að búast við að A yrði beygt til hægri við umrædd gatnamót verður ekki fram hjá því litið að hann ók lítilsháttar yfir akreinalínu og B rakst nokkuð aftarlega í hlið A, þ.e.a.s. í hlið festivagnsins. Hann hefur því ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast. Á hann einnig nokkra sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 2/3 hluta sakar á ökumann A og 1/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 141/2006**

**Ó**

**og**

**X hf. vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar E hf.**

**Vinnuslys 8. desember 2000 á Ísafirði.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. júlí 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. dags. 11. ágúst 2006.

**Málsatvik.**

Ó varð fyrir slysi við vinnu í lok árs 2000. Engin tilkynning barst lögreglu á þeim tíma og var slysið fyrst rannsakað í byrjun árs 2006. Ó telur vinnuveitanda bera ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir þar sem vinnuaðstæður hafi verið óviðunandi. Tryggingafélagið telur Ó sjálfan bera ábyrgð á slysinu enda hafi hann áratuga starfsreynslu hjá vinnuveitanda við lestun og losun flutningaskipa, en við slíkt verk hafi slysið orðið. Hann hafi mátt gera sér grein fyrir að tvo menn þyrfti til verksins og hafi ekki þurft sérstök fyrirmæli frá yfirmanni um það hvernig hann ætti að haga starfinu. Hann hafi getað leitað til samstarfsmanna teldi hann sig þurfa á slíkri aðstoð að halda.

**Álit.**

Af gögnum málsins liggur fyrir að Ó hafði áralanga reynslu af framkvæmd verksins og vann hann mikið sjálfstætt fyrir vinnuveitanda. Ekkert í gögnum málsins bendir til að starfsaðstaða Ó við verkið hafi verið óviðunandi. Ó gat leitað til samstarfsmanna ef hann taldi sig þurfa á mönnum að halda til aðstoðar, en gerði ekki. Vinnuveitandi telst ekki bera sök á slysinu.

**Niðurstaða.**

Tjón Ó bætist ekki úr frjálstri ábyrgðartryggingu E hf.

Reykjavík, 29. ágúst 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 119/2006**

**C  
og  
vátryggingafélagið X vegna A og  
vátryggingafélagið Y vegna B**

**Árekstur á Njarðarbraut í Keflavík 10. febrúar 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. júní 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Ys. 4. júlí 2006.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu kemur fram að bifreiðin A hafi ekið eftir Njarðarbraut og tók síðan U-beygju til vinstri. Bifreiðin B hafi þá lent aftan á A. Tryggingafélag B telur ekki að leggja eigi alla sök á B.

**Álit.**

Af gögnum málsins liggur fyrir að B ók aftan á A er A tók U beygju til vinstri þar sem slík beygja er heimil.

**Niðurstaða.**

Öll sök á B.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 136/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v A og**  
**Vátryggingafélagið U h.f. v B**

**Árekstur bifreiða í Laufengi í Reykjavík þ. 25.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.7.2006 ásamt yfirlýsingu ökumanns A
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 501/06
3. Tjónaskýrsla dags. 25.5.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 22.6. og 30.7.2006
5. Bréf U dags. 25.7.2006.

**Málsatvik.**

A og B var ekið eftir Laufengi í Reykjavík í sömu akstursstefnu og ók B á eftir A. A beygði inn að innkeyrslu en þá var B að aka fram úr A hægra megin og varð árekstur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ekið hægt eftir Laufengi í umrætt sinn og ætlað að taka hægri beygju og gefið stefnuljós til hægri en B hafi notfært sér breiða innkeyrslu að fjölbýlishúsum þeim sem A hugðist bygja að til að aka fram úr A hægra megin. Ökumaður B segir að A hafi ekki gefið nein stefnumerki og sveigt út í kant vinstra megin eins og hann ætlaði að hleypa B fram úr en þegar B hafi verið komin upp að afturenda A þá hafi A skyndilega sveigt í veg fyrir B og árekstur orðið.

**Álit.**

Ekki voru aðstæður til framúraksturs þar sem ökumaður B ákvað að aka fram úr A. Á afstöðumynd á vettvangi á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna kemur fram að A fór ekki yfir miðlínu vegar í umrætt sinn. Ökumanni B var óheimilt að aka fram úr A í umrætt sinn auk þess sem ekki voru aðstæður til framúraksturs eins og á stóð. Ökumaður B ber því sök á árekstrinum. Miðað við aðstæður er ekki forsenda til sakarskiptingar og ber B því alla sök. Nefndin skoðaði vettvang.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 22.8.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 132/2006

M

og

### Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar

#### Ágreiningur um réttarstöðu í kjölfar laseraðgerðar í andliti árið 2003

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 07.07. 2006, ásamt fylgiskjölum þ.á m. samskipti aðila og vottorð.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M brann í andliti þegar hún gekkst undir lasergeislameðferð á læknaðstöð lýtalæknis. M kveðst hafa farið í meðferðina að frumkvæði viðkomandi læknis en hún var gerð í því skyni að laga misfellur í húð sem komu í ljós eftir andlitslyftingu sem sami læknir hafði gert.

Á myndum sem teknar voru á andliti M fimm dögum eftir aðgerðina má sjá að M hlaut ”talsverðan bruna í kinnum, á hálsi og í kringum munn...” Aðgerðin var framkvæmd í ágúst 2003 og í vottorði viðkomandi læknis kemur fram að hann gerir ”ráð fyrir því að M muni ná sér að fullu...” sbr. nánar gögn máls þessa.

Vátryggingafélagið vísar til þess að í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er tilgreint til hvaða tjonstilvika lögin taki. 1. töluliður 2. gr. lýtur að því hvort rétt hafi verið staðið að læknaaðgerð. Félagið telur að ekkert í þessu máli bendi til annars en að rétt hafi verið staðið að lasermeðferðinni og því komi bætur skv. 1. tl. ekki til greina. Félagið telur að 2. og 3. tl. sömu greinar eigi ekki við því ekkert bendi til að bilum eða galli hafi verið í tæki eða áhöldum eða að aðgerðin hafi ekki verið vel hagað eða í samræmi við þekkingu eða reynslu. 4. tl. sömu greinar tekur til heilsutjóns sem fellur ekki undir 1. – 3. tl. sömu greinar sem ósanngjarnt sé að sjúklingar þoli bótalest að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem fram koma í nefndum 4. tl. þ.á m. að líta skuli til þess hve tjónið er mikið og hvort eða að hve miklu leyti mátti gera ráð fyrir að hætta væri af slíku tjóni.

Vátryggingafélagið vísar til þess að læknar sem skoðað hafi M eftir aðgerðina séu sammála um að rendur sem mynduðust eftir aðgerðina hafi átt að hverfa með tímanum, ”bæði lýtalæknir og húðsjúkdómalæknir. Ástæða þess að litabreytingar hurfu ekki með tímanum hefur ekki verið leidd í ljós”. Félagið vísar til þess að M hafi farið í 4 meðferðir. Þrjár fyrstu sem framkvæmdar voru í janúar – mars 2003 gengu vel og virtust skila árangri. Líkleg skýring á aukaverkunum eftir síðustu aðgerðina telur félagið vera þá að M hafi fyrir aðgerðina verið í sól og byrjuð að fá lit í andlit en í leiðbeiningum fyrir meðferð og í bæklingum sem afhendir eru fyrir aðgerð kemur fram að forðast skuli sólböð bæði fyrir, meðan á aðgerð stendur svo og eftir meðferð. Forðast skuli sólböð næsta hálfu árið eftir meðferð. Félagið telur að svo virðist sem M hafi ekki farið eftir þessu. M hafnar því að hafa stundað sólböð eða annað slíkt eftir meðferðina. Félagið lætur þess m.a. getið í bréfi, dags. 27.07. sl., til nefndarinnar að ”þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir félagsins hefur ekki borist ný ljósmynd eða læknafræðileg úttekt á því hvert ástand tjonþola sé í dag, en slíkt hlýtur að skipta máli varðandi mat á alvarleika afleiðinga við sanngirnismat skv. 4. tl.” Félagið telur að ekki verði annað ráðið af læknafræðilegum gögnum í málinu en að tjonþoli eigi ekki að verða fyrir varanlegum skaða. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tjon hafi hlotist af meðferðinni og ef svo er hvort leiðbeiningum fyrirtækisins hafi verið fylgt. Að virtum gögnum málsins telur félagið að ekki hafi verið sýnt fram á greiðsluskyldu úr sjúklingatryggingu.



M telur að ekki sé hægt á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja að draga þá ályktun að félagið sé ekki bótaskyld vegna þess tjóns sem hún telur að orðið hafi. M kveðst enn, tæpum þremur árum síðar, bera merki þess í andliti að hafa brunnið í lasermeðferðinni. Ör í andliti og hálsi komi einkum í ljós þegar sól skín á andlit M.

**Álit.**

Takmörkuð gögn máls þessa sýna ekki fram á að skilyrði bótaábyrgðar séu fyrir hendi samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu.

Ekki liggja fyrir í gögnum máls þessa ítarlegar læknisfræðilegar upplýsingar um ástand M í dag. Fyrirliggjandi læknisvottorð, dags. 20.01. 2005, gefur takmarkaðar upplýsingar um stöðu máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á stofnun bótaábyrgðar í máli þessu.

Reykjavík 1. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 129/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verslunar**

**Líkamsmeiðsl er viðskiptavinur verslunar hrasaði þann 16.12. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 04.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var stödd í grænmetisdeild matvöruverslunar er hún mun hafa stigið á leifar af ávexti eða grænmeti á gólfinu með þeim afleiðingum að hún féll og slasaðist.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi.

Vátryggingafélagið telur ósannað að slysið megi rekja til sakanæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka, vanræsklu við þrif eða sagnæms vanbúnaðar að öðru leyti. Ógerlegt sé að afstýra því að matvara eða vökvi geti borist á gólf verslunar sbr. nánar umfjöllun félagsins sem óþarft er að geta.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að skilyrði um stofnun skaðabótaábyrgðar vátryggingartaka séu fyrir hendi. Hér virðist hafa verið um óhapp að ræða sem vátryggingartaki ber ekki ábyrgð á. Óhapp þetta virðist ekki megi rekja til sakanæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Þegar viðskiptavinur gengur um grænmetisdeild matvöruverslunar verður hann að gera ráð fyrir þeim möguleika að ávextir geti fallið á gólf verslunarinnar og valdið hættu ef ekki er varlega farið.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á stofnun bótaábyrgðar í máli þessu.

Reykjavík 1. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 131/2006**

**R  
og  
Tryggingafélagið X vegna  
frjálsrar ábyrgðartryggingar hjúkrunarheimilisins Y**

**Vinnuslys 3. júní 2002.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. júlí 2006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

R fór með matarafanga frá morgunmat niður í aðaleldhús hjúkrunarheimilisins Y. Hún segist hafa tekið eftir einhverju á gólfinu fyrir framan kæliklefann en ekki hugsað meira um það, gekk innar í eldhúsið og sótti djús. Þegar hún gekk tilbaka framhjá kælinum steig hún í eitthvað, skrikaði fótur og datt. R telur að ófullnægjandi þrif hafi valdið því að henni skrikaði fótur um matarafanga á gólfinu og á því beri hjúkrunarheimilið ábyrgð.

**Álit.**

Í gögnum málsins kemur fram að R veitti því athygli að eitthvað var á gólfinu án þess að hirða um að taka það upp af því. Síðar skrikaði henni fótur um það sem á gólfinu var. Ekkert í gögnum málsins bendir til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna hjúkrunarheimilisins, ófullnægjandi þrifa eða brota á lögum.

**Niðurstaða.**

Tjónið bætist ekki úr ábyrgðartryggingu hjúkrunarheimilisins Y.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 138/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X**

**Ágreiningur um ábyrgð vegna tjóns á hurð fyrir innkeyrsludryrum.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 17.7.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.7.2006.

**Málsatvik.**

Þann 3.1.2005 var bifreið, sem vátryggð er hjá Vátryggingafélaginu X, ekið á hurð fyrir innkeyrsludryrum að lagerhúsnæði verslana í verslunarmiðstöð M. Tveimur dögum síðar var A, er rak sérhæft fyrirtæki í viðgerð og uppsetningu bílskúrshurða og skyldra hurða, fenginn að tilhlutan X til að gera við hurðina. Með bréfi lögmanns M til X, dags. 15.3.2006, var kvartað undan viðgerðinni og talið að henni hafi að ýmsu leyti verið ábótavant. Var þess farið á leit við X að ástand hurðarinnar yrði metið með tilliti til þess tjóns sem varð á henni við áreksturinn og bætt yrði úr því sem enn taldist óviðgert.

X kvað A hafa á sínum tíma lagfært tjónið og greitt honum að fullu fyrir viðgerðina samkvæmt reikningi. Kvartað sé yfir ástandi hurðarinnar þegar meira en ár er liðið frá því viðgerðinni lauk. Margt geti gerst á þeim tíma og erfitt að segja nú hvort einhverjar bilanir í hurðinni mega rekja til atviksins í janúar 2005. Hafnaði X frekari bótageiðslum og bar einnig fyrir sig 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

M undi ekki afstöðu X til bótaskyldu og skaut málinu til úrskurðarnefndar, þar sem gerð er sú krafa að X “bæti umrætt tjón að fullu, á grundvelli þess að fullnægjandi bætur hafi ekki fengist með fyrrnefndri viðgerð.” Fyrir liggur yfirlýsing frá hurðþjónustunni B, sem virðist hafa annast upphaflega uppsetningu hurðarinnar. Í yfirlýsingu þessari segir m.a. að efri hluti á efri braut sé ónýtur “eftir að tryggingar sendu mann í “viðgerð” á hurð eftir tjón.” Hafi viðgerðin falist í að skera sundur brautina á nokkrum stöðum sem hafi leitt til þess að hurðin hafi keyrt út úr á þessum stöðum á brautinni þegar frá leið. Má skilja á yfirlýsingunni að viðgerð hafi ekki átt að framkvæma með þeim hætti sem hér er lýst. Ennfremur eru í yfirlýsingunni tilgreind til viðbótar nokkur atriði um ófullnægjandi viðgerð á hurðinni að álitu B. Þá liggja fyrir í málinu þrjár reikningar frá B, samtals að fjárhæð 1.098.622 krónur, vegna viðgerðar á hurðinni.

X ítrekaði höfnun sína á frekari bótaskyldu og kvað allmikið álag vera á hurðinni vegna mikillar umferðar um dyrnar og ósannað sé að orsakasamband sé milli atviksins í byrjun árs 2005 og þess að hurðin bilar meira en ári síðar. Þá beri félagið ekki ábyrgð á tilgreindum sjálfstæðum viðgerðarmönnum sem hafa fagréttindi til sinna starfa.

**Álit.**

Í málinu er ekki um það deilt að X ber að bæta það tjón sem hlaust við áakstur á hurðina þann 5.1.2005. A var á sínum tíma að tilhlutan X fenginn til að gera við hurðina. Hjá því verður ekki komist, sbr. m.a. Hrd. 1983 bls. 1779, að X beri ábyrgð á því að gert hafi verið við hurðina með fullnægjandi hætti. Ekki liggur fyrir að M hafi kvartað undan núverandi ástandi hurðarinnar við

X fyrr en með bréfi lögmanns M í mars síðastliðnum. Yfirlýsingar B um ástand hurðarinnar var aflað einhliða af hálfu M. Öðrum sönnunargögnum er ekki til að dreifa í málinu um að ástand hurðarinnar nú verði verði rakið til óviðunandi viðgerðar af hálfu A. Gegn mótmælum X verður því ekki talið nægilega sannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að ástand hurðarinnar verði rakið til þess að viðgerð sú sem A framkvæmdi í janúar 2005 hafi verið ófullnægjandi eða áfátt að öðru leyti. Við svo búið verður ekki talið að M eigi frekari rétt til bóta úr hendi X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til frekari bóta úr hendi X.

Reykjavík, 22. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 142/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X**

**Ágreiningur um greiðslu bóta úr kaskótryggingu bifreiðar.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 20.7.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.7.2006.

**Málsatvik.**

Aðfaranótt 25.6.2006 var bifreiðinni A í eigu M ekið á steiptan kant, umferðarskilti og grindverk við tiltekna götu í sveitarfélaginu S. Samkvæmt lögregluskýrslu varð mikið sjáanlegt tjón á A. Er lögregla kom á vettvang hafði ökumaður A horfið á braut. M kom hins vegar á vettvang skömmu síðar. Hún gat enga skýringu gefið á umferðaróhappinu eða þeim skemmdum sem höfðu orðið á A, né hver hefði ekið bifreiðinni. Kvaðst M hafa verið á balli í öðru sveitarfélagi um nóttina og hafi A verið notuð til að aka þangað og aftur til baka. Að því loknu hafi bifreiðin verið skilin eftir fyrir utan tiltekið hús í S um klukkan 4 um nóttina.

B, ökumaður A í umrætt sinn, mun hafa gefið sig fram við lögreglu. Kvaðst hann hafa haft bifreiðina í láni hjá M og því haft leyfi til að nota hana. Hafi hann ekið eftir Klausturvegi og er hann kom að beygju á veginum hafi hann misst hægri framhjólbarda út fyrir veginn, en sveigt bifreiðinni aftur inn á veginn. Við það byrjaði bifreiðin að rása og hafi hann misst stjórn á henni með þeim afleiðingum að hún snérist og lenti á umferðarskiltinu og grindverkinu. Við atvikið hafi hann fengið sjokk og hlaupið heim til sín, en ákveðið svo að gefa sig fram við lögreglu. Við rannsókn málsins kom í ljós að B hafði útrunnin ökuréttindi.

A var kaskótryggð hjá Vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingunni. Í málskoti kemur fram að B hafi ekið bifreiðinni án þess að hafa fengið til þess leyfi umrædda nótt. B og M bjuggu á sama stað ásamt fleira samstarfsfólki tiltekins vinnustaðar í S. M hafði á sínum tíma sagt samstarfs- og sambúðarfólki sínu að það mætti nota A innanbæjar þegar það þyrfti með þeirri eðlilegu forsendu að umræddir aðilar væru með gild ökuréttindi. Taldi M að samstarfsfólk sitt væri með gild réttindi, þar á meðal B, sem hafi komið akandi frá Reykjavík til vinnu sinnar í S á sinni eigin bifreið og hafi hann ekið til vinnu á hverjum degi.

X hafnaði bótaskyldu og bar því við að B, ökumaður A í umrætt sinn, hafði ekki ökuréttindi og hegðan hans í kjölfar óhappsins hafi ekki virkað traustvekjandi um eðlilega hæfni til að bera ábyrgð á akstri ökutækis. Af hálfu B hafi því verið brotin varúðarregla í gr. 19.5 í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda, en þar sé tiltekið að ökumaður skuli hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi. Eins og fram komi í málskoti hafi M gefið ótilgreindum aðilum óvenju víðtæka heimild til að nota A. Því sé X heimilt að bera fyrir sig a. lið 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.) og samsama í tilviki þessu hegðun B við M, sbr. og gr. 23.2 í skilmálum.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki annað ráðið en báðir aðilar miði við að sú tjónsorsök sem bótaskylda X kunni að byggjast á sé akstur A á steiptan kant, umferðarskilti og grindverk, sbr. gr. 4.1 í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda, en ekki að bifreiðinni hafi verið stolið eða tilraun gerð til að stela því, sbr. gr. 4.1. Hins vegar lúti ágreiningsefnið að því hvort X geti hafnað bótaskyldu sökum þess að B hafi ekið A í umrætt sinn án þess að hafa tilskilin réttindi til

að stjórná ökutækinu og með því brotið varúðarreglu í gr. 19.5 í skilmálunum og hvort heimild til samsömunar M við háttsemi B að þessu leyti verði leidd af ákvæðum 29. gr. vsl.

Varúðarregla sú sem mælt er fyrir um í gr. 19.5 í skilmálum hljóðar svo: “Vátryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.” Fyrir liggur í málinu og er óumdeilt að ökuréttindi B voru útrunnin þegar óhappið varð. Hann hafði því ekki tilskilin réttindi til að aka A. Í 26. gr. vsl. er kveðið á um það að félagið geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Í máli því sem hér er til umfjöllunar er ekki um það að ræða að M hafi brotið fyrrgreinda varúðarreglu. Hún verður því aðeins látin þola samsömun að slíkt verði heimilað samkvæmt reglum 29. gr. vsl.

Í 1. mgr. 29. gr. vsl. er mælt fyrir um það að í vátryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er óheimilt að semja með þeim hætti að vátryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl. Samkvæmt a. lið 2. mgr. sömu gr. má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., semja svo um að við vátryggingu ökutækja megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Í athugasemdum með lagafrumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 segir um 29. gr. að heimild a. liðar 2. mgr. til að semja um samsömun sé látin ná til manns sem með samþykki vátryggðs sé ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Hér þurfi að koma til að vátryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins vátryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið vátryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða.

Þegar horft er til þess hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt samkvæmt athugasemdum með lagafrumvarpinu til að ökumaður teljist vera ábyrgur fyrir ökutæki þannig að félaginu sé heimilt að áskilja sér rétt til að vátryggður verði að þola skerðingu eða brottfall bóta vegna háttsemi þriðja manns, verður að telja að B hafi ekki haft slík umráð yfir A að X verði í tilviki þessu talið heimilt að skerða rétt M til bóta úr kaskótryggingu A. Ekki hefur verið sýnt fram á samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að atvik máls að öðru leyti eigi að leiða til þess að bótaréttur M eigi að skerðast eða falla niður.

#### Niðurstaða.

M á rétt til húftryggingarbóta úr hendi X vegna tjóns á bifreiðinni A.

Reykjavík, 22. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 140/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag 1 v A og**  
**Vátryggingarfélag 2 v B**

**Árekstur bifreiða í Hafnargötu í Keflavík þ. 2.6.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.7.06
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 499/05
3. Lögregluskýrsla dags. 2.6.2005.
4. Bréf Vátryggingafélags 1 dags. 23. og 26.6.2006.
5. Bréf Vátryggingafélags 2 dags. 14.8.2006.

**Málsatvik.**

A var ekið suður Hafnargötu í Keflavík og rakst vinstri hliðarspegill í opna vinstri afturhurð B sem skekkist við ákomuna. Kona stóð við opnu hurðina og var að losa barn úr burðarstól í aftursæti B. Ökumaður A segir að skyndilega hafi verið opnuð hurð bifreiðar sem var kyrrstæði í hægri vegarkanti en A hafi verið ekið á hægri ferð. Ökumaður A segist hafa verið að mæta bifreið og bifreiðum verið lagt beggja vegna götunnar. Ökumaður B segist hafa verið búin að opna hurðina og verið að fara að teygja sig inn í bifreiðina þegar árekstur varð. Vitni að atvikinu var á gangstétt austan Hafnargötunnar skammt frá vettvangi segir að kona hafi staðið við opna vinstri afturhurð og verið að teygja sig inn í bifreiðina þegar A kom akandi og rakst á hurðina á kyrrstæðu bifreiðinni þ.e. B

**Álit.**

Í umrætt sinn ók A á opna afturhurð bifreiðar sem var kyrrstæð. Samkvæmt framburði ökumanns B og vitnis að atburðinum þá var hurðin búin að vera opin einhvern tíma þegar A ók á hana. Ökumaður A gætir því ekki nægilegrar varkárni þegar hún ekur framhjá kyrrstæðri bifreið með opna afturhurð og hafa eðlilegt bil á milli bifreiðanna við framúraksturinn. A ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík .29.8.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 143/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag 1 v. A og**  
**Vátryggingafélag 2 v. B**

**Árekstur bifreiða á Reykjanesvegi þ. 14.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 25.7.2006. ásamt rökstuðningi og greinargerð
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 160/06
3. Tjónaskýrsla dags. 14.1.2006
4. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags 2. og 14. 8.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segir að B hafi gefið ljósmerki um að vilja komast framúr A og hafi hann því hægt ferðina og B ekið framúr. Augnabliki síðar hafi B snarsnúist á veginum í snjóskafli sem hefði myndast og endað þversum á veginum og A ekið á B þar sem að þetta hefði gerst svo snöggt að ökumaður A gat ekki stöðvað A. Ökumaður B segir að hann hafi ekið framúr A og verið kominn 400 metra fram úr bifreiðinni þegar hann lenti á skafli á veginum og B snúist og telur ökumaður B að ökumaður A hafi ekið of hratt og þess vegna ekki náð að stöðva. Ökumaður B segir að ökutæki A hafi verið ekið hægt eða á 30-40 km. hraða.

**Álit.**

Að því er ráðið verður af lýsingu ökumanna þá lendir B í snjóskafli fljótlega eftir að B ekur fram úr A og snarsnúist við það á veginum. Ökumaður B tók ákvörðun um framúrakstur þó skilyrði hafi ekki verið fyrir hendi og B snúist á veginum fljótlega eftir að B er ekið fram úr A. Ekki verður séð miðað við lýsingu ökumanna og þeim ökuhraða sem ökumenn bera að A hafi ekið á að ökumaður A hafi átt þess kost að koma í veg fyrir árekstur við þessar aðstæður eða ekið með þeim hætti að sök verði á hann felld. B ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík . 29.8.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 150/2006**

**H  
og  
X hf. vegna ábyrgðartryggingar K hf.**

**Tjón á fé og fjárhúsgólfi 9. desember 2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. ágúst 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 14. ágúst 2006.

**Málsatvik.**

Gólf í fjárhúsum H gáfu sig 9. desember 2004 með þeim afleiðingum að hundrað fjár auk manns sem var að gefa fénu féllu ofan í haughús undir gólfinu. Allmargt fjár drapst. H taldi að við vinnu starfsmanna K við að moka skít úr haughúsinu rúmlega hálfum mánuði áður hefði skotbómulyftari í eigu K rekist upp í dyr haughússins og haft áhrif á styrk fjárhúsgólfsins. Rannsókn leiddi í ljós að burðarvirki fjárhúsgólfsins var ekki samkvæmt teikningum. Þá reyndust gólfbitar bognir eftir álag en gólfið var liðlega aldarfjórðungsgamalt á tjónsdegi. Búið var að einhverju leyti að skipta um gólfbita, annars staðar en þar sem gólfið hrundi.

**Álit.**

Í gögnum málsins kemur fram að burðarvirki fjárhúsgólfsins var ekki samkvæmt teikningum. Þá sýna gögn málsins ekki fram á orsakatengsl milli þess að skotbómulyftari í eigu K rakst upp í dyr haughússins liðlega hálfum mánuði fyrir hrun fjárhúsgólfsins og hruns gólfsins.

**Niðurstaða.**

Tjón H vegna fjár og fjárhúsgólfs verður ekki bætt úr ábyrgðartryggingu K.

Reykjavík, 12. september 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 144/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur við Staðarskála 23.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 28.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 31.07. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 11.08. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið inn á bifreiðastæðið (planið) en B var ekið af stað áleiðis út af planinu.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hafi ekki hugað að því sem framundan var er hann ók af stað. Félagið hafnar því að A hafi tekið þrönga vinstri beygju inn á planið. Ekki megi draga ályktun um þrönga vinstri beygju út frá "villandi mynd tjónstilkynningar af aðstæðum sem gefa ekki rétta mynd af afstöðu ökutækjanna".

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A hafi ekið óvarlega inn á planið og í veg fyrir B. Það telur að ökumaður B hafi tekið of þrönga vinstri beygju.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að huga ekki nægjanlega að því sem framundan var sbr. frásögn ökumannsins um að "...á leið minni að gatnamótunum lít ég út á veg til hægri og sé þar bíl A sem er nýbúinn að beygja af þjóðvegi 1. Ég gef þeim bíl ekki mikinn gaum og held áfram að lulla að innkeyrslunni og lít nú eftir veginum í hina áttina. Í sömu andrá og ég ætla að líta aftur til hægri (og nú kominn í innkeyrsluna) þá sé ég ökutæki A skjótast fyrir framan mig...." Umráedd frásögn styður sjónarmið ökumanns A þess efnis að ökumaður B hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. ágúst 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 145/2006**

**ogG**

**Y hf. vegna slysatryggingar ökumanns**

**Bílslys 8. september 1999.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. júlí 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y hf. dags. 11. ágúst 2006.

**Málsatvik.**

Keyrt var aftan á bifreið sem G ók 8. september 1999. Við slysið fékk G verulegt högg á háls- og baksvæði. Tryggingafélagið og lögmaður V báðu sameiginlega um mat á G með matsbeiðni dags. 12. júlí 2005. Matsgerð lækna er dags. 1. september 2005. Var þar talið að stöðugleikapunktur teldist vera 8. janúar 2000. Í kjölfarið svaraði tryggingafélagið bótakröfu G vegna afleiðinga tjónsins sem hún varð fyrir með því að fyrningarfrestur hefði byrjað að líða skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 í lok þess almanaksárs sem tímabært var að meta afleiðingar slyssins. Tjón G væri fyrnt sbr. niðurstöðu matsgerðar og hefði fyrningarfrestur byrjað að líða í lok árs 2000.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að G og tryggingafélagið hafi ekki talið tímabært að meta afleiðingar slyssins fyrr en með framlagningu sameiginlegrar matsbeiðni dags. 12. júlí 2005. Ekkert kemur fram í gögnum málsins um að tryggingafélagið hafi knúið á um að mat færi fyrr fram en þá. Miðað við túlkun tryggingafélagsins sem byggir á mati því, sem barst skv. matsbeiðninni, var krafa G fyrnd þegar matsbeiðnin var lögð fram. Enginn fyrirvari um þá afstöðu félagsins kemur fram í matsbeiðninni, sem þó hefði verið eðlilegt, hafi tryggingafélagið strax á þeim tíma talið kröfu G fyrnda. Telja verður að fyrningarfrestur kröfu G hafi fyrst byrjað að líða í lok árs 2005, þ.e. þess árs sem matsbeiðnin var lögð fram, án tillits til þess hver var niðurstaða matsgerðarinnar um stöðugleikapunkt. Telst sú niðurstaða í samræmi við ákvæði 99. gr. ufl. enda hvergi í gögnum málsins því haldið fram að G hafi átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar fyrr en með framlagningu sameiginlegrar matsbeiðni 12. júlí 2005.

**Niðurstaða.**

Krafa G til greiðslu bóta úr slysatryggingu ökumanns vegna slyss 8. janúar 2000 telst ekki fyrnd.

Reykjavík, 29. ágúst 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 146/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Smiðjuvegi 15.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 31.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.08. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.08. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Árekstur varð með bifreiðunum þar sem þeim var ekið um Smiðjuveg. Álitaefnið er hvor átti að víkja.

Vátryggingafélag B telur að B hafi verið ekið um skráða húsagötu sem staðfest sé af bæjaryfirvöldum. Vegna þessa hafi A átt að víkja fyrir B þegar bifreiðarnar mættust.

Vátryggingafélag A telur að á þessum staði gildi almennur umferðarréttur þar sem um opið svæði sé að ræða, bifreiðastæði og aðkeyrslur að fyrirtækjum sem þarna eru. Útilokað sé fyrir vegfarendur að vita að um húsagötu sé að ræða. Félagið telur því að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þ. á m. staðfestingu bæjaryfirvalda á því að B hafi verið ekið um húsagötu, ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að víkja ekki fyrir B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 22. ágúst 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 151/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Strandvegi þann 22.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 08.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 21.08. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18.08. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið norður Strandveg og var A á undan B. Ökumaður A hugðist taka U-beygju þegar B var ekið aftan á bifreiðina. Ökumaður A telur að ökumaður B hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var og að heimilt sé að taka U-beygju á þessum stað. Vátryggingafélag bifreiðarinnar tekur undir með M. Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann tekur U-beygju á miðjum vegi þar sem slíkt sé bannað.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir að draga óvarlega úr ökuhraða vegna fyrirhugaðrar U-beygju á stað þar sem ekki er ætlast til að slík beygja sé tekin samkvæmt yfirborðsmerkingum. Ökumaðurinn gætti ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á eftir kom og skapaði hættu fyrir umferðina. Ökumaður B ber nokkra ábyrgð á árekstrinum. Hann hugði ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór og ók því á A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 12. september 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 147/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið(V) vegna óvátryggðs vélsleða A**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns ökumanns óvátryggðs ökutækis þ. 21.4.2000**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.8.2006. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 9.8.2006

**Málsatvik.**

M ók óvátryggðum vélsleða A fram af snjóhengju með þeim afleiðingum að ökumaður slasaðist. Vélsleðinn var óvátryggður og er ágreiningur um réttarstöðu ökumanns. Lögmaður M gerir kröfu til að M fái bætur frá V á grundvelli 1.mgr. 94 gr umferðarlaga sbr 1 og 4 grein reglugerðar nr.392/2003 vegna líkamstjóns sem M varð fyrir þ.21.4.2000 í ökutækinu A. V hafnar bótaskyldu og bendir á reglugerð nr. 556/1993 en þar komi fram að ökumaður óvátryggðs ökutækis eignist engan rétt á hendur V og geti ökumaður sem sjálfur veldur tjóni aldrei öðlast bótarétt frá V úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækisins. Þá vísar V til reglugerðar nr. 392/2003 sem hafi leyst af hólmi eldri reglugerð nr. 556/1993 og bendir V á að skv.reglugerðinni nr. 392/2003 komi skýrt fram að tjón ökumanns óvátryggðs ökumanns falli ekki á V.

**Álit.**

Eins og að ofan greinir þá var A óvátryggður. Samkvæmt þeim reglum sem gilda um bótarétt ökumanna óvátryggðra ökutækja þá á M ekki kröfu um bætur á hendur V úr lögboðinni ábyrgðartryggingu umrædds ökutækis í því tilviki sem hér um ræðir þar sem ekki er á það fallist að ökumaður óvátryggðs vélsleða eigi bótarétt vegna slysatryggingar ökumanns.

**Niðurstaða.**

Tjónið er ekki bótaskyld.

Reykjavík 12.9.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 149/2006**

**K, f.h. sonar síns, S,  
og  
vátryggingafélagið X  
vegna sjúklingatryggingar Y**

**Krafa um viðurkenningu á bótarétti úr sjúklingatryggingu vegna mistaka við lækni meðferð  
á árinu 2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 02.08. 2006 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar, dags. 21.08. 2006.

**Málsatvik.**

Málskotsaðili leitaði vegna sonar síns, S, sem fæddur er árið 1993, til læknis hjá Y á árinu 2003 vegna veikinda í eyra. Málskotsaðili telur að mistök við lækni meðferð sonar síns hafi valdið heyrnarleysi S. Tilvikið sé bótaskyldt úr sjúklingatryggingu Y hjá vátryggingafélaginu X aðallega á grundvelli 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, en til vara á grundvelli 4. tölul. 2. gr. sömu laga. Af hálfu X er því hafnað að bótaréttur sé fyrir hendi úr sjúklingatryggingunni.

Nánari atvik máls eru þau, að S fékk eyrnabólgu er hann var á ferðalagi með foreldrum sínum í útlöndum í júlímánuði 2003. Var þá leitað strax til læknis þar, og S gefið sýklalyf við eyrnabólgunni. Þann 5. ágúst 2003 var leitað til læknis hjá Y. Við skoðun kom í ljós, að sýking hefði verið í eyranu en ekki voru merki um viðvarandi eyrnabólgu. Önnur heimsókn S til læknis Y var þann 12. september 2003. Var hann þá með bráða eyrnabólgu, og settur á m.a. sýklalyf. Þriðja heimsókn S til læknis Y var viku síðar, eða þann 19. september 2003, en þann dag hafði endurkoma hans verið ákveðin. Ekki voru þá merki um bráðasýkingu að mati læknisins. Fjórða heimsókn S til læknis Y var þann 28. október 2003. Voru þá merki um verulegar bólgur í eyra og útferð, sem hefði hafist fyrir 5 dögum. Var þá sýni tekið og mælt fyrir um töku sýklalyfs. Jafnframt var málskotsaðila ráðlagt að leita með son sinn til sérfræðings, þ.e. háls-, nef- og eyrnalæknis. Þann 18. nóvember 2003 skoðaði sérfræðingur S. Var S þá skv. greinargerð sérfræðingsins með leka úr vinstri hlust og var greindur með stóran ofholdgunarsepa frá hljóðhimnu. Hafi hann sett S á staðbundna meðferð með dropum, sem hefði haft lítið að segja. Það hafi leitt til skoðunar í svæfingu þann 11. desember 2003, þar sem stór sepi hafi verið fjarlægður frá vinstri hljóðhimnu, og hafi hann komið frá miðeyra í gegnum hljóðhimnuna. Í framhaldi af þessu var S sendur í tölvusneiðmynd af miðeyra og svonefndu stíkilssvæði, sem gaf tilefni til enn frekari rannsóknar. Í kjölfarið, þann 26. janúar 2004,



var hann tekinn til aðgerðar og frekari skoðunar. Kom þá í ljós svonefnt hýðishyrni í miðeyra, og að heyrnarbein hafi eyðst. Hafi þetta leitt til heyrnarleysis S á vinstra eyra.

Málskotsaðili byggir aðalkröfu sína á því, að rannsókn og meðferð eyrnavandamála S hafi ekki verið meðhöndlað eins vel og best hafi verið á kosið, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Það hafi valdið S miklu tjóni, þ.e. varanlegu heyrnarleysi á vinstra eyra. S hefði verið með eyrnavandamál í allt að þrjá mánuði áður en honum var vísað til sérfræðings, sem sett hefði hann í aðgerð og hefði þá greint hjá honum mun fleiri og veigameiri eyrnasjúkdóma en eyrnabólgu, þ.á.m. sjúkdóminn hýðishyrni. Þremur mánuðum eftir fyrstu komu til heimilislæknis hefði loks verið tekið sýni til ræktunar til að kanna hvaða baktería olli sýkingunni. Þá hefði komið í ljós að bakterían sem ræktaðist hefði verið ónæg fyrir pensilíni, en næmi fyrir því lyfi sem S hefði verið gefið hafi ekki verið kannað. Því sé líklegt að sýklalyf það, sem gefið hefði verið, hafi ekki virkað á sýkinguna, þ.e. að bakterían hafi annað hvort verið ónæg fyrir lyfinu eða að ekki hafi verið gefnir nægilega stórir skammtar af lyfinu og það hafi valdið endurtekinni sýkingu með þeim afleiðingum sem raun beri vitni. Hefði læknirinn strax tekið sýni í ræktun og gætt fullrar aðgæslu hvað varðar lyf og skammtastærðir, hefði verið hægt að koma í veg fyrir framþróun eyrnarbólgunnar og það tjón sem úr varð. Hefði læknirinn jafnframt vísað S fyrr til sérfræðings, þannig að hægt hefði verið að kanna til fulls eyru hans, hefði verið unnt að koma í veg fyrir það tjón, sem hafi orðið. Skv. lögum um sjúklingatryggingu sé ljóst, að sýna verði fram á að tjónið hafi að öllum líkindum hlotist af þeirri meðferð sem veitt var eða var ekki veitt. Það sé líklegra en ekki að sjúkdómurinn hýðishyrni og heyrnarleysi S hafi orsakast af því, að eyrnabólga hans hafi ekki verið meðhöndluð á réttan hátt eða á nægilega skjótan hátt af lækni Y. Hafi það valdið S heyrnarleysi og á því tjóni beri læknirinn ábyrgð skv. sjúklingatryggingarlögum. Sérfræðingur í háls- nef- og eyrnalækningum haldi því fram í ódagsettu bréfi til váttryggingafélagsins X, að hýðishyrni myndist á löngum tíma og hafi þ.a.l. væntanlega verið til staðar, þegar S hafi komið fyrst til læknis Y. Sé sú raunin, þá hafi sjúkdómsgreining læknis Y í upphafi verið röng og beri Y ábyrgð á þeim mistökum, sbr. 3. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Í sama bréfi telji sérfræðingurinn að tjónið hafi væntanlega verið löngu orðið, þegar leitað var til læknis Y. Það séu þó órökstuddar getgátur, en skv. greinargerð með lögum um sjúklingatryggingu komi fram, að við mat á því, hvort nauðsynlegt orsakasamband sé milli tjóns og rannsókna eða meðferðar sjúklings, sé nægilegt að sýnt sé fram á, að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af rannsókn eða meðferð. Hér sé því um öfuga sönnunarbyrði að ræða, sem felist í því, að þegar tjónþoli hafi sýnt fram á, að líklegt sé að sérfræðingur hafi gert mistök og líkur séu til þess að tjónið sé vegna þeirra mistaka, þá sé sönnunarbyrði um afleiðingar snúið við, þannig að á sérfræðingi hvíli að sanna að mistök hans hafi ekki valdið tjóni.

Til vara krefst málskotsaðili, að viðurkennd verði bótaskylda á grundvelli 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000. Skv. því ákvæði laganna sé bótaskylda fyrir hendi, ef tjón hljótist af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, og tjónið sé af sýkingu eða öðrum fylgikvilla, sem sé meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Sjúkdómurinn hýðishyrni hafi myndast í kjölfar hinnar bráðu eyrnarbólgu, sem greindist í júlí 2003. Sjúkdómurinn hafi svo orsakað heyrnarleysi S. Hér sé um að ræða fylgikvilla sem sé meiri en svo, að sanngjarnt sé að S þoli bótalaust.

Af hálfu váttryggingafélagsins X er því haldið fram, að við mat á því hvort nauðsynlegt orsakasamband sé milli tjóns og meðferðar þurfi skv. lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu að sýna fram á, að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af þeirri meðferð sem veitt var. Mat á orsakatengslum milli meðferðarinnar og tjónsins verði að vera hlutlægt, grundvallað á gögnum sérfræðings um þekktar staðreyndir um eðli og framgang þess sjúkdóms, sem hrjái S í ljósi þeirrar meðferðar er læknir Y veitti, og þeirrar meðferðar, sem veitt var hjá sérfræðingi í framhaldi af meðferð læknis Y. Í álitsgerð sérfræðings í háls- nef- og eyrnalækningum í tilefni máls þessa komi

fram, að hýðishyrni (cholesteotoma) myndist hægt og það taki langan tíma að myndast, þannig að úr verði skaði, og það taki einnig langan tíma að eyða heyrnarbeinunum. Þá komi einnig fram í álitsgerðinni að ekki hefði verið unnt að forðast tjón, þótt brugðist hefði verið við strax með sömu rannsóknum og sérfræðingurinn gerði, því tjónið hafi þá væntanlega verið löngu komið fram. Ályktanir sem málskotsaðili dragi upp um einstaka þætti meðferðarinnar, eigi sér enga stoð, og sýnist m.a. grundvallast á tilvísunum í heimasíður, ætlaðar til almenns fróðleiks. Öll gögn málsins styðja það að tjón S sé bein afleiðing sjúkdómisins hýðishyrnis (cholesteotoma), sem hafi greinst hjá S þann 26. janúar 2004. Meðferð sú, sem veitt hafi verið hjá lækni Y, hafi verið eðlilegur hluti af því ferli að sá sjúkdómur greindist. Öllum hugleiðingum og tilvísunum málskotsaðila um öfuga sönnunarbyrði í málinu er hafnað. Þær hafi ekki þýðingu við túlkun sönnunarreglna laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þá verði bótaréttur ekki byggður á 3. gr. laga nr. 111/2000 um skjúklingatryggingu á þann veg, að greining læknis Y hafi verið röng. Það sé óumdeilt að S hafi verið með sýkingu í vinstra eyra, sem lækni Y hafi greint réttilega. Sú greining komi einnig fram í gögnum þess sérfræðings, sem sinnti S, þegar honum var vísað þangað. Við mat á því, hvort lækni Y hafi ranglega metið þau einkenni sem hrjáðu málskotsaðila með því að greina ekki hýðishyrni í vinstra eyra S, sé til þess að líta, að sú sýking, sem var í eyranu og nauðsynlegt hafi verið að meðhöndla, hafi verið meðhöndluð með lyfjum. Einnig hafi verið mælt fyrir um eftirlit. Þegar fyrir hefði legið, að einkennin létu ekki undan meðferð á eðlilegum tíma, hafi S verið vísað til sérfræðings til frekari meðferðar. Einkenni þau sem hrjáðu S í byrjun hafi þannig fengið rétta meðferð. Sé það staðfest í álitsgerð sérfræðings í háls- nef- og eyrnalækningum, sem fyrir liggja í málinu.

Varðandi varakröfu málskotsaðila, sem byggð sé á 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu, þá eigi hún ekki við í máli þessu. Ákvæðið mæli fyrir um bótarétt verði tjón af rannsókn eða meðferð, og tjónið verði rakið til sýkingar eða annars fylgikvilla sem sé meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli bótalaust. Í ákvæðinu felist, að komi fram að fylgikvilli, sem rakinn verður til sjúkdóms sem átti að lækna og afleiðinga hans sem séu óháðar rannsókninni eða meðferðinni, veiti það engan bótarétt, nema tilvikið sé bótaskyldt skv. 1.-3. tl. 2. gr. Svo sé á hinn bóginn ekki, enda sé tjónið afleiðing sjúkdóms, sem hrjáð hafi S.

### Álit.

Í 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu er eins og beinlínis segir í yfirskrift greinarinnar fjallað um tjónsatvik sem lögin taka til. Segir þar, að bætur skuli greiða án tillits til þess, hvort einhver beri skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi rekja tjónið til einhvers þeirra fjögurra atvika, er þar eru talin upp. Þau atvik ákvæðisins, er skipta máli við úrlausn máls þessa eru í fyrsta lagi, að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni, ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, sjá 1. tölul. 2. gr., og í öðru lagi að tjón hljótist af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað sé að greina sjúkdóm og tjónið sé af sýkingu eða öðrum fylgikvilla, sem sé meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust, sjá 4. tölul. 2. gr.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins til laga um sjúklingatryggingu segir, að skilyrði greiðsluskyldu sé að tjón tengist rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Skilyrðið um að tjón tengist rannsókn eða sjúkdómsmeðferð leiði til þess, að frumvarpið taki ekki til skaðlegra afleiðinga eða annars tjóns, sem hlýst af sjúkdómi sem sjúklingur þjáðist af fyrir. Við mat á því hvort nauðsynlegt orsakasamband sé á milli tjóns og rannsóknar eða meðferðar sjúklings sé nægilegt að sýnt sé fram á, að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af rannsókninni eða meðferðinni. Verði engu slegið föstu um orsök tjóns verður að vega og meta allar hugsanlegar orsakir. Verði niðurstaðan sú, að eins líklegt sé að tjónið sé óháð meðferðinni, sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Sama gildi, ef ekkert verði sagt um, hver sé líkleg orsök tjóns.

Meðal gagna málsins er álitserð sérfræðings í háls-, nef og eyrnalækningum, sem byggð er á svörum hans á spurningum, sem X beindi til hans. Fyrirspurn um það, hvort orsakatengsl séu milli meðferðar þeirrar sem S fékk hjá lækni Y og heyrnaleysis S, svarar sérfræðingurinn afdráttarlaust neitandi, m.a. með eftirfarandi rökstuðningi: „Heyrnarleysið stafar af því að hýðishyrni eða cholestatoma hefur eytt heyrnarbeinum og rofið þau tengsl milli hljóðhimnu og innra eyrans sem nauðsynleg eru fyrir eðlilega heyrn. Hýðishyrni myndast hægt og það tekur langan tíma, fleiri mánuði eða ár, fyrir það að myndast og hlaðast upp þannig að úr verður skaði og það tekur einnig langan tíma að eyða heyrnarbeinum, sem eru hörðustu bein mannlíkamans, aðeins tennurnar eru harðari.“ Þá kemur fram sú skoðun sérfræðingsins, að meðferð sú, sem S hafi hlotið af hálfu læknis Y hafi verið í samræmi við það sem reyndur sérfræðingur hefði gert við sömu aðstæður. Loks svarar sérfræðingurinn fyrirspurn um það, hvort unnt hefði verið að forðast það tjón sem varð ef brugðist hefði verið við eins og reyndar sérfræðingur hefði gert, neitandi og með þeim efnislegu ummælum, að tjónið hafi væntanlega orðið löngu áður. Þessu álitu sérfræðingsins hefur málskotsaðila ekki tekist að hnekkja. Verður því að líta svo á, að ekki séu orsakatengsl milli meðferðarinnar sem S hlaut hjá lækni Y og tjóns S. Aðalkröfu málskotsaðila um bótarétt á grundvelli 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 er því hafnað. Varakrafa málskotsaðila er byggð á 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins til þeirra laga segir, að fylgikvilli sem rakinn verði til sjúkdóms sem átti að lækna og afleiðinga hans sem eru óháðar rannsókninni eða meðferðinni, veiti engan bótarétt nema eitthvert af ákvæðum 1. til 3. tölul. 2. gr. eigi við. Þar sem svo hátti ekki til í máli þessu, er bótaskyldu skv. 4. tölul. 2. gr. einnig hafnað.

**Niðurstaða.**

S á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu Y hjá vátryggingafélaginu X.

Reykjavík, 12. september 2006

---

Ólöf Embla Einarsdóttir

---

Sigmar Ármannsson

---

Jón Magnússon

**Mál nr. 152/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ferðatrygging**

**Myndavél skilin eftir í flugvél 31.08. 2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 14.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M mun hafa gleymt myndavél í farþegarými flugvélar. Myndavélin hefur ekki skilað sér.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til liðar 5.2.9 í skilmálum þar sem segir m.a. ”að félagið bætir ekki hluti sem gleymast á almannafæri. Félagið lítur svo á að það sem gleymist í farþegarými flugvélar sé á almannafæri þar sem margir aðrir hafa möguleika á að taka það sem gleymist án þess að eftir því sé tekið (aðrir farþegar og starfsfólk flugfélagsins/fljugvallarins).”

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda vátryggingafélagsins ekki fyrir hendi. Hér er um undanskilda áhættu að ræða sbr. grein 5.2.9 í skilmálum. Í nefndri grein kemur fram að félagið bætir ekki tjón á hlutum sem vátryggður týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum. Líta verður á að farangursrými flugvélar sé almannafæri í þessu sambandi.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. september 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 232/2006

### M og

### Vátryggingafélagið h.f. (V) v frjálstrar ábyrgðartryggingar R

#### Tjón varð á bifreið við leikskóla þ. 30.6.2005

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.11.2006 ásamt bréfi dags. 6.11.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar 712/05
3. Bréf V dags.28.11.2006.
4. Lögregluskýrsla dags. 8.8. 2005
5. Bréf leikskólastjóra K dags. 18.10.2005

#### Málsatvik.

Umrætt atvik er sagt hafa átt sér stað þ.30.6.2005 og gaf M skýrslu hjá lögreglu þ. 8.8. 2005 og sagði að bifreið sín hefði orðið fyrir spjöllum á tímabilinu frá hádegi og til kl. 17.10 umræddan dag. M segist hafa komið á bifreið sinni til vinnu og lagt henni á bifreiðastæði rétt við leikvöll barna og þegar hún hafi komið að henni aftur eftir vinnu hafi hún séð að sandi og möl hafi verið ausið á bifreiðina og hún orðið fyrir skemmdum. M telur augljóst að börn í leikskólanum hafi ausið sandi og möl yfir bifreið hennar. M segir að bílastæði starfsmanna séu ekki vel staðsett en starfsmenn fylgist að öðru jöfnu með börnunum á leikskólanum. Leikskólastjórinn segir í bréfi að tveir drengir hafi hent sandi og grjóti yfir bifreið M og hafi helmingur starfsfólks verið í fríi og að öðru leyti recur leikskjólástjórinn starfsmannavandamál skólans og segir að hún hafi verið búin að biðja um að þessu leyniskoti bak við dótaskúrinn eins og hún nefnir það verði lokað. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn leikskólans hafi sýnt af sér gáleysi við gæslu leikskólabarna í umrætt sinn. Þá bendir V á að M hafi sjálf verið starfsmaður leikskólans þegar atvikið gerðist og beri þá eigin sök á tjóninu verði talið að um gáleysi starfsmanna hafi verið að ræða. Þá bendir V á að ekkert hafi komið fram um að neitt óvenjulegt hafi verið við starfsemi skólans þegar þetta gerðist.

#### Álit.

M var starfsmaður leikskólans þegar sá atburður gerðist sem hér ræðir um. M átti því að gera sér góða grein fyrir öllum aðstæðum og þeim hættum sem gátu falist í því að leggja bifreið sinni þar sem hún lagði henni. Ekki hefur verið sýnt fram að starfsmenn leikskólans hafi í umrætt sinn sýnt af sér gáleysi eða hagað störfum sínum að öðru leyti með þeim hætti að leiði til skaðbótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu R hjá V.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík, 15.12.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 153/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag 1 v. A**  
**og Vátryggingafélag 2 v. B**

**Árekstur bifreiða í Þverholti Mosfellsbæ þ. 30.7.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.8.2006. ásamt athugasemdum
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 637/06
3. Lögregluskýrsla dags. 31.7.2006.ásamt ljósmyndum
4. Bréf Vátryggingafélags 1 dags. 28.8.2006
5. Bréf Vátryggingafélags 2 dags. 23.8.2006.

**Málsatvik.**

Áreksturinn varð á mótum Þverholts og Skeiðholts í Mosfellsbæ. A var ekið austur Þverholt og beygt til vinstri með fyrirhugaða akstursstefnu áfram austur Þverholt. B var ekið suður Skeiðholt að mótum Þverholts. Biðskylda er á Skeiðholti gagnvart umferð um Þverholt. Ökumaður A segist hafa séð B koma inn á gatnamótin og stöðva og talið að B yrði ekið beint yfir og hafi hann því hemlað og beygt til vinstri til að reyna að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekið rólega að gatnamótunum og farið nokkuð fram yfir línuna þar sem blint hafi verið á gatnamótunum vegna gróðurs og hafi hann stöðvað og séð A koma og og hemla og beygja og hafi hann þá tekið af stað aftur til að reyna að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B gerir m.a. athugasemdir við lögregluskýrslu um að hann hafi ekki ætlað að trúa sínum eigin augum þegar ökumaður A hafi breytt um stefnu og klossbremsað þannig að hann hafi komið skautandi í áttina að sér.

**Álit.**

B ekur í umrætt sinn frá Skeiðholti inn á Þverholt. Umferð um Þverholt hefur forgang á umferð um Skeiðholt og verður því að leggja alla sök á B fyrir að aka inn á aðalbraut í veg fyrir A.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík .20.9.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 154/2006**

**G vegna A  
og  
Vátryggingafélagið X vegna kaskótryggingar ökutækja**

**Tjón á bifreið 29. mars 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. ágúst 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.08. 2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður bifreiðarinnar A ók suður Norðurvelli. Hann missti stjórn á bifreiðinni sem hafnaði á ljósastaur. Snjór var á jörðu og mátti sjá hjólför í snjónum og af þeim ljóst að bifreiðin hafði runnið töluverðan spöl. Ökumaður skýrði frá því í lögregluskýrslu að hann hafi verið að fíflast við aksturinn og sikk sakkað á akbrautinni og misst stjórn á bifreiðinni. Vátryggingafélagið hafnaðar bótaskyldu með vísan til skilmála um að tjóni sem valdið sé af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi bætist ekki.

**Álit.**

Í lögregluskýrslu segir ökumaður bifreiðarinnar að hann hafi verið að fíflast við aksturinn og sikk sakkað á akbrautinni. Slíkur akstur er stórkostlega gáleysislegur. Með hliðsjón af framanrituðu og skilmálum vátryggingarinnar er greiðsluskylda vátryggingafélagsins ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Tjón á A bætist ekki af kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Reykjavík, 20. september 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 233/2006

M

og

## Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar G

### Meint tjón á bifreið vegna múrbrots í innkeyrslu ágúst 2005.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.11.2006. ásamt greinargerð og fylgiskjölum 1-10
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 1024/2005
3. Bréf V dags. 24.11.2006 ásamt fylgiskjölum 1-5

#### Málsatvik.

Lögmaður M lýsir atvikum með þeim hætti að nágranni M hafi m.a. brotið niður handrið og pall við hús sitt og þar hafi safnast múrbrot sem sett hafi verið í fiskikör sem staðsett voru í innkeyrslu hússins. Lögmaðurinn segir að norðan hvassviðri hafi gert þ. 25.8.2005 og segir að M telji að þá hafi orðið tjón á bifreið hans sem megi rekja til múrfoks. Í tjónstilkynningu segir að tjónið hafi orðið 24.8.2005 og hafi múragnir fokið á bifreiðina. M gaf skýrslu hjá lögreglu 9.3.2006 og þar segir hann að tjónið hafi orðið þ.25.8.2005 og hann hafi ekki tekið eftir skemmdum á bifreiðinni fyrr en 10-14 dögum síenna þá staddur í Reykjavík. Nágranninn sem stóð í framkvæmdum þeim sem nefndar eru hér að ofan gat ekkert sagt um málið enda var hann ekki heima þegar nefndur atburður átti að hafa gerst. V hafnar bótaskyldu og telur ekki að fullu sannað að þær skemmdir sem urðu á nefndri bifreið megi rekja til múrbrots sem að vátryggður skildi eftir í innkeyrslu sinni. V bendir á að tjón á bifreiðinni sem um ræðir sé allan hringinn en þó mest á svuntu bifreiðarinnar þar sem ákoma af völdum grjótkasts sé almennt mest á bílum einnig séu ákomur á vinstri hlið bifreiðarinnar en sú hlið hafi snúið frá innkeyrslu vátryggðs.

#### Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á í málinu að tjón M hafi orðið vegna múrbrota sem skilin voru eftir í fiskikari í innkeyrslu vátryggðs. Þá verður ekki séð að vátryggður hafi sýnt af sér háttsemi sem leiði til bótaskyldu miðað við þau gögn sem fyrir liggja í málinu. Tjón M bætist því ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar G hjá V.

#### Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar G hjá V.

Reykjavík. 15.12.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 155/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega**

**Líkamsmeiðsl þegar M lyfti timbri við vinnu sína þann 08.09. 2004**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M slasaðist á fingri þegar hann vann við að hreinsa og ganga frá timbri. Er hann lyfti trjából varð hann fyrir meiðslum. Í upphaflegri tjonstilkynningu er atburðinum lýst þannig að M hafi lyft þungu timbri og þumall "hrökk úr lið" sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið vísar til skilmála þar sem hugtakið slys er skilgreint á þann veg að átt er við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er, og gerist sannarlega án vilja hans. Félagið telur að ekki hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum. Síðari tíma lýsing M breyti ekki framanrituðu.

M lýsir því að trjábólurinn hafi verið þungur og háll og að hann hafi runnið til í höndum hans með þeirri afleiðingu að liðband slitnaði. Hann telur að trjábólurinn hafi runnið til og valdið slysinu. Hann vísar og til þess að vinnuveitandi hafi látið undir höfuð leggjast að kalla til lögreglu og vinnueftirlit og því hafi engin rannsókn farið fram.

**Álit.**

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Skilyrði skilmála um utanaðkomandi atburð er ekki uppfyllt. Hér var um óhapp að ræða sem fellur utan gildissviðs vátryggingarinnar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 26. september 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 156/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V) hf. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Suðurlandsbraut í Reykjavík þ. 1.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.8.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 655/06
3. Lögregluskýrsla dags. 2.8.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V. dags. 23.8.2006 og annáll tjóns.

**Málsatvik.**

A var ekið út frá húsagötu og beygt áleiðis til hægri austur Suðurlandsbraut. Ökumaður B ók Suðurlandsbraut til austurs og skipti um akrein yfir á hægri akrein um það leyti sem hann kom að umræddum gatnamótum og varð árekstur með A og B þegar framhorn B lenti á afturhorni A. Biðskylda er á umferð frá húsagötunni sem A ók út frá gagnvart umferð um Suðurlandsbraut. Ökumaður A segist hafa stöðvað á gatnamótunum og litið til austurs og síðan ekið inn á Suðurlandsbraut þegar hægri akrein var auð en nokkru síðar hafi komið högg á A og hafi hún aldrei veitt B athygli fyrr en við áreksturinn. B segist hafa ekið Suðurlandsbraut til austurs eftir vinstri akrein og ekið á eftir hægfara jeppa og ákveðið að skipta um akrein til hægri þegar hann nálgadist gatnamót húsagötunnar og um leið og hann skipti um akrein hafi hann veitt A athygli þar sem A var ekið af húsagötunni og inn á Suðurlandsbraut, hafi hann þá hemlað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

**Álit.**

A bar að veita umferð um Suðurlandsbraut forgang. Ökumaður A tók áhættu af því að aka inn á Suðurlandsbraut eins og háttaði til þ.e. umferð var á vinstri akrein. Áreksturinn varð það skammt frá húsagötunni þar sem A ók inn á Suðurlandsbrautina að ekki er forsenda til að skipta sök. Ekki liggur fyrir að B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 26.9.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 23/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið X v/A**

**Árekstur Austurvegi á Selfossi þann 06.01. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.02. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006.
3. Bréf vátryggingafélag B til nefndarinnar, dags. 23.02. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð við gatnamót Austurvegar og Tryggvagötu. B var ekið á undan A.

Ökumaður B kveðst hafa ekið austur Austurveg að gatnamótunum við Tryggvagötu. Hann hafi fært bifreið sína "örllítið til hægri á akreininni en beygt svo til vinstri með fyrirhugaða akstursstefnu norður Tryggvagötu". Hann hafi ekki tekið eftir B við hliðina á sér fyrr en árekstur varð. Ökumaðurinn kvaðst ekki muna hvort hann hafi gefið stefnuljós.

Ökumaður A kveðst hafa ekið á eftir B. B hafi hægt niður og sveigt til hægri á akreininni. Hann hafi því talið að ökumaður B hafi ætlað að beygja inn Tryggvagötu til suðurs og því hafi hann ákveðið að fara vinstra megin við bifreiðina og þá fram úr henni. Hann hafi verið kominn upp að hlið B þegar B var beygt skyndilega til vinstri og í veg fyrir A. Hann kveðst hafa séð stefnumerki byrja að blikka á sama tíma og bifreiðinni var beygt til vinstri.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann reynir að aka fram úr B á gatnamótunum. Austurvegur er ein akrein í hvora átt á þeim stað sem áreksturinn varð á gatnamótum við Tryggvagötu.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að taka U-beygju í veg fyrir A.

**Álit.**

Austurvegur hefur eina akrein í hvora áttina. Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B sem var að beygja á gatnamótunum sem þarna eru. Ökumaður A hugaði ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór. Ekki voru skilyrði til að aka vinstra megin fram úr B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. mars 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 157/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar læknis**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna lýtaaðgerðar við auga.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 11.8.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.9.2006.

**Málsatvik.**

Þann 17.3.1998 mun M hafa leitað til læknisins L, sérfræðings í lýtaskurðlækningum, til að ræða möguleika á aðgerð til að fjarlægja poka á efri og neðri augnlokum. Gekkst M undir aðgerðina hjá L þann 3.4.1998. Í kjölfar aðgerðarinnar komu í ljós fylgikvillar undir hægra auga. Kom þar upp sýking í sár og þurfti M að fara í frekari aðgerðir á neðra augnloki hægra megin til að laga augnlokið sem hékk niður við augnkrókinn. Varanlegar afleiðingar af völdum fylgikvillans hafa verið metnar til 5% varanlegs miska.

Í greinargerð til landlæknis, dags. 25.7.2000, kvað M að við heimsóknina til L þann 17.3.1998 hafi L talið aðgerðina við augun ekki vera neitt mál. Sama dag og aðgerðin var framkvæmd hafi hún verið hrædd um að eitthvað hafi misfarist varðandi hægra auga og þegar saumar hafi verið fjarlægðir þann 7.4.1998 hafi komið í ljós að hvarmur lafði og sár verið undir auganu.

Í bréfi til landlæknis, dags. 31.1.2001, lýsti M aðgerðinni og undirbúningi hennar. Hafi M leitað til hans á stofu í mars 1998 m.a. vegna óánægju hennar með poka á efri og neðri augnlokum. Hafi hann útskýrt fyrir M eðli augnpokaaðgerðar, mar, ör og gróningartíma. Einnig hafi hann útskýrt fyrir M að hætta á fylgikvillum væri hverfandi, aðallega að hætta væri á glóðaraugum og vessun úr skurðsárum í nokkra daga. Aðgerðina hafi hann svo framkvæmt á stofu í svæfingu þann 3.4.1998. Hafi hann fjarlægt poka á efri augnlokum báðum megin og lokað sárum með saumum. Sömuleiðis hafi hann gert aðgerð á neðri augnlokum, þar sem gerður var skurður undir augnhárunum báðum megin og húðinni og vöðva lyft upp til að strekkja þetta. Það hafi strax komið töluverð bólga í húð á hægra neðra augnloki. Búið hafi verið að fjarlægja þá húð sem hægt var að fjarlægja þannig að augnlokið slútti aðeins frá auganu í lok aðgerðar, en þetta hafi þó verið vægt.

Í tengslum við rannsókn á atvikinu leitaði landlæknisembættið álitsgjafar hjá S, yfirlækni og sérfræðingi í lýtalækningum. Í bréfi S, dags. 26.4.2002, segir að eftir umrædda aðgerð hafi komið upp “mjög óvenjulegur fylgikvilli í augnlokaaðgerðum, þ.e. necrosa eða drep í húðflippann lateralt í í neðra augnloki og er þetta það sjaldgæft að maður getur þess ekki að staðaldri í fræðslu til sjúklinga, að þetta geti komið fyrir. Sem fylgikvilla af þessu fær hún ectropion, sem er öllu algengari fylgikvilli við þessar aðgerðir en lagast venjulega á nokkrum vikum postoperatívt.” Þá kemur fram í bréfi S að fylgikvilli þessi sé vel þekktur þótt hann sé mjög óalgengur. Kveður S að M hafi fengið fræðslu um þennan möguleika “preoperatívt” og hún því tekið áhættu er hún ákvað að fara í aðgerðina. Hafi L staðið eðlilega að fræðslu sinni fyrir aðgerðina.

Í álitsgerð embættis landlæknis, dags. 6.3.2003, segir að við augnlokaaðgerðina hafi komið upp mjög óvenjulegur fylgikvilli með sár og síðan örskemmd í augnlokinn sem olli því að augnlokið féll ekki af (svo) auganu. Hins vegar virðist vel hafa tekist með framkvæmd síðari aðgerðanna.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu L. Bótaskyldu hefur verið hafnað, þar sem tjón M að þessu leyti megi rekja til sjaldgæfs fylgikvillans en ekki mistaka í aðgerðinni sjálfri. Jafnframt hafi aðdragandi aðgerðarinnar verið í fullu samræmi við góðar venjur sérfræðinga í

faginu þar sem sjúklingi er gerð grein fyrir eðli aðgerðar, mögulegum áhættum og fylgikvillum. Tjónið verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi L, vanrækslu á upplýsingaskyldu eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

### Álit.

Þann 1.7.1997 öðluðust gildi lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Í 5. gr. laganna eru ítarleg ákvæði um upplýsingar sem sjúklingur á rétt á að fá um heilsufar sitt, fyrirhugaða lækni meðferð o.fl. Samkvæmt a-lið 1. mgr. á sjúklingur m.a. rétt á lækni- og fræðilegum upplýsingum um ástand og batahorfur. Þá á sjúklingur rétt á upplýsingum um fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi, sbr. b-lið sömu mgr. Í 2. mgr. 5. mgr. er ákvæði um að þess skuli getið í sjúkraskrá að upplýsingar samkvæmt þessari lagagrein hafi verið gefnar. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna má enga meðferð framkvæma án samþykkis sjúklings og eftir því sem kostur er skal samþykkið vera skriflegt, þar sem fram komi hvaða upplýsingar hafi verið gefnar sjúklingi og að hann hafi skilið upplýsingarnar.

Í málinu liggur fyrir sjúkraskrá M varðandi komur hennar til L og aðgerðina sem framkvæmd var þann 3.4.1998. Að því er best verður séð er þar ekkert skráð um þá upplýsingagjöf er L veitti M áður en hún samþykkti að gangast undir aðgerðina. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi veitt skriflegt samþykki sitt fyrir aðgerðinni jafnvel þótt rúmur hálfur mánuður hafi liðið frá því ákvörðun um hana var tekin uns hún var framkvæmd. Þá má ráða af gögnum málsins að aðgerðin hafi ekki verið brýn fyrir líkamlega heilsu M, heldur aðallega miðast að því að bæta útlit. Mikilvægi ítarlegrar upplýsingagjafar var því meira en ella. Jafnframt átti að vera auðvelt að afla skriflegs samþykkis M fyrir aðgerðina.

Af gögnum málsins verður ekki með fullri vissu ráðið miðað við eðli og umfang aðgerðarinnar hvort L hafi borið að upplýsa M um áhættuna varðandi þann fylgikvillu sem upp kom. Hvorki álitgerð S né embættis landlæknis veita fullnægjandi leiðbeiningu í þessu efni.

Eins og áður greinir kveðst L hafa upplýst M um að hætta á fylgikvillum væri hverfandi og aðallega væri um að ræða hættu á glóðaraugum og vessun úr skurðsárum í nokkra daga. Að öðru leyti er ekki vitað hvernig upplýsingagjöfinni var háttað. Með því að L skræði ekkert í sjúkraskrá um upplýsingagjöf sína til M eins og honum bar, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1994, né aflaði fyrirfram skriflegs samþykkis, sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna, hefur L sönnunarbyrðina um það að upplýsingagjöf hans hafi að lögum verið fullnægjandi. Sú sönnun hefur ekki tekist. Verður við það að miða að M hafi ekki fengið allar þær upplýsingar sem henni voru nauðsynlegar til að geta á eigin spýtur metið áhættur sem fylgdu aðgerðinni og veitt að svo búnu samþykki sitt. Af þessum sökum verður L að bera ábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir og rakið verður til fylgikvillans.

### Niðurstaða.

L ber ábyrgð á líkamstjóni M sem rakið verður til fylgikvillu á neðra augnloki hægra megin er upp kom í lækni- og aðgerð sem hann framkvæmdi þann 3.4.1998.

Reykjavík, 26. september 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 158/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y**

**Árekstur á bifreiðastæði við Lynghás 3 í Reykjavík þann 8.6.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.8.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 29.8.2006.
3. Bréf Y, dags. 11.9.2006.

**Málsatvik.**

Sendibifreiðinni A var ekið eftir bifreiðastæði fyrir framan húsið nr. 3 við Lynghás. Var húsið á vinstri hönd ökumanns A, en milli hússins og akleiðarinnar, sem A var ekið eftir, eru bifreiðastæði er liggja þvert á akleiðina. Var þá bifreiðinni B ekið áfram úr bifreiðastæði fyrir framan húsið og beygt til hægri fyrir framan A. Rákust þá saman hægra framhorn A og aftanverð hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á rólegri ferð og séð er B var ekið úr stæðinu. Hafi hann þá ákveðið að stöðva og bakka til að hleypa B fram hjá. Þá hafi ökumaður B lagt það mikið á bifreiðina til hægri að hún hafi rekist á hægra framhorn A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið mjög rólega úr bifreiðastæðinu og séð er A hafi verið bakkað, en verið í leiðinni beygt þannig að hægra framhorn A hafi rekist utan í hægri hlið B. Sé það einnig stutt af framburði vitnis.

Eftir vitni að árekstrinum er haft að A hafi verið ekið eftir bifreiðastæðinu og B verið ekið úr stöðureit og greinilegt hafi verið að ökumaður B hafi ætlað fram hjá A. Hann hafi séð er ökumaður A bakkaði og þegar bifreiðirnar rákust saman.

**Álit.**

Ökumaður B ók úr stöðureit inn á akleið sem A var ekið eftir. Þá beygði ökumaður B til hægri fyrir framan A, en ökumaður A hafði bakkað til að skapa betra rými fyrir B. Hefur ökumaður B sönnunarbyrði um það að ökumaður A hafi valdið árekstrinum með því að beygja til hliðar um leið og hann bakkaði. Af framburði vitnis verður ekki ráðið að ökumaður A hafi beygt til hliðar eins og ökumaður B hefur staðhæft. Er ósannað að ökumaður A hafi valdið árekstrinum og verður öll sök því lögð á ökumann B fyrir að hafa lagt of mikið á bifreið sína, er hann hugðist beygja fyrir hægra horn A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 26. september 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 234/2006

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B

**Áræktur á Þórðarsveig í Reykjavík á móts við hús nr. 2-10 þann 13.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 14.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 21.11.2006, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 4.12.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norður Þórðarsveig. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið til vesturs frá húsum nr. 2-10 með fyrirhugaða akstursstefnu suður Þórðarsveig. Rákust þá saman hægri hlið A og framendi B. Bjart var af degi, skýjað og þurrt færi, þegar árækturinn varð. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á litlum hraða. Hann hafi veitt B athygli og talið að ökumaður myndi stöðva. Skyndilega hafi hann fundið högg koma á hægri hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa séð til ferða A og ætlað að stöðva, en í ógáti ekið áfram. Hann hafi reynt að hemla, en áræktur engu að síður orðið.

**Álit.**

Aðstæður á vettvangi hafa verið kannaðar af hálfu nefndarinnar. Engum vafa þykir undirorpið, miðað við aðstæður á vettvangi, að akleið sú er B var ekið eftir er hluti af einu samfelldu bifreiðastæði fyrir framan fjölbýlishúsið Þórðarsveig 2-10. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem gefa til kynna að líta beri á téða akleið með öðrum hætti. Samkvæmt þessu bar ökumanni B að víkja fyrir A, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á því varð misbrestur og ber því ökumaður B sök á árækstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að leggja beri sök á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 15. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 237/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B  
og  
bifreiðarinnar A**

**Árekstur þegar ekið var um bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Smáralind 06.10. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri meginábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Rétt sé að ökumaður B beri ¼ hluta sakar með hliðsjón af ökuhraða.

Óþarft er að geta umfjöllunar aðila máls þessa, en M gagnrýnir það sem eftir honum er haft í skýrslu lögreglu um sagðan ökuhraða.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Ökumanninum bar að veita B forgang en þessa gætti hann ekki. Þegar ekið er um bifreiðastæði verða ökumenn að gæta aukinnar aðgæslu og huga að því sem framundan er. Þessa gætti ökumaður A ekki. Skemmdir á bifreiðunum breyta ekki framanrituðu.

Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of innarlega eða of hratt miðað við aðstæður.

**Niðurstaða.**

A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 240/2006**  
**M**  
**og Vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar.**

**Ágreiningur um bótarétt M úr slysátryggingu hennar hjá V vegna slyss þ.7.7.1993.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.11.2006. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 4.12.2006

**Málsatvik.**

M krefst þess að úrskurðað verði að hún eigi rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V miðað við niðurstöðu matsgerðar frá 23.12.2003 og segir lögmaður M að rök M fyrir bótakröfunni sé að heilsufar M hafi versnað og það hafi ekki komið endanlega í ljós fyrr en með ofangreindu mati og þá hafi hún first getað gert sér grein fyrir hvaða bótarétt hún ætti vegna slyssins sem varð þ. 7.7.1993. V hafnar bótaskyldu og bendir á að þegar M hafi slasast hafi hún haft í gildi almenna slysátryggingu hjá V og henni greiddir dagpeningar og bætur skv örorkumötum sem hafi legið fyrir. Þá bendir V á að meir en 10 ár liðin frá því að slysið varð og skv. 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga séu allar kröfur um bætur úr greindri vátryggingu fyrndar.

**Álit.**

Kröfur M eru fyrndar sbr. 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík. 15.12.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 231/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélag 1 v. A og**  
**Vátryggingafélag 2 v B**

**Árekstur bifreiða á hringtorgi við Breiðumörk í Hveragerði/Suðurlandsveg þ. 21.9.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.11.2006 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 800/06
3. Lögregluskýrsla dags. 21.9.2006 og ljósmyndir.
4. Bréf hlutaðeigandi vátryggingafélaga dags. 20.11. og 4.12.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið vestur Breiðumörk og stöðvað við biðskyldu við hringtorgið og litið eftir umferð og ekki séð til ferða B og ekið inn á hringtorgið með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Suðurlandsveg og verið á móts við annan ljósastaur frá Breiðumörk þegar B var ekið fram úr A og lenti í vinstri hlið A. Ökumaður B segist hafa ekið vestur Suðurlandsveg og stöðvað við hringtorgið við Breiðumörk og litið eftir umferð og ekið síðan af stað með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Suðurlandsveg og í þann mund sem hann var á móts við Breiðumörk hafi ökumaður A ekið viðstöðulaust vestur Breiðumörk og lent framarlega á hægri hurð B. Ekki er vitað um vitni að árekstrinum.

**Álit.**

Ökumenn greinir algerlega á um tildrög árekstursins og eru engar forsendur til þess miðað við fyrirliggjandi gögn að leggja sök á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

A ber helming sakar og B ber helming sakar.

Reykjavík. 15.12.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 239/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur á Snæfellsnesvegi skammt frá vegamótum þann 23.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 28.11. og 29.11. 2006 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 04.12. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

B var ekið austur Snæfellsnesveg. A var ekið út af bifreiðaplani inn á Snæfellsnesveg. Til álita er hvort bifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir B.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann ekur af bifreiðastæði við vegamót inn á Snæfellsnesveg í veg fyrir B. Félagið telur að A hafi vanmetið fjarlægðina í B þegar hann ekur inn á Snæfellsnesveg með stórt fellihýsi í eftirdragi. B hafi reynt að koma í veg fyrir árekstur en þá hafi A beygt aftur í veg fyrir B. Vegalengd frá útkeyrslu þar sem A ekur inn á Snæfellsnesveg að árekstursstað séu 59 metrar samkvæmt mælingu lögreglu.

Sagður ökuhraði B er 100-105 km/hlst en hámarkshraði er 90 km/klst.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Ökumaður A ber nokkra ábyrgð vegna ökuhraða og fyrir að huga ekki nægjanlega að því sem framundan var. Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 202/2006**

**M (eigandi A)  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði við verslun þann 29.08. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélaganna til nefndarinnar, vegna málskotsins.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var lagt á móti hvor annarri, þeim var báðum ekið afturábak.

Haft er eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að hann hafi verið að bakka frá verslun í áttina að Víkurbraut og enga bifreið séð. Hún hafi síðan fundið fyrir höggi og stöðvað, þá hafi hún séð B fyrir aftan hana. ”Kvaðst hún ekki geta gert sér grein fyrir því hvort bifreiðin hafi verið kyrrstæð”. Haft er eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi verið búinn að bakka, verið kyrrstæður og verið að láta bifreiðina í 1. gír er hann hafi heyrt högg og þá hafi bifreiðin A verið komin í vinstri afturhurð bifreiðar hans.

M telur að skipta skuli sök til helminga.

Vátryggingafélag A telur ósannað að B hafi verið kyrrstæð það lengi að máli skipti við sakarskiptingu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum.

Ökumaður A virðist ekki hafa hugað nægjanlega að því sem fyrir aftan var, áreksturinn varð er hann ók afturábak og á B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 166/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur gatnamótun Seljaskóga og Seljabrautar 21.06. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Óþekkt bifreið stöðvaði við gatnamótin til að hleypa B af Seljabraut inn á Seljaskóga, en biðskylda er á Seljabraut gagnvart Seljaskógum. Þá ók A fram með óþekktu bifreiðinni og árekstur varð.

Vátryggingafélagið telur að skipta skuli sök til helminga.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan akstur inn á Seljaskóga. Honum bar að veita umferð um Seljaskóga forgang þ.á m. A.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu ökumanns A þrátt fyrir að hann hafi ekið frammeð eða framhjá hinni óþekktu bifreið.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 26. september 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 159/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V v. A) og B**

**Árekstur bifreiða á Smiðjuvegi í Kópavogi þ. 15.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.8.2006. ásamt bréfi dags. 20.7.2006.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 597/06
3. Tjónaskýrsla dags. 15.7.2006.
4. Bréf V dags. 31.7., 4.8. 8.9. og ,14.9. 2006.

**Málsatvik.**

A og B óku inn á hringtorg við Smiðjuveg í Kópavogi og var A í ytri hring og B í innri. Þegar B ætlaði að aka út úr hringorginu var henni ekið á B sem ætlaði áfram í ytri hring yfir gatnamótin. Ökumaður A segir að A og B hafi verið ekið samhliða inn í hringtorgið og þar sem að ökumaður B hafi ekki sýnt neina tilburði til að fara út úr hringtorginu og auk þess verið að tala í farsíma án handfrjáls búnaðar þá hafi A haldið áfram leið sinni í hringnum. Ökumaður B segist hafa beygt út úr hringtorginu á öðrum gatnamótunum sem hann kom að frá því að ekið var inn í hringtorgið. Í bréfi sínu frá 20.7.2006 gerir M ýmsar athugasemdir við vinnubrögð lögreglu sem kom á staðinn og setur fram ákveðnar fullyrðingar sem ekkert liggur fyrir um annað en það sem fram kemur í bréfinu. Lögregluskýrsla var ekki gerð og reikna verður með að öll tiltæk gögn hafi skilað sér til Úrskurðarnefndarinnar.

**Álit.**

Af afstöðumynd á framhlið tjonstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita sést að B ætlar að aka út úr hringtorgi en A er þá ekið í veg fyrir B og ber því alla sök á árekstrinum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að í umrætt sinn hafi B hagað akstri sínum þannig að sök verði á hann felld.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík. 4.10.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 235/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/A**  
**auk**  
**Vátryggingafélagið Z v/C**

**Árekstur Skútuvogi þann 12.09. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 28.11. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 04.12. 2006.
4. Bréf vátryggingafélags C til nefndarinnar, dags. 27.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var beygt af bifreiðastæði inn á Skútuvog í veg fyrir C sem ók á undan B. C hemlaði til að koma í veg fyrir árekstur við A en við það ók B á C.

Vátryggingafélag B telur að 50% sök eigi að leggjast á B vegna aftanákefslu, en það telur að A beri "meginábyrgð á árekstrinum vegna glæfraakturs ökumanns hennar." Að öðru leyti vísar félagið til greinargerðar vátryggingartaka og ökumanns B.

Vátryggingafélag A telur að skipta skuli sök til helminga milli A og B. Ökumaður A hafi ekið í veg fyrir C og hindrar þar með umferð en ökumaður B hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil í næstu bifreið.

Vátryggingafélag C telur ljóst að ökumaður C sé í rétti.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu en hann telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir C sem hafi þurft að nauðhemla og árekstur orðið.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir C sem þurfti að nauðhemla til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B ber nokkra ábyrgð fyrir að huga ekki nægjanlega að því sem framundan var. Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 168/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar D**

**Maður slasaðist í sundlaug þ. 13.9.2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 1.9.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 623/06
3. Lögregluskýrsla dags.8.11.2005 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 11.8. og 6.9.2006.
5. Bréf lögmans M dags. 29.8.2006.

**Málsatvik.**

M lét taka af sér lögregluskýrslu tæpum 2 mánuðum eftir að slysið varð og segir hann þar að hann hafi verið ásamt félagi sínum að leika sér í sundlauginni og hafi hann ætlað að stinga sér í gegn um kút sem var á floti í lauginni og gert það og lent illa á botni laugarinnar og hálsbrotnað. Í lögregluskýrslu segir framkvæmdastjóri íþróttamiðstöðvarinnar þar sem umrædd sundlaug er og vísaði hann á myndir sem til væru af atburðinum úr eftirlitsmyndavélum. Starfsmaður laugarinnar kannaðist við að í umrætt sinn hefði hún verið beðin um að ná í lækni vegna meiðsla M. Dýpt laugarinnar er 1.4.m til 1.6 m. Samkvæmt myndum úr öryggismyndavélum sést að M var að leika sér í umrætt sinn ásamt félagi sínum og tók tilhlaup af bakkanum og stakk sér á haus í gegn um belginn og kom niður á botn laugarinnar af þó nokkrum krafti.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá V og telur viðvörunarmerkingum við laugina hafa verið ábótavant og hafi þær ekki uppfyllt ákvæði reglugerðar nr 457/1998 alla vega séu merkingar ekki nógu greinilegar og beri D því bótaábyrgð á því og beri að greiða tjón M úr ábyrgðartryggingu D hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir merkingar hafa verið fullnægjandi sbr tilvitnaða reglugerð auk þess sem dýfingar og hlaup á bökkum séu bönnuð sérstaklega. Laugin hafi með engum hætti verið vanbúin og því sé tjón M ekki bótaskyldt um greindri tryggingu D hjá V.+

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að merkingum hafi verið ábótavant í sundlauginn þar sem slysið varð. Ljóst er af lýsingu M sjálfs og þeim myndum sem fylgja málskotinu að M var að leik og fór ekki eftir þeim öryggisreglum sem honum bar að fara eftir og þær reglur voru nægjanlega kynntar á vettvangi. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík. 26.9.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 15/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingarfélagið V h.f. v réttaraðstoðarliðar fasteignatryggingar.**

**Ágreiningur um greiðslu úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar v. tjóns 2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 25.1.2006 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.1050.05.
3. Bréf V h.f.. dags. 10.2.2006 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

M gerði kaupsamning um hús þ.12.12.2002 og fékk hana afhenta þ.1.3.2003 og taldi fljótlega eftir það að eignin væri haldin ýmsum göllum og höfðaði M mál fyrir héraðsdómi og krafðist bóta úr hendi seljanda eignarinnar og var seljandinn dæmdur til greiðslu bóta og afsláttar auk málskostnaðar til M. Lögmaður M sendi V kröfu um bætur úr réttaraðstoðartryggingu M fyrir mismun tildæmnds málskostnaðar og málskostnaðarreikningi sínum en V heldur því fram að allt til þess tíma að félagið fékk umrætt bréf lögmanns M þ. 22.11.2005 ekkert vitað af umræddum málarekstri. V hafnar bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 7.gr. skilmála réttaraðstoðartryggingarinnar þar sem kveðið er á um að tryggingin þurfi að hafa verið í gildi í amk. 2 samliggjandi ár þegar ágreiningur kemur upp. V heldur því fram að M hafi verið með umrædda tryggingu frá 1.3.2003 og hafi ekki verið áður með fasteignatryggingu hjá V eða öðru vátryggingafélagi. Þá byggir V á því að lögmaður sá sem fór með málið hafi aldrei tilkynnt V um málið eða fyrirhugaðan málarekstur en í inngangsorðum skilmálum tryggingarinnar sé skýrt kveðið á um að lögmaður skuli tilkynna félaginu þegar hann hafi tekið mál að sér áður en frekar er aðhafst í því.

**Álit.**

Með vísan til 2.mgr. 7.gr. vátryggingaskilmála réttaraðstoðartryggingar M hjá V á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr hendi V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr hendi V.

Reykjavík . 24.2.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2006

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B

**Árekstur í innkeyrslu frá Vatnagörðum að bifreiðastæði við Bónus og Ikea þann 2.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.10.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið um innkeyrslu frá bifreiðastæðum við Bónus og Ikea og áleiðis út á Vatnagarða. Í sama mund var bifreiðinni B ekið af Vatnagörðum og beygt til hægri inn í innkeyrsluna. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 10-20 km hraða og ætlað að beygja til vinstri út á Vatnagarða. Þá hafi B borið að og ökumaður hennar beygt það illa að hann hafi ekið á afturstuðara A.

Ökumaður kvað báðar bifreiðir hafa verið á ferð, þegar árekstur varð.

**Álit.**

Samkvæmt uppdrætti á forsíðu tjonstilkynningar hefur innkeyrslan, þar sem áreksturinn varð, verið nokkuð þröng og erfitt að mætast. Upplýst er að báðar bifreiðir voru á ferð þegar þær rákust saman. Ekki verður séð að ökumenn hafi gætt þeirrar varúðar sem af þeim mátti krefjast, er ökutækin mættust við þær aðstæður sem þarna voru. Eiga þeir báðir sök á árekstrinum og verður heldur ekki séð að annar eigi meiri sök en hinn. Eftir atvikum verður því sök skipt að jöfnu á milli þeirra.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 1. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 160/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar**

**Ekið á grjóthnullung á Þjóðvegi 1 austan við Reyðará, Höfn, þann 02.04. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 24.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M ók bifreið sinni á grjóthnullung, hann telur bótaábyrgð fyrir hendi skv. skilmálum sbr. nánar röksemdafærslu hans.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Félagið vísar til greinar 7.4 í skilmálum þar sem fram kemur að félagið bætir ekki skemmdir af ”akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum,.....er hljóttast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hryggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.”

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og ákvæði 7.4 í skilmálum er bótaábyrgð ekki fyrir hendi.

Tjónsaurð máls þessa má rekja til þess að laust grjót hrökk upp undir ökutækið í akstri.

Athygli vekur að M sá grjótið á veginum en ók samt yfir það.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylða er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 26. september 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 161/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á Öxnadagsheiði þann 16.07. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 28.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni B var ekið á eftir A. Á vegarkafla þar sem vegafremkvæmdir voru í gangi tók B fram úr A. Ökumaður A segir að B hafi tekið fram úr þar sem lausamöl var á veginum og að grót hafi kastast á bifreiðina A. Ökumaður B viðurkennir að hafa ekið fram úr á umræddum stað, en hann telur að einungis hafi þar verið lítið um lausamöl.

Vátryggingafélag A vísar til þess að framúrakstur sé bannaður á þessum stað. Það telur með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum að nægjanlega sé sannað að B hafi valdið tjóni á A sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélag B telur telur ósannað að B hafi valdið tjóni á A. Engin vitni styðji frásögn ökumanns A.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á því að hafa valdið tjóni á A við framúraksturinn. Á umræddum stað er framúrakstur óheimill og verður B að bera halla af sönnunarskorti í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á því tjóni sem varð á A við framúrakstur bifreiðarinnar.

Reykjavík 26. september 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 194/2006**

**M vegna bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B**

**Framrúðutjón 14.04. 2004, ágreiningur um tjónvald.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 05.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.10. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 24.10. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort nægjanlega sé sannað að rekja megi framtúðutjón á A til B, er bifreiðarnar mættust á Mýrdalssandi í apríl 2004.

Vátryggingafélag A telur nægjanlega sannað að rekja megi tjónið til B með hliðsjón af framburðum farþega.

Vátryggingafélag B telur að ekki sé hægt að leggja til grundvallar frásagnir farþega sem aflað var ”mörgum mánuðum (rúmlega einu og hálfu ári) eftir tjónsatburð (af málskotsaðila) því til sönnunar að meint steinkast hafi komið” frá B.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að rekja megi framtúðutjón M til notkunar B.

Frásagnir farþega, dags. 15.08. 2006, breyta ekki framanrituðu. Athygli vekur hve langan tíma tók að útvega frásagnir þeirra og að ekki skuli vera frásögn frá meintum tjónvaldi.

Umfjöllun M um samskipti sín við vátryggingafélagið breyta ekki framanrituðu.

**Niðurstaða.**

Ósannað er að rekja megi framtúðutjón A til notkunar B.

Reykjavík 8. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 169/2006

M

og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar VR og eigandi A vegna tjóns á bifreiðinni.

Umferðaróhapp er bifreið ók á kindur á Fljótshlíðarvegi í Rangárvallasýslu þ. 7.1.2006

### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.9.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.138/2006.
3. Lögregluskýrsla dags. 7.1.2006.
4. Tjónstilkynning dags. 16.1.2006.
5. Bréf V dags. 2.2. og 25.9.2006.

### Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir að tilkynnt hafi verið til lögreglu að ekið hafi verið inn í kindahóp á Fljótshlíðarvegi á mótis við Torfastaði. Ökumaður A sem ekið hafði inn í kindahópinn kvaðst hafa ekið á 80-90 km. hraða og hafi kindahópur komið skyndilega inn á veginn og hafi hann hemað en ekki tekist að koma í veg fyrir að A lenti á fjárhópnum með þeim afleiðingum að tvær kindur drápust og tjón varð á A. Eigandi fjárins VR kom á vettvang og sagði kindurnar hafa komið inn á veginn úr landi sunnan vegarins og hafi hlið verðið opið og kindurnar átt greiða leið inn á veginn og í tjónstilkynningu segir að VR hafi ekki vitað að hliðið væri opið. Eigandi A krefst bóta úr ábyrgðartryggingu VR hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að VR hafi verið með öllu ókunnugt um að hlið á fjárgirðingu hefði verið opnað og staðið opið. Þá heldur V því fram að lausagöngubann gildi ekki á svæðinu og þar sem bóndinn hafi ekki sýnt af sér saknæma hegðun þá telur V tjón eiganda A ekki bótaskyld þá bendir V á dóm Hæstaréttar í málinu 453/2000 máli sínu til stuðnings.

### Álit.

Ekki liggur fyrir hvort vegurinn sem um ræðir og A ók eftir hafi verið girtur báðum megin. Þá hefur þeirri staðhæfingu V um að lausaganga sé ekki bönnuð þar sem umferðaróhappið varð ekki verið hnekk. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á sök eiganda fjárins. Af framangreindum ástæðum á eigandi A ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu VR hjá V.

### Niðurstaða.

Eigandi A á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu VR hjá V.

Reykjavík.20.10.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 162/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingarfélagið h.f. V v, A og B**

**Árekstur bifreiða á Grensásvegi í Reykjavík þ. 26.7.2006**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ.28.8.2006
2. Lögregluskýrsla dags. 26.7.2006 ásamt ljósmyndum.
3. Bréf V dags. 5.9.2006

**Málsatvik.**

A var ekið afturábak frá stöðureit við hús á Grensásvegi og áleiðis inn á húsagötu í sama mund var B ekið til suðurs eftir húsagötunni og árekstur varð með bifreiðunum með þeim hætti að vinstra afturhorn A lenti á hægri framhorni B. Ökumaður A segist hafa hugað að umferð suður húsagötuna áður en hann byrjaði að bakka og talið í lagi að bakka og því látið A síga aðeins afturábak og þá séð B og þá stöðvað og hafi A verið kyrrstæði þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa ekið hægt suður húsagötuna og verið kominn fast að A þegar A hafi verið ekið afturábak og hafi hann reynt að koma í veg fyrir árekstur með því að sveigja til vinstri en það ekki dugað til.

**Álit.**

A var bakkað í umrætt sinn út í húsagötu og ber því alla sök á árekstrinum sbr. 1. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Ekki liggur fyrir að A hafi verið stöðvuð það lengi eftir að henni var ekið afturábak að það skifti máli varðandi sakarskiptingu. A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík .26.9.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 241/2006**

**Ó**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Y hf. vegna B**

**Árekstur 15. júlí 2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. nóvember 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf frá Y ásamt lögfræðilegri álitsgerð 27. nóvember 2006.
3. Bréf frá Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi dags. 23. nóvember 2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók bifreið sinni vestur eftir þjóðvegi nr. 841 áleiðis að Norðausturvegi. B var ekið til norðurs eftir afleggjaranum frá bænum Fremstafelli að þjóðvegi nr. 841. Ökumaður B reyndist ekki hafa ökuleyfi og var að prófa bifreiðina. Hann sá ekki A fyrr en andartaki áður en áreksturinn varð og náði því ekki að hemla. Árekstur varð með bifreiðunum við vegamótin.

Skráningarnúmer höfðu verið tekin af B og var ökumanni og föður hans, sem var með honum í bílnum, kunnugt um það.

**Álit.**

Ágreiningur er um ábyrgð Y hf. á tjóni því sem B olli þar sem búið var að leggja inn skráningarnúmer bifreiðarinnar. Óumdeilt er að ökumaður B átti sök á árekstrinum. Ljóst er að innlagning skráningarnúmer verður ekki jafnað til afskráningar ökutækis. Vátryggjandi B uppfyllti ekki þær formkröfur sem gerðar eru til niðurfellingar vátryggingar og ber því að bæta það tjón sem hlaut af notkun B.

**Niðurstaða.**

Y hf. skal bæta það tjón sem hlaut af notkun B 15. júlí 2004.

Reykjavík, 15. desember 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 195/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V1 v A og**  
**Vátryggingarfélagið V2 v. B**

**Árekstur bifreiða á Garðbraut, Garði þ. 23.4.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.10.2006. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 463/06
3. Tjónaskýrsla dags.23.4.2006.
4. Bréf V1 dags. 23.10. 2006.
5. Bréf V2 dags. 24.10.2006.

**Málsatvik.**

Á sameiginlegri tjonstilkynningu er merkt við tl. 8 fyrir A þ.e. ók aftan á hitt ökutækið í akstri á sömu akrein í sömu átt en fyrir B er merkt við tl. 5 ók inn á bílastæði og nr. 12 beygði til hægri. Ökumaður A segist hafa ekið í sömu átt og B og hafi A ekið yfir á vinstri vegarhelming en skyndilega beygt í veg fyrir A en þá hafi A verið á miðjum vegarhelmingi sínum þegar árekstur varð og síðan dregist með með bifreið B og sýni teikning staðsetningu eftir áreksturinn. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekki virst gefa stefnuljós. Ökumaður B segist hafa komið keyrandi úr Garðinum og hafi litið í spegil og séð bíl í margra metra fjarlægð og gefið stefnuljós og beygt eins og venjulega þegar A hafi komið á fleygiferð og ekið í hliðina á B. Ökumaður B tekur fram að hún hafi ekki tekið of víða beygju. Bremsuför A voru mæld á vettvangi og reyndust vera um 20 metrar.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi tekið of víða beygju í umrætt sinn. Þá hefur framburði ökumanns B um að hún hafi gefið stefnuljós ekki verið hnekkt og frásögn ökumanns A um það á tjonstilkynningu er ekki afdráttarlaus. Ljóst er miðað við mæld bremsuför að A hefur verið ekið of hratt í umrætt sinn og er því vegna þess og að virtum öllum gögnum málsins öll sök lögð á A.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík. 8.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 163/2006**

**M v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar v/vinnuvélarinnar B**

**Umferðaróhapp á Ægisgötu Reyðarfirði þann 13.06. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 28.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vinnuvélin B var að ferja stóra stálgrind. Er A var ekið fram úr B sá ökumaður A ekki stálgrindina með þeim afleiðingum að hann ók á hana, framrúða hægra megin brotnaði og einnig kom beygla við hægri spegil.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi, það hafi verið óforsvaranlegt að merkja ekki stálgrindina. Hann telur að vinnuvélin hafi verið ólögleg þar sem engin blikkljós hafi verið á vélinni. Starfsmenn vátryggingartaka hafi ekkert gert til að vara vegfarendur við þeirri hættu sem fyrir hendi var.

Ökumaður B lét þess getið að það ”hefði mátt vera gult vinnuljós á grindinni til að vara við henni þar sem hún stendur út á hina akgreinina þó þetta sé mjög stutt vegalengd sem ekið er með hana”. Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á óhappi þessu. Hann hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu við að aka fram úr vinnuvél á athafnasvæði.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á umferðaróhappi þessu. Það var óvarlegt að merkja ekki stálgrindina. Telja verður að rekja megi tjónsatburðinn til þessa aðgæsluleysis.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu M þrátt fyrir að hann hafi reynt framúraksstur við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Tjónsatburð máls þessa má fyrst og fremst rekja til þess að stálgrindin var ómerkt.

**Niðurstaða.**

Fallist er á bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu vegna vinnuvélarinnar B.

Reykjavík 4. október 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 164/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar málningarverktaka.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna málningar er slettist á bifreið.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.8.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.9.2006.

**Málsatvik.**

Þann 23.5.2006 kl. 18.51 kom M á lögreglustöðina í Hafnarfirði og gaf skýrslu um það atvik að þá um morguninn hefði hann komið að bifreið sinni A, Mercedes Benz E-500, árg. 2003, þar sem hún var í bifreiðastæði fyrir framan fjölbýlishús í Hafnarfirði og málning hafði slest á hana. Hafi hvítar málningarslettur verið um alla bifreiðina, en mest á hægri hlið. Aðspurður kvað M að tilkynning hefði verið sett upp í húsinu um að málningarvinna stæði yfir.

Í umrætt sinn mun hafa verið unnið við að mála húsið á vegum V, málningarverktaka. Málaramleistari hjá V kvað tilkynningu hafa verið setta upp í alla stigaganga, þar sem íbúum var bent á að leggja ekki upp við húsið á meðan málningarvinna stæði yfir. Bifreið M hafi staðið um fjórum bifreiðastæðum frá körfubílum. Hafi M mátt vita að málning gæti slest á bifreiðina þar sem henni var lagt.

Þann 25.7.2006 tilkynnti M að nýju til lögreglu að málning hefði slest á bifreiðina. Í þetta skipti hefði hann lagt A “hinum megin á bifreiðastæðinu eða fjær húsinu.” Fyrir um daginn hefði hann tekið eftir að málningarslettur voru komnar á A. Ekkert er haft eftir V um þetta síðara atvik.

M hefur krafist X um bætur úr ábyrgðartryggingu V. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

X var ekki gefið færi á að skoða A áður en slettur voru hreinsaðar af henni. Þá kveður X að málningarslettur á A hafi verið í ljósum lit, en V hafi verið sprautu dökkblárrí málningu á húsið. Telji V útilokað að slettur séu af hans völdum. Af gögnum málsins verður ekki fullyrt með óyggjandi hætti að málningarslettur á A séu af völdum V. Gegn eindreginni neitun V og X verður, eins og málið liggur fyrir, að telja ósannað að V hafi valdið því að málning slettist á A. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 4. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 167/2006**

**M f.h. ófjárráða sonar síns, A,  
og  
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda hunds.**

**Ágreiningur um bótaskyldu er hundur beit dreng.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 1.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.9.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 28.8.2005 var A, fjögurra ára gamall sonur málskotsaðila staddur í sumarbústað í Borgarfirði ásamt föður sínum og fleira fólki, þ. á m. B. Í bústaðnum var einnig hundur af tegundinni “American Cocker Spaniel” í eigu B. Mun fólkið, börn og fullorðnir, hafa setið við kvöldverðarborð og hundurinn verið undir borðinu.

Er A hafði nýlokið að borða kveður faðir hans að hundurinn hafi komið til hans og hafi A farið að klappa honum. Hafi faðir A sagt honum að klappa hundinum á bak við eyrun því þá kæmi hundurinn til hans. Hafi A verið kominn á fjóra fætur og teygst vinstri hönd fram til að klappa hundinum, en þá hafi hundurinn sýnt tennurnar og svo ráðist beint á A. A hefði kippt að sér hendinni í sömu andrá og hundurinn hafi ráðist að honum. Hönd A hafi farið upp í kjaft hundsins sem hins vegar hafi náð að bíta í vinstri kinn A. Farið var með A á heilsugæslustöð í Borgarnesi.

Í gögnum málsins er haft eftir B að tvö börn hafi verið að leika sér undir borðinu og þar hafi hundurinn einnig verið. Hann hafi svo heyrt ýlfur frá hundinum og síðan barnsgrát. Enginn hafi séð það sem þarna hafi átt sér stað.

**Álit.**

Svo A geti átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu, sem tekin hafði verið vegna hundsins, þarf að liggja fyrir annars vegar að A hafi orðið fyrir tjóni af völdum þess að hundurinn beit hann og hins vegar að tjónið verði rakið til atvika sem B ber ábyrgð á sem eigandi hundsins. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki með skýrum hætti ráðið að A hafi orðið fyrir tjóni af völdum bitsins. Ekkert liggur fyrir um að hundurinn hafi verið hættulegur í umgengni við börn eða gæta hafi þurft sérstakrar varúðar í umgengni við hann umfram aðra hunda. Ekki verður heldur séð að atvikið megi rekja til þess að eftirliti með hundinum hafi verið ábótavant af hálfu B. Að þessu virtu verður ekki talið að A eigi skaðabótakröfu á hendur B vegna umrædds atviks.

**Niðurstaða.**

Skaðabótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 4. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 203/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V**

**Ágreiningur um endurupptöku slysamáls v. slyss þ. 19.11.2001.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.10.2006. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V1 dags. 20.8.2004 ásamt fylgigögnum
3. Bréf lífeyrissjóðs sjómanna dags. 31.8.2004
4. Bréf um gögn frá Tryggingarstofnun ríkisins.

**Málsatvik.**

M varð fyrir slysi þ.19.11.2001. Afleiðingar slyssins voru metnar með matsgerð læknis þ.3.10.2003 og var niðurstaða matsins að varanlegur miski M væri 10% og varanleg örorka 5%. Voru M greiddar bætur í samræmi við þetta mat þ.23.1.2004. Lögmaður M fór fram á endurupptöku málsins með bréfi dags. 11.10.2004 og var þeirri beiðni hafnað en tryggingarfélagið tók fram að bærust frekari læknisfræðileg gögn mundi félagið endurskoða afstöðu sína. Af hálfu M voru því lögð fram frekari læknisfræðileg gögn svo sem rakið er í bréfi lögmanns hans dags. 3.8.2005 og framkvæmd ný matsgerð unnin af tveim læknum og er matsgerðin dags. 16.5.2006. Niðurstaða matsgerðarinnar frá 16.5.2006 er að varanlegur miski er metinn 10% eins og í fyrra mati en varanleg örorka skv. 5. gr. skaðabótalaga er metin 20% í stað 5% í fyrra mati. Lögmaður M krefst endurupptöki slysamálsins í kjölfar síðara matsins og þeirra læknisfræðilegu gagna sem vísað er til í bréfi lögmannsins frá 3.8.2005.

Lögmaður M bendir á til stuðnings kröfu um endurupptöku málsins að miklar breytingar hafi orðið á högum M frá því að fyrra mat hafi verið framkvæmt t.d. hafi M þurft að hætta sjómennsku sem hann hafði unnið við um langan tíma og hafið störf við leikskóla en átt erfitt með það starf einnig. Þá heldur lögmaður M því fram að skilyrði 11.gr. skaðabótalaga séu uppfyllt þar sem bæði séu um ófyrirsjáanlegar breytingar á heilsu M að ræða og örorkustig hans verulega hærra. Lögmaður M vísar til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings þ.e. H-2003/2127 og 1991/449

V hafnar því að mál M sé endurupptekið og vísar til 11.gr. skaðabótalaga og bendir á að skilyrði endurupptöku skv. því lagaákvæði séu að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola en ekki sé heimilt að beita ákvæði þessu þótt örorkustig sé hærra en áður var gert ráð fyrir ef ástæða þess er ekki breyting á heilsu tjónþola. V heldur því fram að ekki verði ráðið af matsgerðinni frá 16.5.2006 að breyting hafi orðið á heilsu M frá því að mál hans var gert upp í janúar 2004 en hækkan á örorku stafi eingöngu að breyttum aðstæðum M frá því að fyrra mat fór fram og því telur V að ekki séu lagaskilyrði fyrir endurupptöku.

**Álit.**

Í örorkumati fyrir M frá 3.10.2003 er gerð grein fyrir því að M sé réttthendur og hann kvarti um verki í hægri úlnlið sem leiði í handarbak og komi við hreyfingu eða átök, við að skrifa, borða með gaffli, bursta tennur og fleira. Við átakastörf svo sem að lyfta þungu, pakka rækju og slá úr pönnum komi einnig óþægindi þá segir að fingrahreyfingar valdi einnig óþægindum og hann vakni stundum á nóttinni vegna óþæginda. Þá segir síðar í örorkumatinu að M hafi getað unnið störf sín

sem netamaður á sjó og háseti en hafi haft talsverð óþægindi og tekið sér oftari frí en áður var. Tekið er fram að M sé réttthentur og beiti einkum höndum við störf sín og því valdi óþægindi í hægra úlnlið verulegri hindrun fyrir M við ýmis störf sem krefjast átaks álags og snúnings.

Í matsgerð frá 16.5.2006 segir að M kvarti enn um áreynslutengda verki í úlnlið aðallega handarbaksmegin og séu verkirnir staðbundnir og leiði aðeins lítillega fram í höndina og síðan er afleiðingunum lýst nánar og vísað til að M telji að sl. ár hafi frekar verið um verkjaaukningu að ræða. Í niðurstöðu matsmanna segir að M búi enn við álagsbundin óþægindi frá hægri úlnlið svo sem nánar er lýst. Síðan segir í matinu að þrátt fyrir meðferðartilraunir hafi ástand M lítið sem ekkert breyst og því telji matsmenn ekki forsendur til að breyta þeim tímabundnu þáttum sem ákvarðaðir voru í örorkumatinu frá 3.10.2003. Í lok matsgerðarinnar frá 16.5.2006 segir að matsmönnum sýnist ljóst að skerðing á tekjuöflunarhæfi sé allmiklu meiri en gert var ráð fyrir í fyrri matsgerð og heildarskerðing á vinnugetu geti numið allt að fimmtungi. Því teljist varanleg örorka M af völdum slyssins frá 19.11.2001 20%

Í 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segir “ Að kröfu tjónþola er heimilt að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur. Skilyrði endurupptöku er að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola. “. Ekki verður séð á þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu m.a. matsgerðinni frá 16.5.2006 að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu M. Í matsgerðinni frá 16.5.2006 er vísað til sömu atriða varðandi heilsufar M og vísað er til í örorkumati frá 3.10.2003 varðandi það hvernig M lýsir heilsufari sínu. Forsenda endurupptöku er því ekki fyrir hendi.

#### **Niðurstaða.**

Forsenda endurupptöku er ekki fyrir hendi.

Reykjavík. 8.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Sigmar Ármannsson lögfr.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 170/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V v. A og B**

**Árekstur bifreiða við Leifsstöð í Reykjanesbæ þ.1 9.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.9.2006.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.688/06
3. Tjónaskýrsla dags. 19.7.2006.
4. Bréf V dags. 30.8. og 17.9.2006
5. Yfirlýsing vitnis dags. 15.8.2006.

**Málsatvik.**

A var stöðvuð á staði við Leifsstöð og lenti B á framhurð A. Ágreiningur er með ökumönnum um það hvort hurðin var opnuð í veg fyrir B eða B ók á opna hurð. Í yfirlýsingu vitnis sem var farþegi í A segir að ökumaður A hafi verið að fara inn í bílinn þegar B hafi komið aðvífandi og keyrt á hurðina.

**Álit.**

Mjög takmörkuð gögn liggja fyrir í málinu en miðað við framlögð gögn verður ekki úr því skorið hvort annar ökumaður beri sök umfram hinn á árekstrinum. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík. 4.10.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 165/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu er stúlka ýtti við annarri stúlku niður stiga.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 29.8.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.9.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í janúar 1999 var M, 14 ára að aldri, ásamt tveimur öðrum stúlkum, A, 13 ára gamalli, og B, 13 ára gamalli, að safna tómum gosumbúðum til að afla fjár fyrir keppnisferð með tilteknu íþróttafélagi. Voru þær staddar í þessu skyni í stigagangi að húss og ætlaði A að fá umbúðir hjá konu sem hún þekkti. Hún vildi ekki að M og B stæðu við hlið hennar á stigapallinum. M neitaði hins vegar að fara af pallinum. A líkaði þetta illa og mun hafa gengið að M og ýtt henni niður stigann.

A kvaðst ekki hafa viljað hafa M nálægt sér og beðið hana að standa ekki svona nærri sér. Hafi hún ýtt við M og ekki mjög fast, en hún hafi fallið niður stigann. Hún hafi ekki ætlað að meiða M og haldið að hún hafi ekki meiðst við fallið niður stigann.

Við fallið hlaut M m.a. brot á vinstri handlegg og vinstri fæti. Hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem foreldrar A hafa keypt hjá X.

**Álit.**

Ætla verður samkvæmt gögnum málsins að A hafi verið vátryggð samkvæmt vátryggingu þeirri sem hér er til athugunar. Samkvæmt 4. gr. skilmála þeirra, sem um vátrygginguna giltu er atvikið gerðist, eru undanskilin þau tjón sem vátryggingartaki eða vátryggðu valda af ásettu ráði eða af stórkostlegu gáleysi. Upplýst er af gögnum málsins að A ýtti við M með þeim afleiðingum að hún féll niður stigann. Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi ýtt við M með þeim ásetningi að hún yrði fyrir meiðslum. Þrátt fyrir ungan aldur átti A engu að síður að gera sér ljósa grein fyrir því að M gæti orðið fyrir verulegum meiðslum við það að ýta henni niður stigann. Verður ekki hjá því komist að virða þessa háttsemi A til stórkostlegs gáleysis. Af því leiðir, með vísan til fyrrgreinds skilmálaákvæðis, að A nýtur ekki verndar af ábyrgðartryggingunni. Líkamstjón M verður því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 26. september 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 242/2006**  
**M**  
**og Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B**

**Vinnuslys þegar starfsmaður féll um gipsklippu þ. 12.8.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.11.2006. ásamt bréfum lögmanna M 28.3. og 13.11. ásamt fskj.1-6
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 859/06.
3. Bréf V dags. 29.11.2006 ásamt fskj. 1-12.

**Málsatvik.**

M sem er starfsmaður B var að hjálpa viðskiptavini að bera stóra krossviðarplötu frá starfsstöð sinni að bifreið viðskiptavinarins og fell um gipsklippu sem skilin hafði verið eftir utandyra. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og segir að ekki hafi tíðkast að skilja eftir verkfæri fyrir utan starfsstöð M og umræddar gipsklippur hafi einhver starfsmaður B skilið eftir en klippurnar hafi verið í eigu B. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið megi rekja til óhappatilviks og aðgæsluleysis M. V heldur því fram að M hefði mátt vita að varhugavert væri að ganga afturábak með plötu og af myndum af svæðinu megi ráða að búast megi við hindrunum í gangvegi starfsmanna. Þá bendir V á að um sé að ræða töluvert stórar klippur og það hafi m.a. verið á verksviði M að halda gönguleiðum greiðum. Þá bendir V á að óupplýst sé hver lagði klippurnar á umræddan stað og ósannað að það hafi verið starfsmaður B.

**Álit.**

Í gögnum málsins er ekkert sem sýnir fram á bótaskyldu B eða starfsmanna fyrirtækisins á því slysi sem M varð fyrir í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík. 15.12.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 171/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/B sem var með hestakerruna C**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur á Norðurlandsvegi, Akrahreppi, þann 04.07. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 07.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 13.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið norður Norðurlandsveg og ætlaði ökumaður hennar að aka vestur á straumgarð við Héraðsvötn. Hann beygði til vinstri í þann sama mund sem B var ekið fram úr þannig að A lenti á C (hestakerrunni).

Vátryggingafélag B telur að ökumaður B hafi borið sig rétt að við framúraksturinn og að ökumaður A beri ábyrgð árekstrinum.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að huga ekki að þeirri umferð sem á eftir kom er hann beygði til vinstri.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. október 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 172/2006**

**M1 og M2  
og**

**Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna banaslyss.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 7.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.9.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að morgni laugardagsins 4. mars 2006 var bifreið ekið á húsvegg á Akureyri. A, eigandi bifreiðarinnar, var þá farþegi í henni og mun hafa setið í hægra framseti. Hann lést í slysinu. Bifreiðinni var ekið af B, féлага og frænda A. Áfengismagn í blóði B mældist 1,95 prómill og í blóði A mældist áfengismagn 1,28 prómill og í þvagi 1,55 prómill.

B kvað A hafa komið heim til sín um kl. 22.00-22.30 föstudagskvöldið 3. mars. Um miðnætti hafi þeir farið akandi á bifreið A í veitingahúsið Sjallan. Þeir höfðu þá ekki verið búnir að neyta áfengis, en nokkru eftir að þeir komu í Sjallan hafi þeir byrjað að neyta áfengis. B kvaðst ekki muna hversu mikið hann drakk, en taldi að það hafi verið tveir til þrír bjórar og e.t.v. eitthvað af sterku áfengi. Taldi hann að A hafi drukkið svipað magn áfengis. Þeir hafi verið saman mest allt kvöldið þótt þeir hafi verið að hitta þar ýmsa aðra. Hann kvaðst ekki muna hvenær þeir yfirgáfu veitingahúsið og man heldur ekki eftir ferðum þeirra áður en slysið varð.

Málskotsaðilar, foreldrar A, hafa krafist bóta vegna andláts A úr slysatryggingu ökumanns og farþega sem keypt hafði verið hjá X. Til stuðnings kröfunni er vísað til Hrd. 2001 bls. 3451 (mál nr. 129/2001). Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 9. gr. sameiginlegra skilmála sem um vátrygginguna gilda losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta, ef vátryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Áfengismagn í blóði B mældist 1,95 prómill. A gat ekki dulist að B var undir miklum áfengisáhrifum og gjörsamlega óhæfur til að aka bifreið, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það verður virt A til stórkostlegs gáleysis að hafa falið B akstur bifreiðarinnar og þegið far með honum í hinni örlagaríku ferð. Vegna þessarar háttsemi A hefur réttur foreldra hans til bóta úr slysatryggingu ökumanns og farþega fallið niður að öllu leyti. Af þeim sökum eiga þau ekki rétt til bóta úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

Málskotsaðilar eiga ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og farþega hjá X.

Reykjavík, 20. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 196/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Ágreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns sem varð þegar unnið var með vinnuvél við hleðslu á grjótgarði þann 21.07. 2002.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 09.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.10. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, fæddur 1934, var að vinna ásamt J, vátryggingataka, við að hlaða grjótgarð í garði M. J notaðist við gröfu í sinni eigu við verkið. Lýsingar á málsatvikum hafa tekið nokkrum breytingum frá því að upphaflegar skýrslur voru teknar. Ljóst er að M stóð til hliðar við gröfuna sem notuð var við hleðsluna. Hlutverk hans mun hafa verið að leiðbeina J um staðsetningu steina. Vildi ekki betur til en svo að grafan (bóman) slóst í M þannig að meiðsl hlutust af.

Vátryggingafélagið hefur fallist á bótaábyrgð J en telur að skerða skuli bótarétt M vegna eigin sakar um 1/3 hluta. M er því ósammála sbr. fyrirliggjandi gögn og röksemdafærslu hans í málskotinu.

Vinnueftirlit ríkisins lætur þess getið í umsögn m.a. að stjórnandi vélarinnar hafi aldrei haft vinnuvélaréttindi en hann hafi stundað vörubílaakstur og gröfuakstur árum saman. Það telur orsök slyssins vera þá að M hafi staðið of nærri bómunni þegar steini var sleppt. Varla sé við að búast að óvanur maður varist hættuna á því að bóman sláist til en ætlast verður til þess að stjórnandi vinnuvélarinnar sé meðvitaður um það og sýni fulla aðgát við vinnu í námunda við fólk.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, er ekki tilefni til að skerða bótarétt M. Hann á óskertan bótarétt.

**Niðurstaða.**

M á óskertan bótarétt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

**Mál nr. 173/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Strandgötu og Reykjavíkurvegs í Hafnarfirði**  
**þann 22.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 12.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf (tölvupóstur) X, dags. 26.9.2006.
3. Bréf Y, dags. 29.9.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og YF-262 B var ekið eftir Fjarðargötu í Hafnarfirði og inn á hringtorg á mótum þeirrar götu og Strandgötu og Reykjavíkurvegs. Var A ekið í innri hring og B í ytri hring. Báðir ökumenn hugðust aka út úr hringtorginu inn á Reykjavíkurveg. Á móts við Strandgötu, þ.e.a.s. um miðja vega milli Fjarðargötu og Reykjavíkurvegs, rákust saman aftanverð hægri hlið A og framanverð vinstri hlið B.

Ökumaður A kvað það geta verið að hann hafi verið að aka fram úr B í hringtorginu, en ekki breytt um akstursstefnu. Hafi ökumaður B þá ekið inn í hlið A.

Ökumaður B kvað A hafa snögglega verið beygt í veg fyrir B með stefnu að Reykjavíkurvegi.

**Álit.**

Engin vitni eru að árekstrinum. Ekkert liggur fyrir um staðsetningu bifreiðanna á hringtorginu þegar áreksturinn varð. Ökumenn greinir verulega á um tildrög áreksturinn. Ósannað er hvor ökumanna eigi sök á honum. Eftir atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 20. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 174/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V v. A og B**

**Árekstur bifreiða í Stúfholti í Reykjavík þ. 22.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.9.2006.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 723/2006
3. Lögregluskýrsla dags. 23.8.2006. ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 16.9.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð en hafi ætlað að aka afturábak í bifreiðastæði á hægri hönd þegar horft er niður Stúfholt. Ökumaður B segist hafa verið að aka B afturábak úr bifreiðastæði og ekki veitt A athygli fyrir en hún hafi fundið högg koma á bifreiðina. Í málskoti segist ökumaður B hafa verið stöðvuð þegar árektur varð og A verið að bakka.

**Álit.**

Samkvæmt lögregluskýrslu var ökumaður B er að bakka og gætti ekki þeirrar varúðar sem ber að gera við slíkar aðstæður og vissi ekki af A fyrir en árekstur varð. Ekki var gerð athugasemd við þann framburð ökumanns A á vettvangi að A hafi verið kyrrstæð og fullyrðingar M um annað í málskoti fá ekki stöð í öðrum gögnum málsins. Öll sök er því felld á B.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík.4.10.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 197/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B og A**

**Hurð opnuð í veg fyrir bifreið 20.09. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 09.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var kyrrstæð í stæði (stöðureit) þegar A var ekið inn í næsta stæði (stöðureit) vinstra megin. Bílstjórahurð B og hægri hlið A lentu saman.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B beri ábyrgð á óhappi þessu.

M telur að A hafi ekið óvarlega og að hann skuli bera ábyrgð á því tjóni sem varð sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit.**

Með hliðsjón af 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga ber A hallann af sönnunarskortri um að ökumaður B hafi ekið of hratt eða ógætilega miðað við aðstæður.

Á sameiginlega tjónstilkynningu er ritað að ”bíll B stöpp í stæði. Bíll A ekið inn í stæði og um svipað leyti er hurð bílstjóramegin á bíl B opnuð bíll A ekur utan í hurð á bíl B”. Umrædd frásögn styður þá niðurstöðu að B beri ábyrgð á óhappi þessu.

**Niðurstaða.**

B ber ábyrgð á því tjóni sem varð.

Reykjavík 8. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 175/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B (hópbifreið)**

**Árekstur Suðurgötu þann 20.07. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 27.09. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 22.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið suður Suðurgötu við hægri brún akbrautar áleiðis í ytri hring Melatorgs, B var ekið við vinstri brún akbrautarinnar áleiðis í innri hring hringtorgsins. Engar yfirborðsmerkingar né umferðarskilti eru á akbrautinni sem gefa til kynna um hvort ein eða tvær akreinar eru á nefndum stað. Ökumaður A kvaðst ekki hafa vitað fyrir en árekstur varð þegar B var ekið í "krappa hægri beygju áleiðis inn í hringtorgið..." Ökumaður B kvaðst ekki hafa átt von á bifreið við hlið B þar sem hann telur að um eina akrein sé að ræða.

Vátryggingafélag A tekur undir sjónarmið M sem fram koma í málskotinu.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á árekstrinum. Engar yfirborðsmerkingar séu á vettvangi. Gatan sé "of lítil til að bera tvær bifreiðar hlið við hlið þegar önnur þeirra er af stærri gerðinni hvort sem er strætisvagn eða vörubifreið. Fólksbifreiðar troði sér gjarnan hlið við hlið þarna".

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A sem ók hægra megin frammeð B.

Ökumaður B gætti ekki nægjanlegrar aðgæslu. Telja verður að á vettvangi séu tvær akreinar. Breytir ekki framanrituðu þó ekki séu yfirborðsmerkingar. Bifreiðum er ekið samsíða inn í hringtorgið og þegar um stætisvagn er að ræða er ástæða fyrir viðkomandi að gæta aukinnar aðgæslu. Á því varð misbrestur að því er telja verður.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. október 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 176/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V1 v A og**  
**Vátryggingafélagið V2. v B**

**Árekstur bifreiða í hringtorgi Reykjanesbraut/Lækjargata í Hafnarfirði þ. 14.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.13.9.2006.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 693/06
3. Lögregluskýrsla dags.14.8.2006.
4. Bréf V2 dags. 22.9.2006
5. Bréf V1 dags. 28.9. 2006.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A og B með þeim hætti að hægri framhlið A lenti á vinstri afturhlið B á hringtorginu við gatnamótin, Reykjanesbraut suður eins og segir í lögregluskýrslu. Ökumaður A segist hafa farið inn í innri hring hringtorgsins og ætlaði að örðum gatnamótum áfram suður Reykjanesbraut og hafa séð til ferða B þar sem ökumaður B var að hægja á bifreiðinni. Ökumaður A segist þá hafa gefið stefnuljós og beygt út úr hringtorginu og B ekið áfram og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa verið að aka austur Lækjargötu og farið inn í hringtorgið á ytri akrein og ætlað út á öðrum gatnamótum austur Staðarberg og hafi hann ekki séð A vegna stórrar vörubifreiðar sem ekið hafi verið á undan A og hafi hann verið kominn aðeins inn í hringtorgið þegar A lenti á B.

**Álit.**

Í umrætt sinn var A í innri hring í hringtorgi og beygði út úr honum og lendir þá á B sem var ekið yfir gatnamótin í ytri hring. Ökumaður A segist hafa gefið stefnuljós áður en hún beygði út úr hringtorginu og hefur þeim framburði ökumanns A ekki verið hnekkt. Þá segist ökumaður B ekki hafa séð til ferða A vegna stórrar vörubifreiðar en tók samt ákvörðun að aka yfir gatnamótin hringtorgsins í ytri hring. Af framangreindu og miðað við gögn málsins og atvik öll þykir rétt að leggja alla sök á B

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík. 20.10.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 243/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna umferðarslyss  
þann 15.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.11.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M ók bifreiðinni A norður Langeyjarveg á Siglufirði. Á gatnamótum Langeyjarvegs og Norðurtúns rakst framendi A í hægri hlið bifreiðarinnar B, sem var ekið austur Norðurtún að gatnamótunum. Við áreksturinn kastaðist B til norðurs og valt á hægri hlið við nyrðri brún Norðurtúns vestan við gatnamótin um 7 m frá árekstrarstaðnum. A stöðvaðist norðan gatnamótanna við vestari brún Langeyjarvegs um 8 m frá árekstrarstað. Mikið tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Bjart var af degi, sólskin og þurrt færi þegar slysið varð. Hámarks hraði á Langeyjarvegi er 50 km á klst.

Í skýrslu lögreglu segir að af verksummerkjum á vettvangi megi sjá að M hafi misst vald á bifreið sinni sunnan gatnamótanna og farið aðeins út af slitlaginu hægra megin, náð að sveigja bifreiðinni aftur inn á götuna, en þá runnið skáhallt yfir á vinstri vegarhelming og hafnað á B sem hafi verið staðsett á gatnamótunum. Þá segir í lögregluskýrslunni að skransför eftir A hafi mælst 60 m til suðurs frá árekstrarstaðnum og far eftir framhjól 30 m sunnan árekstrarstaðarins, þar sem hliðarskrið hafi verið komið á A. Samkvæmt vettvangsuppdrætti lögreglu, mælast för eftir hægri hjól A um 50 m og eftir vinstri hjól um 52 m, svo og skriðfar eftir framhjól um 29 m. Við skoðun á hjölbörðum A eftir slysið kom í ljós að framhjólbarðar stóðust skoðun hvað mynsturdýpt varðaði (4 mm og 5 mm), en afturhjól hefðu hins vegar verið það slitnir (1 mm og 0 mm) að þeir hefðu ekki staðist slíka skoðun.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af M kvaðst hann muna lítið eftir atvikinu, en muna þó að hann hafi verið staddur sunnarlega á Langeyjarvegi á um 60 km hraða á klst. og séð B fyrir framan sig.

Ökumaður B kvaðst hafa stöðvað skömmu áður en hann kom að gatnamótunum og hleypt út farþega. Hann hafi svo verið að aka aftur af stað og tekið bílbelti til að spenna það, en þá hafi farsími hans hringt. Hafi hann þá stöðvað aftur við biðskyldumerki til að svara símanum. Í sömu andrá hafi hann séð A koma eftir Langeyjarvegi úr suðri á ofsahraða. Hafi ökumaður A misst vald á bifreiðinni þannig að hún hafi farið út í mól hægra megin og síðan komið skáhallt yfir götuna og stefnt beint á B.

Vitnið D, sem var farþegi í B, kvaðst hafa gengið suður Langeyjarveg er hún hafi séð til ferða A. Hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir hraða A, en telur að hann hafi verið yfir 100 km á klst. Þegar hún hafi séð A hafi afturendi hennar verið farinn að snúast til hægri og hún komin á hliðarrensli. M hafi verið að reyna að stýra bifreiðinni, en hún hafi verið stjórnlaus, að henni fannst, og runnið á ská beint yfir á vinstri vegarhelming inn á gatnamótin og á hægra framhorn B.

Vitnið E kvaðst hafa verið að vinna á svæðinu kringum umrædd gatnamót á vegum vinnuskóla Siglufjarðar og hafi hann verið staddur við “miðhúsið við Eyrarflöt sem liggur að Langeyjarvegi.” Hafi hann heyrt vélarhljóðið í A sem hafi komið á mikilli ferð sunnan Langeyjarveg og hafi hann

kallað til nærstaddra “sjáiði ferðina á honum.” Hafi ökumaður A misst bifreiðina út í mölina hægra megin, en tekist að ná henni aftur inn á malbikið. Þá hafi ökumaðurinn misst A á hlið og hún runnið stjórnlaust yfir á vinstri vegarhelming í átt að gatnamótunum og á B sem hafi verið kyrrstæð á gatnamótunum. Við áreksturinn hafi B kastast í loft upp að framan og hún runnið á hægra afturhjól einu saman yfir götuna þar sem hún hafi skolið niður á hægri hlið. Taldi vitnið að hraði A hafi verið á bilinu 110 til 130 km á klst.

A var vátryggð hjá Vátryggingafélaginu X, þ. á m. lögboðinni slysátryggingu ökumanns, þegar slysið varð. Hefur M krafist bóta úr slysátryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut. X telur að M hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi og með vísan til 5. gr. þágildandi skilmála, sbr. 2. mgr. 18. gr. þág. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, beri að skerða rétt hans til bóta um 1/3. M vill ekki una þeirri afstöðu.

### Álit.

Eins og málið liggur fyrir nefndinni er til úrlausnar hvort X sé heimilt að skerða bótarétt M um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis.

Samkvæmt verksummerkjum á vettvangi mældust að a.m.k. rúmlega 50 m löng för eftir A áður en áreksturinn varð. Þá er engum vafa undirorpið að áreksturinn var mjög harður sem gefur sterklega til kynna að A hafi enn verið á miklum hraða um það leyti sem áreksturinn varð. Vitni hafa borið að hraði A hafi verið um og yfir 100 km á klst. er henni var ekið að gatnamótunum. Hjólbarðar A voru misslitnir og afturhjólar hennar voru það slitnir að þeir hefðu ekki staðist skoðun. Virðist sem annar hjólbarðinn hafi verið sléttlitinn (0 mm). Skv. 3. mgr. 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður gæta þess að ökutæki sé í góðu ástandi. Þá skal ökumaður jafnan miða hraða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Skal ökumaður þannig miða hraða m.a. við ástand ökutækis og umferðaraðstæður að öðru leyti. Þegar allt framangreint er virt þykir mega slá því föstu að hraði A hefur verið gífurlegur og langt yfir því sem heimilt var og ástand ökutækisins og aðstæður að öðru leyti leyfðu. Engin haldbær rök eru fyrir því að slysið megi að einhverju leyti rekja til aksturslags ökumanns B. Verður ekki hjá því komist að virða háttsemi M til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 18. gr. þágildandi laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Er X því heimilt að skerða bótarétt M og að sú skerðing nemi 1/3 hluta.

### Niðurstaða.

Vátryggingafélaginu X er heimilt að skerða bætur til M úr slysátryggingu ökumanns bifreiðarinnar A um 1/3 hluta vegna líkamstjóns er hann hlaut í umferðarslysi þann 15.7.2003.

Reykjavík, 15. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 177/2006**

**K**  
**og X hf. vegna A**  
**og**  
**Y hf. vegna B**

**Árekstur á gatnamótum Ægisgötu og Túngötu 29. águst 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14. september 2006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók suður Ægisgötu og ætlaði að beygja til hægri inn á Túngötu. B var komið inn á gatnamótin alveg til vinstri á akreininni. A fór því hægra megin upp að hlið B og stöðvaði við Túngötu. Þegar A lagði af stað ók B einnig af stað og lenti á hlið A. B ók suður Ægisgötu og hugðist beygja til hægri inn á Túngötu. Ökumaður segist hafa þurft að fara vel til vinstri til að taka begyjuna vítt og sleppa við umferðarmerki sem er á horninu. Hann sá skyndilega A í hliðarspegli hægra megin eftir að hann var byrjaður að beygja til hægri og ökutækin rákust saman.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að einvörðungu ein akrein er þar sem áreksturinn varð. Ökumaður A var því að fara fram úr B á stað þar sem framúrakstur var bannaður og engar aðstæður til slíks aksturslags.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík, 18. október 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 178/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur í porti aftan við Hverfisgötu 114 þann 22.08. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 22.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Haft er eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi verið að bakka út úr bifreiðstæðahúsi þegar A hafi verið bakkað inn í vinstri hlið B. Ökumaðurinn kveðst ekki hafa séð A fyrr en henni hafði verið bakkað.

Haft er eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að hann hafi verið að bakka úr bifreiðastæði þegar hann hafi fundið að hann hafi bakkað á eitthvað, “tekur hann þá eftir bifreiðinni” B.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A hafi bakkað í hlið B, hann beri því ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum virðist ökumaður A ekki hafa hugað nægjanlega að annarri umferð er hann ók afturábak. Hann ók því í hliðina á B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. október 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 204/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar**

**Hundur meiddist þegar hestur steig á rófu hans þ. 6.8.2006**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 16.10.2006 ásamt bréfi
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.727/2006
3. Tjónakýrsla dags. 22.8.2006.
4. Bréf V dags. 25.8., 14.9.,23.10.2006.

**Málsatvik.**

M segist hafa verið í reiðtúr með fleira fólki þar sem hundur var einnig með í för og segist M hafa misst stjórn á hesti sínum og hann stigið á rófu hundsins og taka hefði þurft hana af. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M segi að sú roka sem hesturinn hafi tekið hafi verið óviðbúin og óviðráðanleg og ekki verði séð að M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi og tjónið því óhappatviljun og ekki bótaskyld.

**Álit.**

Tjónið verður ekki rakið til saknæmrar háttsemi M og því er bótaskylda V ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík.14.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 179/2006**

**M v/bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/B**

**Ágreiningur um tjónvald vegna skemmda á bifreiðinni A sem stóð á bifreiðaplani við  
verslun við Landvegamat, Rangárþingi, þann 31.05. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.09. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 02.10. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ekið var á vinstri afturhurð A þar sem hún stóð í bifreiðastæði. Upplýst er að B hafði verið bakkað skömmu áður í áttina á A og farið á brott.

Skýrsla lögreglu upplýsir um aðstæður á vettvangi og viðræður við aðila þ.á m. athugun á bifreiðunum en engin ákoma var á B.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi.

Vátryggingafélag A tekur undir þau sjónarmið sem M setur fram í málskotinu.

Vátryggingafélag B telur ósannað að ökumaður B hafi bakkað á A.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi skemmdir á A til B.

Ekki er unnt að láta halla á B miðað við fyrirliggjandi gögn. Engin ákoma var sjáanleg á B þrátt fyrir allnokkra ákomu á afturhurð A. Lögreglan getur þess að "ekki var að sjá neina rispu né málningu á höggvarahorni bifreiðarinnar (B) en höggvarinn er krómaður".

**Niðurstaða.**

Ósannað er að rekja megi skemmdir á A til B .

Reykjavík 20. október 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 180/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Vídalínskirkju í Garðabæ þann 12.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.9.2006.
3. Bréf Y, dags. 2.10.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak áleiðis í bifreiðastæði, þegar bifreiðinni B var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði á móti stæði því sem ökumaður A hugðist aka í. Rákust þá saman hægra afturhorn B og vinstri hlið A.

Ökumaður A kvað B hafa verið bakkað á A. Vitni hafi kallað til að vara ökumenn við. Kvaðst ökumaður A hafa stöðvað við það, en um leið hafi B skolið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað að laga B í stæðinu og verið búinn að athuga hvort bifreiðir væru fyrir aftan sig. A hafi verið ekið fram hjá, en ökumaður hennar svo ákveðið að bakka í stæði fyrir aftan B. Hafi A svo verið ekið í veg fyrir B.

Þrjú vitni hafa ritað skýrslur um atvikið, þar sem þau telja að ökumaður B hafi ekki haft hugann við aksturinn um það leyti sem áreksturinn varð.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ökumenn hafi ekki vitað af ferðum hins fyrr en í þann mund sem árekstur varð. Hvorugur gætti því að ákvæði 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Eiga báðir ökumenn því sök á árekstrinum og ekki hefur verið sýnt fram á að annar þeirra eigi meiri sök en hinn. Skýrslur vitna breyta þessu ekki. Eftir atvikum öllum ber því að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 25. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 181/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á Þjóðvegi 54, Snæfellsvegi, þann 21.07. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19.09. 2006, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.09. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.09. 2006 og 06.10. 2006 ásamt viðbótarfrásögn ökumanns B, dags. 27.09. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var að aka fram úr tveimur dráttarbílfreiðum þegar annarri þeirra B var beygt í veg fyrir A í áttina að afleggjara að landareign. B var með tengivagn.

Vátryggingafélag A tekur undir þau sjónarmið sem M setur fram í málskotinu.

Vátryggingafélag B telur að A skuli bera 2/3 hluta sakar fyrir að gera ekki vart við sig með fullnægjandi hætti við framúraksturinn sbr. 31. gr. umferðarlaga og að B skuli bera 1/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir aftan sig sbr. 15. gr. og 17. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Á vettvangi er heimilt að aka fram úr enda sé gætt nægjanlegrar aðgæslu. Að sama skapi er mikilvægt að sá sem beygir hugi að umferð sem á eftir kemur áður en beygt er. Misbrestur varð á þessu hjá ökumönnum máls þessa.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Ökumaður A gætti ekki nægjanlegrar aðgæslu við framúraksturinn, hann átti að gera vart við sig með fullnægjandi hætti við framúraksturinn sbr. 31. gr. umferðarlaga, því hann var að aka fram úr fleiri en einni bifreið. Ökumaður B hugaði ekki nægjanlega að umferð fyrir aftan áður en hann beygði sbr. 15. gr. og 17. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 20. október 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 182/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V h.f. v málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar v tjóns þ. 6.7.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.9.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 519/2006
3. Bréf V, dags. 12.6., 20.6., 21.9. og 26.9.2006 ásamt fylgigögnum.
4. Bréf lögmanns M, dags. 4.5. og 8. 7.2006.
5. Bréf lögmanns fjármálafyrirtækis, dags. 29.7.2006m ásamt tölvubréfi.

**Málsatvik.**

Bíll M valt þ. 6.7.2004. M keypti umrædda bifreið árið 2004 og tók ökutækjalán hjá fjármögnunaraðila á ökutækinu en bíllinn var ekki kaskótryggður og telur lögmaður M að það hafi verið í verkahring fjármögnunaraðilans að gera það og krafði fjármögnunaraðilann um bætur. Í bréfi lögmanns M gerir hann kröfu til að ágreiningur M við fjármögnunaraðilann falli undir málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V og bendir lögmaðurinn á í því sambandi að ágreiningurinn í málinu varði ekki M sem eiganda bifreiðarinnar heldur sem viðskiptamann banka og hugsanlegt tjón sem bankastofnun hefur valdið. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv orðalagi tryggingarskilmála tryggingar M hjá V þá sé undanskilin áhætta sem tengist vélknúnum ökutækjum.

**Álit.**

Í grein 56.8 í fjölskyldutryggingu þeirri sem M hefur hjá V segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varði vátryggðan sem eiganda notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis o.s.frv. Þrátt fyrir að mál það sem M hyggst höfða á hendur fjármögnunaraðilanum snúist um sérfræðiabyrgð fjármálafyrirtækis þá breytir það því ekki að hið rúma orðalag greinar 56.8 í fjölskyldutryggingu M hjá V tekur til þess máls sem um ræðir og girðir fyrir að M eigi rétt til bóta úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík. 25.10.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 183/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v A og B**

**Árekstur bifreiða á Elliðavatsnsvegi þ. 23.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.22.9.2006
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 721/06
3. Lögregluskýrsla dags. 28.8.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 2.10.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðarnar A og B rákust saman í beygju á vegi skammt frá Heiðmörk. Ökumaður A segist hafa verið að aka í átt að Hafnarfirði og þegar hann kom í umrædda beygju hafi hann séð B beint á móti sér og hafi hann þá bremsað og sveigt frá en B verið langt inn á sínum vegarhelmingi og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa verið að koma frá Hafnarfirði og þegar hún kom í umrædda beygju þá hafi hún séð A rétt fyrir framan sig og hafi A ekið á B rétt í sömu mund og hún hafi séð hann. Hemlaför eftir A mældust um 15 metrar.

**Álit.**

Þar sem árekstur varð er vegurinn þröngur og aka verður af mikilli varkárni. Ökumenn lýsa því báðir að þeir verði ekki varir við hinn fyrir en í þeirri beygju þar sem áreksturinn varð. Ekki verður séð að ökumenn hafi gætt þeirrar varkárni sem nauðsynlegt var að sýna. Þá verður ekki séð að forssenda sé til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík. 1.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 184/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Álftanesvegi þann 10.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 6.10.2006, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 9.10.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Álftanesveg og var A ekið á eftir B. A var ekið áleiðis fram úr B, en í sömu andrá var B beygt til vinstri inn á vegslóða að losunarstað fyrir hey á vegum Garðabæjar. Rákust þá saman hægra framhorn A og framanverð vinstri hlið B. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Þar sem áreksturinn varð skilur hálfbrotnin miðlína milli umferð í gagnstæðar áttir, en slík lína gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilit nema með sérstakri varúð, sbr. b. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. B dró kerru og í skýrslu lögreglu segir að ljós kerrunnar hafi ekki virkað. Engin ljós hafi kviknað nema kveikt hafi verið stefnuljós til hægri, en þá hafi kviknað stefnað stefnuljós til hægri. Greinilegt hafi verið að rafmagnskapallinn hafi verið nánast í sundur við tengilinn og töluverð spansgræna verið komin í vírana. Þá skyggði kerran algjörlega á afturljós B svo engin leið hafi verið fyrir ökumenn fyrir aftan kerruna að sjá afturljósín á B.

Ökumaður A kvaðst hafa séð til ferða B fyrir framan sig og hafi henni verið ekið hægt. Hann hafi því ákveðið að aka fram úr henni. Er hann hafi verið við hlið B hafi henni skyndilega verið beygt til vinstri og á hægra framhorn A. Hann hafi ekki séð stefnuljós á kerrunni og ekki séð ljósín á B.

Ökumaður B kvaðst hafa hægt ferðina þar sem hann hafi ætlað að beygja út af inn á vegarslóða. Hann hafi gefið stefnumerki til vinstri með góðum fyrirvara. Hann hafi séð bifreið nálgast á eftir sér í 100-150 m fjarlægð er hann leit í baksýnispegil. Taldi hann víst að ökumaður þeirrar bifreiðar myndi bíða uns hann hefði tekið beygjuna og farið út af veginum. Hann hafi ekki séð bifreiðina aftur fyrr en áreksturinn varð.

**Álit.**

Ökumaður B vissi af ferðum B fyrir aftan sig. Ljósabúnaður á kerru þeirri sem B dró var í ólagi og engin ljós sáust aftan á B. Af þeim sökum sáust engin stefnumerki loga á bifreiðinni. Verður áreksturinn fyrst og fremst rakinn til þessa alvarlega vanbúnaðar B og þess að ökumaður hennar gætti ekki nægilega að umferð á eftir sér, sbr. 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Telst ökumaður B því eiga meginsök á árekstrinum. Ökumaður A ók yfir hálfbrotna miðlínu til að aka fram úr B. Eins og fyrr getur bar honum við þessar aðstæður að gæta sérstakrar varúðar. Af gögnum málsins verður ekki séð að hann hafi gengið úr skugga um að ökumaður B hafi í tæka tíð vitað eða mátt vita um fyrirhugaðan framúrakstur. Hefur ökumaður A ekki gætt allrar þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast við framúraksturinn umrætt sinn. Á hann því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að ökumaður B beri 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakarinnar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 1. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 185/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Hafraholti á Ísafirði þann 3.3.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.9.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið út frá botnlanga frá húsum nr. 44 til 54 við Hafraholt á Ísafirði og beygt til vinstri áleiðis suður götuna. Þá var bifreiðinni B ekið frá botnlanga við Hafraholt 32 til 42 og beygt norður götuna. Rákust þá saman hægra framhorn A og hægri hlið B. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum.

Ökumaður A kvaðst hafa verið á leið út úr botnlanganum og hugðist beygja til suðurs. Þá hafi stúlka gengið yfir götuna fyrir framan A. Eftir að stúlkan var farin kvaðst ökumaðurinn hafa ekið af stað, en þá ekið inn í hlið B, en hann hafi ekki séð til ferða B fyrr en rétt áður en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið norður Hafraholt frá húsum nr. 32 til 42. Allt í einu hafi hann séð A vera ekið út frá botnlanganum við hús nr. 44 til 54. Hafi hann þá beygt til vinstri til að afstýra árekstri, en hægra framhorn A hafi þá lent í hægri hlið B.

**Álit.**

Af gögnum málsins má ráða að B hafi verið ekið nokkurn spöl eftir Hafraholti, þegar A var ekið út á götuna og áreksturinn varð. A var ekið út á götuna yfir gangstétt frá bifreiðastæði eða heimreið. Bar ökumanni A, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Þessa skyldu virti ökumaður A ekki gagnvart B og telst því eiga sök á árekstrinum. Eins og mál þetta liggur fyrir eru ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A, PL-460.

Reykjavík, 1. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 186/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega og ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Líkamsmeiðsl, ágreiningur um vinnuslys, 27.01. 2005.

### Gögn.

1. Málskot móttakið 26.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.10. 2006.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, sjúkraliði, var að aðstoða skjólstæðing sinn við að fara úr hjólastól yfir í bíósæti. Stóllinn mun hafa runnið til og við það snerist upp á hægri fótlegg M þannig að meiðsl hlutust af.

Vátryggingafélagið telur að ekkert bendi til þess að til skaðabótaábyrgðar hafi stofnast eða sem styður þá fullyrðingu M að henni hafi verið gert að vinna við of mikinn þunga við slæmar aðstæður. M sé sjúkraliði að mennt og starfar sem slíkur hjá vátryggingartaka. Í starfi sjúkraliða felist m.a. að aðstoða sjúklinga við daglegar athafnir m.a. að fara í og úr hjólastól. Félagið telur að M hefði einn getað gert sér grein fyrir því hvort aðstæður væru með þeim hætti að hún þarfnaðist aðstoðar við flutning sjúklings úr hjólastólum yfir í bíósætið.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr slysatryggingu launþega, það telur að ekki hafi verið um slys að ræða í merkingu skilmála og vátryggingaréttar sbr. umfjöllun félagsins í nefndu bréfi.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu þá sem fram kemur í málskotinu sem óþarft er að geta í þessari umfjöllun.

### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt slysatryggingu launþega. Skilyrði skilmála um skyndilegan utanaðkomandi atburð er uppfyllt. Telja verður að hjólastóllinn hafi runnið til er M var að aðstoða skjólstæðing sinn úr stólum í bíósalnum og það hafi m.a. valdið því að M varð fyrir meiðslum.

Ekki hefur verið sýnt fram á stofnun skaðabótaábyrgðar samkvæmt ábyrgðartryggingu atvinnureksturs.

### Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt slysatryggingu launþega en ekki samkvæmt ábyrgðartryggingu atvinnureksturs.

Reykjavík 1. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 187/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V 1) v A og**  
**Vátryggingafélagið V 2 v B**

**Árekstur bifreiða í hringtorgi á Vesturlandsvegi þ. 15.7.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.26.9.2006
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.
3. Tjónstilkynning dags.15.júlí 2006
1. Bréf Vátryggingafélaganna dags. 13.9. og 2.10.2006.

**Málsatvik.**

A og B óku um hringtorg á Vesturlandsvegi og ók A í innri hring og B í ytri hring. Árekstur varð með bifreiðunum þegar A ók út úr hringtorginu. Ökumaður A segist hafa verið að fara út úr hringtorginu þegar B hafi ekið á hægra framhorn A. Ökumaður A segist hafa gefið stefnumerki um að aka út úr hringtorginu. Ökumaður B segir að A hafi ekki gefið stefnuljós og afstöðumynd á tjónstilkynningu sé röng enda teiknuð af ökumanni A. Þá segir ökumaður B að hún hafi verið komin það langt að A hefði átt að sjá hana

**Álit.**

Takmörkuð gögn liggja fyrir um áreksturinn en af þeim gögnum virtum sem fyrir liggja er ekki forsenda til annars en leggja alla sök á ökumann B sem ekur á ytri hring í hringtorgi í veg fyrir A þegar A hyggst aka út úr hringtorgi úr innri hring.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík.1.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 188/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda sem urðu þegar skrúfað var frá vatnsslöngu sem stungið var inn um glugga á íbúð í júní 2003**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 28.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.10. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að það vatn sem olli skemmdum hafi komið inn um opin glugga. Félagið telur það utanaðkomandi vatn sem undanþegið er ábyrgð félagsins skv. 5. tl. 2. gr. sbr. og 1. gr. vatnstjónstryggingar. Félagið telur að ekki hafi verið um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka úr vatnsleiðslum hússins að ræða heldur ásetning.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. Hér er um undanskilda áhættu að ræða skv. 1. gr. sbr. og 5. tl. 2. gr. vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 189/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið h.f. v A) og B**

**Árekstur bifreiða á Lynghálsi í Reykjavík þ. 11.9.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ.29.9.2006 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 753/2006
3. Lögregluskýrsla dags. 11.9.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 19.10.2006.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A sem var ekið suður Hálsabraut og beygt áleiðis austur Lyngháls og B sem ekið var norður Hálsabraut. Hemlaför B mældust 17.5 metrar mælt að afturhjólum. Ökumaður A segist hafa ekið í vinstri beygju og hafi framhluti A verið kominn yfir á gangstæða akrein og hafi hann stöðvað þar vegan umferðar norður Hálsabraut og síðan hafi hann ekki vitað fyrir en B lenti á A. Ökumaður B segist hafa ekið norður Hálsabraut með fyrirhugaðan akstur áfram og hafi hann ekið á eftir stórrí flutningabifreið og þegar hann nálgast gatnamót Lyngháls hafi hann séð hvar A var ekið í veg fyrir hann og stöðvað og hafi hann þá hemlað en ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur.

**Álit.**

Í umrætt sinn ók A í veg fyrir B og ber því alla sök á árekstrinum Ekki eru forsendur til að skipta sök miðað við fyrirbyggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík.1.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 190/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/heimilistryggingar v/þjófnaðar**

**Ágreiningur um bótafjárhæð vegna þjófnaðar úr bifreið 12.09. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 02.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.10. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Brotist var inn í bifreið M og munum stolið. Ágreiningur aðila snýst um hvaða ákvæði skilmála eigi við um bótarétt/bótafjárhæð.

Félagið viðurkennir bótaskyldu og greiddi þann 20.09. 2006 bætur að fjárhæð kr. 206.700 en M gerir kröfu um fjárhæð kr. 2.674.700.

Vátryggingafélagið vísar til greinar 4.5.2 þar sem fram kemur að þjófnaður úr bifreið bætist með allt að 5% af vátryggingafjárhæðinni. Vátryggingafjárhæð innbús M skv. vátryggingaskírteini hafi verið kr. 4.134.000. Réttur til bóta sé því 206.700.

M vísar til 3. gr. skilmála sem fjallar um innbú sem um stundarsakir eru utan heimilis vátryggingartaka. Félagið telur að það ákvæði eigi ekki við. Nefnd grein sé almennt ákvæði sem eigi ekki við vegna nefndrar greinar 4.5.2.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur vátryggingafélagið bætt M það tjón sem hann á rétt á skv. grein 4.5.2, þ.e. miða ber við 5% af vátryggingafjárhæðinni líkt og gert hefur verið.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 1. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 191/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar Y**

**Árekstur á Reykjanesbraut norðan Bústaðavegar þann 16.9.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.10.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.10. og 16.10.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið suður Reykjanesbraut á miðakrein í átt að Bústaðavegi. Vegna bilaðrar bifreiðar á akreininni ákvað ökumaðurinn að skipta um akrein og aka yfir á akreinina lengst til vinstri. Bar þá að bifreiðina B, sem var ekið eftir akreininni lengst til vinstri. Rákust saman afturendi A og hægri hlið B. Hámarks hraði á Reykjanesbraut er 70 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað á miðakreininni, en gefið svo stefnumerki og skipt um akrein í framhaldi af því. Hann hafi litið í baksýnispegl og séð B nálgast, en talið hana það langt í burtu að hann gæti skipt um akrein. Hann hafi að öllu leyti verið kominn yfir á vinstri akreinina þegar B hafi verið ekið aftan á vinstra horn A. Um leið hafi B verið ekið upp á grasbala sem skilur að akreinar í gagnstæðar áttir.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 70 km hraða á klst., þegar A hafi verið ekið af miðakreininni í veg fyrir B. Hann hafi sveigt til vinstri og út fyrir akbrautina, en ekki tekist að afstýra árekstri. Þegar áreksturinn varð hafi A aðeins að hálfu leyti verið kominn inn á vinstri akreinina.

Vitni, sem ók á eftir B, kvað A hafa skyndilega verið ekið yfir á vinstri akreinina í veg fyrir B. Hafi ökumaður B þurft að hemla og beygja til vinstri til að forða árekstri, en það ekki tekist.

**Álit.**

Ökumaður A skipti um akrein í veg fyrir aðvífandi bifreið. Áður en hann skipti um akrein bar honum að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sbr. 3. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að B hafi verið það langt fyrir aftan A, að ekki hafi skapast hætta þegar A var ekið yfir á akreinina lengst til vinstri. Hefur ökumaður A því ekki gætt nægilega að umferð á vinstri akreininni áður en hann skipti um akrein og telst hann því eiga sök á árekstrinum. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að áreksturinn og afleiðingar hans megi rekja til þess að B hafi verið ekið óhæfilega hratt í umrætt sinn. Eru því ekki næg efni til að leggja sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 1. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 192/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V2 v B**

**Árekstur bifreiðan á Vesturlandsvegi við Seleyrargil þ. 11.8.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 3.10.2006 með bréfi lögmanns M
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.774/05
3. Lögregluskýrsla dags. 18.8.2005 ásamt vettvangsupprætti.
4. Bréf V 2 dags. 8.10.2006.

**Málsatvik.**

B var ekið norður Vesturlandsveg. Við Selseyrargil var A ekið frá veitingastaðnum Venus með fyrirhugaðan akstur norður Vesturlandsveg. Stöðvunarskylda er þegar ekið er inn á Vesturlandsveg af þeim stað sem A ók inn á veginn. Ökumaður B segist hafa séð A koma frá veitingastaðnum og hafi hann þá hægt ferðina og hafi A verið ekið viðstöðulaust inn á Vesturlandsveg í veg fyrir B og hafi hann þá nauðhemað en ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður A segist halda að hann hafi ekki stöðvað fyllilega þegar hann kom að gatnamótunum en vitað af stöðvunarskyldunni en hann og sonur hans hafi gáð að umferð en enga séð og ekki vitað fyrir en árekstur varð.

**Álit.**

A ekur í umrætt sinn inn á Vesturlandsveg í veg fyrir B en umferð um Vesturlandsveg hefur fogang þar sem árekstur varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að aksturslag B hafi verið með þeim hætti að réttlæti að leggja sök eða hluta sakar á ökumann B og verður því öll sök felld á A sem ekur inn á aðalbraut í umrætt sinn í veg fyrir B.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík. 1.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 198/2006**

**(M)**

**og**

**(V1) v/ (A)**

**og**

**(V2) vegna (B)**

**Árekstur bifreiðar og bifhjóls á Heiðarvegi í Vestmannaeyjum þ. 7.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.10.2006
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 589/06
3. Lögregluskýrsla dags. 13.7.2006. ásamt ljósmyndum
4. Bréf V1 dags. 12.10. og 24.10.2006
5. Bréf V2 dags. 24.10.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið Vesturveg til vesturs og síðan ekið inn á Heiðarveg til suðurs og ætlað að beygja inn í bifreiðastæði við Heiðarveg og gefið stefnummerki til vinstri og hægt á ferð og séð í hliðarspegli að bifhjóli var ekið fyrir aftan hana í sömu stefnu og hafi hún þá byrjað að beygja en B þá ekið á hana af miklu afli. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A sem hafi verið ekið mjög hægt og hafi hann ætlað að aka framúr A þegar A var beygt í veg fyrir B. Vitni að árekstrinum sem var að aka suður Heiðarveg segir að ekki hafi farið á milli mála að A hyggðist beygja inn í bifreiðastæði og hafi B ætlað að aka framúr A um leið og A byrjaði að beygja. Á þeim kafla vegarins þar sem árekstur varð er miðlína vegarins hálfbrotin.

**Álit.**

Þar sem áreksturinn varð eru yfirborðsmerkingar í götunni með þeim hætti að um hálfbrotna línu er að ræða þegar um slíkar merkingar er að ræða er óheimilt að aka fram úr nema með sérstakri varúð sbr reglugerð nr. 289/1995 23.gr b lið en þar segir: ”Hálfbrotin lína (L21) (línan þrisvar sinnum lengri en bilið) sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð”. Ökumaður B tók áhættu af því að aka fram úr miðað við þær aðstæður sem um var að ræða og merkingar þær sem lýst er að voru á götunni með vísan til þess og framburðar vitnis er því öll sök lögð á B.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík, 15.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 199/2006**

**C  
og X hf. vegna A  
og  
Z hf. vegna B**

**Tjón af völdum hlutar sem féll á annan bíl.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 10. október 2006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A ók suður Vesurlandsveg skammt frá Borgarfjarðarbrúnni. á eftir ökutæki B sem var með tengivagn. Á tengivagninum var jarðvinnuvél. Járnbolti hafi fallið af kerrunni og framan á A þannig að skemmdir urðu á vélarhlíf. Farþegi í bílnum staðfestir frásögnina. Ökumaður A fór beint á næstu lögreglustöð. Lögreglan hafði samband við ökumann B sem kannaðist við að hafa verið á ferð á þessum stað og útilokaði ekki að lausir hlutir hefðu fallið frá jarðvinnuvélinni, þótt ekki hefði hann sérstaklega orðið var við það.

**Álit.**

Í ljósi framburðar vitnis og þeirrar staðreyndar að ökumaður B útilokar ekki að lausir hlutir hafi fallið frá jarðvinnuvélinni sem hann var að flytja þykir nægilega sannað að tjón á SS-446 verði rakið til notkunar PY-205.

**Niðurstaða.**

Tjón A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík, 8. nóvember 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 200/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar**

**Ágreiningur vegna bótaskyldu er hliðslá féll á bifreið þann 13.11.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.10.2006.
2. Bréf X, dags. 23.10.2006.

**Málsatvik.**

Bifreið í eigu M var ekið áleiðis í gegnum svonefnt bómuhlið út af athafnasvæði A, vátryggingartaka. Mun þá slá, sem lokar hliðinu, hafa fallið niður og lent framan á bifreiðinni og valdið skemmdum á henni.

M kvaðst vera von að fara um bryggjuna í Hafnarfirði og þar geti hliðvörður hleypt fleiri en einni bifreið í gegn. Þar sem engin skilti, ljós eða annað hafi verið við hliðið á athafnasvæði A hafi hún farið á eftir bifreið fyrir framan sig með fyrrgreindum afleiðingum. Hliðvörður á staðnum hafi ekki verið með neinn neyðartakka eða annan búnað til að koma í veg fyrir að sláin færi niður. Kveðst M hafa krafið X, ábyrgðartryggjanda A, árangurslaust um bætur vegna skemmda á bifreiðinni.

X kveðst hafa hafnað bótakröfum M á þeim forsendum að tjónið verði hvorki rakið til bilunar í búnaðinum né mistaka starfsmanna A. Um bómuhlið gildi almennt að það lokist sjálfkrafa eftir að einni bifreið hefur verið ekið í gegnum það. Þetta eigi t.d. við um sams konar hlið í bílastæðahúsum. M hafi ekki mátt gera ráð fyrir að komast í gegnum hliðið strax í kjölfar annarrar bifreiðar án þess að hliðið lokaðist á milli öðruvísi en að fá um það sérstaka vísbendingu frá hliðverði. Ekkert slíkt hafi verið gert af hálfu starfsmanna A.

**Álit.**

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð um tildrög óhappsins, svo og um hliðbúnaðinn og virkni hans. Ekki hefur verið sýnt fram á að óhappið megi rekja til þess að hliðbúnaðinum hafi verið áfátt að einhverju leyti eða starfsmönnum A hafi orðið á mistök við stjórn umferðar um hliðið. Þótt hliðið á athafnasvæði A hafi verið frábrugðið sambærilegu hliði við Hafnarfjarðarhöfn og stjórn umferðar um þessi tvö hlið hafi ekki verið með sama hætti þá dugir það ekki til að ábyrgð verði lögð á A í máli þessu. Að þessu virtu telst M ekki eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

Tjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 8. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 206/2006**

**M)  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur við gatnamót Hofsvallagötu og Hagamels þann 07.09. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 24.10. 2006, ásamt fylgiskjölum og bréf, dags. 31.10. 2006, þar sem hjálaga fylgdi afstaða ökumanns A vegna málskotsins, dags. 30.10. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M vísar til þess að ökumaður A hafi sveigt utan í bifreið sína. M telur sig hafa verið kominn út á gatnamótin þar sem hann hafi beðið eftir að geta tekið vinstri beygju. Hann gagnrýnir afstöðuteikningu tjonstilkynningar sem hann segir að A hafi gert. M kveðst hafa verið á undan A. A hafi sveigt til vinstri þegar C, sem á undan fór, hafi stöðvað snögglega.

Ökumaður A er ósammála umfjöllun B. Hann telur að B hafi ekki verið á gatnamótunum.

Vátryggingafélag A telur B bera ábyrgð árekstrinum. Á vettvangi sé ein akrein, B hafi verið staðsett ranglega þegar áreksturinn varð. Ökumaður A hafi brugðist við þegar C stöðvaði skyndilega. B hafi verið staðsettur vinstra megin á akbrautinni án þess að aðstæður leyfðu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að sveigja bifreið sinni til vinstri án þess að huga að umferð sem þar var og ekið á B kyrrstæða. B hafi farið að umferðareyju á akbrautinni vegna fyrirhugaðrar vinstri beygju á gatnamótunum. B hafi ekið með röð bifreiða sem voru hægramegin á akbrautinni með fyrirhugaða akstursstefnu beint áfram Hofsvallagötu og í hægri beygju. A hafi þurft að stöðva skyndilega vegna gangandi vegfaranda og þá sveigt til vinstri til að lenda ekki á C og árekstur orðið við A.

**Álit.**

Verulegur ágreiningur er milli ökumanna um aðdraganda árekstursins.

Á vettvangi er ein akrein. Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum m.a. sameiginlegri tjonstilkynningu, sem ekki hefur verið hrundið, ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að staðsetja bifreið sína of nærri A sem á undan fór. Ekki er við A að sakast þó hann hafi sveigt bifreið sinni til vinstri þegar bifreiðin sem á undan fór stöðvaði skyndilega. Ósannað er að B hafi verið á gatnamótunum þegar áreksturinn varð.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 8. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 205/2006**

**G  
og X hf.vegna A  
og  
Z hf. vegna B**

**Árekstur á Þorragötu 1. október 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. október 2006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A ók norður Þorragötu með fyrirhugaða akstursstefnu áfram til norðurs inn á bifreiðaplan við flugfraktina. Hann sagðist hafa stöðvað við gatnamót útaksturs frá bifreiðaplani flugstöðvarinnar, séð til ferða B á leið vestur og taldi að ökumaðurinn myndi stöðva þar sem B ók eftir bifreiðaplani. Ökumaður A ók því af stað til norðurs en þá hafi ökumaður B aukið ökuhraðann og inn í hlið A. Ökumaður B segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekki séð til A fyrir en í þann mund sem óhappið varð.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að biðskylda er á umferð úr þremur áttum á þeim stað er óhappið varð. Ökumaður A stöðvaði á gatnamótunum, sá til B en taldi að hann myndi virða biðskyldu, sem hann garði ekki. Ekki verður annað sýnt en að ökumaður A hafi sýnt þá aðgát sem ætlast mátti til af honum miðað við aðstæður. Af framburði ökumanns B er ljóst að hann sá ekki A fyrir enn rétt fyrir áreksturinn og gerði enga tilraun til að hægja á sér eða stöðva við biðskylduna.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík, 15. nóvember 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 245/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag 1 v.A og**  
**Vátryggingafélag 2 v. B og C**

**Árekstur bifreiða á Fífuhvammsvegi á aðrein að Reykjanesbraut í Kópavogi þ. 30.10.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 17.11.2006 ásamt bréfi M
2. Lögregluskýrsla dags. 30.10.2006.
3. Yfirlýsing ökumanns B dags. 6.11.2006.
4. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 24.11. og 1.12.2006.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á afrein af Fífuhvammsvegi inn á Reykjanesbraut til norðurs. Bifreiðarnar A, B og C óku allar sömu leið A fremst síðan B og loks C. Ökumaður A segist hafa ekið á hægri akrein og hafi ökumaður B á vinstri akrein flautað í gríð og erg og hafi hann þá haldið að eitthvað alvarlegt væri í gangi og hafi því stöðvað A og verið nýlega stiginn út úr A þegar C skall á B með þeim afleiðingum að B lenti á A. Ökumaður B segir að hann hafi ætlað að komast yfir á hægri akrein en þá hafi A aukið hraðann og hafi hann þá flautað á A og hafi það verið stutt flaut og eftir að hafa komist inn á hægri akrein beint á eftir A þá hafi A snarstöðvað á miðri akbrautinni og hafi hann náð að stöðva B en C lent aftan á B með ofangreindum afleiðingum. Ökumaður C segist hafa ekið á hægri akrein og hafa hleypt B inn á akreinina fyrir framan sig síðan hafi B flautað einu sinni stutt og þá hafi A verið snarstöðvuð á veginum og C ekið á B.

**Álit.**

Ökumaður A stöðvar vegna þess að B flautaði sbr framburð ökumanns A. B nær að stöðva fyrir aftan A en C nær ekki að stöðva og hefur því greinilega ekki gætt þess að hafa nægjanelgt bil á milli bifreiðar sinnar og næstu bifreiðar fyrir framan. C ber alla sök

**Niðurstaða.**

C ber alla sök.

Reykjavík, 15.12.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 244/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingarfélagið V h.f. v. ábyrgðartryggingar A**

**Kona féll í stiga í húsi þar sem vinnustaður hennar var þ. 7.2.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 17.11.2006 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 19.12.2006. ásamt umsögn A, ljósmynd og tölvupósti frá M 3.3.2005.

**Málsatvik.**

Lögmaður M segir að M hafi verið á leið á milli hæða í húsinu þar sem vinnustaður hennar var í umrætt sinn og segir að mikið myrkur hafi verið í stigaganginum vegna framkvæmda sem þar voru. Slysið hafi átt sér stað um kl.16 og þá segir í bréfi lögmansins að hafi verið orðið dimmt og aðstæður á slysstað slæmar. M var á leið niður stigann vegna vinnu sinnar og segist hafa haldið í handrið stigans en fallið og á hana komið hnykkur með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Í tilkynningu um vinnuslys dags. 1.3.2005 segir að engin lýsing hafi verið þ.e. loftljós í stiganum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir bótakröfu á því að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar þar sem ekki var næg birta í stigaganginum og myrkur hafi orðið til þess að M datt og slasaðist. Lyfta er í húsinu og bender lögmaður M á að lagt hafi verið fyrir starfsmenn A að nota lyftuna ekki nema í undantekningartilvikum auk þess sem lyftan hafi oft verið upptekin vegna efnisflutninga vegna framkvæmda við húsið. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið megi rekja til gáleysis M auk þess séu ekki orsakatengsl milli slyssins og ljósleysis í stiganum auk þess sem vátryggingataka beri ekki ábyrgð á ljósleysinu heldur annar aðili. Þá telur V að aðstæður í stiganum hafi ekki verið varhugaverðar þannig að saknæmt hafi verið af hálfu vátryggingataka. Þá bendir V á að M hafi unnið hjá fyrirtækinu frá 1992 og gjörþekkt aðstæður og það hafi verið val M að nota stigann í stað þess að nota lyftu sem er í húsinu. Fram kemur í skýrslu A að lýsing hafi verið ófullnægjandi í stigaganginum og hafi starfsmenn A gert athugasemdir við það og beðið umsjónarmann fasteignar þeirrar sem um ræðir um betri lýsingu.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti þar sem slysið átti sér stað að leiði til bótaskyldu fyrir vátryggingataka A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík. 9.1.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 201/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda hunds**

**Ágreiningur um greiðslu þess hluta tjóns er nemur eigin áhættu vátryggingartaka.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.10.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.10.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 11.7.2006 olli hundur í eigu A tjóni á bifreið í eigu M, málskotsaðila. Hundurinn var ábyrgðartryggður hjá X. X viðurkenndi bótaskyldu og greiddi M bætur vegna tjóns á bifreiðinni, en að frádreginni eigin áhættu vátryggingartaka. Í máli þessu krefst M viðurkenningar á því að X beri að bæta honum tjónið að fullu án tillits til eigin áhættunnar. X hefur hafnað kröfu M, m.a. með vísan til ákvæða 4. mgr. 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Ennfremur virðist X álíta að mál þetta eigi ekki undir úrskurðarnefnd skv. 3. gr. samþykktu sem um nefndina gilda, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, þar sem málið fjalli um fjárhæð bóta. Nefndinni sé eingöngu heimilt að úrskurða um bótafjárhæðir, ef aðilar samþykkja það sérstaklega, en félagið samþykki ekki að ágreiningur í máli þessu verði lagður undir úrskurð nefndarinnar.

**Álit.**

Samkvæmt 3. gr. fyrrgreindra samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Eins og mál þetta liggur fyrir varðar það ágreining milli aðila um skyldu X til að greiða M þann hluta tjóns hans sem nemur eigin áhættu vátryggingartaka. Lýtur ágreiningurinn að bótaskyldu félagsins auk túlkunar á tilteknu ákvæði laga um vátryggingarsamninga. Samkvæmt þessu fellur ágreiningsefnið undir starfssvið nefndarinnar. Verður málinu ekki vísað frá.

Með vátryggingarsamningi milli félagsins og vátryggingartaka geta aðilar samið svo um að vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, taki sjálfur á sig tiltekinn hluta tjónsins, þ.e. svonefnda eigin áhættu eða sjálfsábyrgð. Þessi hluti tjónsins fellur því utan marka vátryggingarinnar, en að jafnaði bætist tjónið að öðru leyti úr vátryggingunni. Ákvæði um eigin áhættu vátryggingartaka geta átt við um ábyrgðartryggingar sem og aðrar tegundir skaðatrygginga. Þannig er mælt fyrir um það í 1. mgr. 9. gr. skilmála viðkomandi ábyrgðartryggingar að af hverju tjóni ber vátryggingartaki sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Sá hluti tjónsins, sem mál þetta snýst um, er því utan marka vátryggingarinnar og fæst ekki bætt úr henni. Í máli þessu standa hvorki ákvæði 4. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 né önnur laga- eða stjórnvaldsfyrirmæli þessari niðurstöðu í vegi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til að fá þann hluta tjóns síns, sem nemur eigin áhættu vátryggingartaka, bætt úr ábyrgðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 8. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 246/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Laugavegs í Reykjavík þann 26.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf A, dags. 29.11.2006.
3. Bréf B, dags. 5.12.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið suður Kringlumýrarbraut. Var A ekið eftir vinstri akrein og B eftir hægri akrein. A var ekið yfir á hægri akreinina. Rákust þá saman hægri afturhorn A og vinstra framhorn B. Bjart var degi, skýjað og blautt færi, þegar áreksturinn varð. Hámarks hraði á Kringlumýrarbraut er 60 km á klst.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ætlað að beygja yfir á hægri akrein vegna hægfara umferðar á vinstri akrein. Hann hafi litið eftir umferð og beygt áleiðis yfir á hægri akrein, en þá hafi árekstur orðið við B. Hann hafi veitt B athygli fyrir óhappið, en talið hana lengra undan. Í sérstakri skýrslu ökumanns A kemur fram að þegar áreksturinn varð hafi hann verið kominn inn á gatnamót Laugavegs á hægri akrein á 40-50 km hraða á klst. og verið nokkuð samsíða bifreið þeirri sem hafði verið fyrir framan hann á vinstri akreininni.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 60 km hraða á klst. Hann hafi séð til ferða A á vinstri akrein. Þegar A var kominn inn á gatnamótin og B verið rúma 5-6 m fyrir aftan hana hafi A skyndilega verið beygt af vinstri akrein áleiðis yfir á hægri akreinina í veg fyrir B. Hann hafi hemlað, en árekstur orðið.

**Álit.**

Áreksturinn verður við það að ökumaður A skipti um akrein af vinstri akrein yfir á hægri akrein. Eins og málið liggur fyrir hefur hann sönnunarbyrði um það að hann hafi ekið það langt eftir hægri akrein áður en árekstur varð að áreksturinn verði ekki rakinn til akreinaskiptanna. Sú sönnun hefur ekki tekist. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að ökumaður A hafi ekki gengið nægilega úr skugga um að unnt hafi verið að skipta um akrein án hættu eða óþæginda fyrir aðra eins og honum bar, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Telst hann því eiga sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt eða hagað akstri sínum að öðru leyti á þann hátt að á hann verði lögð sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 15. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 207/2006

### M og

### Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar fasteignasala(F)

#### Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fasteignasala vegna tjóns þ. 1.2.2004

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ.17.10.2006. ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.313/06
3. Bréf V dags. 27.10.2006.
4. Bréf fasteignsala dags. 27.3.2006

#### Málsatvik.

Lögmaður M segir málavexti þá að þegar gengið hafi verið hjá kaupsamningi hjá F þá hafi F ekki gætt þess að M þyrfti ekki að borga meira sem kaupandi en það sem hann fékk í hendur en í lokauppgjöri hafi komið fram að M hafi borgað of mikið. Bent er á af hálfu M að þegar kom að kostnaðaruppgjöri hafi skaðinn verið skeður og þar sem seljendur hafi ekki getað borgað til baka beri F ábyrgð á því að M hafi borgað of mikið fyrir íbúðina sem hann keypti í gegn um F. alls kr. 82.934.- Lögmaður M gerir kröfu til þess að tjón M verði greitt úr ábyrgðartryggingu F hjá V. F segir að við kostnaðaruppgjör hafi myndast mismunur og hafi M verið gerð grein fyrir stöðunni og hann samþykkt að taka við vixlum frá seljanda og segist F hafa farið vel yfir það með M hvaða þýðingu það hefði að fá vixla sem greiðslu. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sannað að F hafi gert sig sekan um saknæma hegðun.

#### Álit.

Þegar gengið var frá kaupsamningi í máli þessu hafði F ekki gengið tryggilega úr skugga um stöðu áhvílandi lána og áhvílandi veðskuldir á íbúðinni að öðru leyti. Tjón M verður rakið til þessarar vanrækslu F en ótvíræð lagaskylda hvílir á F um að afla fullnægjandi gagna sem liggi fyrir við gerð kaupsamnings. Þykir hafa orðið misbrestur á því af hálfu F og ber hann því bótaskyldu á því tjóni sem M varð fyrir. Engu máli skiptir hvort F gerði M grein fyrir ákvæðum laga um vixla. M hafði verið látinn greiða of mikið miðað við stöðu áhvílandi lána og annars á eigninni og ber F ábyrgð á því.

#### Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík.14.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 208/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ innbúskaskótryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr innbúskaskótryggingu vegna tjóns á heyrnartækjum.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.10.2006.
2. Bréf X, dags. 25.10.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Maki M varð fyrir því óhappi að missa heyrnartæki sín í gólfið með þeim afleiðingum að þau brotnuðu. M hefur krafist bóta fyrir tækin úr innbúskaskótryggingu sem hann hefur í gildi hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu og borið því að heyrnartæki teljist ekki til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. 1. gr. skilmála fyrir innbúskaskó.

**Álit.**

Í 1. gr. skilmála fyrir innbúskaskó segir orðrétt: “Vátryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1.1.1 í innbúskafla í heimilistryggingu fjölskyldutryggingarinnar, en nær hvorki yfir sérgreint innbú samkvæmt gr. 1.1.2. né verkfæri samkvæmt gr. 1.2 í sama kafla.” Heyrnartæki eru sérstök tæki til hjálpar þeim sem búa við skerta heyrn. Notkun þeirra er að jafnaði bundin tiltekinni persónu. Vegna hinnar sérstöku og persónubundnu notkunar heyrnartækja geta þau ekki talist til persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi. Þessu breytir ekki jafnvel þótt félagið virðist þeirrar skoðunar að gleraugu, sem vissulega gegna svipuðu hlutverki fyrir sjónskerta og heyrnartæki gegna fyrir heyrnarskerta, geti talist til persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi. Heyrnartæki þau sem eyðilögðust hjá maka M teljast því ekki til þeirra muna sem vátryggingin tekur til og bætast af þeim sökum ekki úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón vegna skemmda á heyrnartækjum maka M bætist ekki.

Reykjavík, 15. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 247/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/Verktakans B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A**

**Óhapp milli beltagröfu (B) og vörubifreiðar (A)  
á vinnusvæði við Krísuvíkurveg þann 18.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 29.11. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 27.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ökumaður A hafði unnið við að dæla olíu á beltagröfuna B. Ágreiningur er um hvort B hafi slegist í A eða A verið ekið á B.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á því að hafa bakkað á B. Félagið vísar til vitnisburðar sjónarvotts sem það telur að ekki megi virða að vettugi.

Vátryggingafélag A telur rétt að skipta sök til helminga, þar sem ökumaður A hafi verið að bakka að gröfunni sem var við vinnu. Félagið telur ekki rétt að taka mið af frásögn vitnis því það sé samstarfsmaður gröfustjórans og framburður hans því ”hugsamlega litaður af því.”

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. framburði sjónarvotts, ber ökumaður A ábyrgð á umferðaróhappi þessu. Virðist sem ökumaðurinn hafi bakkað ógætilega að beltagröfunni B sem var við vinnu sína.

**Niðurstaða.**

A ber ábyrgð á óhappi þessu.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 209/2006

### M og

## Vátryggingarfélagið V h.f. v. ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.(H)

### Maður slasast þegar hann féll niður af vinnupalli þ. 13.12.2000

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.10.2006. ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 27.10.2006

#### Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir M að hann hafi hallað sér upp að þverspýtu á vinnupalli og hún gefið sig og hann fallið. Skv. Skýrslu Vinnueftirlits ríkisins og tjónstilkynningu segir að M hafi verið við störf sín uppi á vinnupalli og leitaði að hallamáli og steig upp á handrið og teygði sig utan á pallinum, hallaði sér að skáskífu sem brotnaði með þeim afleiðingum að M féll niður af pallinum og braut hnéskel á hægra fæti. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að búið hafi verið að rífa niður mest allan stillansinn fyrir ofan nema eitt bil. Teknar voru skýrslur fyrir dómi vegna ofangreinds tjóns og þar kom fram að verulegur ágreiningur er um málsatvik. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V. Lögmaður M bendir á að M hafi neiti því að hafa verið að klifra á handriði vinnupallsins og bendir í því sambandi á skýrslutökur fyrir dómi. Þá bendir lögmaðurinn á að enginn sjónarvottur hafi orðið að slysinu. Þá heldur lögmaðurinn því fram að aðstæðum á vinnustað hafi verið breytt áður en Vinnueftirlitið kom á staðinn. Lögmaðurinn vísar til 24.gr.reglugerðar nr. 204/1972 máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv. Vitnaskýrslum sem teknar hafi verið fyrir dómi sé ljóst að M hafi hallað sér verulega út fyrir handrið vinnupallsins og stutt sig þannig við skáskífuna sem gaf sig. Því er haldið fram af V að vinnupallurinn hafi uppfyllt ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og reglur nr. 547/1996. Af hálfu V er því haldið fram að M hafi verið falið ákveðið verkefni en hafi af eigin frumkvæði vikið frá því og óumdeilt sé að M hafi verið varaður við hættunni sem fylgir því að vinna á vinnupöllum auk þess sem hann hafi matt ætla að vinnupallurinn væri ekki eins öruggur og endranær vegna niðurrifs hans. Af hálfu V er því haldið fram að ekki hafi komið að sök þó að fulltrúar Vinnueftirlitsins hafi ekki komið á staðinn fyrir en daginn eftir.

#### Álit.

Þó ágreiningur sé um málavexti þá liggur fyrir og ekki ágreiningur um að verið var að rífa vinnupall þann sem um ræðir. Ljóst var því að þeir sem unnu á pallinum eða við hann þurftu að gæta ítrustu varkárni. Eftir því sem best verður séð var M í umrætt sinn óumbeðinn og að eigin frumkvæði að leita að hallamáli þegar slysið varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að um vanbúnað hafi verið að ræða sem leitt gæti til bótaskyldu eða sakar vinnuveitanda að öðru leyti og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V.

Reykjavík. 14.10.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 210/2006**

**Jón Þorsteinn Sigurðsson (M)**  
**og**  
**Vátryggingafélag Íslands hf. v/Alkaskótryggingar BU-765 (A)**

**Ágreiningur um umfang tjóns sem varð þann 16.12. 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.10. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um umfang tjóns. Bifreiðin sem um ræðir lenti í tjóni þann 16.12. 2005, sem bætt var úr Alkaskótryggingu, þ.e. á vélarhlíf, bretti og þokuljós sem varð við mætingu bifreiða. Munu "stórar malbiksklessur" hafa lent á bifreiðinni er hún mætti "stórum flutningabil". Nokkru síðar vill M fá felgur á bifreiðina bættar og kveðst rekja tjón á þeim til atviksins 16.12. 2005.

Vátryggingafélagið telur sig hafa bætt það tjón sem varð. Félagið hafnar því að M geti komið talsvert löngu síðar og krafist þess að félagið bæti tjón sem hann telur að hafi orðið á felgum í umrætt sinn. Félagið vísar til þess að það hafi bætt skemmdir á A í kringum 15.02. 2006 en M hafi komið um mánaðarmót júlí/ágúst og óskað eftir því að fá einnig bætt tjón sem hann telur að hafi orðið á felgum bifreiðarinnar. Félagið telur atvik að umræddu tjóni ósönnuð og hafnar því greiðslu bóta vegna málsins.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann kveðst hafa ekið yfir "malbiksklessur" í umrætt sinn. Hann telur að við þetta hafi allar felgur orðið "eggлага". Það tjón neiti vátryggingafélagið að bæta sem hann kveðst vera ósáttur við.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að tjón hafi orðið á felgum bifreiðarinnar í umrætt sinn. Fyrirliggjandi reikningur frá verkstæði, dags. 01.07. 2006, breytir ekki framanrituðu. Fullyrðingu vátryggingafélagsins um að M hafi ekki gert kröfu um bætur fyrir felgur fyrr en í júlí/ágúst 2006 hefur ekki verið hrundið.

**Niðurstaða.**

Ósannað er að tjón hafi orðið á felgum A þann 16.12. 2005.

Reykjavík 8. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 248/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðarliðs heimilistryggingar.

**Ágreiningur um ábyrgð vegna skemmda á parketi á heimili málskotsaðila þann 28.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 21.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.12.2006.

**Málsatvik.**

A, dóttir vátryggingartaka hjá Vátryggingafélaginu X, var í heimsókn á heimili málskotsaðila M. Nýlagt parket var í stofu á heimilinu. Í málskoti segir að A hafi skipt um skó, er hún kom inn á heimilið, og farið í hælaskó. Daginn eftir, þegar bjart var orðið, komu í ljós 2-3 mm djúp göt í parketinu eftir A. Þegar A skoðaði skóna voru naglar sem komu niður úr hælnum. Hér hafi verið um að ræða algjört óviljaverk og gáleysi af hálfu A.

Í ódagsettu bréfi X til vátryggingartaka er vitnað í tjónstilkynningu vátryggingartaka um atvikið. Í tilkynningunni mun hafa komið fram að A hafi ekki tekið eftir því að hlíf hafi fallið af hæl skós fyrir en heim var komið.

M hefur krafist X um bætur úr ábyrgðarlið heimilistryggingar foreldra A vegna skemmda sem urðu á parketinu. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að A hafi valdið tjóninu með háttsemi sem verður virt henni til sakar. Af þeim sökum ber A ekki skaðabótaábyrgð á tjóninu gagnvart M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðarlið heimilistryggingarinnar.

**Niðurstaða.**

Tjón á parketi á heimili M bætist ekki.

Reykjavík, 15. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 211/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Vv. A og B**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Strandvegar og Gufunesvegar í Reykjavík þ. 14.9.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.10.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 797/06
3. Lögregluskýrsla dags.15.9.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 7.11.2006.
5. Bréf ökumanns A ódags.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A og B á gatnamótum Gufunesvegar, Rimaflatar og Strandvegar í Reykjavík þannig að framhorn A og hægri afturhlið B rákust saman. A var ekið suður Strandveg en B beygði norður Strandveg og beygt áleiðis til vinstri inn á Gufunesveg. Umferð um gatnamótin er stýrt með umferðarljósum og gilda sömu ljós fyrir báðar bifreiðarnar. Ökumaður A segist hafa ekið eftir Strandveg og ætlað áfram þá leið og umferð hafi verið nokkuð þétt, þegar hann kom að gatnamótunum hafi ljósin skipt af grænu yfir á gult fyrir akstursstefnu hans og hann ekið áfram inn á gatnamótin og þá séð hvað B var beygt í veg fyrir A hann hafi hemlað en ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa ekið norður Strandveg og ætlað að beygja til vinstri inn á Gufunesveg og hafi hann ekið inn á gatnamótin gegnt grænu ljósi og hafi hann séð til ferða A og rautt ljós hafi verið komið fyrir A þegar hún hafi átt eftir tvær bíllengdir að stöðvunarlínunni við gatnamótin og hafi A þá aukið hraðann og hafi hann þá gefið í til að koma í veg fyrir árekstur en það ekki tekist. B er gámabíll. Vitni sem er vinnufélagi ökumanns B segist hafa verið staddur á Gufunesvegi við gatnamótin og beið eftir grænu ljósi og hafi hann ekið af stað í hægri beygju þegar gult ljós kviknaði fyrir akstursstefnu hans og um leið hefði hann heyrt skell þegar árekstur A og B varð en vitnið segist ekki hafa séð aðdraganda árekstursins.

**Álit.**

Árekstur varð á gatnamótum þar sem umferð er stýrt með ljósum. Ágreiningur er um stöðu ljósa þegar árekstur varð. Ekki hefur tekist að sanna að A hafi í umrætt sinn verið ekið gegnt rauðu ljósi og ber B því alla sök þar sem hann beygir í veg fyrir A.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík.23.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 212/2006**

**Gámaþjónustan hf. (M)**

og

**Sjóvá Almennar tryggingar hf. v/TI-745 (A)**

og

**Tryggingamiðstöðin hf. v/VK-300 (B)**

**Árekstur Eyrarvegi Árborg 24.05. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf váttryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 07.11. 2006.
3. Bréf váttryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var A ekið norður eftir akbraut aftan við bifreiðastæði (plan) Ökumaðurinn kvaðst skyndilega hafa séð hvar B var bakkað út úr einu bifreiðastæðinu en bifreiðastæðin liggja hornrétt við akbrautina. Hann hafi reynt að hemla til að forða árekstri en ekki náð því þannig að A lenti aftan á B. Sagður ökuhraði A er 10 km/klst.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var B bakkað úr bifreiðastæði. Ökumaðurinn kvaðst hafa lagt á bifreiðina er hún bakkaði til að stöðva í aksturslínu. Kvað "hún allt í einu hafa lent á bifreiðinni" A. "Aðspurð kvaðst hún ekki hafa orðið vör við A áður en hún lenti á henni".

Váttryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi bakkað úr bifreiðastæði í veg fyrir A.

Váttryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka í veg fyrir A. Ökumaðurinn virðist ekki hafa hugað nægjanlega að annarri umferð er bakkað var. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 22. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 249/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag 1 v A og**  
**Vátryggingafélag 2 v. B**

**Árekstur bifreiða á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku þ. 8.11.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.11.2006
2. Lögregluskýrsla dags. 8.11.2006 og 21.11.2006 og ljósmyndir
3. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 1.12. og 11.12.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður B segist hafa ekið vestur Ártúnsbrekku á vinstri akrein og vegna þrenginga á veginum hafi hún ekið inn á miðakrein skömmu áður en hún kom að þrengingunni og hafi A beygt inn á miðakrein á sama tíma aftan við B og hafi A síðan verið ekið yfir á hægri akrein og fram úr B og beygt síðan yfir á miðakrein og ekið við það í tvígang á B og hafi hún þá stöðvað en A haldið áfram. Sjáanleg ákoma var á hægri hlið, hægra frambretti og hægra horni höggvara á B. Ökumaður A segir að B hafi beygt snöggt yfir á mið akrein og í veg fyrir A og hafi hann beygt snöggt til vinstri til að koma í veg fyrir árekstur við B og við það misst stjórn á A tímabundið en náð stjórninni aftur og ekki hafa orðið var við árekstur við B. Nýleg ákoma var á A aftarlega á vinstri hlið. Vitni að árekstrinum sem segist hafa ekið eftir miðakrein á eftir A segir að B hafi verið beygt yfir á miðakrein af vinstri akrein og síðan hafi hann séð A á hægri akrein og hafi A síðan verið ekið yfir á miðakrein og við það utan í B og síðan hafi A verið ekið áfram til vesturs.

**Álit.**

Telja verður nægjanlega sannað miðað við framburð ökumanns B og vitnis og önnur fyrirliggjandi gögn að A hafi ekið á B svo sem lýst er af ökumanni B og vitni. Ákomur á A og B styðja einnig framburði ökumanns B og vitnis. Öll sök er því lögð á A .

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík, 15.12.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 213/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**

**Árekstur á Ánanaustum í Reykjavík við gatnamót Holtsgötu þann 11.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.10.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.11.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið eftir Ánanaustum til norðausturs. Við gatnamót Holtsgötu var henni beygt til hægri inn á Holtsgötu og svo aftur til hægri áleiðis til suðvesturs inn á húsagötu meðfram Ánanaustum. Bar þá að bifreiðina B eftir húsagötunni úr norðaustri og rákust saman vinstra framhorn A og aftanverð hægri hlið B. Lengd þess hluta Holtsgötu, sem liggur á milli Ánanausta og húsagötunnar, er rúm bíllengd. Snjór og hálka mun hafa verið á götunni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið löturhægt fyrir hornið frá Ánanaustum inn á húsagötuna. Þá hafi B komið hratt úr norðaustri.

Ökumaður B kvaðst ekki hafa ekið hratt eftir húsagötunni og hafi hann verið kominn yfir Holtsgötu þegar A hafi rekist á B.

**Álit.**

Af teikningu á sameiginlegri tjónstilkynningu, sem báðir ökumenn hafa undirritað, verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið þar sem Holtsgata og húsagatan meðfram Ánanaustum skerast. Samkvæmt athugun á vettvangi hvílir biðskylda á húsagötunni gagnvart umferð á Holtsgötu. Ökumanni B bar því að veita A forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1988. Á þessu varð misbrestur og því ber ökumaður B sök á árekstrinum. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaður A eigi sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 22. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 214/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er unnið var við að skipta um skóflu á beltagröfu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.10.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.11.2006.

**Málsatvik.**

Þann 18.3.2004 vann M ásamt öðrum samstarfsmanni, B, við að losa skóflu af beltagröfu í eigu A, vinnuveitanda M. Mun grafan þá hafa verið staðsett í malarnámu við Þverárfjallsveg. Ýtti B með annarri gröfu á stálöxul, sem M hélt við, til að losa vals úr skóflunni. Þegar þrýst var á öxulinn vildi ekki betur til en svo að hann skrapp úr höndum M og klemmdist litli fingur hægri handar á milli skófla á gröfunum.

**Álit.**

Gögn málsins um tildrög slyssins og hvernig það atvikaðist eru mjög af skornum skammti. Af þeim sökum er erfitt um vik að leiða mál þetta til lykta. Þó eru ekki talin alveg næg efni til að vísa því frá nefndinni skv. e-lið 4. gr. samþykkt fyrir nefndina, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005. Verður málið tekið til úrskurðar á grundvelli þeirra sem fyrir henni liggja, sbr. 1. másl. 2. mgr. 7. gr. samþykktanna.

Ekki kemur fram hvaða stöðu M gegndi hjá A. Í fyrirliggjandi örorkumati er þó frá því greint að hann hafi lokið hluta trésmíðanáms og hafi réttindi og starfsreynslu við vélavinnu. Einnig að hann vinni við almenna vélavinnu í fjölskyldufyrirtæki föður síns og föðurbróður.

Af gögnum málsins má ætla að enginn búnaður hafi verið fyrir hendi sem nota skyldi við að losa skófluna frá beltagröfunni. Að því leyti var þess ekki gætt af hálfu A að sjá til þess að tilskilinn verkfæri væru á staðnum þannig að unnt væri að losa skófluna með öruggum hætti. Verður slysið að nokkru rakið til þessa. Ekki verður heldur fram hjá því litið að M virðist hafa ákveðið það með samstarfsmanni sínum hvernig þeir stóðu að verki, en honum mátti vera ljóst að sú aðferð, sem þeir beittu, var varasöm og til þess fallin að valda slysaþættu. Verður ekki fram hjá því litið að M hefur átt talsverðan þátt í því að slysið varð. Eftir atvikum öllum, og eins og málið liggur fyrir, þykir rétt að helmingur bótaskyldu verði lagður á A, vinnuveitanda M, og að M beri sjálfur tjón sitt að hálfu vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu A, vinnuveitanda hans, hjá X.

Reykjavík, 22. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 250/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/búslóðatryggingar (flutningstryggingar)**

**Tjón á búslóð sem flutt var með Reykjafossi til Íslands.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.12. 2006, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M tilkynnti vátryggingafélaginu um skemmdir á búslóð (hjóli, fartölvu, kontrabassa og lútu). Tjónamatsmaður félagsins telur að kontrabassinn og lútan hafi ekki verið hæf til flutnings vegna óhæfra umbúða og lélegs frágangs sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið vísar til vátryggingaskilmála lið C grein 2 þar sem fram kemur að vátryggingin bætir aldrei tap eða skemmdir eða kostnað sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða. Félagið hefur boðið M kr. 600.000 í bætur án viðurkenningar á bótaskyldu ef það gæti verið til að leysa málið en M hefur ekki samþykkt tilboð félagsins.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á geiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Miðað við málatilbúnað aðila tekur nefndin enga afstöðu til þess tilboðs sem vátryggingafélagið hefur gert M.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 215/2006**

**Síminn hf. v/A**  
**og**  
**Vátryggingafélag Íslands hf. v/MP-124 (A)**  
**og**  
**Tryggingamiðstöðin hf. v/UA-417 (C) og SA-380 (D) og AJ-959 (E)**  
**og**  
**Sjóvá Almennar tryggingar hf. v/SK-314 (F)**  
**og**  
**Vörður Íslandstrygging hf. UX-664 (G)**

**Árekstur Miklubraut við Skaftahlíð 29.09. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags G til nefndarinnar, dags. 17.10. 2006 og dags. 01.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf ökumanns E, dags. 15.11. 2006.
4. Bréf vátryggingafélags C-E til nefndarinnar, dags. 30.10. 2006.
5. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina eftir Milkubraut. Fremsta bifreiðin stöðvaði vegna umferðar á undan. Í framhaldi þessa varð árekstur með ofangreindum bifreiðum þ.e. aftanákeyrsla.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður G, sem aftast kom, ábyrgð á umferðaróhappi þessu er hann ók á A sem kastaðist á E sem kastaðist á F sem kastaðist á D sem kastaðist á C.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann G.

Reykjavík 22. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 216/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag V1 v.A og**  
**Vátryggingafélag V 2 v. B**

**Árestur bifreiða á Nýbýlavegi í Kópavogi þ. 10.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.27.10.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 832/2006
3. Lögregluskýrsla dags. 10.10.2006 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V1 dags. 7.11.2006
5. Bréf V2 dags. 24.10. og 13.11.23006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið bifreiðinni suður Furugrund og þegar hún kom að biðskyldumerkinu við Nýbýlaveg hafi hún stöðvað og beðið eftir grænu ljósi og ekið inn á Nýbýlaveg þegar það kviknaði en skömmu síðar orðið vör við mikið högg aftan á A. Ökumaður B segist hafa komið að grænu ljósi og séð hvað A var ekið inn á Nýbýlaveg af Furugrund, hefði hann þá reynt að nauðhemla en B runnið og lent aftan á A.

**Álit.**

Ökumaður A ók inn á aðalbraut í veg fyrir B í umrætt sinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi ekið of hratt eða ógætilega þannig að sök verði felld á B. A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök

Reykjavík.28.11.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 251/2006**

**G  
og  
X hf. vegna  
ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur**

**Vinnuslys 1. desember 2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. nóvember 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 11. desember 2006.

**Málsatvik.**

Málavextir eru þeir að G var falið af vinnuveitanda sínum, vöruflutningatæki, að sækja stansapressu suður í Garð. Stansapressan, sem er u.þ.b. 400 kg var staðsett í bílskúr. Þegar G kom á staðinn var búið að setja pressuna upp á hjólatrillu. Átti að ýta trillunni að hurðaropi bílskúrsins og hífa hana svo með krana vörubifreiðarinnar upp á pall bifreiðarinnar. Ekki var hægt að draga pressuna beint út þar sem smá brún var við hurðarop bílskúrsins. Þessi aðferð hafði fyrr verið notuð við bílskúr í Keflavík. G var sendur einn á vettvang. G fékk verkkaupa til að aðstoða sig við verkið. Þegar G kom að hurðaropinum stoppaði hann en aðstoðarmenn hans héldu áfram að ýta. G kallaði til þeirra og reyndi að halda við pressuna. Þungi hennar var svo mikill að G féll með pressunni og lenti hún á mjöðm hans og olli honum líkamstjóni.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að G hafði áður annast flutning á stansapressu. Gögnin benda til þess að G hafi ekki talið sig þurfa aðstoðarmann til að inna af hendi það verk sem honum var falið. G ákvað sjálfur að fá verkkaupa sér til aðstoðar. Ekki verður því séð hvernig óhapp það sem varð megi rekja til atvika sem leiði til skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda G.

**Niðurstaða.**

Ábyrgðartrygging vinnuveitanda G ber ekki ábyrgð á tjóni G.

Reykjavík, 3. janúar 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 217/2006**

**H  
og  
X hf. vegna A  
og Y hf. vegna B**

**Árekstur á Skógarhlíð 22. september 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. október 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 13. nóvember 2006.
3. Bréf frá Y hf. dags. 14. nóvember 2006.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður B ók vestur Skógarhlíð og ætlaði inn á bifreiðastæði við Skógarhlíð 6. Ökumaðurinn beygði bifreiðinni of snemma í vinstri beygju inn á bílastæðið og tók þannig of seint eftir A sem ekið var frá bifreiðastæðinu á sama tíma. B lenti því á vinstra framhorni A. Ökumaður A skýrir svo frá að hann hafi ekið bifreiðinni frá bifreiðastæðinu og ætlaði að taka hægri beygju austur Skógarhlíð. Hann vissi ekki fyrr en B ók á vinstra framhorn A.

**Álit.**

Af gögnum málsins, m.a. ljósmyndum af afstöðu bifreiða, verður ráðið að B var kominn yfir á öfugan vegarhelming á Skógarhlíð þegar ökumaðurinn tók vinstri beygju inn á bílastæðið. Ekkert kemur fram í gögnum málsins annað en að ökumaður A hafi veitt umferð sem ók á réttum vegarhelmingi eftir Skógarhlíð forgang eins og honum bar en ökumaður A mátti ekki eiga von á bifreið sem æki með þessum hætti á öfugum vegarhelmingi. Öll sök á B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík, 28. nóvember 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 218/2006**

**Frávísun**

**Davíð Sölvason (M)**

**og**

**Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (A)  
vegna óvátryggðs bifhjóls**

**Líkamsmeiðsl við akstur á bifhjóli 07.10. 2000.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 01.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf A til nefndarinnar, dags. 09.11. 2006.
3. Bréf Sjóvar Almennra trygginga hf., dags. 07.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn eru takmörkuð.

M kveðst gera kröfu að úrskurðað verði að hann eigi bótarétt á hendur A skv. gögnum málsins.

A vísar til 2. mgr. 5. gr. og c-lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Það vísar til þess að M skuli áður en hann leitar til nefndarinnar hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. Það mál sem hér sé til umræðu hafi aldrei verið sent A. Það telur "málskotið sjálft og frágangur með eindemum og ördugt að átta sig á málavöxtum og kröfugerð". A telur með vísan til c-lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar að málið sé það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr, að það sé ekki tækt til úrskurðar. A telur að nefndin skuli ekki taka það til umfjöllunar.

**Álit.**

Fyrirliggjandi gögn eru mjög takmörkuð og málskotið illa unnið.

Með hliðsjón af framanrituðu og e-lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar nr. 1090/2005 er málskot M það óljóst og illa upplýst að það er ekki tækt til úrskurðar. Málinu er því vísað frá nefndinni.

Mál sem vísað er frá er unnt að taka aftur til meðferðar, hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð, gegn greiðslu málskotsgjalds sbr. e-lið 4. gr. samþykktar.

**Niðurstaða.**

Frávísun.

Reykjavík 22. nóvember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 252/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Reykjavíkurvegi við Stakkahraun þann 23.05. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.12. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.12. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðarnar lentu í árekstri á Reykjavíkurvegi til suðurs. A var fyrir framan B. Hemlaför eftir B mældust 18 metrar vinstra megin og 19 metrar hægra megin að framhjólum. Umferð um Reykjavíkurveg hefur forgang gagnvart umferð frá Stakkahrauni. A var ekið af Stakkahrauni inn á Reykjavíkurveg. Ökumaður B heldur því fram að A hafi verið ekið í veg B. Ökumaður A lætur þess getið í skýrslu lögreglu að hann hafi farið yfir á hægri akrein en ekki séð til B og því hefði árekstur orðið.

M telur að B eigi að vera í fullum rétti og að ekki sé tilefni til að skerða rétt hans sem nemur ¼ hluta vegna hemlunarlangdar.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélag A telur að hemlaför eftir B gefi til kynna að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið töluvert yfir leyfðum hámarkshraða sem er 50 km/klst. Vegna þessa hafi ökumaður hennar ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Rétt sé því að ökumaður B beri ¼ hluta sakar en A ¾ hluta sakar.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má fyrst og fremst rekja árekstur þennan til ógætilegs aksturs ökumanns A sem ók í veg fyrir B. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B þrátt fyrir lengd hemlafara. Virðist sem ökumaður A hafi ekki hugað að mögulegri umferð um hægri akrein Reykjavíkurvegur er hann skipti um akrein og ók í veg fyrir B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 219/2006

(M)  
og  
(V)

### Ágreiningur um bætur fyrir afnotamissi bifreiðar

#### Gögn

1. Málskot móttakið 01.11. 2006 ásamt fylgiskjölum
2. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.11.2006

#### Málsatvik

Bifreið (M) skemmdist af völdum fyrirtækis sem hafði keypt frjálsa ábyrgðartryggingur hjá V. M. valdi verkstæði til að gera við bílinn af lista yfir verkstæði sem V mælti með. M. kom bílnum þangað til viðgerðar þegar verkstæðið óskaði eftir því en hafði engin önnur afskipti af viðgerðinni, útvegum varahluta eða sprautun. Viðgerðin dróst vegna tafa á afhendingu varahluta og neitaði V. að greiða afnotamissi allan viðgerðartímann fyrir afnot af bílaleigubíl sem V. útvegaði M þegar viðgerðin hófst.

M. telur sig eiga rétt til bóta fyrir allan þann tíma sem bíllinn var til viðgerðar og hann hafði ekki afnot hans. M. nefnir að V. benti á verkstæðið. Verkstæðið ákvað hvenær viðgerð átti að hefjast og pantaði varahluti.

Stundur ágreiningur aðila um bætur fyrir tímabilið 21.8 til 4.9 2006

#### Álit

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum, aðdraganda viðgerðarinnar sem V. stjórnaði og hlut verkstæðisins sem framkvæmdi viðgerðina að ábendingu V. og sá um útvegum varahluta, er ekki tilefni til að skerða rétt M. til bóta fyrir afnotamissi bifreiðarinnar.

#### Niðurstaða

M. á rétt til bóta fyrir afnotamissi bifreiðarinnar 21.08 til 04.09. 2006

Reykjavík 5. desember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

**Mál nr. 220/2006**

**H**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Y hf. vegna B**

**Aftanákeyrsla á Borgarholtsbraut 15. október 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. nóvember 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 13. nóvember 2006.
3. Tölvupóstur frá Y hf. dags. 13. nóvember 2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A skýrir í lögregluskýrslu frá því að hann hafi ekið af Hamraborg inn í hringtorg við aðrein frá Hafnarfjarðarveginum þegar B hafi svínað fyrir hann. Hann flautaði og vildi tala við ökumann B en ökumaður B stöðvaði ekki. Hann ók því á eftir honum og flautaði. Þegar þeir komu á Borgarholtsbrautinu hafi hann náð að aka fram úr B, snarhemað til að fá B til að stoppa en B hafi þá lent aftan á bifreið hans. Vitni staðfestir frásögn ökumanns A og lýsti akstri hans sem glæfralegum. Ökumaður B telur sig hafa ekið með eðlilegum hætti í hringtorgið og hann hafi ekki vitað fyrir en ökumaður A hafi farið að flauta á hann. Hann hafi haldið áfram akstri sínum eftir Borgarholtsbraut og þegar A ók framúr honum og snarhemaði síðan fyrir framan hann þannig að hann hafi lent aftan á A.

**Álit.**

Samkvæmt frásögn ökumanns A er ljóst að áreksturinn má rekja til aksturslag hans. Öll sök á A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 5. desember 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 253/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A, B og D  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar C**

**Árekstur Kringlumýrarbraut í námunda við göngubrú í Fossvogi þann 7.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélagsins Y, dags. 5.12.2006.
3. Bréf Vátryggingafélagsins X, dags. 14.12.2006.

**Málsatvik.**

Fjórum bifreiðum, A, B, C og D, var ekið norður Kringlumýrarbraut í Fossvogi og voru allar staðsettar á hægri akrein götunnar er árekstur varð með þeim. Voru bifreiðirnar þá í röð þannig að A var aftast, B fyrir framan A, C fyrir framan B og D fremst. Fyrir framan D hafði bifreiðin E stöðvast á götunni vegna bilunar. C og D munu hafa verið stöðvaðar á götunni, er B var ekið aftan á C, sem kastaðist við það aftan á D. Síðan var A ekið aftan á B. Bjart var af degi, sólskin og þurrt færi, þegar óhappið varð. Hámarkshraði á akbraut er 80 km á klst. Mikið tjón er sagt hafa orðið á A, B og C, en lítið á D.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á eftir B, en ekki vitað hversu hratt hann ók. B hafi skyndilega verið hemlað og hafi hann þá einnig hemlað en ekki náð að stöðva í tæka tíð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 70 km hraða á klst., er C hafi verið ekið af miðakrein yfir á hægri akreinina fyrir framan B. Skyndilega hafi ökumaður C hemlað og hafi hann þá einnig hemlað. Það hafi ekki dugað til og hafi B rekist aftan á C. Í beinu framhaldi hafi A verið ekið aftan á B.

Ökumaður C kvaðst hafa ekið eftir miðrein og fært svo bifreiðina yfir á hægri akrein fyrir aftan D. Hann hafi verið nýkominn yfir á hægri akreinina þegar bifreiðum fyrir framan hann var skyndilega hemlað. Hann hafi þá hemlað, en síðan hafi komið högg aftan á C sem varð til þess að C fór aftan á D.

Ökumaður D kvaðst hafa ekið eftir hægri akrein, þegar bifreið á undan honum hafi hemlað. Hann hafi þá einnig hemlað og í beinu framhaldi hafi komið eitt högg aftan á D. Ökumaðurinn kvað ástæðu stöðvunarinnar hafa verið E, sem hafi verið kyrrstæð á akreininni skammt fyrir framan D. Engin aðvörunarljós hafi logað á E, en ökumaður E hafi sagt bifreiðina vera rafmagnslaus.

Vitnið V kvaðst hafa ekið eftir hægri akrein Kringlumýrarbrautar á undan D. Tveimur bifreiðum fyrir framan V hafi skyndilega verið hemlað og hafi V þá nauðhemlað. Hann hafi þá heyrt þrjá skelli fyrir aftan sig. Ástæðu hinnar skyndilegu stöðvunar kvað V hafa verið þá að E hafi verið kyrrstæð á akreininni framundan, en engin aðvörunarljós hafi logað á henni. Ökumaður E hafi síðan kveikt á aðvörunarljósunum samkvæmt ábendingum hans.

**Álit.**

Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina verður ekki annað ráðið en fyrst og fremst sé til úrlausnar hvernig beri að skipta sök á milli ökumanna B og C á því tjóni sem varð framan á B, aftan og framan á C og aftan á D. Ekki virðist um það deilt hér að ökumaður A beri einn alla sök á tjóni því sem varð aftan á B og beri jafnframt sjálfur tjónið framan á A.

Í umrætt sinn voru akstursskilyrði góð, sólskin og þurr tæri. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að bifreiðum þeim sem lentu í árkestrinum hafi verið ekið á svipuðum hraða og ekkert bendir heldur til að þeim hafi verið ekið hraðar en heimilt var eða umferðaraðstæður leyfðu. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hvílir á ökumanni, sem skiptir um akrein, sú skylda að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þegar ökumaður C skipti um akrein er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að ekki hafi verið nægilegt svigrúm fyrir bifreiðina milli B og D eða að ökumaður C hafi á því andartaki mátt gera sér grein fyrir að umferð fyrir framan hann væri í þann mund að stöðvast vegna E. Verður ekki talið að akreinaskipti ökumanns C hafi farið í bága við ákvæði umferðarlaga. Verður áreksturinn rakinn til þess að ökumaður B gætti ekki í tíma að ökutæki fyrir framan höfðu hemlað. Ber hann því alla sök á tjóni því sem hlaust á C, bæði að aftan og framan, og aftan á D. Þá ber hann sjálfur tjónið framan á B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök á tjóni aftan og framan á C og aftan á D, svo og framan á B. Ökumaður A ber alla sök á tjóni aftan á B og framan á A.

Reykjavík, 9. janúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 221/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Umferðaróhapp, hurð opnuð í veg fyrir bifreið, 13.09. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 03.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 13.11. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur aðila er um hvort ökumaður A hafi opnað hurð bifreiðar sinnar í veg fyrir B eða hvort ökumaður B beri ábyrgð á því að hafa ekið á A.

M getur afstöðu sinnar í málskotinu sem óþarft er að geta en hann telur að B beri ábyrgð á óhappi þessu.

Vátryggingafélag A telur að A hafi sönnunarbyrði í máli þessu með hliðsjón af 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga, engin vitni hafi verið að atvikinu né annað sem styður framburð ökumanns A. Hann verði að bera halla af því.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á óhappi þessu þar sem hann hafi opnað hurð í veg fyrir B.

**Álit.**

Ökumenn greinir á um hvort hurð A hafi verið opin nokkra stund fyrir óhappið eða hvort hurðin hafi verið opnuð í veg fyrir B. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga ber ökumaður A hallann af sönnunarskorti um að ökumaður B hafi ekið ógætilega. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á óhappi þessu.

Reykjavík 5. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 222/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar A

### Vinnuslys við affermingu flutningabifreiðar þann 01.09. 2005

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 03.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13.11. 2006 og bréf þess til lögmanns M, dags. 02.02. 2006.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málsatvik eru óumdeild. Slysið varð þegar gámi var lyft áður en búíð var að losa festikeðjur flutningavegns bifreiðar M. Óhappið varð á athafnasvæði A (hafnarsvæði). Þegar stjórnarndi lyftarans varð þess var að gámurinn var ekki laus slakaði hann gámnum aftur niður, en áður en hann slakaði hafi M (tjónþoli) farið bakvið bílinn til að losa keðjurnar og klemmdist milli keðju og kranafóts.

M telur að rekja megi slysið til þess að stjórnandi lyftarans hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu við að lyfta og slaka gámnum. Hann hafi ekki átt að lyfta gámnum fyrr en búíð var að losa festingar. Hann telur og að rekja megi slysið til ófullnægjandi verkstjórnar.

Vátryggingafélagið telur að það hafi verið í verkahring M að gæta þess að gámurinn væri tilbúinn til affermingar þegar lyftarinn kom á staðinn. Það sé í samræmi við almennar verklagsreglur við aðstæður sem þessar að bílstjóri losi farm. Félagið telur frumorsök slyssins vera þá að M hafi gleymt að losa umræddar keðjur frá gámnum. Félagið telur ekkert athugavert við viðbrögð lyftarastjórnans þegar hann hafi séð að gámurinn var fastur. Þ.e. að slaka honum niður. M hafi hins vegar ákveðið að fara út úr bifreiðinni og freista þess að krækja keðjunum úr gámnum í sama mund og honum var slakað. M hafi ekki gert stjórnanda lyftarans viðvart en ekki var sjónlína á milli þeirra. M hafi átt að vera í lófa lagið að bíða. Félagið hafni því bótaábyrgð.

Röksemdafærslu M er getið í bréfi lögmanns hans til nefndarinnar, dags. 30.10. 2006. M.a. er vísað til þess að lyftarastjórninn hafi byrjað að slaka gámnum hægt niður til að hægt væri að losa keðjurnar. M hafi séð hvað um var að vera og farið úr bifreiðinni til að losa keðjurnar, þegar hann reyndi að losa keðjuna varð þumalfingur hans milli keðju og kranafóts með þeim afleiðingum að hann missti framan af þumalfingri. M vísar til umsagnar Vinnueftirlitsins þess efnis að rekja megi slysið til þess að gámnum var lyft áður en búíð var að losa hann og að aðilar sáu ekki til hvors annars. M telur að stjórnandi lyftarans hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu, hann hafi ekki átt að lyfta gámnum fyrr en búíð var að losa festingar. Ennig hefði mátt komast hjá slysinu ef verkstjórn hefði verið fullnægjandi. M telur bótaábyrgð fyrir hendi m.a. með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sbr. og dóm Hæstaréttar 2001:4576.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist mega rekja slysið til samskiptaleysis aðila þ.e. stjórnanda lyftarans og M.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, dags. 01.09. 2005, er þess getið m.a. að slysið megi helst “rekja til þess að gámnum var lyft með lyftaranum áður en búíð var að losa festikeðjur flutningavagnsins og að lyftarastjórninn og slasaði sáu ekki til hvors annars”.

Það var óvarlegt af stjórnanda lyftarans að lyfta gámnum áður en búíð var að losa um festingar hans. Að sama skapi var óvarlegt af honum að slaka gámnum niður án þess að huga að því að það



væri unnt án hættu fyrir aðra. Það er óvarlegt að aðilar skuli ekki hafa sjónlínu sín í milli við framkvæmd verks sem þessa. Það er á ábyrgð stjórnanda lyftarans að gæta þess að gámnum sé ekki lyft fyrr en ljóst sé að búið sé að losa um festingar. Honum ber og að gæta aukinnar aðgæslu þegar gámi er slakað. Ekki hefur verið sýnt fram á að stjórnandi lyftarans hafi sýnt nægjanlega aðgæslu. Umhugsunarvert er hvernig staðið var að verkstjórn.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum er bótaábyrgð fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu A.

Það var óvarlegt af M að reyna að losa keðjufestingar án þess að gera stjórnanda lyftarans viðvart. Hann ber því eigin sök sem nemur 1/3 hluta.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, en M ber eigin sök sem nemur 1/3 hluta.

Reykjavík 5. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr.254 /2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V v. A**

**Bílskúrshurð laskaðist þegar hún lenti á bifreið þ.20.1.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 27.11.2006
2. Tjónstilkynning dags. 20.1.2006
3. Bréf V dags.16.11. og 11.12.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður B segist hafa verið að bakka út úr bílskýli þegar hurðin hafi lokast á bílinn en ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bílnum en hinsvegar neðst á hurðinni. M segir að bílskúrshurðin sé búin sérstökum nemum neðarlega við gólf sem nemi bifreiðar sem eru að aka í gegn og eftir að bílskúrshurð sé opnuð sé hún opin í eina mínútu nema eitthvað sé til fyrirstöðu. A sé jeppabifreið og því hærrí en venjulegar bifreiðar auk þess sem A hafi verið bakkað út og telur stjórn húsfélagsins að ökumaður A hafi sýnt af sér gáleysi með aksturslagi sínu. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið sem varð á hurðinni stafi á bilun í hurðarbúnaði. Þá vísar V til 52.gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994

**Álit.**

Gögn málsins eru afar takmörkuð. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja í málinu verður bótaskylda ekki felld á ökumann A vegna þess tjóns sem varð á bílskúrshurð í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík.15.12.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 223/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V v. frítímaslysáttryggingu.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns þ. 11.6.2005**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.11.2006. ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 13.11.2006

**Málsatvik.**

Af málsatvikalýsingu í dómi Héraðsdóms Suðurlands í málinu S-236/2006 er lýst með hvaða hætti M og aðrir komu að málum sem leiddi til líkamstjóns M. Af hálfu lögmanns M er því haldið fram að hann hafi verið að liðsinna dyraaverði og orðið fyrir líkamsárás vegna þess og eigi því rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V. Lögmaðurinn bendir á að V þurfi að sanna að M hafi í umrætt sinn verið í handalögmálum en sú sönnun hafi ekki tekist og því eigi M rétt á bótum. V hafnar bótaskyldu og bendir á að tryggingin bæti ekki tjón sem að vátryggður verði fyrir í handalögmálum svo sem um hafi verið að ræða í umrætt sinn og bendir V á grein 4.7 í skilmálum frítímaslysáttryggingarinnar og 5. og 8.gr. þágildandi skilmála sömu tryggingar GH20. V telur ljóst að M hafi verið í handalögmálum í umrætt sinn.

**Álit.**

Af atvikalýsingu í dómi héraðsdóms Suðurlands í málinu S-236/2006 var M í handalögmálum í umrætt sinn og á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 5.12.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 224/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðar vegna tjóns á stýrisbúnaði o.fl.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, mótt. 15.11.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 5.6.2002 gaf M skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi um að þann 13.5.2006 hafi hann verið að aka bifreið sinni, sem er af gerðinni Jeep Grand Cherokee, í æfingabraut á æfingasvæði að Hrísmýrarkletti. Brautin sé alsett hæðum og hólum og er hann hafi farið yfir eina hæðina, þá hafi verið það bratt niður að framendi bifreiðarinnar hafi skolið niður á hjólabúnaðinn þannig að stífur bognuðu og þar með stýrisbúnaðurinn. Einnig hafi mátt sjá tjón á stuðaranum að framan.

Bifreiðin var kaskótryggð hjá Vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingunni vegna þess tjóns sem á henni varð. Hefur M í því sambandi bent á að tjónið hafi orðið utan vega og bifreiðin sé tryggð með svokallaðri utanvega kaskótryggingu.

Félagið hefur hafnað bótaskyldu og hefur í því sambandi vísað til gr. 6.1 og 6.2 í skilmálum kaskótryggingarinnar. Samkvæmt gr. 6.1 bætir félagið ekki tjón þegar því hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða ökumanns. Samkvæmt gr. 6.2 greiðir félagið ekki bætur þegar um er að ræða tjón við kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið og þess getið á vátryggingarskírteini.

**Álit.**

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að tjónið varð þegar bifreið M skall niður á hjólabúnaðinn, er M ók henni í æfingabraut alsettri hæðum og hólum. Í 4. gr. skilmálanna eru tilgreindar þær tjónsorsakir sem vátryggingin nær til. Í gr. 4.1 segir að vátryggingin bæti skemmdir á ökutækinu sjálfu eða eðlilegum aukahlutum af eldingu, eldsvoða og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hrapi ökutækisins, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli. Aðrar tjónsorsakir en þær sem tilgreindar eru í gr. 4.1 geta ekki komið til álita í máli þessu. Eins og tjón á bifreiðinni bar að höndum verður ekki séð að það hafi gerst af völdum þeirra tjónsorsaka sem tilgreindar eru í gr. 4.1. Í 7. gr. skilmálanna er vikið að tjóni á einstökum hlutum ökutækisins. Samkvæmt gr. 7.1 bætast ekki skemmdir er varða hjól o.fl. Þá bætast heldur ekki samkvæmt gr. 7.4 “skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum... og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins...” Eru í greininni taldir upp ýmsir hlutar í bifreiðinni sem ekki bætast. Þótt ekki sé berum orðum vikið að hjólabúnaði eða stýrisbúnaði þá felst í gr. 7.4 að skemmdir á einstökum hlutum bætast almennt ekki þegar þær hljóttast af akstri á ósléttri akbraut. Eins og M hefur lýst aðstæðum í braut þeirri sem hann ók, þá verður ekki hjá því komist að líta svo á að hún hafi verið óslétt. Að þessu öllu virtu ber að líta svo á að tjón á bifreið M hafi orðið með þeim hætti að það fæst ekki bætt úr kaskótryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón á bifreið M fæst ekki bætt úr kaskótryggingu hjá X.

Reykjavík, 5. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 255/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur hringtorgi við Vatnsmýrarveg og Hafnargötu Keflavík 01.06. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.12. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 05.12. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið um hringtorgið. Bifreiðin B lenti vinstra megin að aftanverðu á A. Haft er efnislega eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi ekið af stað og aftan á A.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu en hann telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Hann telur að ekki hafi verið um aftanákeyrslu að ræða.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A. Skýrsla lögreglu er lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa og þar viðurkennir ökumaðurinn að hann hafi ekið á A.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 3. janúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 225/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við slyss 23.04. 2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 07.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um afleiðingar slyss sem M varð fyrir. Hann mun hafa fallið í stiga á heimili sínu árið 2003 en í október 2005 uppgötvaðist mjaðmabrot.

Vátryggingafélagið telur ekki orsakatengsl milli mjaðmagrindarbrotisins og slyssins þann 23.04. 2003 og að af gögnum málsins verði ekki ráðið að áverkann megi rekja til annars slyss.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann lætur þess m.a. getið að viðurkennt sé að hann hafi brotnað vegna slyss en það "virðist ekki hægt að tímasetja það, ég fór einungis fram á að fá bætt frá þeim tíma sem ég fór inn á spítala 03.10. 2005 og er ekki enn búinn að ná heilsu".

**Álit.**

Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vátryggingafélagsins. M virðist ekki hafa kennt sér meins í mjöðm eftir slysið árið 2003. Ekki virðist vera orsakatengsl á milli áverka M og slyssins árið 2003.

Ekki hefur verið sýnt fram á mögulega orsök mjaðmabrotis M og því er bótaábyrgð félagsins ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð vátryggingafélagsins.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 226/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V1 v A og**  
**Vátryggingafélagið V2 v.VG-297**

**Árekstur bifreiða á Heiðargarði Reykjanesbæ þ. 22.9.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 8.11.2006.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 858/2006
3. Tjónaskýrsla dags.22.9.2006.
4. Bréf V 1 dags. 25.10. og 14.11.2006
5. Bréf V 2 dags. 24.11.2006.
6. óundirritað bréf og uppdráttur bréfið dag. 7.11.2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa verið að bakka út úr innkeyrslunni heima hjá sér eftir að hafa litið eftir umferð fyrir aftan sig og enga séð og hafi hann þá bakkað og horft aftur fyrir sig og þegar hann hafi átt um 2 metra eftir að lóðarmörkum hafi hann fundið fyrir höggi og heyrt flaut í sömu mund en þá hafi nágranni ökumanns A sem býr beint á móti honum keyrt inn í innkeyrsluna hjá A. Ekki liggur fyrir annar framburður ökumanns B en fram kemur á framhlið tjónstilkynningar og nokkrum merkingum á bakhlið. Afstöðuteikning liggur þó fyrir á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita.

**Álit.**

Í umrætt sinn var A að bakka út úr innkeyrslunni heima hjá sér og lýsir því að hann hafi kannað umferð fyrir aftan sig. Sá sem bakkar hefur sérstaka varúðarskyldu sbr. 1. mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 A ber því sök á árekstrinum. Til þess þarf einnig að líta að A er að bakka út úr innkeyrslu sinni og B er ekið inn í innkeyrsluna. Ökumaður B virðist ekki hafa sýnt nægjanlega aðgæslu þegar hún ekur inn í innkeyrsluna og ber því einnig sök á árekstrinum. Miðað við gögn málsins þykir rétt að hvor aðili beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík. 5. 12.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 256/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur hringtorgi við Lækjargötu Hafnarfirði þann 01.11. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 28.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.12. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið um hringtorgið, A var í innri hring og B í þeim ytri. Bifreiðunum hafði báðum verið ekið suður Reykjanesbraut og samtímis inn í hringtorgið við gatnamót Reykjanesbrautar, Lækjargötu og Hlíðarberg. A fór í innri hring þrátt fyrir að hann ætlaði að aka út úr hringtorginu strax við fyrstu gatnamót. B hugðist beygja út úr hringtorginu við önnur gatnamót.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar með hliðsjón af niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 128/2006, sem félagið telur vera sambærilegt.

Óþarft er að geta umfjöllunar M/ökumanns A í málskotinu og viðbótarumfjöllunar ökumanns B.

Óþarft er og að geta frásagnar vitnis en það hallar á ökumann A í frásögn sinni.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ. á m. frásögn vitnis og ákomu á bifreiðunum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan akstur. Það var óvarlegt af honum að beygja út úr hringtorginu við fyrstu gatnamót og án þess, að því er telja verður, að huga að annarri umferð sbr. 1. og 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 3. janúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 227/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á gatnamótum Austurvegar og Sigtúns á Selfossi þann 14.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.11.2006.
3. Bréf Y, dags. 27.11.2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A og bifreiðinni B var ekið austur Austurveg og var A ekið á undan B. Báðir ökumenn hugðust beygja til hægri áleiðis suður Sigtún. Á gatnamótunum rákust saman hægri hlið A og vinstra framhorn B. Í lögregluskýrslu segir að A hafi verið á hægri akrein í beygjunni inn á Sigtún og B uppi á gangstétt hægri megin í sömu beygju. Samkvæmt yfirborðsmerkingum á fyrirbyggjandi uppdrætti eru tvær akreinar á Austurvegi til austurs að gatnamótunum. Vinstri akreinin er beygjurein til vinstri, en hægri akreinin er fyrir umferð áfram austur Austurveg eða fyrir beygju til hægri suður Sigtún. Myrkur var, þegar áreksturinn varð, skýjað og blautt færi. Götulýsing er sögð hafa verið góð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 20 km hraða á klst. og verið að beygja suður Sigtún, þegar hann hafi séð framljós B hægri megin við A uppi á gangstétt. Hann hafi strax stöðvað, þegar bifreiðirnar rákust saman. Hann kvaðst ekki hafa gefið stefnumerki til hægri þegar hann beygði.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 20 km hraða á klst. 2-3 metrum á eftir A. Hann hafi gefið stefnumerki til hægri og taldi að hinni bifreiðinni yrði ekið áfram eða beygt til vinstri, en honum fannst B vera ekið það mikið vinstra megin á veginum. Þegar framandi B hafi verið á mótis við hægri afturhjóla A hafi henni verið beygt skyndilega til hægri án þess að gefa stefnumerki. Til að afstýra árekstri hafi hann ekið upp á gangstétt, en það ekki dugað og árekstur orðið.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekki nákvæmlega fyrir hvar á gatnamótunum bifreiðirnar voru staðsettar þegar áreksturinn varð. Þessu breytir ekki þótt málskotsaðili hafi lagt fram uppdrátt sem hann kveður sýna stöðu bifreiðanna eftir áreksturinn. Þá liggur ekkert fyrir um það hvernig yfirborðsmerkingum var í reynd háttað á Austurvegi fast við gatnamótin. Ökumenn greinir verulega á um tildrög árekstursins. Ekki verður séð hvort áreksturinn megi rekja til þess að A hafi verið ekið of langt til vinstri eða B hafi ekið hægri megin fram með A án þess að svigrúm hafi verið til þess. Samkvæmt þessu er ósannað að annar ökumanna eigi sök á árekstrinum fremur en hinn. Eftir atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður sök skipt að jöfnu.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 12. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 236/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag 1 v A og**  
**Vátryggingafélag 2 v. B**

**Árekstur bifreiða í Pönglabakka í Reykjavík þ. 18.8.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 14.11.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 758/06
3. Lögregluskýrsla dags. 18.8.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 30.11. og 4.12.2006.

**Málsatvik.**

Báðum bifreiðunum var ekið suður Pönglabakka að Stekkjarbakka og var B á undan A. Ökumenn stöðvuðu í röð bifreiða við gatnamótin. Árekstur varð með bifreiðunum þannig að framendi A lenti á afturenda B. Ökumaður A segist hafa stöðvað fyrir aftan B í röð bifreiða og hafi röðin síðan mjakast áfram og skyndilega hafi B farið að renna aftur á bak og hafi hann þá flautað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa verið í röð bifreiða sem hafi mjakast áfram og skyndilega hafi komið högg aftan á B. Ökumaður B segist aldrei hafa orðið var við að B rynni afturábak og hann hafi ekki heyrt ökumann A flauta.

**Álit.**

Ökumaður A gætti þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna og ekki liggur fyrir miðað við gögn málsins og neitun ökumanns B að B hafi runnið afturábak í umrætt sinn. A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök

Reykjavík. 15.12.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 257/2006**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ bifr. A og ábyrgðartryggingar Kópavogsbæjar**

**Ágreiningur vegna umferðaróhapps á Hagasmára í Kópavogi þann 3.1.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 29.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.12..2006, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni, A, frá verslunarmiðstöðinni Smáralind í Kópavogi vestur Hagasmára, en einstefna mun vera á götunni í þá átt. Kom hann þar að stórum polli á götunni, um fjórar til fimm bíllengdir á lengd. Hann kvaðst hafa séð pollinn og fundist hann stór. Snjóruðningar hafi verið beggja vegna við pollinn. Frekar en að bakka gegn einstefnunni hafi M ákveðið að aka yfir pollinn. Hafi hann farið varlega út í pollinn og verið næstum kominn yfir hann, þegar drapst á vél A og ekki hafi tekist að koma henni í gang að nýju. Við athugun á bifreiðaverkstæði hafi komið í ljós að vél A hafi "brotnað" eftir að hafa tekið inn á sig vatn.

A var kaskótryggð hjá Vátryggingafélaginu X. Sömuleiðis var Kópavogsbær með ábyrgðartryggingu hjá X. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu bæjarins og til vara úr húftryggingu A. X hefur hafnað bótaskyldu úr báðum þeim tryggingum sem hér koma til álita.

**Álit.**

Af gögnum málsins má ráða að í umrætt sinn hafi niðurfall stíflast í götunni og stór pollur myndast af völdum mikillar hláku. Ekkert bendir til að starfsmenn Kópavogsbæjar hafi vitað eða mátt vita áður en óhappið varð að á umræddum stað væri slíkur pollur á götunni að þeim hafi borið að gera ráðstafanir til að losa um niðurföll eða vara vegfarendur við pollinum. Hefur ekki verið sýnt fram á að sveitarfélagið beri að lögum skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Samkvæmt 1. gr. í skilmálum kaskótryggingar A bætist tjón á vátryggðu ökutæki sem m.a. verður fyrir grjóthruni, skriðufalli, snjóflóði úr vatnshlíð, aur- eða vatnsflóði. Ekki verður séð að pollur sá, sem A var ekið út í, teljist hafa verið vatnsflóð í skilningi skilmálans. Ekki getur komið til álita að bótaskylda verði hér felld undir önnur ákvæði skilmálanna sem kveða á um bótaskyldu úr vátryggingunni. Tjónið verður því heldur ekki bætt úr kaskótryggingu A.

**Niðurstaða.**

Tjón M á bifreið hennar, A, bætist ekki úr ábyrgðartryggingu Kópavogsbæjar né úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 9. janúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 228/2006**

**Frávísun**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X vegna brunatryggingar**

**Ágreiningur um bótafjárhæð, tjónsdagur 20.07. 2006, krafa um frávísun**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 09.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.11. 2006, þar sem fram kemur krafa um frávísun.
3. Bréf nefndarinnar til M, dags. 23.11. 2006, þar sem honum var veitt tækifæri til að taka afstöðu til athugasemda vátryggingafélagsins.
4. Svarbréf M, dags 24.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótafjárhæð í kjölfar brunatjóns sem varð þann 20.07. 2006 að í Keflavík. Mikið ber í milli aðila um tjónsuppgjör.

Vátryggingafélagið kveðst hafa óskað eftir því að aðilar verði tilnefndir í gerðardóm til að fjalla um málið. Félagið hafi farið þess á leit við Héraðsdóm Reykjaness að skipað verði í gerðardóm til að fjalla um bótafjárhæðina. Félagið telur af þeim sökum að úrskurðarnefndin eigi ekki að fjalla um mál þetta sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar.

**Álit.**

Ágreiningur aðila er um bótafjárhæð.

Í 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar nr. 1090/2005 er þess getið að nefndin úrskurðar um bótafjárhæð að fengnu samþykki allra málsaðila. Vátryggingafélagið fer fram á frávísun málsins með hliðsjón af nefndu ákvæði.

Með hliðsjón af framanrituðu og 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar er málskoti M vísað frá nefndinni því ekki liggur fyrir samþykki aðila fyrir því að nefndin úrskurði um bótafjárhæð.

**Niðurstaða.**

Frávísun.

Reykjavík 5. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 238/2006**

**G  
og  
X hf. vegna greiðslukortartryggingar**

**Forfallatrygging skv. greiðslukortatryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. nóvember 2006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

G pantaði í júlí vikufélag til útlanda með brottför í lok ágúst 2006. Ferðin var greidd með Visa platinum greiðslukorti. G hafði um skeið haft áhyggjur af áfengisneyslu sinni og fór í byrjun ágúst 2006 í viðtal við ráðgjafa SÁÁ. Þar voru lögð fyrir hann próf sem leiddu til þess að G var boðið að fara í áfengismeðferð 23. ágúst og síðan í göngudeildarmeðferð. G ákvað að þiggja meðferðina og tilkynnti í kjölfarið ferðaskrifstofunni afþöntun ferðarinnar. Tryggingafélagið neitaði að greiða fyrir ferðarofíð.

**Álit.**

Skv. gr. 7.2.1 í skilmálum greiðslukortatryggingar þeirrar sem um er deilt í málinu bætir félagið ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Fyrir liggur af gögnum málsins að ætla má að G hafi þjáðst af áfengissýki við greiðslu staðfestingargjalds, þótt hann hafi á þeim tíma e.t.v. ekki að fullu horfst í augu við þá staðreynd. G var á hinn bóginn sannanlega ekki í meðferð vegna áfengissýki á þeim tíma. Skv. skilmálunum verða bæði skilyrðin að vera uppfyllt til að ábyrgð félagsins falli niður. Fyrir liggur að einvörðungu annað þeirra var uppfyllt við greiðslu staðfestingargjalds.

**Niðurstaða.**

Kostnaður vegna ferðarofs G bætist úr greiðslukortatryggingu hans.

Reykjavík, 15. desember 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 258/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélag 1 v. A og**  
**Vátryggingafélag 2 v.B**

**Árekstur bifreiða á Aðalgötu í Stykkishólmi þ. 27.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot M móttakið þ. 30.11.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Málskot ökumanns A dags. 19.12.2006 ásamt skýrslu dags. 27.10.2006
3. Niðurstaða tjonanefndar nr. 918/06
4. Lögregluskýrsla dags. 1.11. og 8.11.2006

**Málsatvik.**

Árekstur varð milli A og B á móts við pósthúsið við Aðalgötu í Stykkishólmi. Þegar lögregla kom á vettvang var A á miðri götu en B á bifreiðastæði. B var ekið suður Aðalgötu og A var ekið frá bifreiðastæði á móts við pósthúsið til norðurs Aðalgötu segir í lögregluskýrslu. Ökumaður A segist hafa numið staðar á bifreiðastæðinu á móts við pósthúsið og síðan lagt af stað og beygt til hægri til norðurs en um leið og hún ók áfram þá kom B og hafi hún ekki náð að hemla þannig að vinstra framhorn A fór í vinstri hlið B. Ökumaður B segist hafa sveigt inn á innskotið á norður enda þess og svo aftur út úr því við syðri enda en þá hafi A komið í vinstri hlið B og hafi B snúist um 180 gráður við áreksturinn. Tekin var lögregluskýrsla af aðila sem sá ekki áreksturinn en lýsti aðkomunni.

**Álit.**

Ekki verður séð með vissu hvar bifreiðarnar voru nákvæmlega staðsettar þegar árekstur varð. Hins vegar liggur fyrir sbr. framburð ökumanns A að hún ók frá bifreiðastæði og hafði því varúðarskyldu gagnvart umferð um Aðalgötuna sbr. 3. mgr. 25. gr umferðarlaga nr. 50/1987 og bar að veita umferð í veg fyrir leið hennar forgang. Ökumaður A virti ekki ofangreind ákvæði umferðarlaga og ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

Aber alla sök

Reykjavík. 9.1.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 229/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X vegna A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Ágreiningur um bótaskyldu, ekið á opna hurð bifreiðar þann 29.05. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 04.12. 2006.
3. Bréf (tölvupóstur) vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.11. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ekið var á hurð A þegar verið var að losa ferjuna Baldur. Ágreiningur aðila er um hvort hurð A hafi verið opnuð í veg fyrir B eða hvort B hafi ekið á opna hurð bifreiðarinnar.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á þessu tjóni þar sem ökumaðurinn hafi ekið á opna hurð A. Félagið telur að hurðin hafi verið opin um nokkurn tíma.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á því að hafa opnað hurð í veg fyrir A sbr. 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga og dóm Hæstaréttar í máli 1989 (bls. 205).

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist B hafa ekið á opna hurð A. Ökumaður B ber því ábyrgð á umferðaróhappi þessu. Mikilvægt er að ökumenn gæti aukinnar aðgæslu þegar þeir aka af stað við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Þessa virðist ökumaður B ekki hafa gætt.

Fyrirliggjandi gögn geta símtals sem starfsmaður vátryggingafélags A átti við starfsmann ferjunnar (vitni) sem segir "hurðina á A hafa staðið opna þegar B var ekið á hana". Starfsmaðurinn telur "þetta alfarið óaðgæslu ökumanns B".

Með hliðsjón af framanrituðu er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á A.

**Niðurstaða.**

B ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 15. desember 2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 230/2006**

**B**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Y hf. vegna B**

**Árekstur á Hringbraut 24. október 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. nóvember 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 30. nóvember 2006.

**Málsatvik.**

Ökumaður B ók austur Hringbraut. Ökumaður A ók norður Njarðargötu til hægri inn á Hringbraut. U.þ.b. 19 metrum frá gatnamótum Njarðargötu og Hringbrautar ók B aftan á A. Ökumaður B segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekki séð A en viðurkennir jafnframt að hann hafi farið inn á Hringbrautina á hægri ferð.

**Álit.**

Í gögnum málsins liggur fyrir að ökumaður A var kominn vel inn á Hringbrautina þegar ökumaður B ók aftan á hann. Ökumaður A viðurkennir á hinn bóginn að hann hafi ekið á hægri ferð við þessar aðstæður. Telja varður að aksturslag A hafi átt þátt í því að B lenti aftan á A. Sök skiptist því til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 15. desember 2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 259/2006**

**R  
og  
X hf. vegna  
ábyrgðartryggingar A**

**Reiðhjólaslys 2. september 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. desember 2006 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Málavextir eru þeir að R slasaðist þegar hún féll af reiðhjólum er hún tók þátt í þríþrautarkeppni. Ökumaður A ók að gatnamótum Hafnargötu og Aðalstrætis og ætlaði til hægri upp Hafnargötu. Ökumaður segist hafa hægt á sér við gatnamótin og tekið eftir R. R sá A og taldi að ökumaðurinn myndi gefa sér færi á að hjóla framhjá gatnamótunum áður en hann beygði. Ökumaður A tók beygjuna inn á Hafnargötu. A er stór vörubifreið og þurfti mikið pláss til að ná beygjunni. Í beygjunni fór A því yfir á öfugan vegarhelming með þeim afleiðingum að R og annar hjólreiðamaður sem hjólaði samhliða henni komust ekki áfram ferðar sinnar á sinni akrein. R fataðist við þetta og datt á hjólinu með þeim afleiðingum að hún slasaðist.

**Álit.**

Af gögnum málsins liggur fyrir að biðskylda var á ökumanni A. Í stað þess að gefa hjólreiðafólkinu færi á að hjóla framhjá gatnamótunum tók ökumaður A svo víða beygju að hann fór yfir á öfugan vegarhelming og þrengdi svo að hjólreiðamönnum á þeirra vegarhelmingi að þeim var ógerlegt að komast áfram ferðar sinnar. Við það fataðist R ferðin með þeim afleiðingum að hún féll á hjólinu og slasaðist.

**Niðurstaða.**

Ábyrgðartrygging A ber ábyrgð á tjóni R.

Reykjavík, 9. janúar 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 260/2006**  
**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V v. A og B**

**Árekstur bifreiða á hringtorgi á Reykjavegi/Sigtúni/Engjavegi í Reykjavík þ. 15.11.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.5.12.2006. ásamt vettvangsupprætti og útskýringum.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 942/2006
3. Lögregluskýrsla dags. 15.11.2006.
4. Bréf V dags. 29.11. og 15.12.2006

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A sem ekið var um ytri hring hringtorgsins á Reykjavegi/Sigtúni/Engjavegi og B sem ekið var í innri hring torgsins. Ökumaður A segist hafa ekið um ytri hring með fyrirhugaða akstursstefnu norður Reykjaveg og hafi ekki vitað fyrir en árekstur varð og telur að B hafi ekið á A. Ökumaður B ók í innri hring líka með fyrirhugað akstursleið norður Reykjaveg og segir hann að A hafi ekið inn í innri hring og þvingað sig alveg að kantsteini við innri hring og hafi hann gefið hljóðmerki og nær stöðvað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

**Álit.**

Ökumenn greinir á um aðdraganda árekstursins og staðsetningu bifreiðanna. Ekki eru upplýsingar fyrirbyggjandi í gögnum málsins sem réttlætir að sök verði lögð á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík.9.1.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 261/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ strætisvagnsins A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Smárahvammsvegi í Kópavogi við gatnamót Dalsmára þann 6.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.12.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.12.2006, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 2.1.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Strætisvagninum A var ekið af stað suður Smárahvammsveg á hægri akrein frá biðstöð skammt norðan Dalsmára. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið suður Smárahvammsveg á vinstri akrein fram með B og beygt til hægri áleiðis vestur Dalsmára. Rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað við biðstöðina til að taka upp farþega. Hann hafi svo gefið stefnumerki og ekið af stað, en allt í einu fundið högg við að B lenti á vinstra framhorni A. Hann hafi þá snögghemlað.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20 km hraða á klst. og séð A kyrrstæðan og ekki séð nein stefnuljós loga á vagninum. Hann hafi gefið stefnumerki um fyrirhugaða beygju til hægri vestur Dalsmára. Hann hafi svo beygt, en þá fengið A í hlið B.

**Álit.**

Í texta undir ljósmynd 1, sem fylgdi lögregluskýrslu, kemur fram að stjórnandi A kvað framhurð vagnsins hafi numið við biðstöðina er hann stöðvaði. Vegalengd frá biðstöðinni að framhurð A, þar sem hann stöðvaðist eftir áreksturinn, er sögð hafa mælst 14,8 m. Ökumaður B hugðist beygja til hægri vestur Dalsmára skammt vestan biðstöðvarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar honum að færa ökutækið á hægri akreinina í tæka tíð. Gegn þessu ákvæði braut ökumaður B með því að beygja inn á Dalsmára beint af vinstri akrein. Með því að taka beygjuna á þann hátt sem hann gerði hvíldi rík skylda á ökumanni B, sbr. 2. mgr. 17. gr. ufl., að ganga úr skugga um að hann gæti ekið yfir hægri akrein án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt þessu bar honum að gæta þess sérstaklega að A yrði ekki ekið af stað í sömu andrá og hann beygði í veg fyrir vagninn. Þessa gætti ökumaðurinn ekki. Að þessu virtu telst ökumaður B eiga sök á árekstrinum. Þótt áreksturinn hafi orðið í þann mund sem ökumaður A ók af stað frá biðstöðinni verður það ekki virt honum til sakar þótt honum hafi ekki tekist að varast B áður en í óefni var komið.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 16. janúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 262/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Skagfirðingabraut þann 18.05. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 08.12. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.12. 2006.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið á móti hvort annari. A mun hafa sveigt bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming, ökumaður B beygði þá yfir á vinstri vegarhelming en í sama mund beygði ökumaður A aftur yfir á eigin vegarhelming og lenti bifreiðunum þar saman. Fram kemur í skýrslu lögreglu að ökumaður A hafi verið að stríða ökumanni B þ.e. þeirrar bifreiðar sem á móti kom.

Vátryggingafélagið telur að meta verði háttsemi ökumanns A til stórkostlegs gáleysis og að hann beri ábyrgð á árekstri bifreiðanna. Með hliðsjón af framanrituðu og skilmálum kaskótryggingar hafnar félagið greiðslu bóta úr al-kaskótryggingu bifreiðar A.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu en efnislega telur hann að báðir ökumenn beri ábyrgð á árekstri bifreiðanna.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstri bifreiðanna. Það var vítavert af ökumanninum að skipta yfir á rangan vegarhelming til að stríða þeim ökumanni sem á móti kom. Skýrsla lögreglu verður ekki skýrð á annan veg en þann að ökumaðurinn hafi viðurkennt að hafa ætlað að stríða ökumanninum.

Með hliðsjón af framanrituðu og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og skilmálum kaskótryggingar er bótarréttur ekki fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Bótarréttur er ekki fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Reykjavík 9. janúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 263/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur Ægisgötu Keflavík þann 25.09. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 08.12. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.01. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina og var B á undan A. B var ekið afturábak á móti A sem á eftir kom, en ökumaðurinn hugðist beygja til vinstri við vegaslóða. Vegna þessa ók A framhjá B en þá beygði B til vinstri og árekstur varð.

Óþarf er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann beygir til vinstri út af Agisgötu og í hægri hlið A sem ekið var framúr. Ökumaður B hafði stöðvað og síðan ekið afturábak á akbrautinni áður en hann beygði til vinstri. Ekki verði sakast við A fyrir að aka vinstra megin framhjá B við þessar aðstæður að mati félagsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki að umferð sem á eftir kom er hann beygði til vinstri að vegaslóða. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A þrátt fyrir að hann hugðist aka framhjá B. Áreksturinn má fyrst og fremst rekja til ógætilegs aksturs ökumanns B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. janúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 264/2006**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V 1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V 2) v. B og**  
**Vátryggingafélagið V 3 v. C**  
**og Vátryggingafélagið V 4 v. D**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Arnarnesvegar/Reykjanesbrautar Garðabæ þ. 13.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.13.12.2006 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Lögregluskýrsla dags. 13.11.2006
3. Bréf viðkomandi tryggingarféлага dags. 18.12. og 20.12. 2006 og 2.1.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður C ók suður Reykjanesbraut og segist hafa verið rétt norðan við gatnamót Reykjanesbrautar/Arnarnesvegar þegar gult ljós hafi kviknað fyrir akstursstefnu hennar og hafi hún ekið inn á gatnamótin gegn gulu ljósi og þá tekið eftir A og reynt að hemla en ekki náð að stöðva. Ökumaður A segist hafa ekið norður Reykjanesbraut með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Arnarnesveg og hafi hann ekið inn á gatnamótin og stöðvað vegna umferðar suður Reykjanesbraut en þegar gult ljós hafi kviknað þá hafi hann ekið á stað því að rautt ljós hlyti að koma og átti hann ekki von á að C sem hann hafði séð koma að gatnamótunum mundi aka inn á þau. Ökumaður B segir B hafa verið kyrrstæða vestan við gatnamótin og séð A kyrrstæða á gatnamótunum og síðan ekið af stað í beygju til vesturs og árekstur orðið og tók ökumaður B ekki eftir stöðu umferðarljósa. Ökumaður D var við hið B kyrrstæð á gatnamótunum vegna þess að rautt ljós logaði fyrir akstursstefnu hennar. Ökumaður D tók ekki eftir stöðu umferðarljósa þegar árekstur varð. Vitni að árekstrinum segir að þegar hún hafi nálgast gatnamót Reykjanesvegar /Arnarnesvegar hafi gult ljós kviknað fyrir akstursstefnu sína og hafi hún þá stöðvað aksturnn og bifreið hennar verið fremsta bifreiðin á gatnamótunum. Vitnið segir að hún hafi veitt því athygli að þegar umferðarljósið skipti yfir á rautt að stuttu síðar var C ekið suður Reykjanesbraut inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi og á A. Bifreiðarnar A, C og D voru ókufærar eftir áreksturinn

**Álit.**

Talið er nægjanlega sannað með framburði vitnis sem fær stoð í ýmsum öðrum gögnum málsins að C hafi í umrætt sinn ekið inn á gatnamót Arnarnesvegar/Reykjanesbrautar gegn rauðu ljósi og ber ökumaður C því alla sök.

**Niðurstaða.**

C ber alla sök.

Reykjavík. 9.1.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 265/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu er maður varð fyrir bifreið á Smárahvammsvegi í Kópavogi þann 6.4.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.12.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.1.2007, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf lögmanns G, dags. 16.1.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A í eigu M var ekið norður Smárahvammsveg. Sunnan við gatnamót Hlíðasmára var vörubifreið lagt við eystri brún Smárahvammsvegs. Gul blikkandi ljós loguðu á þaki hennar. Um það leyti sem A var ekið fram með vörubifreiðinni stökk karlmaður, G, af palli vörubifreiðarinnar niður á götuna. Varð vinstri fótur G undir hægra afturhjól A. Bjart var af degi, skýjað og þurr færi, þegar slysið varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á litlum hraða, séð vörubifreiðina í vegkantinum og G uppi á pallinum. Er hann hafi verið við hlið hennar hafi hann orðið þess var að hann ók yfir eitthvað. Hélt hann í fyrstu að hann hafi ekið yfir stein, en svo áttað sig á að það hafi verið G og þá stöðvað. Kvaðst ökumaðurinn ekki hafa séð neinn né orðið var við neinn mann þarna. Slysið hafi orðið það aftarlega við A að hann hafi ekki átt möguleika á að sjá mann sem hafi lent undir hægra afturhjólina.

G kvaðst hafa verið uppi á palli vörubifreiðarinnar og unnið við að taka umferðarmerki af pallinum. Hann hafi svo stokkið niður af pallinum og þá hafi verið ekið yfir fótinn. Í viðbótarskýrslu sem tekin var af G kveðst hann hafa komið niður af pallinum rétt upp við bifreiðina, snúið sér við og gengið nokkur skref áfram, þegar ekið var á hann og slysið varð.

Vitni kvaðst hafa ekið á eftir A, þó þannig að ein bifreið hafi verið á milli. Hafi hann tekið eftir G uppi á palli vörubifreiðarinnar. Allt í einu hafi hann séð G stökkva af pallinum og út í umferðina.

Málskot M verður að skilja svo að hann vilji fá úr því skorið hvort líkamstjón G skuli bætast úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A, en hann kveðst hafna alfarið allri sök í málinu. A var vátryggt hjá vátryggingafélaginu X.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón eða missi framfæranda, ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. ufl. ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúns ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. gr. Samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem hér hafa verið nefnd, hvílir ströng bótaábyrgð á M, sem eiganda A, á líkamstjóni sem hlýst af notkun ökutækisins. Skiptir í því



sambandi ekki máli þótt ökumanni bifreiðarinnar verði ekki kennt um tjónið. Bætur verða því aðeins lækkaðar eða felldar niður að sá sem fyrir líkamstjóninu varð hafi verið meðvaldur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun ökutækisins, skal svo vera tryggð með ábyrgðartryggingu m.a. hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja, sbr. a. lið 1. mgr. 91. gr. ufl. með síðari breytingum.

A var á ferð um Smárahvammsveg þegar G varð fyrir henni. Ekki þarf um það að deila að G varð fyrir líkamstjóni sem hlaut af notkun A. M ber því ábyrgð á líkamstjóninu og það skal bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X, nema sannað teljist að G hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, en einungis við þær kringumstæður má, eins og áður getur, lækka bæturnar eða fella niður.

Fyrir liggur í málinu að G stökk niður af palli bifreiðarinnar út á götuna í þann mund sem A kom aðvífandi. Hann gætti því ekki að umferð ökutækja á þann hátt sem af honum mátti krefjast. Sýndi hann nokkuð gáleysi með háttsemi sinni. Af gögnum málsins verður á hinn bóginn ekki fullyrt að hann hafi beinlínis vitað af ferðum A áður en hann stökk niður af pallinum. Að öllu athuguðu þykir ekki nægilega sannað að háttsemi G verði virt sem stórkostlegt gáleysi í skilningi fyrrgreinds ákvæðis 2. mgr. 88. gr. ufl. Eru því ekki fyrir hendi lagaskilyrði til að skerða rétt G til bóta og ber því að bæta tjón hans að fullu úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

**Niðurstaða.**

Réttur G til bóta úr ábyrgðartryggingu A skerðist ekki.

Reykjavík, 30. janúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 266/2006**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Ármúla þann 05.10. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18.12. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 08.01. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 08.01. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

B var ekið framúr bifreið sem á undan fór þegar ökumaður þeirrar bifreiðar var að hleypa A inná Ármúla. B hafði verið ekið suður Ármúla en A var ekið austur út frá bifreiðastæði við hús nr. 1 og beygt áleiðis til vinstri.

Vitni að árekstrinum lætur þess getið að hann hafi stöðvað við útkeyrsluna við Ármúla 1 til að hleypa A inn á götuna. Í sömu andrá og A var ekið framan við bifreið þess hafi B verið ekið "hratt v-megin framúr honum. Árekstur hafi orðið þarna með A og B. B hafi verið ekið yfir óbrotnu miðlínuna á götunni við framúraksturinn. B hafi verið ekið hratt og síðan viðstöðulaust í burtu eftir áreksturinn..."

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið framúr bílaröð á stað þar sem farmúrakstur er bannaður með heilli óbrotinni línu. Ökumaðurinn hafi ekki stöðvað "við áreksturinn og reyndist vera sviptur ökuréttindum."

Vátryggingafélag B telur að rétt sé að ökumaður A beri hluta sakar sem nemi 1/3 þar sem hann hafi ekki fyllilega gætt að umferð um Ármúla þegar hann ók út af bifreiðastæðinu. B skuli bera 2/3 hluta sakar.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ. á m. frásögn vitnis ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan framúrakstur. Hann virðist hafa ekið framúr á nokkrum hraða yfir óbrotna línu í aðdraganda árekstursins án þess að huga nægjanlega að því sem framundan var. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. janúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 267/2006**

**R  
og  
X hf. vegna A og B**

**Árekstur á gatnamótum Melagötu og Víkurbrautar 31. október 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. desember 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir eigenda B dags. 2. janúar 2007.
3. Tölvupóstur frá X hf. dags. 8. janúar 2007.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðin A ók vestur Hafnarbraut og inn á gatnamót Víkurbratta og Melagötu. Þar tók ökumaður A U-beygju og ætlaði að aka tilbaka austur Hafnarbraut. Bifreiðin B ók inn á gatnamótin af Melabötu og ætlaði vestur Hafnarbraut. Á gatnamótunum lentu saman hægri hlið B og vinstra framhorn A. Ökumaður A segist ekki hafa séð B í tíma og því ekki náð að afstýra árekstri. Vitni í B segja að ökumaður og farþegar hafi mikið verið að tala saman og því ekki alveg með hugann við það sem var að gerast..

**Álit.**

Af gögnum málsins liggur fyrir að biðskylda var á ökumann B. Ökumaður A ók hins vegar ekki með þeirri aðgæslu sem krefjast verður af honum þegar hann er að taka U-beygju við kringumstæður sem þarna eru. Eins og mál þetta er vaxið verður að telja að báðir ökumenn eigi sök á árekstrinum. Ekki verður framhjá því litið að A var að aka eftir aðalbraut og því í rétti. Biðskylda var á B og bar ökumanni B því að gefa sérstakan gaum að umferð eftir aðalbrautinni. Sök skiptist til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 23. janúar 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 269/2006**

**M**

**og**

**V-1 v. A og**

**V-2 v. B**

**Áreksur bifreiða á gatnamótum Njarðarbrautar og Samkaupsbrautar þ. 17.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.12.2006 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 900/06
3. Tjónaskýrsla dags.17.10.2006
4. Bréf V 2 dags. 3.1.2007
5. Bréf V 1 dags. 29.12.2006 og 8.1.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið eftir aðalbraut þegar A hafi komið frá hægri í veg fyrir A. Ökumaður B segist hafa ekið eftir Samkaupsvegi að Njarðarbraut og stöðvað við biðskyldumerki og ekið til hægri þegar aðstæður leyfðu en þó nokkur umferð hafi verið. Ökumaður B segir að þegar hún hafi verið að beygja hafi A komið skáhallt upp að hlið B og rekist á B. Í bréfi V 2 er á það bent að A hljóti að hafa beygt af miðakrein og yfir á hægri akrein á gatnamótunum og þar inn í framhlið B og hafi ökumaður A brotið gegn 22 gr. Umferðarlaga nr. 50/1987 með þessu aksturslagi. V-1 bendir á að B hafi ekið inn á aðalbraut í umrætt sinn og beri því alla sök.

**Álit.**

Af fyrirliggjandi gögnum og skýrslum ökumanna verður ráðið að A hafi skipt um akrein í umrætt sinn í veg fyrir B og ber A því alla sök sbr. 2. mgr. 17. gr.l. nr. 50/1987 umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík, 23.1.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 270/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysáttryggingar launþega

Vinnuslys á dvalarheimili á Akureyri þann 21.09. 2004

### Gögn.

1. Málskot móttakið 20.12. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.01. 2007.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var að aðstoða vistmann að fara úr rúmi er vistmaðurinn missti fótana þannig að M greip til hans og reyndi að halda honum uppi til að varna því að hann félli í gólfið. Við þetta varð M fyrir meiðslum.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hér hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum sbr. nánar röksemdafærslu í málskotinu. Vistmaðurinn (sjúklingurinn) mun vera lamaður öðrum megin og var M að aðstoða hann við að komast í hjólastól. Venja hafi verið að aðeins einn starfsmaður inni við þetta því sjúklingurinn notaði "heilbrigða fótinn á meðan starfsmaður hélt við lamaða hlutann og í sameiningu var sjúklingurinn reistur af rúminu." Sjúklingurinn mun hafa staðið við rúmið og haldið í náttborðið á meðan M kom hjólastólnum fyrir. Til að varna því að sjúklingurinn félli í gólfið mun M hafa gripið til hans og náð að hringja neyðarbjöllu, þar sem hann beið með sjúklinginn í fanginu. Að nokkrum tíma liðnum mun M ekki hafa getað haldið sjúklingnum lengur. M lét hann því síga gætilega niður á gólfið. M kveðst hafa fengið gríðarlegan sársauka í bakið um leið og hún greip sjúklinginn sbr. nánar umfjöllun í málskotinu.

M telur að hér hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða í skilningi skilmála. Það að sjúklingurinn missti mátt hafi verið skyndilegur og óvæntur atburður.

M er menntaður sjúkraliði, hún kveðst hafa sinnt starfi sínu á sama hátt og áður. Fall sjúklings geti ekki talist eðlilegur hluti starfsins sem hún hafi mátt eiga von á. M vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli 186/2006 þar sem fallist hafi verið á bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega. M telur atvik sambærileg, þar hafi hjólastóll runnið til er sjúkraliði var að aðstoða sjúkling. Ljóst sé að sjúklingur M missti mátt í fæti og féll, hún telur það skyndilegan utanaðkomandi atburð sem varð þess valdandi að hún varð fyrir meiðslum.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að skilyrði 1.2. skilmála séu ekki uppfyllt. Hér hafi ekki verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða heldur álagsmeiðsl. Það telur að aðstoð við sjúkling hljóti m.a. að hafa miðað að því að varna falli sjúklingsins. Það telur að M hafi mátt "búast við að sjúklingurinn gæti fallið við athöfnina. Þegar í það stefndi varð tjónþoli fyrir álagsmeiðsum. Tjónþoli hvorki datt né fékk högg." Félagið vísar til nokkurs fjölda úrskurða úrskurðarnefndar sem varða álagsmeiðsl sem ekki hafa verið felld undir slyshugtakið. Félagið telur að úrskurður í máli 186/2006 hafi ekki fordæmisgildi í málinu. Málsatvik séu með öðrum hætti. Þar hafi hjólastóll runnið til með þeim afleiðingum að M meiddist. Félagið vísar og til þess að það hafi ekki fordæmisgildi að Tryggingastofnun ríkisins hafi samþykkt bótaskyldu. Vinnuslyshugtak Tryggingastofnunar taki yfir fleiri tilvik en slysáttrygging launþega hjá félaginu.

### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda vátryggingafélagsins fyrir hendi. Skilyrði skilmála um skyndilegan utanaðkomandi atburð eru uppfyllt í því sérstaka tilviki sem hér

er til umræðu. Viðkomandi sjúklingur mun skyndilega hafa misst jafnvægi sitt og til að bregðast við hinu óvænta falli hans í gólfið greip M um sjúklinginn og reyndi að halda honum þar til að hún varð að láta undan þunga hans. Vegna viðbragða sinna varð M fyrir meiðslum á líkama sínum. Hér var um skyndilegan atburð að ræða samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar sem rekja má til skyndilegs falls sjúklings. Hér var ekki um álagsmeiðsl að ræða. Ekki er unnt að fallast á umfjöllun váttryggingafélagsins þess efnis að M hafi mátt búast við því að sjúklingurinn gæti fallið í gólfið við athöfn þessa. Fyrirliggjandi gögn styðja ekki þá ályktun.

Til hliðsjónar framanrituðu hefur nefndin frásögn aðila og niðurstöðu í máli 186/2006. Þau mál fyrir úrskurðarnefnd sem váttryggingafélagið vísar til breyta ekki framanrituðu.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Reykjavík 23. janúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 271/2006**

**M og  
V-1 v. A og  
V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Lönguhlíðar og Barmahlíðar í Reykjavík þ. 20.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 28.12.2006
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.719/06
3. Lögregluskýrsla dags. 20.7.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf lögmans ökumanns B dags. 23. og 29.11.2006.
5. Bréf V-1 dags. 8.1.2007 ásamt fylgiskjölum 1-3
6. Yfirlýsing ökukennarans dags. 29.11.2006.

**Málsatvik.**

A var ekið norður Lönguhlíð að Barmahlíð og beygt áleiðis inn í Barmahlíð til vesturs. A stöðvaði við gatnamótin en ók síðan af stað í veg fyrir B. B var ekið suður Lönguhlíð með fyrirhugaða akstursstefnu áfram Lönguhlíð. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja inn í Barmahlíð og hafa stöðvað við gatnamótin og litið eftir umferð og ekki hafa séð B og því ekið af stað inn í Barmahlíð. Ökumaður B segist hafa tekið eftir A kyrrstæðri við gatnamótin og þegar hann hafi verið að koma að gatnamótunum hafi A verið ekið af stað í veg fyrir B. Vitni að árekstrinum segist hafa séð að A stöðvaði við gatnamótin og B verið á rólegri ferð suður Lönguhlíð og þegar B hafi verið rétt komin að gatnamótunum hafi A verið ekið í af stað í beygju inn á Barmahlíð til vesturs í veg fyrir B.

**Álit.**

Í umrætt sinn var A ekið í veg fyrir B á gatnamótum og ber ökumaður A því alla sök. Ekki hefur verið sýnt fram á að aksturslag B hafi verið með þeim hætti að forsenda sé til að skipta sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík. 23.1.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.